28
Að tengja hestamenn nánar við náttúruna



34
Með ástríðu fyrir eðalsafa



46
Aðventumarkaður í Félagsgarði í Kjós

Bændablaðið

24. tölublað 2015 • Fimmtudagur 17. desember • Blað nr. 457 • 21. árg. • Upplag 32.000



Samtökin Landsbyggðin lifi með skoðanakönnun um búsetu utan höfuðborgarsvæðisins:


Sterkur vilji til búsetu á landsbyggðinni

– konur í miklum meirihluta svarenda en setja skilyrði um heilbrigðisþjónustu, skóla og atvinnuöryggi

Í skoðanakönnun sem samtökin Landsbyggðin lifi gerði nú í haust, kemur fram að mikill meirihluti aðspurðra, eða nærri 62%, sér fyrir sér að búa á landsbyggðinni í framtíðinni.

Könnunin var framkvæmd á samskiptanetinu og var kynnt á aðalfundi samtakanna hinn 9. nóvember síðastliðinn. Úrtakið var ekki ýkja stórt, eða 500 manns á aldrinum 16 til 80 ára af öllu landinu. Það gefur þó sterkar vísbendingar um afstöðu fólks til búsetu á landsbyggðinni, en alls svöruðu 464, eða 92,8%, sem er óvenju gott svarhlutfall.

Var könnunin gerð sem hluti af vinnu vegna samstarfs samtakanna við systursamtök sín í Evrópu og þátttöku í ráðstefnu European Rural Parlament sem haldin var í bænum Schärding í Austurríki 7. nóvember síðastliðinn. Þar voru samankomnir 240 fulltrúar landsbyggðasamtaka í 40 Evrópulöndum, sem öll glíma við sama vanda vegna versnandi stöðu dreifbýlishéraða. Á þessu þingi voru samtök frá nærri öllum ESB-ríkjunum auk Albaníu, Armeníu, Hvíta-Rússlands, Bosníu Herzegovínu, Makedoníu, Kósovó, Íslands, Noregs, Serbíu, Tyrklands og Úkraínu. Þar hafa menn verið að reyna að greina grunnástæður þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað með miklum fólksflutningum til stóru borganna. Einnig hvað þurfi til að hægt sé að halda í unga fólkið.



Könnun samtakanna Landsbyggðin lifi var einmitt hugsuð til að varpa einhverju ljósi á þessa hluti.

Nú er í gangi önnur könnun samtakanna í svipaða veru í samvinnu við Háskólann á Akureyri.

Konur í miklum meirihluta

Konur voru í miklum meirihluta þeirra sem svöruðu, eða 68,5% en karlar voru 31,5%.

Þegar spurt var hvar svarendur byggju, þá voru íbúar höfuðborgarsvæðisins með 158 svör, eða 34,1%. Svarendur með búsetu í bæjum úti á landi voru 148, eða 31,9%. Svarendur með búsetu í þorpum eða minni bæjarfélögum voru 111 eða 23,9% og svarendur búsettir í sveit voru 47 eða 10,1%.

Mikill meirihluti segist vilja búa á landsbyggðinni

Athygli vekur, í ljósi þess hvar rúmlega þriðjungur svarenda sagðist búa, að 284, eða 61,9% þeirra sem tóku afstöðu, sögðust sjá það fyrir sér að búa á landsbyggðinni í framtíðinni. Þá sögðust 125, eða 27,2%, sjá fyrir sér að búa í framtíðinni á höfuðborgarsvæðinu, en 50, eða 10,9 %, sáu fyrir sér að búa erlendis. Þá tóku fimm svarendur ekki afstöðu til þessarar spurningar.

/HKr.

– Sjá nánar á bls. 2

Mjólkurframleiðsla:

Fullt afurðaverð út 2016

Mjólkurframleiðendur munu fá fullt afurðaverð frá MS út árið 2016 þrátt fyrir að mjólkurframleiðsla í landinu sé umfram markaðsþarfir.

Egill Sigurðsson, formaður stjórnar MS, segir að út frá rekstrarlegum forsendum sé óhagstætt að greiða bændum fullt afurðasöluverð fyrir alla mjólk sem þeir framleiða en að það verði gert út árið 2016 eins og lofað hafi verið.



Kúabændur framleiða talsvert umfram markaðsþörf. Mynd / HKr.

Hann segir að framleiðsla á mjólk hérlendis sé umfram markaðsþörf Íslendinga og að sem stendur sé tap á því að flytja út mjólkurvörur og að MS takið höggið af því. Stöðugt er leitað nýrra markaða fyrir íslenskar mjólkurafurðir og gott útlit sé fyrir sölu á skyri í Sviss og Bandaríkjunum.

Að sögn Egils er gott fyrir greinina í heild að gefa mjólkurframleiðslu í landinu frjálsa enda hafi kvótakerfið bæði verið dýrt og íþyngjandi síðustu árin en vissulega muni breytingin á kerfinu hitta framleiðendur misjafnlega fyrir.

/VH

– Sjá nánar á bls. 8

Fréttir


Samtökin Landsbyggðin lifi með skoðanakönnun um afstöðu fólks til búsetu utan höfuðborgarsvæðisins:

Fólk vill búa úti á landi ef grunnstoðirnar eru í lagi

– Einhæf atvinna, slakt aðgengi að heilbrigðisþjónustu, skólum og internetinu helstu áhyggjuefnin

Í skoðanakönnun samtakanna Landsbyggðin lifi um viðhorf Íslendinga til búsetu kemur sterklega fram hvað þurfi að vera til staðar þegar fólk tekur ákvörðun um búsetu.

Konur voru í miklum meirihluta svarenda, eða 68,5% á móti 31,5% karla. Þá var rúmlega þriðjungur þátttakenda búsettur á höfuðborgarsvæðinu. Það vekur því óneitanlega athygli að 61,9% þeirra sem tóku afstöðu sögðust sjá það fyrir sér að búa á landsbyggðinni í framtíðinni. Þá sögðust 125, eða 27,2%, sjá fyrir sér að búa í framtíðinni á höfuðborgarsvæðinu, en 50 eða 10,9% sáu fyrir sér að búa erlendis.



Atvinnuöryggið og grunnþjónustan skipta höfuðmáli

Þessi mikli áhugi sem kom fram í könnuninni um áhuga á búsetu á landsbyggðinni kom þeim sem unnu könnunina talsvert á óvart. Þar sem stór hluti svarenda, eða 34%, var af höfuðborgarsvæðinu, þá vöknuðu eðlilega spurningar um hvers vegna þetta fólk veldi sér ekki búsetu í samræmi við greinilegan vilja. Svarið við því endurspeglast í annarri spurningu þar sem spurt var hvaða atriði skiptu mestu máli varðandi val á búsetustað. Þar er það heilbrigðisþjónustan og atvinnuöryggi sem skipta langmestu máli og þar á eftir eru það skólar og aðgengi að menntun. Í skólamálum er grunnskólinn mikilvægastur að mati svarenda, þá kemur leikskóli og framhaldsskóli þar rétt á eftir. Mikilvægi háskóla er einnig álitið töluvert.

Konurnar ráða miklu um búsetuval

Greinilegt er að konur ráða miklu um val á búsetu, því að í hópi kvenna á aldrinum 31–40 ára sem þátt tóku í könnuninni sögðust 61% þeirra vilja búa úti á landi, en settu jafnframt ákveðin skilyrði um að grunnþjónustan væri í lagi. Enda brýtur það greinilega meira á konum en körlum að ekki sé of langt að sækja í læknisþjónustu og skóla. Má þar t.d. nefna að fæðingarstofur eru ekki lengur fyrir hendi á stórum landsvæðum.

Stöðugleiki byggða eða byggðafesta veiðiheimilda við sjávarþorp skipti fólk líka miklu máli, enda er það oft lykillinn að því að byggðunum haldist á allri grunnþjónustunni.

Sjávarútvegur, ferðaþjónusta og landbúnaður mikilvægustu greinarnar

Þegar spurt var hvaða atvinnuvegir skiptu mestu máli fyrir landsbyggðina voru þrír atvinnuvegir sem stóðu upp úr. Þar var sjávarútvegur síðan ferðaþjónusta og þá landbúnaður rétt á eftir. Síðan var það atvinna í opinberri þjónustu og starfsemi stofnana sem skipti fólk líka töluverðu máli.

Helsti vandinn einhæft atvinnulíf, heilbrigðismál og skólar

Þegar spurt var um hvað fólk teldi vera helsta vanda landsbyggðarinnar voru svörin þau að einhæft atvinnulíf, lítið atvinnuöryggi og fækkandi atvinnutækifæri væri stærsti vandinn. Þar á eftir komu heilbrigðismál, samgöngur, skólamál og netsamband. */HKr.*

Samkvæmt mannfjöldaspá Eurostat mun fjölga í flestum ríkjum Vestur-Evrópu á næstu 64 árum:

Íslendingar verða 467 þúsund árið 2080

– Þjóðverjum mun snarfækka líkt og íbúum flestra Austur-Evrópuríkja, en Bretar verða fjölmennasta þjóð Evrópu

Samkvæmt mannfjöldaspá Eurostat, hagstofu ESB, þá mun Íslendingum fjölga úr rúmlega 328 þúsundum á þessu ári í rúmlega 467 þúsund árið 2080.

Samkvæmt þessari spá er gert ráð fyrir að Íslendingar verði orðnir 341 þúsund árið 2020 og rúmlega 366 þúsund árið 2030. Þá verða íbúar landsins orðnir rúmlega 388 þúsund árið 2040, nærri 409 þúsund árið 2050 um 428 þúsund árið 2060, tæplega 448 þúsund árið 2070 og rúmlega 467 þúsund árið 2080.

Athygli vekur að í spánni er gert ráð fyrir umtalsverðri fjölgun íbúa í Bretlandi, Frakklandi og í Svíþjóð fram til 2080, en verulegri fækkun íbúa í Þýskalandi. Þá mun einnig fækka töluvert í Portúgal og Grikklandi samkvæmt spánni.

Bretland verður fjölmennasta ríki Evrópu

Bretar verða fjölmennasta þjóð Evrópu árið 2080 samkvæmt spá Eurostat. Í dag eru íbúar Stóra-Bretlands rúmlega 64,6 milljónir, er er spáð að verði 85,1 milljón árið 2080.

Frökkum mun einnig fjölga verulega fram til 2080. Íbúar Frakklands eru nú tæplega 66,2 milljónir í dag, en verða samkvæmt spánni rúmlega 78,8 milljónir árið 2080.

Þjóðverjum fækkar verulega

Mjög neikvæð íbúaþróun mun verða í Þýskalandi samkvæmt spánni. Íbúar Þýskalands eru í dag 80,7 milljónir en munu samkvæmt spá Eurostat fækka í 65,4 milljónir árið 2080, eða um 15,3 milljónir.

Norðurlandabúum fjölgar

Svíar teljast vera rúmlega 9,7 milljónir í dag. Samkvæmt spánni mun þeim fjölga í 14,1 milljón fram til 2080. Norðmenn eru nú tæplega 5,2 milljónir en mun fjölga í ríflega 8,5 milljónir fram til 2080. Þá eru Danir nú rúmlega 5,6 miljónir en mun fjölga í tæplega 6,8 milljónir. Finnar eru nú tæplega 5,5 milljónir en fjölgar samkvæmt spánni í tæplega 6,4 milljónir.

Í spánni koma ekki fram sérstakar tölur um þróunina í Færeyjum, né á Grænlandi, og eru þær þjóðir þá væntanlega skilgreindar með Dönum.

Einnig má geta þess að frændur vorir Írar teljast nú vera 4,6 milljónir en verða tæplega 5,9 milljónir ef spáin gengur eftir.

Af öðrum Evrópuþjóðum er það að segja að á Kýpur mun íbúum fjölga úr 873 þúsund í 1.253 þúsund. Á Ítalíu mun íbúum fjölga úr rúmlega 60,9 milljónum í rúmar 65 milljónir. Á Möltu mun íbúum fjölga úr 426 þúsund í 482 þúsund.

Íbúum á Spáni fjölgar samkvæmt spánni úr tæplega 46,4 milljónum í tæplega 47,6 milljónir. Þá mun fjölga í Sviss úr rúmum 8,2 milljónum í tæplega 11,9 milljónir. Austurríkismönnum mun einnig fjölga úr tæplega 8,6 milljónum í tæplega 9,6 milljónir.


Í Tékklandi fjölgar úr rúmlega 10,5 milljónum í tæplega 11 milljónir. Íbúum Lúxemborgar mun fjölga úr tæplega 563 þúsund í tæplega 1,3 milljónir. Í Belgíu mun fjölga úr 11,3 milljónum í rúmlega 16,6 milljónir. Íbúum Hollands mun hins vegar lítillega fækka eða úr tæplega 16,9 milljónum í 16,7 milljónir. Þá mun fækka í Portúgal úr tæplega 10,4 milljónum í 7,1 milljón.

Fækkun í nær allri Austur-Evrópu og Þýskaland fylgir með

Fækkun mun verða í nær allri austanverðri Evrópu og suður til Grikklands að Kýpur undanskildu og nær sú fækkun eins og fyrr segir inn í Þýskaland þar sem hún verður mest.

Í Eistlandi, Lettlandi og Litháen mun fækka nokkuð sem og í Póllandi þar sem gert er ráð fyrir fækkun úr tæpum 38,5 milljónum í rúmlega 29,6 milljónir. Þá mun íbúum einnig fækka í Slóvakíu, Ungverjalandi, Króatíu, Slóveníu, Rúmeníu, Búlgaríu, Grikklandi og Portúgal.

Í tölum Eurostat er ekki spáð um þróunina í Bosníu Herzegovinu, Svartfjallalandi, Serbíu né í Albaníu. */HKr.*



Einkorna áburður:

Hin fullkomna pakkalausn



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár!

Notaðu minni áburð með Yara

Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • yara@yara.is • www.yara.is



Sláturhús Reykjagarðs hf. á Hellu. Mynd / HKr.

Reykjagarður hf. styrkir samkeppnisstöðu sína:

Nýtt kjúklingaeldishús í undirbúningi

Í undirbúningi er hjá Reykjagarði hf. að reka stórt kjúklingaeldishús í landi Jarlsstaða í Landsveit.

Fréttir bárust af því í byrjun desember að Sláturfélag Suðurlands (SS) hygðist standa að þessari framkvæmd og reisa húsið, en það er ekki rétt. Reykjagarður er hins vegar dótturfyrirtæki SS.

Í áðurnefndum fréttum kom fram að hætt hefði verið við fyrirhugaða staðsetningu við mörk vatnsverndarsvæðis í Landsveit. Matthías Hannes Guðmundsson, framkvæmdastjóri Reykjagarðs hf., staðfestir að byggingunni hafi verið fundin ný staðsetning á sömu jörð – fjarri vatnsbólum.

„Eigandi jarðarinnar mun reisa húsin en Reykjagarður hf. mun leigja þau. Þetta er því samstarfsverkefni Reykjagarðs hf. og viðkomandi landeiganda, þar sem báðir hafa hag af slíku samstarfi. Reykjagarður hf. hefur áður gert slíka samstarfssamninga með góðum árangri á undanförnum árum," segir Matthías.

Stæði fyrir ríflega 50 þúsund kjúklinga

Matthías segir að framkvæmdir gætu hafist núna í vetur og húsin verið komin í gagnið næsta haust. Aðallega sé um lið í endurskipulagningu að ræða – fá ný og betri hús – en einnig að færa kjúklingaeldið nær sláturhúsinu þeirra, sem sé staðsett á Hellu.

Matthías segir að þegar séu nokkur bú á landinu sem séu mun stærri en þetta bú. „Það verður stæði fyrir ríflega 50 þúsund kjúklinga ef öll eldisplássin eru í gangi í einu, sem verður þó ekki alltaf raunin. Þetta verða tvö 1.700 fermetra hús og hvort um sig með tvö eldispláss.

Í alþjóðlegu samhengi er þetta smátt bú. Þetta er þó stór áfangi í að gera Reykjagarð samkeppnishæfari til lengri tíma litið við aukna samkeppni erlendis frá," segir Matthías.

Reykjagarður hf. rekur kjúklingabú á tíu stöðum á Suður- og Vesturlandi og eru með um 40–45 prósent markaðshlutdeild af íslenskum framleiðendum. */smh*

Parísarfundurinn um loftslagsmál, COP21:

Landeyðing og hlýnun jarðar

Húsfyllir var á viðburði Íslands um landgræðslumál sem haldinn var í norræna skálanum á Parísarfundinum um loftslagsmál.

Á fundinum var meðal annars rætt um hvernig landeyðing og hlýnun jarðar spila saman og hversu mikilvæg landgræðsla er sem mótvægisaðgerð gegn loftslagsbreytingum. Fólk frá öllum heimshornum sótti viðburðinn og voru líflegar umræður í kjölfar erinda framsögumanna.

Á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytisins segir að Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, hafi í ávarpi sínu fjallað um hvernig Íslendingar hafa stundað landgræðslu til að berjast gegn landeyðingu. Hún nefndi samstarf landsins við alþjóðastofnanir á sviði landgræðslu og mikilvægi þess að huga að jafnréttissjónarmiðum þegar unnið er að endurheimt lands.

Endurheimt og gróðurhúsalofttegundir

Að loknu ávarpi ráðherra tók Monique Barbut, framkvæmdastýra eyðimerkursamnings Sameinuðu þjóðanna, til máls. Hún ræddi um mikilvægi þess að ekki tapist meira land en það sem er endurheimt, sem er





Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra.

eitt af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Hún benti jafnframt á þá möguleika sem felast í endurheimt lands til að ná markmiðum um samdrátt í nettólosun gróðurhúsalofttegunda.

Landeyðing í Mongólíu

Damdin Davgadorj, sérfræðingur um landeyðingu, frá Mongólíu, sagði frá ástandi mála þar í landi og þeim aðgerðum sem ráðist hefur verið í til þess að endurheimta land og stöðva landrofið.

Landgræðsluskólinn kynntur

Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri fjallað um landgræðslustarf á Íslandi og loks sagði Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Landgræðsluskóla Sameinuðu þjóðanna, frá því hvernig skólinn vinnur að þjálfun fólks í þróunarlöndum á sviði landgræðslu. */VH*

Lýðheilsa og sýklalyfjaónæmi:

Sýklalyfjaónæmar bakteríur greinast í Danmörku

– er því spáð að bakterían muni einnig greinast fljótlega á Bretlandseyjum

Bakteríur sem eru ónæmar fyrir öllum þekktum sýklalyfjum hafa verið greindar í Evrópu í fyrsta sinn. Bakteríurnar greindust í sjúklingi í Danmörku en því er spáð að bakterían greinist einnig fljótlega á Bretlandseyjum.

Sýklalyfjaónæmar bakteríur greindust í Evrópu í fyrsta sinn fyrir skömmu. Samkvæmt danska sóttvarnareftirlitinu er um að ræða E. coli bakteríu sem er ónæm fyrir öllum þekktum sýklalyfjum og greindist hún á sjúkrahúsi í Danmörku.

Sama baktería hefur greinst í nokkrum sýnum sem tekin voru úr kjúklingi sem fluttur var inn til Danmerkur frá Kína í gegnum Þýskaland. Hugsanlegt er að sjúklingurinn hafa smitast eftir neyslu á sýktu kjöti.

Nordic One Healt

Eva Kjer Hansen, matvæla- og umhverfisráðherra Danmerkur, sendi frá sér yfirlýsingu 7. desember síðastliðinn þar sem hún fagnar Nordic One Health-hugmyndum Bændasamtaka á Norðurlöndum. Samkvæmt Nordic One Health-yfirlýsingunni skal stefnt að því að banna gjöf á sýklalyfjum í fóðri til að fyrirbyggja sýkingar og til að auka vöxt búfjár. Reiknað er með að endurskoðuð tillaga þess efnis verði lögð fyrir Evrópusambandið snemma á næsta ári.

Reynt að hemja frekari útbreiðslu

Ekki hefur verið gefið upp hver líðan sýkta Danans er en hann mun vera eldri karlmaður sem berst við krabbamein. Sérfræðingar vonast til að getað komið í veg fyrir frekari útbreiðslu bakteríunnar þar sem útbreiðsla hennar gæti leitt til faraldurs.

Fyrir um mánuði gáfu kínverskir sérfræðingar út yfirlýsingu þar sem þeir sögðu að sýklalyfjaónæmar E. Coli bakteríur væri að finna í matvælum í landinu og að þeir gerðu ráð fyrir að útbreiðsla þeirri yrði ör í landinu.

Síðasta vígið


Til þessa hefur sýklalyf sem kallast Colistin verið síðasta vígið í barátt-unni gegn svokölluðum ofurbakteríum en nú eru komir fram stofnar baktería sem eru ónæmir fyrir því.

Genið sem veldur ónæmi bakteríanna kallast MCR-1 og finnst meðal annars í E-Coli, salmonellu og bakteríum sem valda sýkingu í blóði og lungum. MCR-1 genið á auðvelt með að flytjast milli baktería og mikil hætta er talin á að slíkt muni gerast og það valda alvarlegum sýkingum í mönnum og dýrum á komandi árum. Genið getur einnig hæglega borist með bakteríum milli manna og dýra og í menn úr dýraafurðum.

Sérfræðingar við Tækniháskólann í Danmörku hófu leit að MCR-1 geninu þar í landi eftir yfirlýsingu kínversku sérfræðinganna í síðasta mánuði. Að þeirra sögn varð þeim verulega bilt við þegar þeir á skömmum tíma fundu sex dæmi um MCR-1 genið í salmonellu-bakteríum. Fimm í kjöti innfluttra kjúklinga og eitt í blóði sjúklings.

Verulegt áhyggjuefni

Frank Møller Aarestrup, prófessor í veirufræði við tækniháskólann í Danmörku, segir að greining bakteríanna sé verulegt áhyggjuefni. „Ég hef lengi verið hræddur um að ofurbakteríur mundu greinast hér en á sama tíma vonað að svo yrði ekki." Hann telur líklegt að bakteríurnar hafi borist til Danmerkur með fólki sem hefur verið á ferðalagi um Kína eða með innfluttu kjöti.



Sýklalyfjaónæmar bakteríur hafa greinst í Evrópu í fyrsta sinn fyrir skömmu. Um er að ræða E.coli bakteríu sem er ónæm fyrir öllum þekktum sýklalyfjum.



Fyrir um mánuði gáfu kínverskir sérfræðingar út yfirlýsingu þar sem þeir sögðu að sýklalyfjaónæmar E. Coli bakteríur væri að finna í matvælum í landinu og að þeir gerðu ráð fyrir að útbreiðsla þeirri yrði ör í landinu.



Mestar líkur á smiti við meðhöndlun á hráu kjöti.

Aarestrup segir að það kæmi sér ekki á óvart ef sýklalyfjaónæmar bakteríur greindust í öðrum Evrópulöndum fljótlega. Ekki síst á Bretlandseyjum þar sem innflutningur á matvælum frá Austurlöndum fjær er mikill og mikið um ferðafólk.

Læknirinn Lance Price við George Washington-háskólann í Bandaríkjunum, sem aðstoðaði við greiningu gensins í Danmörku, segir að sagan sýni að gen eins og MCR-1 breiðist hratt út um heiminn og yfirleitt án þess að menn verði mikið varir við þau í fyrstu. „Það að genið hafi fundist í Danmörku sýnir að útbreiðsla þess er þegar hafin."

Meðhöndlun erfið

Haft hefur verið eftir breska prófessornum Mark Enright, sem er sérfræðingur í bakteríufræði við háskólann í Manchester, að því miður sé nánast ómögulegt að lækna þá sem sýkjast af ofurbakteríum. „Lyfið Colistin var okkar síðasta von og nú eru komnar fram bakteríur sem eru ónæmar fyrir því. Eina vonin í dag er að gefa sjúklingum tvö eða þrjú sterk sýklalyf í einu og vona að lyfjablandan skili í sumum tilfellum tilætluðum árangri."

Vandinn við notkun á sterkum sýklalyfjum er að þau geta valdið verulegum skemmdum á lifur sjúklinga sem fá þau.

Enright segir að í dag séu mestar líkur á smiti við meðhöndlun á hráu kjöti en að ef bakterían berist inn á spítala og í sjúklinga geti verið erfitt að koma í veg fyrir alvarlegar sýkingar. Dauðsföll geta hæglega orðið í framhaldi af minnstu sýkingum sem lítið mál var að meðhöndla með lyfjum fyrir fáum árum. Hann segir að því meira sem menn nota sýklalyf og það er notað í landbúnaði því hraðar og auðveldara sé fyrir bakteríur að mynda ónæmi gegn þeim.

Colistin var fimmta mest notaða sýklalyfið í landbúnaði í Evrópu árið 2010, bæði sem sýklalyf og sem vaxtarhvati. Stjórnvöld í Bretlandi hafa sett af stað herferð til að draga úr notkun sýklalyfja í landbúnaði þar í landi. Meðal annars er mælst til að dýr sem sýkt eru bakteríusjúkdómi verði frekar lógað en sett á sýklalyf þar sem lyfin séu í mörgum tilfellum gagnslaus.

Sérfræðingar á sviði faraldursfræða segja að sýklalyfjaónæmar bakteríur séu alþjóðlegt vandamál en ekki einkamál einstakra þjóða og þrátt fyrir að sýkingarhætta í dag sé tiltölulega lítil sé hætta á alþjóðlegum faraldri eins og tifandi tímasprengja.

/VH

Áburður fyrir íslenskar aðstæður

Áburðarverksmiðjan



Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði.
Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu.
Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.
Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300– **Fax:** 562 3058 – **Kt**: 631294-2279
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími**: 563 0339
Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Auður Laila Jónasdóttir audur@bondi.is – **Sími**: 563 0303 – **Frágangur fyrir prentun**: Prentsnið.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is** Netfang auglýsinga er **augl@bondi.is** Vefsíða blaðsins er **www.bbl.is**
Prentun: Landsprent ehf. – **Upplag**: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LEIÐARINN

Góð fyrirheit í loftslagsmálum og íslensk umræðuhefð

Það voru mjög miklar og góðar fréttir af umhverfismálum um liðna helgi. Með loftslagssamningnum í París náðist í fyrsta sinn víðtækt samkomulag um aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum.

Margir hefðu auðvitað viljað að það hefði gerst hraðar og fyrr. Engu að síður er þessi árangur afar mikilvægur og mun hafa mikla þýðingu fyrir heimsbyggðina alla. Miklu skiptir að vel takist til að útfæra markmið samningsins og þær aðgerðir sem honum þurfa að fylgja. Þar þarf landbúnaðurinn að taka fullan þátt. Ein af aðgerðum í sóknaráætlun stjórnvalda á Íslandi í loftslagsmálum er að vinna vegvísi fyrir landbúnaðinn til að verða loftslagsvænni. Sá vegvísir verður unninn í samvinnu við Bændasamtök Íslands.

Við þurfum að gera betur í loftslagsmálum en það verður seint of oft minnt á það mikilvæga hlutverk sem bændur gegna við landvörslu og umhirðu landsins. Það eru ekki síst bændur sem leggja fram vinnu við að græða upp landið og halda því við enda byggist landbúnaðurinn á því að geta nýtt það. Margir þekkja verkefnið „Bændur græða landið“. Það hefur nú staðið í 25 ár en þar vinna um 600 bændur að landbótum í samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Sannarlega eru þar margar vinnandi hendur sem hafa það verkefni að bæta landið okkar.



Traust og virðing er lykillinn að árangri

Bændur hafa að jafnaði átt gott samstarf við Landgræðsluna og annað áhugafólk um landgræðslu. Eins og oft er með umdeild málefni freistast menn til að færa umræðuna niður í skotgrafirnar. Sumir telja það skynsamlegustu leiðina að nota sem sterkust orð og æpa sem hæst. Fyrir nokkru var greint frá nýju upprunamerki fyrir sauðfjárafurðir sem ætlað er til sóknar á markaði, bæði meðal ferðamanna innanlands og á erlendum mörkuðum. Fljótlega eftir að merkið var kynnt var farið að dreifa því í afskræmdri útgáfu á samfélagsmiðlum – jafnvel af fólki sem starfar fyrir stofnanir sem gefa sig út fyrir að vilja starfa fyrir og með bændum. Allir eru frjálsir skoðana sinna og hafa fullan rétt til að vera ósammála öllum nema sjálfum sér. En svona háttalag er svo sannarlega ekki líklegt til að auka traust milli aðila, leiða til þess að þeir skilji hver annan eða nokkurrar niðurstöðu. Skotgrafirnar verða einfaldlega dýpri. Þeir sem hafa einhvern minnsta vilja til að vinna með öðru fólki verða að skilja að traust og virðing er lykillinn að árangri – annars gerist ekki neitt.

Enn einn umræðuhvellurinn varð fyrr í vikunni þegar Björk Guðmundsdóttir, einn þekktasti listamaður okkar Íslendinga, kallaði forystumenn sitjandi ríkisstjórnar „rednecks“ í viðtölum við erlenda fjölmiðla. Það þarf orðið helst einhverja hvelli eða eitthvað sérkennilegt til að vekja athygli. Nakti maðurinn var farinn úr kassanum og það veitir því enginn athygli lengur þó að menn kalli hver annan illum nöfnum á Alþingi. Útbreiddur fjölmiðill hér heima þýddi „redneck“ sem „sveitalubba“ og mörgu sveitafólki sárnaði það. Vissulega er hægt að þýða „redneck“ á íslensku á fleiri en einn veg, en orðið hefur neikvæða merkingu og er lagt út í hérlendum fjölmiðlum á niðrandi hátt um fólk sem á uppruna sinn í sveit. Björk kann að hafa ætlað sér annan málflutning – en þetta varð nú samt niðurstaðan, með réttu eða röngu. Oft mætti fólk gæta betur orða sinna í opinberri umræðu, líka heimsfrægt listafólk eins og Björk. Hún brennur vissulega fyrir umhverfismálum og hefur látið sig þau mjög varða, en það er ekki líklegt til árangurs að uppnefna þá sem eru ekki á sömu skoðun. Umræðuhefðin í dag snýst of mikið um að æpa hvert á annað, bæði með beinum og óbeinum hætti.

Jafnrétti á jólum

Nú styttist í hátíðarnar. Það er oft sagt að margt sé ósanngjarnt í þjóðfélaginu og á ágætri afmælishátíð Sambands garðyrkjubænda fyrir skömmu vék veislustjóri í hátíðarkvöldverðinum að einu dæmi um misrétti á milli búgreina, sem ekki hefur farið hátt. Það eru nafngiftir íslensku jólasveinanna! Einhver gæti hváð við því – en garðyrkjubændurnir kinkuðu kolli þegar þeim var bent á að jólasveinarnir sem kenndir eru við mat eru eingöngu kenndir við kjöt- og mjólkurafurðir. Ketkrókur, Bjúgnakrækir og Skyrgámur. Enginn jólasveinn er kenndur við grænmeti. Enginn sem er kenndur við gúrku eða sveppi. Hvað þá kartöflur. Þrátt fyrir það er þó ljóst að kartöflubændur ná í einhverjum tilfellum að afsetja sínar vörur á aðventunni, því að stundum kemur það fyrir að einhver fái kartöflu í skóinn. Svona getur misréttið birst í ólíklegustu myndum.

Ég óska lesendum Bændablaðsins gleðilegrar hátíðar með óskum um gæfuríkt og gjöfult nýtt ár.

/SSS

LOKAORÐIN

Á tímamótum

Hugsanlega eru jarðarbúar nú á tímamótum hvað varðar möguleikana til að komast af. Þar mun skipta miklu máli hvernig spilað verður úr þeim gæðum sem sumar þjóðir hafa umfram aðrar.

Það eru ekki allar þjóðir jafn heppnar og við Íslendingar þegar kemur að lífsnauðsynlegum auðlindum eins og aðgengi að hreinu vatni, landi til matvælaframleiðslu og auðlindanna í hafinu umhverfis landið. Vegna þess hvílir sú skylda á Íslendingum að nýta þetta allt á sem sjálfbærastan hátt.

Matvælaframleiðsla víða um heim glímir nú við afleiðingar af ofnotkun sýklalyfja, skordýraeiturs og annarra efna. Gegn þessu hafa íslenskir bændur verið að berjast. Þeir hafa náð miklum faglegum árangri sem eftir er tekið víða um heim. Í sumum skúmaskotum í íslenskri pólitík þykir sá árangur þó helst efni í brandara. Að mati fjölmargra vísindamanna um allan heim er sýklalyfjaónæmi þó stærsta heilsu- og efnahagsógnin sem mannkynið stendur frammi fyrir.

Íslendingar hafa einna mest aðgengi að hreinu vatni í heiminum í dag. Í því eru fólgin gríðarleg verðmæti, í heimi þar sem ofnýting grunnvatns er þegar orðið stórkostlegt vandamál. Það er stór hluti af orsök upplausnar samfélaga og blóðugra átaka í Afríku og í Mið-Austurlöndum. Þetta hefur m.a. komið upp í umræðunni um loftslagsráðstefnuna sem nýlokið er í París. Þar urðu mikil fagnaðarlæti yfir því sem menn telja vera viðsnúning og brotthvarf frá notkun jarðefnaeldsneytis í heiminum.

Ákvörðum um að hætta notkun jarðefnaeldsneytis getur samt líka verið tvíbent, þótt menn hafi forðast slíka umræðu í París. Það eru nefnilega tugir ef ekki hundruð milljóna manna sem hafa allt sitt lífsviðurværi af nýtingu á jarðolíu.

Undanfarin misseri hafa Vesturlandabúar verið að glíma við vaxandi straum flóttamanna frá Afríku og Mið-Austurlöndum. Það kann þó að vera hjóm eitt í samanburði við það sem mun gerast þegar fótunum verður kippt undan olíuþjóðum eins og Saudi-Arabíu, Írak, Íran, nær helmingi Afríkuríkja og fjölmörgum ríkjum Suður-Ameríku.

Þótt fáir efist um nauðsyn þess að draga úr mengun þá getur sú ákvörðun að skrúfa fyrir olíuna haft aðrar ógnvænlegar afleiðingar. Það getur hæglega hleypt af stað upplausn þjóðfélaga í þeim skala sem jarðarbúar hafa aldrei séð áður. Þá mun baráttan um brauðið harðna enn frekar og spurning hvar Íslendingar standi þá, ef ekki tekst að tryggja áframhaldandi matvælaframleiðslu hér á landi.

*– **Gleðileg jól** /HKr.*

Landbúnaðarsafnið og Sögusetur íslenska hestsins:

Undirrituðu samstarfssamning um miðlun verkefna og upplýsinga

Bjarni Guðmundsson, verkefnisstjóri Landbúnaðarsafns Íslands, og Kristinn Hugason, forstöðumaður Sögusetur íslenska hestsins í Hjaltadal, undirrituðu í Bændahöllinni á mánudag samþykkt um náið samstarf stofnananna.

Felur samningurinn í sér að hvers konar verkefnum sem upp kunna að að koma til þess aðilans sem betur hentar hverju sinni. Er þetta gert til að forðast tvíverknað og hvers kyns skörun í þeim verkefnum sem Landbúnaðarsafnið og Sögusetrið takast á hendur.

Einnig felur þetta samkomulag í sér virkt samstarf um söfnun og vörslu hvers konar gagna og muna og koma því fyrir hjá þeim aðilanum sem betur hentar. Það á m.a. við um verkefni og möguleika á hentugri og fullnægjandi vörslu.

Þá er gert ráð fyrir samstarfi um útgáfumál og gagnkvæmri miðlun upplýsinga. Með þessu samkomulagi hyggjast menn bæta vinnubrögð við hvers konar þekkingaröflun á landbúnaðarsögu Íslands og sögu vegferðar íslenska hestsins með þjóðinni og tryggja þannig stöðu beggja þátta til framtíðar.

/HKr.



Bjarni Guðmundsson og Kristinn Hugason takast í hendur við undirritun á samþykktum um náið samstarf Landbúnaðarsafns Íslands á Hvanneyri og Sögusetur íslenska hestsins í Hjaltadal. Undirritunin fór fram í Bændahöllinni við Hagatorg í Reykjavík. Mynd / HKr.

Líf og starf



Jólamarkaður á Elliðavatni



Einar Gunnar Sigurðsson eldsmiður með handsnúinn blásara frá 1905. Hann er félagi í eldsmiðafélagi á Akranesi og sýndi handverk sitt við Elliðavatnsbæinn auk þess sem hann ristaði möndlur í eldinum. Myndir / smh

Það er einstaklega jólalegt við bæinn Elliðavatn á aðventunni þegar snjór er yfir öllu og vatnið ísilagt.

Inni í bænum er sjálfur jólamarkaðurinn þar sem ýmislegt fallegt má finna fyrir jólin, til að mynda jólaskraut og handverk hönnuða.

Í kjallara Elliðavatnsbæjarins er notaleg kaffistofa þar sem fjölskyldan getur fengið sér hressingu og hlustað á tónlistarfólk leika tónlist sína eða rithöfunda lesa úr verkum sínum.

Úti við er gott mannlíf, þar sem fólk getur keypt sér nýhöggvin íslensk jólatré úr Heiðmörk, auk þess sem þar er mikið úrval að finna af svokölluðum tröpputrjám, eldiviði og viðarkyndlum.









MÆLT AF MUNNI FRAM

144

Það fer fágæta vel á því, að nota „aðventu íslenskra sauðfjárbænda“, fengitíðina, til að ljúka vísnavaðli þessa árs sem senn er á enda. Annað ágætt tilefni þáttarins er einnig hin merku áramót í ævi **Jónasar Friðriks Guðnasonar** skálds á Raufarhöfn sem fagnaði sjötugsafmæli sínu laugardaginn 12. des. og er því sennilega frekar heilsutæpur í dag þegar þetta er skráð. (13. desember). Jónas Friðrik átti hins vegar prýðisdag á Hrútadeginum á Raufarhöfn, sem haldinn var þann 3. okt. sl. Þar orti Jónas Friðrik ódauðlegt hugverk til Ragnars bónda á Álandi:

Hann Ragnar á Álandi er rotta,
sem rétt væri að hengj‘upp í spotta,
í tíma, eða þrjá,
og tékka svo á
hvort helvítið hætti að glotta.

Aðra limru orti **Jónas** einnig, sem ekki tengdist beint yrkisefni Hrútadagsins. Þó má finna„hrútalykt“af þessari limru er hann nefnir „Atlot“:

Á Járngerðareyri bjó Jóhann
með Jarmílu gömlu er sló hann;
dag eftir dag
og slag on‘í slag,
en kysst‘ann eitt kvöld-og þá dó hann.

Eina veðurfarsvísu orti **Jónas,** sem ber keim af síðasta sumri:

Þyrpist að mér þokan grá,
þrengir vegi mína.
Nú er ekki sjón að sjá
sólina okkar skína.

Næstu vísu áleit **Jónas** vera hrútavísu, en glöggir sauðfjárbændur munu þó greina erfðafræðileg frávik sem ekkert eiga skylt við sauðfjárrækt:

Lagðprúður og lendastinnur,
ljós á brá með harðan svip.
Undarlegt að engar kvinnur
ásælst hafi slíkan grip.

Lokavísa **Jónasar Friðriks** var hansleg í meira lagi:

Vísnaslóð er vond og hál
og vart með góðu farin.
Nú er orðið meira en mál
að míga og fara á barinn.

Ögn fyrir aðventu var **Björn Ingólfsson** á Grenivík við rúning hjá tengdasyni sínum á Grund, **Þórarni Péturssyni** formanni sauðfjárbænda. Alvöru rúningsmenn voru fengnir austan úr Þistilfirði, og hafði Björn vart undan að hirða ullina undan þeim. Náði samt að fanga athöfnina í þessari frábæru stöku:

Þeir meðhöndla ær eins og fínar frúr
af fagmennsku að ofan og neðan,
og kunna á því lagið að klæða þær úr
og kumra eins og hrútar á meðan.

Einhverju sinni var **Einar Kolbeinsson** sauðfjárbóndi í Bólstaðarhlíð beðinn um sjálfslýsingu. Oft hefur honum tekist vel upp, en hvergi þó sem í næstu tveimur vísum sem vel eiga heima með fengitíðarkveðskap:

Það má tala um gallagrip,
þó getið dável séð,
að ótrúlegan sauðasvip
sit ég uppi með.

Háttalag á hæpnum nótum,
hugur oft við klám og níð.
Ætti að vera á fjórum fótum
ferleg skepnan alla tíð.

Með jóla- og nýársóskum,
Árni Geirhjörtur

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

Fréttir


Stjórn kúavinafélagsins Baulu.

Nemendur á Hvanneyri:
Kúavinafélagið Baula

Nemendur á Hvanneyri stofnuðu í lok nóvember síðastliðinn kúavinafélagið Baula.

Tilgangur félagsins er að stuðla að og hvetja áfram áhuga og þekkingaröflun hjá ungu fólki um nautgriparækt í heild sinni með því að fara í skoðunarferðir og halda kynningar á nautgriparækt.

Um fimmtíu manns mættu á stofnfund félagsins. Á fundinum var Magnús Örn Sigurjónsson kosinn formaður Baulu. Aðrir stjórnarmenn eru Þórdís Þórarinsdóttir, Friðrik Björgvinsson, Anton Freyr Friðjónsson, Jón Þór Marinósson, Haukur Marteinsson, Birkir Heiðmann Aðalsteinsson, Gunnar Freyr Benediktsson, Jónas Guðjónsson og Þráinn Ingólfsson. /VH

Bændablaðið
Útgáfudagar og verðbreytingar á nýju ári

Fyrsta blað eftir áramót kemur út 14. janúar. Útgáfudagar Bændablaðsins fram í júní verða sem hér segir með fyrirvara um breytingar:

- 14. janúar
- 28. janúar
- 11. febrúar
- 25. febrúar
- 10. mars
- 22. mars (þriðjudagur)
- 14. apríl
- 28. apríl
- 12. maí
- 26. maí
- 9. júní
- 23. júní

Verðbreytingar um áramót

Breytingar á verðskrá blaðsins taka gildi um áramót. Ástæður þeirra eru almennar launa- og verðlagshækkanir. Áskriftargjaldið hækkar og verður innheimt tvisvar á ári. Afsláttur fyrir aldraða verður áfram 50% en þeir greiða einu sinni á ári. Hækkun áskriftarverðs kemur m.a. til vegna fleiri útgáfudaga og stærra blaðs. Þá verður Tímarit Bændablaðsins innifalið í áskrift en það er sent öllum áskrifendum einu sinni á ári. Verðskrá blaðsins hefur ekki tekið breytingum síðustu tvö árin.

Verðskrá 2016

- **Ársáskrift:** Kr. 9.900 m. vsk. (innheimt í tvennu lagi)
- **Ársáskrift fyrir eldri borgara:** Kr. 4.950 m. vsk.
- **Smáauglýsing með mynd:** Kr. 5.200 m. vsk.
- **Hefðbundin smáauglýsing:** Kr. 2.100 m. vsk.
- **Netauglýsing:** Kr. 900 m. vsk.
- **Dálksentimetri auglýsinga, litur:** Kr. 1.450 án vsk.
- **Dálksentimetri auglýsinga, litur, bls. 3 og baksíða:** Kr. 1.650 án vsk.
- **Dálksentimetri auglýsinga, svarthvítt:** Kr. 1.150 án vsk.
- **Dálksentimetri auglýsinga á fréttasíðum, litur:** Kr. 2.350 án vsk.
- **Niðurfellingargjald, 15% af brúttóverði auglýsingar.**
- **Gjald fyrir uppsetningu auglýsinga, tímagjald** kr. 8.200 án vsk.

Allar nánari upplýsingar um útgáfu Bændablaðsins er að finna á vefnum www.bbl.is. Netfang blaðsins er bbl@bondi.is og netfang auglýsinga augl@bondi.is. /TB

Opnunartími hjá BÍ um jól og áramót

Skrifstofur Bændasamtakanna verða lokaðar eftir hádegi á Þorláksmessu, miðvikudaginn 23. desember og á gamlársdag, fimmtudaginn 31. desember. Dagana 28. desember og 4. janúar verða skrifstofurnar opnaðar kl. 10. Að öðru leyti verða skrifstofurnar opnar með hefðbundnum hætti fyrir utan rauðu hátíðisdagana.

Stjórn og starfsfólk Bændasamtakanna óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári með þökk fyrir gott samstarf á árinu sem er að líða.

Nú styttist í nýja búvörusamninga

– mikið vantraust hjá sauðfjárbændum í garð MAST og Landgræðslunnar

Viðræður um nýja búvörusamninga eru langt komnar og að sögn formanns Bændasamtaka Íslands á hann von á að þeim ljúki fyrir áramót eða snemma á næsta ári.

„Samningahópur bænda hefur sest niður eftir fundarferð um landið og farið yfir það helsta sem þar kom fram þar. Í framhaldi af því hefur svo farið fram vinna við samningana og talsverður tími farið í að finna leiðir til að bregðast við þeim áhyggjum sem fram komu," segir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands.


Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

Mjólkurframleiðendur áhyggjufullir

Sindri segir að mjólkurframleiðendur hafi margir hverjir lýst áhyggjum sínum á að ekki verði hægt að stýra framleiðslunni eftir að hún verður gefin frjáls og að verð komi til með að falla vegna offramleiðslu.

„Við erum að finna flöt á því máli og með ákveðið upplegg sem við erum að ræða við samninganefnd ríkisins."

Vantraust í garð stofnana

„Eitt af því sem kom fram í fundarferðinni er að það ríkir því miður mikið vantraust hjá bændum í garð stofnana eins og Matvælastofnunar og Landgræðslunnar. Sauðfjárbændur hafa áhyggjur af aðkomu Landgræðslunnar í tengslum við aukið vægi gæðastýringar í sauðfjárrækt í samningunum. Í ljósi fyrri samskipta sauðfjárbænda og samtaka þeirra við Landgræðsluna eru margir þeirra áhyggjufullir."

Sjálfbær landnýting er sóknarfæri

Sindri segir að ekki standi til að gefa neitt eftir varðandi sjálfbæra landnýtingu í sauðfjárrækt.

„Sjálfbær landnýting er ein af meginforsendum við nýtingu þeirrar auðlindar sem búfjárbeitin er. Svo má ekki gleyma þeim sóknarfærum sauðfjárræktarinnar sem liggja í sjálfbærri landnýtingu þegar kemur að markaðssetningu afurðanna og því mikilvægt fyrir okkur að sýna fram á að við séum ekki að ganga á landið."

Lýkur snemma á næsta ári

„Garðyrkjusamningurinn er svo til tilbúinn og bara eftir að ganga frá einstaka orðalagi í honum.

Viðræður um ramma búvörusamninganna eru hafnar og ég á ekki von á öðru en að þeim ljúki snemma á næsta ári," segir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands. /VH

Afurðaverð mjólkur:
Bændur fá fullt afurðaverð út 2016

Mjólkurframleiðendur munu fá fullt afurðaverð frá MS út árið 2016 þrátt fyrir að mjólkurframleiðsla í landinu sé umfram markaðsþarfir. Sem stendur er tap á útflutningi mjólkurafurða en leitað er nýrra og hagstæðari markaða og ýmsar blikur á loft hvað það varðar.

Egill Sigurðsson, formaður stjórnar MS, segir rétt að út frá rekstrarlegum forsendum sé óhagstætt að greiða bændum fullt afurðasöluverð fyrir alla mjólk sem þeir framleiða en að það verði gert út árið 2016 eins og lofað hafi verið.

„Málið var tekið fyrir á síðasta stjórnarfundi MS og bændur geta því gert ráð fyrir fullu afurðastöðuverði út árið 2016. Að baki MS standa Auðhumla, samvinnufélag bænda og Kaupfélag Skagfirðinga. Auðhumla á 90% í MS og KS 10% og þessir eigendur ætla að stand þétt að baki MS og komast í gegnum þann skafl sem fram undan er."


Egill Sigurðsson. Mynd / HKr.

Búvörusamningurinn á réttri leið

„Hvað nýjan búvörusamning varðar tel ég að við séum á réttri leið með því að spyrða saman núverandi kerfi og því kerfi sem á að taka við þrátt fyrir að enn vanti töluvert upp á allar útfærslur. Uppleggið er aftur á móti gott að mínu viti."

Framleiðslan umfram núverandi markaðsþörf

Egill er spurður hvort ekki sé hætta á offramleiðslu á mjólk hér ef framleiðslan verður gefin frjáls alveg eins og gerst hefur í Evrópu.

„Við erum nú þegar að framleiða talsvert umfram markaðsþörf Íslendinga. Umframleiðslan í Evrópu á sér ýmsar aðrar skýringar en að framleiðslan hafi verið gefin frjáls. Lokun á Rússlandsmarkaði og tregða í sölu í Asíu hafa haft mikil áhrif til lækkunar á hráefnisverði.

Sem stendur töpum við á því að flytja út mjólkurvörur meðal annars vegna þess að bændur eru að fá umframverð fyrir mjólkina og MS er að taka höggið.

Við erum stöðugt að leita nýrra og betri markaða fyrir okkar vörur og geta þannig borgað bændum hærra verð."

Áform um að fjórfalda skyrsöluna til Bandaríkjanna

„Útflutningurinn í dag er að mestu smjör í stórum pakkningum og mjólkurduft í sekkjum. Af fullunnum afurðum eru við að flytja út talsvert af skyri og horfum mikið til Sviss og teljum markaðinn þar lofa góðu. Við erum einnig með áform um að fjórfalda skyrsöluna til Bandaríkjanna á næstu árum í samstarfi við nýja aðila þar. Einnig stendur til að endurmarkaðssetja íslenskt smjör í Whole Foods-verslununum í Bandaríkjunum sem við urðum að hverfa frá á sínum tíma vegna hráefnisskorts," segir Egill.

Styrkir greinina sem heild

Egill segir að greiðslumarkskerfið sem hefur verið í gildi í mjólkurframleiðslu hafi verið hugsað til að stýra framleiðslunni á sínum tíma.

„Að mínu mati mun það styrkja stöðu greinarinnar sem heild að gefa framleiðsluna frjálsa en að sjálfsögðu mun breytingin á kerfinu hitta ólíka framleiðendur með ólíkum hætti.

Kostnaðurinn sem fylgir kvótakerfinu er talsverður og það verður öllum til góðs að losna við hann þegar fram í sækir en kerfið eins og það er nú hefur verið mjög dýrt og íþyngjandi síðustu árin fyrir greinina í heild." /VH

Lambakjöt | NÁTTÚRULEGA HOLLT

Hollráð Lambakjöts að betra sambandi

Nr. 99 | FALLEG FRAMSETNING FÆRIR VEISLUNNI HÁTÍÐARBLÆ

Jól 2015

H:N Markaðssamskipti / SÍA



Hið fullkomna jólalæri með hátíðarsósu

– fleiri girnilegir réttir og hollráð á lambakjot.is

Fréttir

Matvælastofnun:

Skrifstofa búnaðarmála tekur til starfa á nýju ári

Um næstu áramót færast stjórnsýsluverkefni, sem Búnaðarstofa sinnti á þessu ári, til Matvælastofnunar. Þetta var ákveðið á Alþingi fyrr á árinu við breytingar á búvörulögum.

Um er að ræða umsýslu allra styrkja til bænda svo sem beingreiðslna í mjólk, sauðfé, grænmeti og ull, ásamt nýliðunar-, jarðræktar-, vatnsveitu- og lýsingarstyrkjum. Þá munu fylgja verkefni eins og að halda utan um framleiðslu og sölu landbúnaðarafurða. Jafnframt færist tölvukerfið AFURÐ, greiðslukerfi landbúnaðarins, yfir til Matvælastofnunar. Rafrænar umsóknir sem hafa verið á Bændatorginu ásamt yfirliti yfir greiðslur til bænda og skattyfirlit verða áfram á Bændatorginu.



Skrifstofa búnaðarmála

Búnaðarstofa hefur starfað frá 1. janúar á þessu ári sem sjálfstæð rekstrareining innan Bændasamtaka Íslands. Frá og með 1. janúar 2016 verða verkefni hennar færð inn í sérstaka skrifstofu hjá Matvælastofnun, skrifstofu búnaðarmála. Skipuriti Matvælastofnunar hefur verið breytt til samræmis.

Greiðslur með eðlilegum hætti

Bændur eiga að finna sem minnst fyrir þessari breytingu um áramót, enda hefur allt kapp verið lagt á að greiðslur til bænda geti gengið fyrir sig með eðlilegum hætti á nýju ári.

Bændablaðið lagði nokkrar spurningar sem tengjast flutningnum og starfsemi Skrifstofu búnaðarmála fyrir Jón Gíslason, forstjóra Mast.

Hvaða breytingar munu flutningarnir hafa í för með sér fyrir bændur?

Unnið hefur verið að undirbúningi flutningsins með það að höfuðmarkmiði að bændur verði sem minnst varir við breytingarnar. Allt kapp hefur verið lagt á að sú breyting sem verður um áramót gangi eins vel fyrir sig og nokkur kostur er. Vinnan við flutning verkefna frá Bændasamtökunum hefur verið samstarfsverkefni Matvælastofnunar, Bændasamtakanna og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Bændur munu verða varir við að frá og með 4. janúar 2016 munu Bændasamtökin ekki lengur hafa umsjón með stuðningsgreiðslum til bænda, heldur verður það verkefni Matvælastofnunar í umboði ríkisins.

Með þessum flutningi er verið að bregðast við gagnrýni sem komið hefur fram af hálfu Ríkisendurskoðunar varðandi eftirlit með framkvæmd búvörusamninga en einnig er ætlunin að einfalda framkvæmd búvörulaga, þannig að stjórnsýsluverkefni sem tilgreind eru í ákvæðum laganna verði á hendi eins aðila, sem sé undirstofnun ráðuneytisins. Það er verið einfalda stjórnsýsluna; því að bæði ábyrgð og framkvæmd verkefnanna verður hjá Matvælastofnun, ekki hjá tveimur aðilum, eins og nú er og að hluta til með samningi milli þessara aðila.

Þann 1. janúar 2015 var sett á laggirnar sjálfstæð rekstrareining innan Bændasamtakanna, Búnaðarstofa, í samræmi við samning Bændasamtakanna, Matvælastofnunar og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá desember 2014. Innan Búnaðarstofu hefur stjórnsýsluverkefnum verið safnað saman í eina rekstrareiningu og samstillt vinnuteymi verið búið til, sem fylgir verkefnunum til Matvælastofnunar. Innan þessa vinnuteymis eru einstaklingar sem hafa mjög mikla reynslu og þekkingu á þeim verkefnum sem um er að ræða. Það auðveldar flutninginn um áramótin. Í haust var samþykkt breyting á skipuriti Matvælastofnunar og búin til skrifstofa búnaðarmála innan Matvælastofnunar, sem sjá mun um þessi mál og tekur við hlutverki Búnaðarstofu frá og með 1. janúar 2016.

– Hvert er starfssvið starfsfólks og hver er forstöðumaður?

Starfsmenn skrifstofu búnaðarmála hjá Matvælastofnun verða fimm. Jón Baldur Lorange, sem hefur stýrt Búnaðarstofu á þessu ári og var þar áður yfirmaður tölvudeildar Bændasamtaka Íslands til 25 ára, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri skrifstofunnar frá og með 1. janúar 2016. Það færist einn starfsmaður frá stjórnsýslusviði Matvælastofnunar yfir á skrifstofu búnaðarmála frá áramótum.

– Hver eru verkefni skrifstofu búnaðarmála?

Verkefni skrifstofu búnaðarmála eru stjórnsýsluverkefni í tengslum við búvörusamninga og búnaðarlagasamning í samræmi við búvöru- og búnaðarlög. Skrifstofan annast fag- og fjárhagslega framkvæmd verkefna á sviði landbúnaðar sem stjórnvöld og Alþingi felur Matvælastofnun með lögum, reglugerðum, samningum og ýmsum stjórnvaldsákvörðunum sem snúa meðal annars að framkvæmd á ákvörðunum um opinberar greiðslur til bænda, útreikningi, afgreiðslu og eftirliti með framkvæmd þeirra. Skrifstofan heldur utan um skrá um handhafa beingreiðslna og greiðslumark mjólkur og sauðfjárafurða auk þess að sjá um greiðslur til bænda samkvæmt samningi um starfsskilyrði í mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu. Þessar greiðslur eru beingreiðslur, álagsgreiðslur vegna gæðastýrðar framleiðslu, gripagreiðslur í nautgriparækt, og geymslugjald vegna sauðfjárframleiðslu. Umsjón með styrkjum vegna nýliðunar í mjólkur- og sauðfjárframleiðslu, jarðabóta bænda, lýsingarbúnaði í gróðurhúsum og styrkir vegna vatnsveitna á lögbýlum verður einnig á verksviði hinnar nýju skrifstofu hjá Matvælastofnun. Skrifstofa búnaðarmála safnar upplýsingum og birtir árlega skýrslu um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu, sem og að gera áætlanir um framleiðslu og sölu búvara. Söfnun hagtalna hvað varðar búfjárfjölda bænda og fóðurbirgðir í tengslum við búfjáreftirlit verður eitt af verkefnum skrifstofu búnaðarmála. Því fylgir umsjón með tölvukerfinu Bústofn og þróun þess. Að síðustu má nefna að reglusetning og eftirlit með skráningu í hjarðbókargagnagrunna verður á verksviði skrifstofunnar ásamt kvótamarkaði um kaup á greiðslumarki mjólkur.

Á síðustu árum hafa verið smíðuð viðamikil tölvukerfi og gagnagrunnar í Oracle hjá Bændasamtökunum í tengslum við fyrrgreind stjórnsýsluverkefni. Um er að ræða AFURÐ, greiðslukerfi landbúnaðarins, og sá hluti Bændatorgsins sem þróaður hefur verið vegna þessara stjórnsýsluverkefna sem Bændasamtökin hafa unnið í umboði stjórnvalda. Þá má nefna tölvukerfið MARK (www.bufe.is) sem var byggt upp í tengslum við skyldumerkingar búfjár og allir bændur nota til að panta viðurkennd og einkvæm plötumerki. Þarna hefur upplýsingatækni verið beitt til að koma á rafrænni stjórnsýslu til að auka skilvirkni, gegnsæi og hagkvæmni. Skrifstofa búnaðarmála hjá Matvælastofnun tekur við þessum tölvukerfum og gagnagrunnum og hefur umsjón með rekstri og þróun þeirra.

– Hvernig er flutningurinn og rekstur skrifstofunnar fjármagnaður?

Í fjárlögum 2016 er gert ráð fyrir fjárveitingu til Matvælastofnunar vegna flutningsins, svipaðri upphæð og kostaði að reka Búnaðarstofu árið 2015 og eru þeir fjármunir teknir af liðum búvörusamninga í fjárlögum 2016.

– Hvar verður skrifstofan til húsa?

Skrifstofa búnaðarmála verður á árinu 2016 staðsett í Bændahöllinni á 2. hæð. Þessi verkefni verða því áfram unnin í Bændahöllinni, en breytingin er að ábyrgðar- og framkvæmdaraðili verður Matvælastofnun.

/VH

Verðandi búfræðingar senda frá sér markaspil

Verðandi búfræðingar, útskriftarnemar 2016, í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, hafa látið framleiða Markaspil. Spil sem nemendur hafa spilað fyrir próf í eyrnamerkingum síðustu árin.


Hugmyndin að Markaspilinu kviknaði síðastliðið haust þegar búfræðingar voru að læra undir próf í markaheitum og eyrnamerkingum. Til að eiga auðveldara með að muna mörkin bjuggu nemendurnir sér til samstæðuspil og spiluðu það og gekk öllum vel á prófinu.

Nemendurnir sem standa að spilinu eru að ljúka öðru ári í búfræði og stefna flest á búskap. Í vor mun hópurinn halda í útskriftarferð til Lúxemborgar, Belgíu og Frakklands þar sem fræðst verður um verklag annarra þjóða. Með kaupum á spilinu styrkir fólk þessa ungu og flottu fulltrúa bændastéttarinnar.

Markaspilið er skemmtilegt samstæðuspil fyrir alla fjölskylduna, spilið er einfalt og er bæði fyrir unga sem aldna. Hægt er að spila það sem veiðimann, samstæðuspil og fleira. Markmið spilsins er að kenna eyrnamerkingar og markheiti á íslensku sauðfé og því skemmtilegt og flott framtak.

Sala á spilinu er hafin og ætti að vera skemmtileg jólagjöf á sveitaheimilum í bæjarfélögum og meðal borgarbarna.


Nánari upplýsingar á www.facebook.com/markaspilid eða á markaspilid@gmail.com */VH*






Nemendurnir sem standa að spilinu eru að ljúka öðru ári í búfræði og stefna flest á búskap.

ÚT ÚR KÚ




Traktorar í máli og myndum
Vildarverð: 7.999.-
Verð: 9.999.-



Dagbók Penninn 2016
Verð: 1.799.-



Spjald fyrir dagatalskubb 2016
Verð: 649.-




Almanak fyrir Ísland
Verð: 2.599.-



Dagatalskubbur 2016
Verð: 2.499.-



Almanak hins íslenska þjóðvinafélags
Verð: 2.699.-



Inndjúpið
Verð: 2.799.-



Dagbók A5 vika á opnu 2016
Verð: 1.799.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!



MIKIÐ ÚRVAL AF DAGBÓKUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er frá 16. desember, til og með 5. janúar. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Fréttir



Guðni Ágústsson
fyrrverandi landbúnaðarráðherra og rithöfundur:

Tækniundrið

Oft sest ég niður og hugsa um þau undur sem hafa gerst á sl. fimmtíu árum. Öll munum við lagið frá þeim tíma sem Vilhjálmur Vilhjálmsson söng með sinni fallegu rödd: „Mig dreymdi að væri komið árið tvö þúsund og tólf/ þeir tunglið höfðu malbikað og steypt í hólf og gólf/ Já veröldin var skrýtin það var allt orðið breytt/ því vélar unnu störfin og enginn gerði neitt.“

Frá þessum táningsárum mínum hefur margt gerst sem engan óraði fyrir þá og sá sem hefði sett fram skoðanir um mestu tækniundrin sem litið hafa dagsins ljós hefði verið talinn léttgeggjaður.

Á þessum árum var t.d. Kanasjónvarpinu lokað og það bundið við örlítið svæði í Keflavík. Menn óttuðust áhrif og spillingu frá Bandaríkjunum og unga fólkið og íslenskan var talin í hættu, hvað nú allar gáttir opnar og frjálsar. Ég minnist þess hins vegar frá mínum Laugarvatnsárum að krakkarnir af Suðurnesjum, úr Keflavík sérstaklega, kunnu ensku upp á tíu,en voru ekkert minni Íslendingar en við hin. Jú, svolítið heimsborgaralegri miðað við mig og okkur marga sveitamennina sem ekki höfðum heyrt útlensku á þessum árum.

Vélarnar hafa tekið við

Já, sannarlega hafa vélarnar tekið við flestum erfiðisstörfum. Tæknin sem þurfti heilu herbergin undir sín tæki og tól rúmast í einum litlum gemsasíma. Upplýsingar sem tók mann heilu dagana að afla eru geymdar hjá meistara gúggla. Allt sem hefur verið sagt eða hugsað á jörðu sækir maður þangað á sekúndubroti. Bændur og sjómenn sem voru í þrælaríi fyrir hálfri öld eru að verða eins og meðal skrifstofurassar, horfa á skjái og fylgjast með öllu í gegnum tölvu. „Því tölvur vinna störfin og hugsa fyrir menn.“ Þeir eru feitir og sælir og farnir að deyja eins og aðrir úr hreyfingarleysi enda margir þeirra langt yfir meðalvigt í þunga. Þeir horfa á róbóta sem vinna verkin og róbótinn er vinnufélaginn og auðvitað svo gemsinn. Þeir eru eins og aðrir í góðu og betra sambandi við einhvern úti í heimi heldur en nágrannana sem þeir hitta og tala við á þorrablótinu sem ókunnuga menn. Blessað fólkið í stofunni á kvöldin, það er þögult og því er stirt um stef, þar situr hver og einn með sinn Ipad í eigin heimi.

Allsberi listamaðurinn sem sat með sjálfum sér í kassa í heila viku var auðvitað að hæða heiminn, og tókst það prýðilega. Nú halda listunnendur að það beri að geyma kassann sem tákn þessa mikla listaverks, drengurinn hafði allt sem hann þurfti á nútímavísu og handrukkaði meira að segja sjálfan sig um hamingjuna, og heimurinn horfði á.

Hvað gerist á næstu 50 árum?

Verður samtalið horfið milli manna og tákn tekin við? Verður heimilisbíllinn óþarfur? Spenna menn litla englavængi á bak sitt til að fara í vinnuna og svífa svo upp fyrir húsin og áfram eins og fuglar himins? Eða fara menn ekkert til vinnu, sitja heima og vinna allt í gegnum veraldarvefinn? Verður komið eitt tungumál? Verður íslenskan bara töluð á sunnudögum eins og danskan forðum í Stykkishólmi og á Eyrarbakka? Verður kjöt og mjólk framleitt úr grasi svo að kýr og naut, hvað þá svín, verða óþörf? Eða tökum við inn pillu á morgnana, í stað matar? Verða börnin framleidd í hitaskáp til að auka jafnrétti kynjanna? Eða eins og Ómar Ragnarsson kvað; „Enginn vandi að nota klónun til að fjölga sér./ Tæknifrjóvgun stórkostleg er stunduð hér í dag:/ Staðgöngumæðrun verður bráðum löggilt fag.“ Og hann bætti svo við og sagði: „Gömlu dagana gefðu mér!/Þá gat ég verið einn með þér./ Nú tæknin geggjuð orðin er./ Til gömlu daganna gef mér far fljótt til baka/ Ég yrði ánægður með lífið eins og það var.“ Ætli það sé ekki best að vera svolítið íhaldssamur og taka upp gamla og góða siði –spjalla saman horfa í augun á hvert öðru hlæja og gráta saman. Og sannarlega ganga til þess verks að bjarga heiminum, minnka útblásturinn, minnka eyðslu og sóun svo að barnabörnin okkar taki við betra lífi, meiri hamingju og góðri móðurjörð sem við öll eigum saman og skulum verja. Við skulum hlusta og skilja þá dauðans alvöru sem eyðslan og einsemdin hefur í för með sér.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út
14. janúar 2016


Í landi Gunnarsholts er að finna ein elstu uppgræðslusvæði landsins. Þau eru ræktuð á mjög sendnum jarðvegi og eru áratuga gömul. Í dag minnir þar lítið á það land sem áður var.

Tilgangurinn með landgræðslu:

Ekki allt sem sýnist þegar horft er yfir uppgrætt land

Okkur hættir til að horfa eingöngu á gróðurþekju og tegundafjölda við mat á árangri uppgræðslustarfs. Það segir þó aðeins hálfa söguna. Land sem við fyrstu sýn lítur út fyrir að vera vel uppgróið og hæft til beitarnota á ný getur verið í svo viðkvæmu ástandi að það þolir jafnvel ekki létta beit.

Ástand og þol endurheimtra vistkerfa byggir nefnilega ekki síður á ástandi jarðvegsins.

„Fólk veltir þætti jarðvegsins í heildarsamhengi landgræðslu allt of sjaldan fyrir sér,“ segir Jóhann Þórsson, vistfræðingur hjá Landgræðslu ríkisins.

„Frjósöm mold er forsenda beitarþolinna vistkerfa og ekki allt sem sýnist þegar horft er yfir uppgrætt land. Það getur vissulega litið vel út en undir örþunnri gróðurhulu er kannski sandur sem á lítið skylt við frjósama mold. Sendinn jarðvegur er erfiður þegar kemur að uppgræðslu. Hann er laus í sér og rofgjarn og þolir því ekki mikið rask. Auk þess er sandurinn ófrjósamur og allt veldur þetta því að gróður á slíkum svæðum á erfitt uppdráttar.

Því þarf að huga vel að landnýtingu á slíkum svæðum. Vanþekking á eðli jarðvegarins getur því valdið því að uppgræðsluaðgerðir fari fyrir lítið.“

Landgræðsla er kostnaðarsöm

Að sögn Jóhanns er ekki þar með sagt að sendinn jarðvegur sé ónýtingarhæft land. „Landið í kringum Gunnarsholt á Rangárvöllum er mjög sendið og þar hafa verið ræktaðir upp miklir akrar á tiltölulega skömmum tíma sem gefa vel af sér. Þar hefur jarðvegurinn náð nægjanlegri frjósemi til að unnt sé að nýta landið. Forsenda þess að ná slíkum árangri er að nægilega sé borið á landið í upphafi, það nái að þróast og þroskast, og að vel sé fylgst með því. Það er augljóslega kostnaðarsamt og því ekki raunhæft með beitarnýtingu sem meginmarkmið nema þá að landið gefi þeim mun meira af sér. Ef það gefur lítið af sér, til dæmis á hvern hektara, eins og beitiland gerir gjarna þá er þetta ekki raunhæft markmið. Beitiland á sandsvæðum verður alltaf viðkvæmt.“


Jóhann Þórsson, vistfræðingur hjá Landgræðslu ríkisins.

Skortur á köfnunarefni

„Oft er það svo að fólki finnst lítið vera að gerast á landgræðslusvæðum og árangurinn af starfinu takmarkaður. Þetta á sérstaklega við ef um að ræða hrjóstrug svæði. En það er ekki allt sem sýnist.

Þótt hágróður, grös og blómjurtir virðast eiga erfitt uppdráttar eftir að áburðaráhrifin fjara út er þarna líf, en það dylst okkur því það er smágert og við erum ekki vön að horfa eftir því. Þörungar, mosar og fléttur ásamt margvíslegum örverum eru að mynda þekju, skán, og grös og blómplöntur eru líka að mynda fræ og fjölga sér þótt í smáum stíl sé.

Ég hef stundum kallað þetta sinustigið. Þetta er í rauninni fyrsta framvindustig landgræðslusvæða þegar köfnunarefni fer að skorta, en örverur sem brjóta sinuna gera miklar kröfur til köfnunarefnis. Þarna er komið að ákveðnum þröskuldi framvindunnar sem við eigum ekki svo gott með að ráða við og lítið annað í boði en að bíða, því með tímanum binda þessar lífverur köfnunarefni sem verður smám saman til reiðu fyrir annan gróður. Þegar því stigi er náð förum við að sjá verulegar breytingar. En þetta getur tekið langan tíma og óhætt er að tala um áratugi í því samhengi. Þetta sjáum við glögglega til dæmis á þeim svæðum sem voru grædd upp með Þjóðargjöfinni 1974. Þau svæði eru mörg hver núna fyrst að taka verulega við sér, 40 árum síðar. Við getum auðvitað stytt okkur leið og notað áburð en það er dýrt og óraunhæft miðað við umfang þessara svæða, og mikil áburðargjöf getur haft neikvæð áhrif á náttúrulega framvindu.“

Svipað ástand og eftir ísöld

„Ef horft er til baka þá gerum við ráð fyrir að land hafi verið nærri gróðurlaust við lok ísaldar. Ástandið var væntanlega eitthvað í líkingu við mörg örfoka landgræðslusvæði eins og við þekkjum þau í dag.

Samkvæmt frjókornagreiningum í jarðvegssniðum tók það um 1000 ár frá lokum ísaldar þangað til það fóru að sjást gras- og birkifrjókorn um nánast allt land. Það hefur semsagt tekið um 1000 ár fyrir gróður að nema Ísland.

Það er hinn raunverulegi tímaskali þegar við erum að horfa á framvindu innan stórra svæða, við erum að tala um áratugi eða frekar árhundruð ef átt er við algerlega örfoka landslag, ekki síst ofan 400 m hæðarmarka. Þessum tímaskala getum við breytt með því að auka framboð á köfnunarefni eða búið til fræuppsprettur með uppgræðslum inni á þessum svæðum. Köfnunarefninu getum við miðlað með áburði eða með lúpínu en þar þurfum við í upphafi endinn að skoða. Með þessum inngripum erum við að stýra framvindunni inn á ákveðnar brautir og það er ekki víst að það sem verður til sé það sem við höfðum í huga í upphafi.“

Moldin er undirstaðan

„Undirstaðan er alltaf moldin og það er hún sem við erum í rauninni að búa til með uppgræðslustarfi. En hún myndast mjög hægt. Þess vegna er þetta svona mikilvæg auðlind sem við verðum að vernda, og jafnframt þurfum við að átta okkur á því hversu óskaplega langan tíma það tekur hana að myndast,“ segir Jóhann Þórsson, vistfræðingur og sérfræðingur hjá Landgræðslunni.

/VH

NETFLUGELDAR.IS

Í FYRRA SELDIST ALLT UPP

Vegna fjölda fyrirspurna af landsbyggðinni í fyrra höfum við ákveðið í samstarfi við Landflutninga að senda hvert á land sem er fyrir þessi áramót

MUNDU AÐ PANTA TÍMANLEGA!



Fjölskyldutilboð aðeins 11.970kr

FJÖLSKYLDUTILBOÐ!

Innifalið: Fjölskyldupakkinn, Fjölskyldutertan, Miðnæturraketta og öryggisgleraugu

Einfalt og þægilegt að panta!

RISATERTUPAKKINN



FJÓRAR FLOTTAR STÓRAR TERTUR -MISMUNANDI EFFEKTAR

RISA tertupakkinn 38.900kr

EKKERT AFSLÁTTARKJAFTÆÐI! -BARA BETRA VERÐ!



Krakkapakkinn 5.500kr 125 stk í pakkanum



Miðnæturrakettan 3.400kr 1 stk.

TERTUPAKKINN!



Tertupakkinn aðeins 12.900kr



Rakettupakki 3.900kr 12 rakettur



Risatertan 12.900kr 120 skota

Þú færð flottu öryggisgleraugun hjá okkur!

PANTAÐU ÞÍNA FLUGELDA NÚNA - WWW.NETFLUGELDAR.IS

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER MEÐ LANDFLUTNINGUM!

Fréttir

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða:

Styrkir til menningarverkefna, atvinnuþróunar- og nýsköpunar

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða sem rekinn er innan vébanda sóknaráætlunar landshlutans og er í umsjón Fjórðungssambands Vestfirðinga auglýsir eftir umsóknum.



Sjóðurinn veitir styrki til margs kyns menningarverkefna, atvinnuþróunar- og nýsköpunar, auk stofn- og rekstrarstyrkja til menningarstofnana. Veittir verða stofn- og rekstrarstyrkir til menningarstofnana, verkefnastyrkir til menningarmála og verkefnastyrkir til atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefna.

Hægt er að sækja um styrki til allt að þriggja ára, en vakin athygli á að framkvæmda- og fjárhagsáætlanir þurfa að miðast við þann tíma sem sótt er um styrk til.

Starfsmenn Fjórðungssambands Vestfirðinga veita ráðgjöf við gerð umsókna í Uppbyggingarsjóð og sama gildir um starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Skila skal umsóknum á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er að finna ásamt frekari upplýsingum og úthlutunarreglum á vef Fjórðungssambands Vestfirðinga – www.vestfirdir.is/Uppbyggingarsjodur.

Hægt er að hafa samband og senda umsóknir rafrænt á netfangið uppbygging@vestfirdir.is.

Fullveldisdegi fagnað í Oddeyrarskóla

Nemendur og starfsfólk Oddeyrarskóla á Akureyri héldu fullveldisdaginn hátíðlegan á margvíslegan hátt.



Mættu nemendur spariklæddir og eftir fyrstu kennslustundir var haldið á sal þar sem sungnar voru valinkunnar íslenskar dægurperlur. Eftir söngsal gæddu allir sér á heitum lummum með sykri sem nemendur skoluðu niður með ískaldri mjólk en margt starfsfólkið með kaffi. Skólaliðar og húsvörður tóku daginn snemma, stóðu í stórræðum í kennslueldhúsi skólans og reiddu þar fram lummur í hundraðatali. Eftir veisluhöldin spiluðu eldri nemendur skólans félagsvist á 30 borðum.

Ekki voru það aðeins nemendur og starfsfólk Oddeyrarskóla sem þarna gerðu sér glaðan dag, því þessa vikuna voru einnig staddir góðir gestir í skólanum. Var það hópur handverksfólks frá Rúmeníu, sem stóð fyrir skemmtilegum listasmiðjum fyrir nemendur, en þess má geta að 1. desember er einnig þjóðhátíðardagur Rúmena. Vakti þessi dagur og hið sígilda rammíslenska sætabrauð mikla lukku meðal þeirra.

Lely T4C Vector:

Aukin skilvirkni fóðrunar

Lely hefur gert endurbætur á stjórnunarkerfinu fyrir sjálfvirka Lely Vector-fóðurkerfið. Með nýjustu útgáfu T4C-stjórnkerfisins er hægt að fá skýrslur sem veita aukna innsýn í fóðrunarkostnað tengdan mjólkurframleiðslu og uppeldi nautgripa.


Veigamiklar upplýsingar eru gerðar aðgengilegri og skiljanlegri. Kúabændum og nautgripabændum er þannig gert kleift að hafa mun betri yfirsýn yfir fóðurstjórnunarferla en áður. Upplýsingar í rauntíma aðstoða bóndann við að taka ákvarðanir á grundvelli staðreynda til að bæta nýtingu fóðursins. Lágmarksrýrnun fóðurs og minni fóðurafgangar stuðla að bættri nýtingu fóðursins og auka arðsemi búsins.

Lykilafkastavísar, svo sem meðalinntaka fóðurs á dag og meðalinntaka á hvern grip, gagnast bæði kúabændum og nautgripabændum. Með nýju skýrslunum fæst yfirsýn yfir skammtað fóður og kostnað við fóðrun tiltekins hóps gripa innan tiltekins tímaramma. Kúabændur geta, svo dæmi sé tekið, auðveldlega metið fóðurkostnað fyrir hver 100 kg af mjólk og þannig greint nýtingu fóðursins. Nautgripabændur geta fylgst með meðalinntöku hjá tilteknum hópi gripa og haft eftirlit með heildarskammti sem gefinn er í hverri heilli fóðrunarumferð.

Lely T4C-stjórnunarkerfið tengir sjálfvirka Lely Vector-fóðrunarkerfið við Lely Astronaut-mjaltaþjóna og fær þannig rauntímaupplýsingar sem gagnast stjórnendum. Kúabændur sem nota annað mjaltakerfi geta búið til áþekkar skýrslur með því að slá inn mjólkurframleiðslutölur sínar á einfaldan og fljótlegan hátt.

Sjálfvirka Lely Vector-fóðrunarkerfið er mun nákvæmara en nokkuð annað fóðrunarkerfi á markaðnum. Skýrslur um nákvæmni fóðurkrabbans, sem hleður blöndunar- og fóðrunarvagninn, geta lágmarkað þann mismun sem upp kann að koma á milli útreiknaðs magns og raunmagns fóðrunar.

Með endurbættu Lely T4C-stjórnunarkerfi geta bændur nú fóðrað í samræmi við það sem hver kýr þarf til að ná frábærum árangri við mjólkurframleiðslu eða uppeldi nautgripa.



Matvælastofnun mælir magn nítríts og nítrats í unnum kjötvörum:

Gefur hangikjötinu og hamborgarhryggnum jólalitinn

– geta verið skaðleg efni í of miklum mæli

Um þessar mundir stendur Matvælastofnun fyrir sýnatökum og mælingum á efnunum nítrati og nítríti sem er að finna í unnum kjötvörum. Markmiðið er að kanna hvort notkun efnanna í vinnslu á kjötvörum sé í samræmi við reglur. Rannsóknir á dýrum benda til þess að neysla á slíkum vörum, sem innihalda of mikið af þessum efnum, getur verið varasöm fyrir heilsu fólks.

Það er Katrín Guðjónsdóttir sem hefur umsjón með þessu verkefni Matvælastofnunar. Hún segir að nítrít (E 249 og E 250) og nítrat (E 251 og E 252) séu aukefni sem notuð eru í margar unnar kjötvörur. „Notkun þeirra, þá sérstaklega nítríts, er algeng í vörum eins og saltkjöti, hangikjöti, beikoni og alls kyns pylsum og skinkum. Á umbúðum vöru er skylt að taka fram hvort efnin eru notuð svo neytendur geta fengið upplýsingar um tilvist þeirra. Tilgangurinn með notkun efnanna í kjötvörur er þríþættur. Efnin gefa vörunum einkennandi rauðan lit og einnig hafa þau tilgang sem rotvarnarefni þar sem þau hindra vöxt heilsuskaðlegra örvera. Þá koma efnin í veg fyrir þránun. Nítrat er oft kallað saltpétur. Lykillinn að virkni nítrats er að það myndar nítrít sem er virka efnið.

Ströng skilyrði fyrir sölu og notkun

Að sögn Katrínar eru í reglugerð um aukefni, sem er samevrópsk reglugerð og gildir hér á landi, skilyrði um það í hvaða kjötvörur er leyfilegt að nota efnin og sett eru hámarksgildi fyrir notkun í mismunandi flokka kjötvara. „Hámarksmagn miðast í flestum tilfellum við það hversu miklu af efnunum má bæta við í framleiðsluferlinu. Í nokkrum sérstökum tilfellum miðast hámarksmagn við leifar af efnunum í vörunni í lok framleiðslu. Efnin eru ekki leyfileg í óunnar kjötvörur. Nítrat er ekki leyfilegt að nota í hitameðhöndlaðar kjötvörur. Leyfileg notkun nítríts einskorðast við unnar kjötvörur þ.e. notkun efnisins er ekki leyfð í aðrar tegundir matvæla.

Nítrít er ekki leyfilegt að selja sem hreint efni, heldur er skylt að blanda það matarsalti (eða salt staðgenglum). Þetta er til að minnka líkur á ofnotkun nítríts. Endurskoðun á hámarksgildum er í gangi á Evrópuvettvangi en ekki liggur fyrir hvaða eða hvort breytingar verði gerðar.



Katrín Guðjónsdóttir

Nítrat er, auk kjötvaranna, leyfilegt að nota í margar tegundir osta sem og í kryddlegna síld og tannsíld. Sett eru takmörk á það í hvers konar osta efnið er leyfilegt og sett eru hámarksgildi fyrir leyfilega notkun og miðast hún við það magn sem leyfilegt er að nota í ostamjólkina. Nítrat er ekki leyfilegt í ferskosta," segir Katrín.

Katrín segir aðspurð að ekki hafi verið til fjármagn hjá Matvælastofnun til að sinna eftirlitsverkefni sem þessu árlega. „Árið 2004 og aftur 2008 voru framkvæmd eftirlitsverkefni þar sem efnin voru mæld í kjötvörum. Var þá sérstök áhersla lögð á saltkjöt. Þau verkefni voru sambærileg við það sem núna er í gangi nema að áherslan er núna ekki sérstaklega á saltkjöt, heldur breiðari flokk kjötvara."

Nítrósamínsambönd líklega krabbameinsvaldar

„Nítrít getur við vissar aðstæður gengið í samband við amínósýrur og myndað nítrósamínsambönd. Þetta getur gerst bæði í líkamanum (í maga) og í matvælunum sjálfum. Í matvælum gerist þetta helst við eldun við háan hita, s.s. steikingu. Dýrarannsóknir hafa sýnt að nítrósamínsambönd sem myndast út frá háum styrk nítríts (mun hærri en kemur frá matvælum) séu krabbameinsvaldandi. Hjá mönnum er þetta ekki eins vel staðfest enda margir þættir sem spila saman við krabbameinsmyndun. Það er þó talið nær víst að þau hafi svipaða virkni í mönnum," segir Katrín um hugsanlega skaðsemi af neyslu þessara efna.

„Rannsóknir hafa sýnt að bæði C- og E-vítamín geta hindrað myndun þessara skaðlegu efna. Íblöndun vítamínanna í matvæli þar sem nítrít og nítrat eru notuð – sem og neysla matvæla sem eru rík af þessum vítamínum – eru því til bóta," bætir hún við.

Ein skýringin á færri magakrabbameinstilfellum

Katrín segir að margar orsakir geti verið fyrir því að tilfellum magakrabbameins hafi fækkað mjög hér á landi, en ein skýring getur verið minni neysla á söltuðum og/eða reyktum mat sem inniheldur nítrít eða nítrat. „Neysla grænmetis og ávaxta hefur einnig aukist en hátt hlutfall þess í fæðu er talið minnka líkurnar á magakrabbameini.

Leyfilegt hámarksmagn fyrir nítrít hefur ekki verið lækkað mikið síðustu áratugi. Þó hefur verið takmarkað í hvers konar matvæli er leyfilegt að nota efnið og leyfilegt magn er nú mismunandi eftir vörum. Hins vegar hafa hámarksgildi fyrir nítrat (saltpétur) verið lækkuð um helming síðan 1976, auk þess sem það er ekki lengur leyfilegt í eins margar kjötafurðir og áður var. Nefna má að hér á árum áður var algengara að nota nítrat frekar en nítrít. Þegar það er gert er meiri hætta á ofnotkun, það er að erfiðara er þá stýra því hversu mikið myndast af nítríti. Þá má einnig nefna að með bættu hreinlæti við vinnslu og geymslu minnkar þörfin á notkun efnanna til að hemja örveruvöxt."

Sextíu prósent sýna árið 2004 yfir hámarksgildum

Mikill munur var á niðurstöðum eftirlitsverkefna sem gerð voru 2004 og 2008, að sögn Katrínar, þar sem efnin voru mæld í kjötvörum. „Árið 2004 reyndust 60 prósent sýna, aðallega saltkjöt, vera yfir hámarksgildi fyrir nítrít og árið 2008 var hlutfallið komið niður í 30 prósent, enda var ráðist í talsverða skoðun á notkuninni í kjölfar niðurstaðanna 2004. Í báðum verkefnunum var magn nítrats innan marka í öllum sýnum. Eins og fram kom að ofan þá var hér á árum áður leyfilegt að nota mun meira nítrat en nú er og notkun þess var mun algengari en nú. Niðurstöður mælinganna sem nú standa yfir munu sýna okkur hvernig ástandið er í dag," segir Katrín Guðjónsdóttir að lokum. /*smh*

Áramótatilboð

Gerið frábær kaup í Fella heyvinnuvélum á meðan birgðir endast







Kraftvélar bjóða sérstakt áramótatilboð á öllum Fella heyvinnutækjum sem eru til á lager

Fella SM248 diskasláttur vél Vinnslubreidd 2,42 metrar	Verð áður 840.000 kr. án vsk. **Áramótatilboð 790.000 kr.** án vsk.
Fella SM288 diskasláttur vél Vinnslubreidd 2,88 metrar	Verð áður 850.000 kr. án vsk. **Áramótatilboð 795.000 kr.** án vsk.
Fella SM320 diskasláttur vél Vinnslubreidd 3,00 metrar	Verð áður 1.130.000 kr. án vsk. **Áramótatilboð 1.020.000 kr.** án vsk.
Fella SM3060TL diskasláttur vél Miðjuhengd - Vinnslubreidd 3,00 metrar	Verð áður 1.430.000 kr. án vsk. **Áramótatilboð 1.310.000 kr.** án vsk.
Fella SM3570TL diskasláttur vél Miðjuhengd - Vinnslubreidd 3,50 metrar	Verð áður 1.490.000 kr. án vsk. **Áramótatilboð 1.370.000 kr.** án vsk.
Fella TH5204DN heyþyrla Lyftutengd - Vinnslubreidd 5,20 metrar	Verð áður 790.000 kr. án vsk. **Áramótatilboð 690.000 kr.** án vsk.
Fella TH800 Trans, heyþyrla á flutningsvagni Vinnslubreidd 7,70 metrar	Verð áður 1.660.000 kr. án vsk. **Áramótatilboð 1.440.000 kr.** án vsk.

KRAFTVÉLAR

Kraftvélar óskar landsmönnum gleðilegrar hátíðar


Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Gleðileg jól og farsælt komandi ár!

LANDSMÓT HESTAMANNA

HÓLAR Í HJALTADAL 27. júní - 3. júlí 2016

Gjafabréfin á Landsmót eru tilvalin í jólapakka hestamannsins. Þau færðu inná www.tix.is



Vikupassinn er á kr. 11.900 til og með 31.12.2015.
Fáðu besta verðið á Landsmót 2016 inná www.tix.is

www.landsmot.is

STEKKUR

Jólasveinninn fastur í skorsteininum

Aðstandendur stórrar verslunarmiðstöðvar í Tókýó, Seúl eða Peking, það skiptir reyndar ekki máli hvar, tóku sig til og létu hanna fyrir sig margra metra háan kross.

Í stað Krists þótti þeim viðeigandi að setja brosandi jólasvein á krossinn og hengja hann upp til að geðjast vestrænum viðskiptavinum sínum á aðventunni.

Sagan um krossfesta jólasveininn hefur nokkrum sinnum birst í fjölmiðlum. Hún var birt í The Economist, Los Angeles Times og The Independent árið 1993. Árið 1995 var sagan í The Washington Post, Christianity Today birti hana árið 1996 og fyrir skömmu var sagt frá krossfesta jólasveininum í fréttatíma í sjónvarpinu í Svíþjóð.

Að sögn kunnugra ganga Japanir allra þjóða lengst í að markaðssetja jólin. Þar í landi er algeng sjón í desember að sjá ungar konur í nunnubúningum syngja auglýsingar við vestræn jólalög og að fólk sendi jólakort sem sýna Maríu mey lyfta sér til flugs á kústi, umkringda jólaálfum sem hafa flösku af saki sér við munn. Um jólin er einnig algengt að ungir elskendur leigi sér hótelherbergi sem búið er að skreyta með jólaskrauti og stóru jólatré. Þegar elskendurnir koma á hótelið fylgir jólasveinninn þeim upp á herbergi og þar eiga gestirnir girndarstund við undirleik vinsælla jólalaga.

Fyrir allmörgum árum var sagt frá því í íslenskum fjölmiðlum að ungur maður hefði fest í reykháf í fjölbýlishúsi í Reykjavík. Maðurinn mun hafa verið við skál og ætlað að komast inn heima hjá sér í gegnum reykháfinn þar sem hann hafði týnt lyklunum. Sem betur fer heyrðu íbúar hússins hróp frá manninum og var honum bjargað úr prísundinni. Uppátækið vakti að vonum athygli og mikið var hlegið að óförum mannsins enda ekki skrýtið því sagan er bráðfyndin fyrst ekki fór verr.

Víða erlendis er sagt að jólasveininn komi með gjafirnar niður um skorsteininn og á hverju ári spretta upp sögur sem segja frá ólánsömum jólasveinum sem festa sig í skorsteininum.

Ein útgáfa af sögunni segir frá manni sem ætlar að koma fjölskyldu sinni á óvart með því að klæða sig upp í jólasveinabúning og koma niður um reykháfinn á jóladag. Fjölskyldan átti ekki von manninum heim um jólin vegna þess að hann hafði sagst þurfa að sinna viðskiptaerindum og fór hún því í heimsókn til vinafólks. Tilraun mannsins til að fara niður reykháfinn fór algerlega út um þúfur, hann festist og eftir nokkurra klukkutíma brölt og hróp kafnaði hann. Þegar fjölskyldan kom heim seinni part jóladags grunaði hana að sjálfsögðu ekki neitt og þegar líða tók á kvöldið var ákveðið að kveikja upp í arninum.

Í annarri útgáfu sögunnar er sagt frá manni sem hverfur um jólin. Maðurinn fannst í reykháfnum um áramót þegar fjölskyldan rann á lyktina, hann var í jólasveinabúningi og með gjafapoka á bakinu.

Höfundar dægurlagatexta hafa einnig tekið söguna upp á sína arma því Ella Fitzgerald gerði lagið Santa Claus Got Stuck in My Chimney vinsælt á sínum tíma og Gisele MacKenzie söng Santa is Too Fat for the Chimney. */VH*

UMHVERFISMÁL & LANDBÚNAÐUR

Ari Trausti Guðmundsson
Jarðfræðingur og rithöfundur



Hve mikilvæg er kolefnisbinding? – 8. grein



Hvammur í Eyjafirði. Þar hefur verið græddur upp gríðarmikill skógur af ábúendum á liðnum áratugum, bæði heima við bæ og í hlíðinni ofan við bæinn, líklega vel yfir milljón tré. Mynd / HKr.

I Algengt er að meta sem svo að skóglendi á Íslandi, kjarr og hávaxin birki- og reynitré hafi einkennt land undir 400-500 m hæðarlínu. Má ætla að mikið af núverandi mólendi, sumar mýrar og stór örfoka svæði hafi borið trjágróður, sennilega milli 20 og 30% landsins eða 25.000 ferkm ef við veljum miðtölu, víða samfellt svo tugum ferkílómetrum skipti. Nú til dags lætur nærri að innlend og erlend tré þekki mörg smásvæði, samtals um 2,0% af landinu eða um 2.000 ferkílómetra, þar af eru birkiskógar 1.500 ferkílómetrar. Um 90% skóglendis er horfið. Það er neikvætt af þeirri einföldu ástæðu að skógur, hvort sem er kjarr eða hávaxin tré, er ein mikilvægasta náttúruauðlind heims. Tré binda meiri koltvísýring, stærðar vegna, en aðrar jurtir og framleiða um leið súrefni í miklum mæli. Tré binda jarðveg af miklum móð, veita skjól og leiða til þess að mólendisgróður festir rætur og heldur velli milli skóglenda og ofan við trjámörk.

II Gróðursagan bendir til þess að gróðurlendi á Íslandi sé harðgert, en ekki eins viðkvæmt, almennt séð, líkt og oft er gefið í skyn. Til eru viðkvæm vistkerfi, t.d. mosavaxið land, en það mega teljast undantekningar enda þótt mosavaxin hraun geti verið stór. Birkiskógar og undirgróður þeirra eru harðgerð gróðurlendi, mólendisgróður þolir mikið álag, hraun eru fljót að taka á sig grænan slikju, melar eru undrafljótir að gróa upp neðan 400-500 metranna, jafnvel í foksandi þrífast jurtir, og votlendisgróður er seigari en flest annað. Í raun á styrkur og aðlögunarhæfni íslensks gróðurs að hleypa okkur kapp í kinn. Einnig ættum við að hætta að láta eins og flest gróðurlendi þoli hvorki beit né umtalsverða umferð gangandi fólks eða hesta. Þolmörk í þeim efnum eru sannarlega til og kalla á beitarstjórnun og stígagerð eða vegi en það er önnur saga. Akstur er fljótur að skemma gróðurlendi, einkum akstur torfæruökutækja nú orðið, og þar eru þolmörkin afar lág og víðtæk bönn skulu gilda. Þegar öllu er á botninn hvolft er það auðvitað svo að vistkerfin hefðu breyst hvort sem land var numið eða ekki, einfaldlega vegna veðurfarsbreytinga frá 9. öld til 21. aldar, einkum milli 1400 og 1900. Víða í mógröfum sjást tvö birkilurkalög frá þeim tíma er mýrar voru mólendi fyrir þúsundum ára. Sennilega hefði þó stærstur hluti hins forna skóglendis, án íhlutunar manna, haldið velli ofan við 400 m hæðarlínu.

III Votlendi er vegna margra hliða býsna merkilegt. Sem vistkerfi er það mikilvægt vegna fjölbreyttra jurta og smádýralífs, það er ýmsum fuglategundum afar mikilvægt og hluti af vatnskerfi landsins ofan fastra jarðlaga. Í votlendi binst kolefni, sbr. mó sem allir þekkja. Grunnar tjarnir og mýrlendi er í stöðugri þróun, vatnsstæði gróa upp og verða að votlendi á meðan mýrar geta þornað og orðið að mólendi en breytt vatnsrennsli t.d. framan við hopandi jökla, framkallar nýtt votlendi. Á því leikur enginn vafi að of mikið hefur verið ræst fram af votlendi í byggð og nálægt byggð. Framræslubylgjan sem hófst upp úr 1945 var fram haldið án þess að fyrir lægi vel metin þörf býla fyrir nýtt þurrlendi. Enginn vafi leikur á að of mikið hefur verið ræst fram af votlendi í byggð og nálægt byggð. Tilgangurinn er að efla túnrækt og búa til beitiland. Framræslubylgjan hófst fyrir alvöru upp úr 1945. Henni var fram haldið án þess að fyrir lægi vel metin þörf býla fyrir nýtt þurrlendi. Talið er að grafnir hafi verið um 32.000 km af skurðum! Með því voru um 40% alls votlendis þurrkuð, um 3.900 km^2 af 10.000 km2.

Og eftir að býlum tók að fækka fengu framræsluskurðir að vera opnir áfram. Þar með er ekki sagt að hvergi þurfi að ræsa fram land nú til dags. Hitt er alveg ljóst að víða má endurheimta votlendi, með því að loka skurðum eða græða upp blauta sanda. Við framræslu votlendis losnar kolsýringur (koltvíildi) í verulegu magni (milljónir tonna á ári) þegar efnahvörf verða við loftun og þornun.

IV Allar jurtir með blaðgrænu binda kolsýring úr lofti eins og áður segir, í stofni/stöngli, öðrum vefjum, rótum og jarðvegi við jurtirnar. Skógrækt og uppgræðsla, ásamt endurheimt votlendis, eru þar með árangursríkar aðferðir við að hamla gegn loftslagshlýnun og súrnun sjávar. Tré, stærðarinnar vegna, eru stórtækust. Margvíslegar rannsóknir gefa ýmsar tölur til kynna. Til dæmis má reikna út að 20-25 íslensk tré, sem lifa í 90 ár, þurfi til að kolefnisjafna útblástur eftir notkun meðalbíls í eitt ár. Samkvæmt Vísindavef HÍ (23. nóv. 2000) er bindihraði kolefnis í gróðri hérlendis tiltölulega hár. Í ræktuðum skógum er binding kolefnis mest: 1-3 tonn af hreinu kolefni C/ha á ári). Hér er ha = hektari og C = hreint kolefni. Binding er einnig í gróðri á uppgræðslusvæðum, 0,01-0,5 tC/ha á ári, og í jarðvegi þar sem sáð er í sendnar auðnir verður hún 0,6 tC/ha á ári. Samkvæmt skýrslum Alþjóðlegu loftslagsnefndarinnar (ICCP) er bindihraði við uppgræðslu auðna að meðaltali 0.25 tC/ha á ári. Binding kolefnis við uppgræðslu hérlendis er því meiri en þetta meðaltal og í skógrækt er svipað uppi á teningnum. Talið er að árlega binda megi meira en milljón tonn af kolsýringi á Íslandi með margvíslegum hætti þegar fram í sækir, mest með nýskógrækt og umhirðu skóga sem fyrir eru. Eitt verður þó að ítreka: Kolefnisbinding á ekki að nota sem mótvægi við að t.d. auka notkun olíu og bensíns. Þá notkun verður að minnka og binda samtímis sem mest af kolefni. Ástæðan er einföld. Við verðum að hægja á aukningu kolsýrings í lofti og lækka magn þess sem fyrir er.

V Endurheimt landgæða, þar með talin skógrækt snýr að mörgum aðilum, ríki, sveitarfélögum, margs konar áhugafólki og auðvitað bændum. Starfið í heild krefst skipulags og lágmarks samkomulags ólíkra skoðana- og notendahópa. Nokkur hundruð skógarbændur eru að störfum og á mörgum býlum er stunduð skógrækt til að bæta og fegra næsta umhverfi. Enn fleiri bændur taka þátt í uppgræðslu auðna eða illa farins lands. Smám saman verður lífi blásið aftur í opinbera aðstoð við að endurheimta votlendi. Á öllum þessu sviðum er rúm fyrir enn meiri vinnu bænda og framlög þeirra. Vörslumenn lands geta áorkað miklu, í hlutfalli við umsvif og efnahag. Er ekki kominn tími til þess að setja saman raunhæfar áætlanir fyrir landshluta um hvernig binda megi kolefni í landbúnaði á sem árangursríkastan og hagkvæmastan hátt?

Norðursigling tilnefnd til stærstu umhverfisverðlauna Evrópu

Norðursigling hefur verið tilnefnd til stærstu umhverfis- og viðskiptaverðlauna Evrópu, GreenTec Awards, í flokki ferðamála.

Guðbjartur Ellert Jónsson, framkvæmdastjóri Norðursiglingar, segir í frétt á heimasíðu félagsins að það sé mikill heiður fyrir félagið og viðurkenning á þeirri umhverfisvænu vegferð sem það hafi markað sér.

Norðursigling er fyrsta hvalaskoðunarfyrirtækið í heiminum sem býður upp á hvalaskoðunarsiglingar án þess að jarðefnaeldsneyti sé notað en fyrirtækið hefur, í samstarfi við fleiri aðila, þróað einstakan og umhverfisvænan rafbúnað sem knýr skonnortuna Opal. Tilnefningin vekur, að sögn Guðbjarts, athygli á Íslandi sem umhverfisvænum áfangastað.

Netkosning er nú hafin um hver þeirra tíu aðila, sem tilnefndir eru í hverjum flokki, lendir í einu af efstu þremur sætunum en dómnefnd velur síðar sigurvegarann úr þeim hópi. Verðlaunin eru veitt í sextán flokkum og er Norðursigling tilnefnd í flokknum „Ferðalög“ (e.Travel). Norðursiglingarmenn biðla til landsmanna um að leggja sér lið með því að taka þátt í netkosningunni, en hún fer fram á vefslóðinni; www.greentec-awards.com og er öllum frjálst að taka þátt.



Fyrirtækið Norðursigling hefur, í samstarfi við fleiri aðila, þróað einstakan og umhverfisvænan rafbúnað sem knýr skonnortuna Opal.

Nýsköpun Norðursiglingar þykir einstök og hefur vakið athygli víða um heim. Hlaut fyrirtækið nýverið silfurverðlaun World Responsible Tourism Awards 2015 á World Travel Market (WTM) í London sem er ein stærsta ferðasýning í heiminum. Þetta var jafnframt í fyrsta skiptið sem íslenskt fyrirtæki hefur verið tilnefnt til verðlaunanna.

Norðursigling hefur einnig hlotið verðlaun og viðurkenningar hérlendis en fyrirtækið hlaut Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu í annað sinn nú í ár og var valið fyrirtæki ársins af ferðaþjónustuaðilum á Norðurlandi í haust. */MÞÞ*

Er kjarnfóðrið að skila hámarksárangri?

- Gæði heyja breytast með ári hverju og því þarf val á kjarnfóðri að taka mið af heyfengnum.
- Nú er rétti tíminn til að huga að vali á kjarnfóðurtegund fyrir kýrnar.
- Ráðgjafar Líflands leiðbeina þér um val á hentugustu kjarnfóðurtegund með þínum heyjum.
- Endurgjaldslaus fóðuráætlun stendur viðskiptavinum Líflands til boða.



Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

Lynghálsi, Reykjavík
Óseyri, Akureyri

Efstubraut, Blönduósi
Borgarbraut, Borgarnesi

www.lifland.is
lifland@lifland.is

LÍFLAND

Gleðilega jólahátíð



FRUM - www.frum.is

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • velfang@velfang.is • Frostagötu 2a • 603 Akureyri

Landsvirkjun



Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk fyrirtækisins er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.

Orka til framtíðar

Orkan sem býr í umhverfinu og okkur öllum er gerð áþreifanleg á orkusýningu í Ljósafossstöð sem var opnuð í tilefni 50 ára afmælis Landsvirkjunar. Opnir fundir og upplýsandi samtöl við hagsmunaaðila voru einnig stór hluti af afmælisárinu.

Fagleg umræða og miðlun þekkingar stuðla að nýsköpun, uppbyggingu atvinnulífs og samfélagsins alls. Með þekkingu er hægt að mæta áskorunum á framsækinn og ábyrgan hátt með jafnvægi milli náttúrunnar og nýtingu auðlinda að leiðarljósi.

Kraftur þjóðarinnar og orka umhverfisins leysa úr læðingi afl sem skipar Íslandi í fremstu röð á sviði endurnýjanlegrar orku. Áralöng reynsla og ný þekking móta þannig tækifæri framtíðarinnar og enn öflugra samfélag.

Við óskum landsmönnum öllum gæfu á nýju ári og þökkum farsælt samstarf á liðnum árum.

Nýja orkusýningin í Ljósafossstöð er opin föstudag, laugardag og sunnudag kl. 10-17.
Nánari upplýsingar má finna á landsvirkjun.is/heimsoknir.



JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Fréttaskýring

Rafvæðing og minnkun mengunar í landbúnaði – vélaframleiðendur farnir að bjóða upp á rafknúna liðléttinga:

Stórar rafknúnar dráttarvélar virðast ekki alveg í augsýn

– tækninni fleygir þó fram og kannski formaður BÍ sinni heyskapnum í framtíðinni, án gríns, á daggardropadrifinni dráttarvél

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Miklar væntingar hafa verið bundnar við þróun á rafknúnum dráttarvélum og öðrum landbúnaðartækjum. Hægara hefur þó gengið í þessum efnum en vonir stóðu til vegna skorts á nógu öflugum rafhlöðum sem duga til notkunar í marga klukkutíma án endurhleðslu.

Á loftslagsráðstefnunni sem haldin var í París á dögunum var mikið rætt um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, tók í svipaðan streng í Bændablaðinu fyrir skömmu og sagði miklu skipta að landbúnaðurinn legði sitt af mörkum. Þar hafa menn mikið verið að horfa á aukna notkun rafknúinna tækja. Þótt ör þróun sé í hönnun rafhlaðna, þá er enn talsvert í land að þær geti leyst dísilolíuna af hólmi. Vegna vangaveltna á loftslagsráðstefnunni í París og víðar um þessi mál, þótti Bændablaðinu vel við hæfi að kíkja á hvað væri að gerast í þróun rafknúinna dráttarvéla, þótt það sé engan veginn tæmandi úttekt.

Nýjar rafhlöður frá Bosch skref í rétta átt

Þýska fyrirtækið Bosch kynnti þó í september gott skref í þessa átt í gegnum fyrirtæki sem Bosch keypti í Bandaríkjunum og heitir Seeo. Það er ný gerð af lithium rafhlöðum, svokölluðum DryLyte™ (polymer electrolyte), sem innihalda ekki fljótandi electrolyte (rafleiðandi lausn) og því er ekki hætta á íkveikju og heldur engin þörf á sérstakri kælingu rafhlaðnanna. Við hönnun þeirra er beitt nanotækni og eru þessi batterí sögð mun léttari og ódýrari í framleiðslu en rafhlöður sem m.a. eru notaðar í Tesla-bílana. Þá eiga þau að tvöfalda orkunýtnina sem þýðir að í stað 160 kílómetra drægni, þá verður hægt að aka 320 kílómetra á einni hleðslu. Að mati sérfræðinga Tæknistofnunar Massachusetts (Massachusetts Institute of Technology – MIT) er þetta það besta sem enn hefur sést í þessum geira. Þessar rafhlöður eiga að koma á markað árið 2020. Betur má þó ef duga skal til að knýja þungar dráttarvélar og aðrar vinnuvélar.

Ýmislegt fleira er í farvatninu í þróun rafhlaðna sem þó eru yfirleitt hugsuð í smátæki. Má þar nefna sveigjanlegar Aluminium graphite rafhlöður sem vísindamenn Stanford háskóla hafa þróað og ná fullri hleðslu á einni mínútu. Einnig Alfa rafhlöður frá Fuji Pigment sem eiga að hafa 40 sinnum meiri orkurýmd en Lithium-ion rafhlöður. Þær virðast byggjast upp á notkun á salti og vatni og eiga að geta dugað fyrir smátæki eins og síma í 14 daga notkun.

Nano-tæknirafhlöður


Nanotæknin er einnig að ryðja sér til rúms í þessum efnum eins og víðar. Þar er nefnd örrafhlaða (Microsupercapacitor) sem smíðuð er með lasertækni af vísindamönnum Rice-háskólans. Hún er sveigjanleg en hefur samt ótrúlegan styrk og á að ná fullri orku með þráðlausri hleðslu á 30 sekúndum.




Vélaframleiðandinn Weidemann kynnti rafknúinn liðlétting á AgriTechnica-landbúnaðarsýningunni í Hanover í síðasta mánuði. Vélin hefur alla eiginleika sams konar dísilknúins liðléttings, nema vinnutímalengd. Hann blæs hins vegar ekki frá sér neinni loftmengun. Mynd / HKr.



Engin olía, bara stinga í samband.



Vísindamönnum MIT hefur tekist að virkja spennu sem myndast á daggardropum þótt orkan sé ekki ýkja mikil eða 15 picowött (billjónasti hluti úr einu watti).



Microsupercapacitor frá Rice-háskólanum.



Sodium-ion rafhlaða frá RS2E.

Síðar er salt lykillinn í hönnuninni sem mikil leynd hvílir þó yfir. Rafhlaða af þessari gerð sem er 6,5 sentímetrar að lengd á að skila 90 watt klukkustundum á hvert kílógramm sem gerið hana sambærilega við lithium-ion rafhlöður en er með 2000 sinnum meiri endingartíma. Þessar rafhlöður byggja á stöðlum þannig að þær á að vera hægt að smíða í fartölvur og jafnvel í bíla.

Síðan má nefna enn eina uppfinninguna frá fyrirtækinu Prieto, sem er rafhlaða úr koparfrauði og er ekki sögð eldfim eins og electrolyte rafhlaða. Hún er líka minni, endingarbetri, með fimmfalt meiri orkurýmd, er mun fljótari í endurhleðslu og er ódýrari í framleiðslu.

Fær formaður BÍ daggardropadrifna dráttarvél?

Ýmislegt fleira eru vísindamenn að föndra við eins og að virkja húðina á mannslíkamanum og að virkja næturdöggina eins og bændur þekkja á túnum sínum. Það er alls enginn vísindaskáldskapur því vísindamönnum MIT hefur tekist að virkja spennu sem myndast á daggardropum þótt orkan sé ekki ýkja mikil, eða 15 picowött, sem er billjónasti hluti úr einu watti. Kannski þeim takist einhvern tíma að virkja öll stráin á túnunum í Bakkakoti í Borgarfirði hjá Sindra Sigurgeirssyni, formanni Bændasamtakanna. Gaman væri þá að heimsækja formanninn í heyskapinn og sjá hann þeysa um túnin á daggardropadrifinni dráttarvél.

Rafknúnir liðléttingar orðnir algengari

Framleiðendur véla til notkunar í landbúnaði hafa verið meðvitaðir um þetta um langt skeið. Ýmsir hafa náð þar góðum árangri eins og Weidemann í Þýskalandi, en allt er það þó í þróun minni véla eða svokallaðra liðléttinga. Þeir eru þá fyrst og fremst ætlaðir til notkunar í og við gripahús þar sem stutt er í hleðslutæki, því rafmagn á rafhlöðum endist sjaldnast til margra klukkutíma notkunar. Rafknúna vél Weidemann heitir eHoftrac 1160 og er eingöngu knúin rafmagni.

Þessi liðléttingur hefur að öllu leyti sömu eiginleika og sambærileg vél fyrirtækisins með dísilvél. Það er að segja allt nema úthaldið í fullri vinnu vegna takmarkaðs orkugeymsluþols rafgeymanna. Sem tæki til að nota í og við gripahús ætti þetta þó sjaldnast að koma að sök auk þess sem allt viðhald er einfaldara og engin mengun fylgir notkun vélarinnar. Þessi vél hefur hlotið fjölda verðlauna eins og Innovation Award Equitana 2015, Innovation Award Agra 2015 og Innovation Award Eima 2014. Fyrir utan takmarkaða orkugeymslu í slíkum tækjum er það kannski helst hærra verð á þeim sem heldur aftur af mönnum að kaupa þau.

Nokkrir fleiri framleiðendur skotbómulyftara hafa komið með sínar rafknúnu útgáfur.

Góð reynsla af litlum rafknúnum lyfturum

Um margra ára skeið hafa rafknúnir hefðbundnir lyftarar verið á markaðnum og má þar t.d. nefna vörumerkin Toyota, Caterpillar, Jungheinrich, Linde og fleiri. Rafknúnu lyftararnir eru þó yfirleitt í minni stærðarflokkunum, en þegar kemur að stóru tækjunum með mikla lyftigetu eru þau yfirleitt dísilknúin. Þótt lyftarar séu víða brúklegir í vöruskemmum, þá henta þeir yfirleitt illa við landbúnaðarstörf, hafa skotbómulyftararnir komið þar sterkir inn á sviðið.

Lengra í stærri rafknúnar vinnuvélar

Annað er hins vegar upp á teningnum þegar kemur að stærri dráttarvélum og öðrum landbúnaðartækjum sem fara þurfa um víðan völl og eru oft í stöðugri notkun heilu og hálfu dagana. Þar hafa menn ekki enn fundið leið til að skipta úr jarðefnaeldsneyti í rafmagn. Margir framleiðendur hafa þó verið að stíga skref í átt að þessu með því að útbúa jaðartæki með rafmótorum. Það hefur aftur á móti kallað á nýjar gerðir dráttarvéla með rafstöðvar innanborðs, sem eru þá knúnar með dísilolíu.

Tvinnvél frá Autonomous



Grindin af tvinnvélinni frá Autonomous Tractor Corp.

Ein slík græja er tvinnvél frá Autonomous Tractor Corp. sem er í raun dísilraforkuver á hjólum og með fjórum rafmótorum (eDrive diesel-electric drivetrain). Þessi vél er reyndar hönnuð fyrir stórbúskap og þá einkum akuryrkju og er í tveim stærðum 200 og 400 hestöfl. Segja framleiðendur að þessi vél sé hagkvæmari fyrir bændur en hefðbundnar dráttarvélar. Í fyrsta lagi vegna þess að slíkar vélar séu léttari þar sem dísilmótorinn þarf ekki að vera eins stór og ella, þar sem hann gengur á jöfnu álagi við raforkuframleiðsluna. Allur búnaðurinn verði því léttari sem þýðir að eldsneytisnotkunin verður um 15–20% minni. Þá sé allt viðhald á drifbúnaði mun einfaldara þar sem notast er við rafmótora og



Á Agritechnica sýningunni í Hanover í Þýskalandi í síðasta mánuði sýndi Þýskalandsdeild hins ameríska dráttarvélaframleiðanda John Deere, vél sem talin er geta markað upphafið að nýrri sókn í rafknúnum landbúnaðartækjum. Þar er um að ræða John Deere 7030E sem er með innbyggða 400 volta þriggja fasa rafstöð sem skilar 230 volta riðstraumsorku.



Caterpillar hefur mikla reynslu í framleiðslu á dísilknúnum rafstöðvum. Fyrirtækið hefur verið að þreifa sig áfram í rafvæðingu tækja sinna eins og þessa jarðýtu D7E sem þeir kalla dísil-rafmagnsbyltinguna. Þar er orkan þó áfram fengin úr dísilolíu til að knýja rafal sem skilar raforku inn á rafmótora sem snúa drifkerfi vélarinnar.

sjaldnar þurfi að kalla til sérhæfða viðgerðarmenn.

Sama fyrirtæki hefur einnig hannað slíka tvinndráttarvél sem er GPS stýrð og þarf engan ökumann og hefur fengið nafnið „Spirit“.

John Deere með 400 volta rafstöð

Á Agritechnicasýningunni í Hanover í Þýskalandi í síðasta mánuði sýndi Þýskalandsdeild hins ameríska dráttarvélaframleiðanda John Deere, vél sem talin er geta markað upphafið að nýrri sókn í rafknúnum landbúnaðartækjum. Þar er um að ræða John Deere 7030E sem er með innbyggða 400 volta þriggja fasa rafstöð sem skilar 230 volta riðstraumsorku. Með tilkomu þessarar vélar hafa vaknað spurningar um hvort þetta marki endalok á notkun vökvabúnaðar (hydraulic PTO). Klaus Hahn, verkfræðingur hjá John Deere í Mannheim telur að svo sé og að þessi dráttarvél sé upphafið að einhverju stórfenglegu.

Stefnan mörkuð varðandi háspennubúnað í Bandaríkjunum

Á ráðstefnunni National Farm Machinery Show í Louisville í Bandaríkjunum í mars á þessu ári komu verkfræðingar í dráttarvélageiranum saman til að átta sig á þörfunum í rafvæðingu landbúnaðartækja. Þar komu menn sér saman um að ekki yrði farið hærra en í 1.400 volta kerfi. Mest var þar þó verið að huga að rafvæddum tengibúnaði við dráttarvélar sem knúnar eru dísilvélum og búnar sérstökum rafstöðvum, líkt og John Deere var að kynna. Verkfræðingurinn Marvin Stone telur líklegt að settur verði innan árs ISO staðall fyrir slíkan búnað hvað varðar tengingar og annað, bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu. Þar verði efri mörkin sett við 1.400 volta riðstraumsbúnað. Því gætu verkfræðingar þegar farið að nota það sem viðmið.

Búast megi við að dráttarvélar búnar slíkum háspennurafölum og tengibúnaður verði orðinn nokkuð algengur eftir 3 til 5 ár. Taldi hann að tengibúnaður sem áður hafi verið knúinn með vökvaafli heyrði brátt sögunni til. Rafbúnaður til slíkra nota hafi tekið miklum framförum og notkun hans einfaldaði alla hönnun og viðhald. Sagði hann að auk John Deere væri fjöldi annarra framleiðenda í Bandaríkjunum og í Evrópu að þróa slíkan rafbúnað. Þar á meðal eru AGCO (sem er samsteypan á bak við Challenger, Fendt, Valtra og Massey Ferguson dráttarvélarnar), Case IH (sem framleiðir m.a. Farmall, og fleiri.

Tvíorkutæki í töluverðri þróun

Tvíorkuvélar til notkunar í landbúnaði og námuvinnslu hafa eigi að síður verið í töluverðri þróun, einkum hjá Komatsu, John Deere, Caterpillar og fleiri stórframleiðendum. Þeir eru þar samt ekki að horfa á hreinræktaðar rafknúnar vinnuvélar. Þar koma minni framleiðendurnir aftur á móti sterkir inn, eins og fyrrnefndur Weidemann, Linde, Touyota og fleiri.

Í tvinnorku vinnuvélunum er einkum verið að horfa til námuvinnslutækja þar sem verið er að vinna í námum í mikilli hæð yfir sjó, kannski í 4.000 metra hæð, þangað sem bæði er dýrt og erfitt að flytja að orku í formi dísilolíu.

Þannig hafa framleiðendur námutækja verið að hanna risatrukka með 350 kílówatta rafgeymum sem endurhlaðnir eru með vindorkutúrbínum.

Talið er að markaðurinn fyrir rafknúin tæki í verktakaiðnaði, námuvinnslu og landbúnað muni velta um 30 milljörðum dollara árið 2025. Er því ljóst að stórframleiðendur munu leggja aukna áherslu á að ná sínum bita af þeirri köku.

Hreinræktaðar stórar rafknúnar dráttarvélar ekki alveg í augsýn

Enn virðast þó ekki í augsýn stórar dráttarvélar sem að öllu leyti eru knúnar raforku. Vandinn liggur í takmarkaðri geymslugetu rafgeyma. Á stórum örkum þýðir lítt að leggja af stað á morgni á vél sem verður afllaus á tveim til þrem klukkustundum. Aftur á móti er raftæknin að leiða til þess að æ fleiri dráttarvélafyrirtæki bjóða nú upp á ómannaðar fjarstýrðar dráttarvélar sem keyra eftir GPS gervihnattastýringu. Í því felst líka að gírskiptingar eru mjög að þróast yfir í CVT stiglausar skiptingar sem gera allar tæknilausnir við slíka fjarstýringu auðveldari.



BMW kynnti í júlí á þessu ári 18 hjóla dráttarbíl með 40 tonna flutningsgetu. Hann er hreinræktaður rafbíll sem skilur ekki eftir sig neinn kolefnisútblástur. Þessi bíll var hannaður sem samvinnuverkefni BMW, hollenska framleiðandans Terberg og þýska flutningafyrirtækisins Scherm Group.

Rafdrifnir flutningabílar kynntir til sögunnar

Þrátt fyrir að stórar rafknúnar dráttarvélar virðist ekki í augsýn, þá eru bifreiðafyrirtækin á fullu að þróa rafknúna bíla, jafnvel sem dráttarbíla fyrir flutningageirann. Þar gilda þó aðeins önnur lögmál þar sem slíkir bílar geta borið meiri þunga í rafgeymum þar sem þeir eru ekki að aka á gljúpum ökrum. Þannig eru þegar framleidd rafknúin dráttartæki til að nota t.d. á höfnum og flugvöllum sem geta t.d. dregið 60 tonn eins og frá kínverska framleiðandanum Jiangsu Anil Electromobil Co.

BMW kynnti í júlí á þessu ári 18 hjóla dráttarbíl með 40 tonna flutningsgetu. Hann er hreinræktaður rafbíll sem skilur ekki eftir sig neinn kolefnisútblástur. Þessi bíll var hannaður sem samvinnuverkefni BMW, hollenska framleiðandans Terberg og þýska flutningafyrirtækisins Scherm Group. Bíllinn var sérstaklega smíðaður til að flytja dempara, stýrismaskínur og gorma á milli flutningamiðstöðvar Scherm og bílaverksmiðju BMW í München, átta sinnum á dag. Samkvæmt upplýsingum BMW er þetta fyrsta ökutæki sinnar tegundar í Evrópu til að vera sett í reglulega þjónustu af þessum toga.



Tvinn-beltagrafan Komatsu HB215LC-1. Þessi vél er búin dísilrafstöð sem knýr rafmótora sem knýja drifkerfi og vökvadælur. Með þessu er hægt að auka vinnuhraða vélarinnar sem verður mun kvikari í snúningum en áður.

Kemst aðeins 100 km á hleðslunni en án loftmengunar

Hermann Bohrer, yfirmaður bílaverksmiðju BMW segir að með þessum rafknúna flutningabíl sé verið að senda sterk skilaboð um notkun rafknúinna farartækja utan borganna. Er BMW fyrsti bílaframleiðandinn í Evrópu til að taka svo stóran rafflutningabíl í notkun á þjóðvegum landsins. Bíllinn kemst þó ekki nema 100 kílómetra á hleðslunni en á móti kemur að BMW sparar með honum 11,8 tonn af kolefnisútblæstri CO2 á ári sem annars væri raunin með notkun á dísilknúnum bíl.

Þessi flutningabíll er skref í áttina að aukinni rafvæðingu bíla og vinnuvéla. Ýmsir veðja þó á önnur hross í þeim efnum og þá helst á gas eða vetni sem orkugjafa. Þar er þó helsti gallinn að innviði skortir víða hvað varðar dreifingu á orkumiðlinum, sem yfirleitt er ekki eins mikið vandamál varðandi raforkuna.



100 ár síðan íslenskt sauðfé var flutt til GRÆNLANDS

Haustið 1915 var liðin öld frá því að fé af Norðurlandi var flutt til Grænlands. Með innflutningi þessa íslenska stofns, og hrúta tvisvar síðar, urðu þáttaskil í grænlenskri sauðfjárrækt.

Hún varð að búgrein sem flestir bændur þar starfa við í dag. Margir þeirra hafa dvalist við verknám á fjárbúum hér á landi, nokkrir hafa numið við bændaskólana og fjölmargir Íslendingar hafa dvalist á Grænlandi um lengri eða skemmri tíma við leiðbeiningar og rannsóknir í þágu fjárræktarinnar.



Grænlenska féð er mjög „íslenskt“ enda lítt blandað öðrum fjárkynjum. Litafjölbreytni er mikil, en þar er hvorki til ferhyrnt fé né forystufé.
Mynd / Merete Rabølle

Sauðfjárræktin átti erfitt uppdráttar

Eflaust hafa íslensku bændurnir sem fylgdu fordæmi Eiríks rauða og fluttu til Grænlands í lok 10. aldar tekið með sér fé héðan. Því má ætla að íslenskt fé hafi gengið í grænlenskum högum fram undir lok 15. aldar þegar búskapur þar hvarf ásamt fólkinu sem hann stundaði. Löngu síðar var reynt að endurvekja landbúnað á Grænlandi en það gekk erfiðlega. Þannig var flutt inn fé frá Færeyjum og Skotlandi upp úr aldamótunum 1900 en sauðfjárrækt átti erfitt uppdráttar. Þáttaskil urðu þegar Lindemand Walsöe bauðst til að byggja upp sauðfjárrækt á Grænlandi. Hann hafði ferðast til Ástralíu og víðar og kom fyrst til Íslands árið 1913, þá 33 ára gamall, dvaldist hér um skeið og kynnti sér sauðfjárbúskapinn. Fullvíst má telja að hann hafi þekkt mörg fjárkyn en miðað við landshætti á Grænlandi taldi hann íslenska féð henta best og þar reyndist hann sannspár. Því kom hann aftur árið 1915 til fjárkaupa.

Fjárkaup á Norðurlandi

Walsöe naut góðrar fyrirgreiðslu Sigurðar Sigurðssonar, fv. búnaðarmálastjóra, við allan undirbúning fjárkaupanna en á þessum árum var Sigurður skólastjóri Bændaskólans á Hólum í Hjaltadal (1902–1920). Ærnar, flestar veturgamlar, voru frá Hólum og úr Svarfaðardal, sagðar stór og hraustleg ærefni. Hrútarnir voru aftur á móti keyptir á Sveinsstöðum í Þingi í Austur-Húnavatnssýslu en þar var sauðfjárkynbótabú sem naut stuðnings Búnaðarfélags Íslands frá 1911–1919.

Féð var rekið til Reykjavíkur upp úr réttum haustið 1915, hrútarnir trúlega sameinaðir ærhópnum í Þingi eða Vatnsdal. Þótt þetta væri langur rekstur, með samtals 175 kindur, og síðan flutningur með skipinu Hans Egede frá Reykjavíkurhöfn til Julianehåb (Qaqortoq) í Eystribyggð, fórust aðeins tvær kindanna á leiðinni. Því urðu 173 íslenskar kindur stofn nýs sauðfjárræktarbús í Julianehåb sem Walsöe veitti forstöðu um árabil. Það myndaði grunninn að landbúnaðarmiðstöðinni í Upernaviarsuk.

Aftur voru keyptir hrútar frá Sveinsstöðum haustið 1921 og frá Hrafnkelsstöðum í Hrunamannahreppi í Árnessýslu haustið 1934 en þar naut sauðfjárræktarbúið stuðnings frá Búnaðarfélagi Íslands um fjölda ára, allt frá 1923. Grænlendingar fengu því harðgeran og hentugan stofn, ræktaðan í takt við beitarbúskap þeirra tíma, sem hefur reynst þeim vel í blíðu og stríðu.

Féð laust við riðu

Á árunum þegar féð var flutt til Grænlands var riða orðin þekkt víða á vestanverðu Norðurlandi en hún mun hafa borist með Oxford Down hrút sem fluttur var til landsins að Veðramóti í Gönguskörðum í Skagafirði árið 1878. Veikin var komin í Svarfaðardal árið 1912 og nokkru áður í Vatnsdal í fé sem gekk með fé úr Þinginu í sumarhögum þannig að mikil mildi var að riðan barst ekki til Grænlands með þessum kindum. Ekkert fé hefur verið flutt inn síðan hrútarnir frá Hrafnkelsstöðum komu þangað árið 1934 nema tveir Spælsau hrútar frá Noregi árið 1957. Talið er að eftir að íslenska féð kom haustið 1915 hafi íslensku hrútarnir verið notaðir nær eingöngu og færeysku og skosku áhrifin hafi verið orðin lítil árið 1938. Þetta var síðan staðfest með sameindaerfðafræðilegum rannsóknum (DNA) upp úr síðustu aldamótum þannig að grænlenski stofninn er nú nær hreinræktað íslenskt fé. Þess má geta að flest er féð hyrnt, þó ekkert ferhyrnt, og þar er heldur ekki til forystufé. Grænlenska féð er laust við ýmsa sauðfjársjúkdóma og er að jafnaði hraust.



Grænlenskur fjárbóndi að láta ærnar sínar inn á haustkvöldi. Margir þeirra hafa unnið á íslenskum fjárbúum.
Mynd / Merete Rabølle



Fóðrun fjár og húsakostur hafa tekið miklum framförum á Grænlandi síðustu áratugina. Mynd / Aqqalooraq Frederiksen

Búskaparhættir líkir þeim íslensku

Lengi vel háði fóðurskortur fjárbúskapnum á Grænlandi og á liðinni öld féll fé í stórum stíl í hörðum árum. Mikil vetrarbeit án teljandi gjafar hélst mun lengur en hér á landi. Mesti fjárfellirinn var veturinn og vorið 1967 þegar fjárstofninn var stærstur, 45.000 vetrarfóðraðar kindur. Þá féll helmingurinn og síðan hefur fjártalan oftast verið á bilinu 15.000–25.000, nú um 19.000 vetrarfóðraðar kindur á 38 bæjum þar sem búa 44 fjölskyldur. Húsakostur hefur verið bættur mikið síðustu áratugina, og sömuleiðis fóðuröflun og fóðrun. Féð er rúið í lok mars –byrjun apríl, ærnar eru látnar bera heldur fyrr en hér og þeim er sleppt fyrr í úthaga á vorin en nú er algengast hér á landi. Lömbin eru eyrnamörkuð með sams konar norrænum mörkum og við notum og þau eru líka plötumerkt eins og hér. Markskráin er frábrugðin að því leyti að birtar eru myndir af mörkunum fyrir hvern bæ, nú rúmlega 50 að tölu. Frjósemi ánna er nokkru minni en hér, öllu er slátrað í einu sláturhúsi með ESB-vottun í bænum Narsaq, beint af úthagabeit í seinni hluta september, og er fallþungi dilka svipaður og hér á landi.



Á hálum ís. Vænir fjárhundar koma að góðum notum við smölun víðáttumikilla beitilanda á Suðaustur-Grænlandi. Mynd / Aqqalooraq Frederiksen

Haustið 2014 var slátrað rúmlega 20.000 dilkum sem gerði tæp 300 tonn. Kjötið er mest nýtt innanlands en tilraunir hafa verið gerðar með útflutning í smáum stíl, m.a. til Danmerkur. Ullarnýting er léleg og nema tekjur af henni eingöngu 2% af tekjum sauðfjárbænda. Sú ull sem tekst að safna saman er send til þvottar í Bradford í Englandi. Nú er vaxandi áhugi á að efla ullarvinnslu heima fyrir, þó mest handverk í smáum stíl. Ólíkt því sem hér gerist eru allir bændurnir leiguliðar með afnotarétt af landi í opinberri eigu.

Ræktum vel tengslin við Grænland

Íslenska sauðkindin hefur reynst grænlenskum bændum vel á þeim 100 árum sem hún hefur verið hornsteinn fjárbúskapar þar í landi. Þeir hafa tileinkað sér ýmsar nýjungar tengdar fjárræktinni og m.a. hafa tíu bú nú þegar tekið upp tölvuvætt sauðfjárskýrsluhald frá Bændasamtökum Íslands (Fjárvís). Þá hafa þeir nýtt margs konar ráðgjöf frá íslenskum búvísindamönnum um túnrækt, kynbætur, fóðrun,beitarnýtingu, landgræðslu o.fl. sem hefur skilað verulegum árangri. Kynni mín af Grænlendingum, bæði fjárbændum og starfsfólki við landbúnaðinn þar um áratuga skeið, hafa verið mjög ánægjuleg, og ég tel að við eigum að rækta vel tengslin við Grænland. Óhætt er að mæla með kynnisferð þangað.

Dr.Ólafur R. Dýrmundsson
oldyrm@gmail.com

Skógrækt á Íslandi:
Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur skipað Þröst Eysteinsson í embætti skógræktarstjóra til fimm ára. Þröstur hefur frá árinu 2003 starfað sem sviðsstjóri Þjóðskóganna hjá Skógrækt ríkisins.

Þröstur var annar tveggja umsækjenda sem hæfnisnefnd mat hæfastan til að gegna embættinu. Hann lauk doktorsprófi í skógarauðlindum frá háskólanum í Maine í Bandaríkjunum og meistaragráðu í skógfræði frá sama skóla. Áður en hann tók við stöðu sviðsstjóra Þjóðskóganna starfaði hann sem fagmálastjóri Skógræktar ríkisins og þar á undan sem sérfræðingur hjá rannsóknarstöð sömu stofnunar sem og héraðsfulltrúi Landgræðslu ríkisins á Húsavík.
Þá hefur Þröstur skrifað fjölda ritrýndra fræðigreina um skógrækt og gegnt ýmsum trúnaðarstörfum á sviði skógræktar.

Þröstur er skipaður í embætti skógræktarstjóra frá 1. janúar næstkomandi og er honum meðal annars falið að fylgja eftir nýlegum tillögum starfshóps um sameiningu skógræktarstarfs ríkisins í eina stofnun.



SIEMENS

BOSCH

Jólin nálgast.

Dásamlegir dýrgripir í jólapakkann.

BOSCH Matvinnsluvél
MCM 3110W
800 W. Tvær hraðastillingar og ein púlsstilling.
*fæst hjá: BOSCH BÚÐIN SMITH & NORLAND
Jólaverð: 11.900 kr.
Fullt verð: 14.900 kr.



BOSCH Blandari
MMB 42G0B (svartur)
Einstaklega hljóðlátur. 700 W. „Thermosafe“ hágæða-gler sem þolir heita og kalda drykki.
*fæst hjá: BOSCH BÚÐIN SMITH & NORLAND
Jólaverð: 13.900 kr.
Fullt verð: 17.900 kr.



BOSCH Töfrasproti
MSM 67170
Kraftmikill, 750 W. Hljóðlátur og laus við titring.
*fæst hjá: BOSCH BÚÐIN SMITH & NORLAND
Jólaverð: 11.900 kr.
Fullt verð: 14.900 kr.



Gigaset Símtæki
A510
Númeraminni fyrir 150 nöfn og símanúmer. Langur taltími, mikil hljómgæði.
*fæst hjá: BOSCH BÚÐIN SMITH & NORLAND
Jólaverð: 7.625 kr.
Fullt verð: 8.970 kr.



Rommelsbacher Vöfflujárn
WA 1000/E
1000 W. Úr burstuðu stáli. Viðloðunarfrítt yfirborð.
*fæst hjá: BOSCH BÚÐIN SMITH & NORLAND
Jólaverð: 11.900 kr.
Fullt verð: 14.700 kr.



BOSCH Hraðsuðukanna
TWK 7809
Koparlituð. Tekur 1,7 lítra. 2200 W.
*fæst hjá: BOSCH BÚÐIN SMITH & NORLAND
Jólaverð: 12.900 kr.
Fullt verð: 16.900 kr.



ProfiCook Pottasett
KTS 1051
Alls fjórir pottar, þar af þrír með glerloki.
*fæst hjá: BOSCH BÚÐIN SMITH & NORLAND
Jólaverð: 17.900 kr.
Fullt verð: 22.900 kr.



Camry Eldhúsvogir
CR 3151O
Vigtar allt að 5 kg með 1 g nákvæmni.
*fæst hjá: BOSCH BÚÐIN SMITH & NORLAND
Jólaverð: 2.300 kr.
Fullt verð: 2.900 kr.



SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

BOSCH BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is

Heimilisiðnaðarfélag Íslands og Handraðinn þjóðháttafélag:

Þjóðbúningasaumur á Laugalandi í Eyjafirði


Fjölmargir hrífast af íslenska þjóðbúningnum. Handverkið að baki búningunum heillar marga og hópur þeirra sem velur að gera sinn eigin búning fer vaxandi.

Áhugasamir um þjóðbúningasaum á Eyjafjarðarsvæðinu eiga þess nú kost að taka þátt í helgarnámskeiðum á Laugalandi.

Það er Heimilisiðnaðarfélag Íslands og Handraðinn þjóðháttafélag sem standa að þessum helgum. Samstarfið felst í því að kennarar í þjóðbúningasaumi, þær Oddný Kristjánsdóttir og Inda Dan Benjamínsdóttir, koma norður og kenna áhugasömum en Handraðinn sér um útvegun húsnæðis og fleira.







Útlit faldbúninga er fjölbreytilegt

Fyrsta kennsluhelgin í vetur var 21.–22. nóvember síðastliðinn en þá helgi tóku 15 nemendur þátt. Þeir unnu að ýmsum verkefnum, sumir komu til að endurnýja skyrtu og svuntu eða gera við eldri búninga á meðan aðrir voru að byrja á þjóðbúningi, upphlut eða peysufötum, frá grunni. Talsverður hluti hópsins vinnur að svokölluðum faldbúningi sem á öldum áður var spariklæðnaður heldri kvenna á Íslandi. Hann hefur nú verið endurvakinn en gerð hans tekur að jafnaði nokkur ár enda samanstendur hann af mörgum hlutum svo sem upphlut, skyrtu, undirpilsi, millipilsi, samfellu og svuntu, treyju, kraga og krókfald eða spaðafald. Margt af þessu er skreytt útsaumi, svo sem blómstursaumi og baldýringu eða flauelsskurði og perlusaumi. Útlit faldbúninga er fjölbreytilegt sem gerir hverjum og einum kleift að velja sér handverksverkefni eftir eigin áhugasviði.

Þjóðbúningurinn er augnayndi

Þeir vita sem reynt hafa að þjóðbúningasaumur er með því allra skemmtilegasta sem hægt er að taka sér fyrir hendur og ekki skemmir fyrir að vera í góðum félagsskap. Þjóðbúningarnir okkar eru sannkallað augnayndi og eykur það enn á ánægjuna að skrýðast búningi sem maður hefur sjálfur saumað. Þrjár námskeiðshelgar hafa verið dagsettar á vorönn. Hafi nýir nemendur áhuga á að bætast í hópinn er hægt að leita frekari upplýsinga hjá Heimilisiðnaðarfélaginu og Handraðanum.

Nánari upplýsingar veitir: Margrét Valdimarsdóttir, formaður Heimilisiðnaðarfélags Íslands, netfang: margretvaldimarsd@gmail.com / hfi@heimilisidnadur.is, sími 848 0683.

Jólaheimur Flóra Icelandic Design

Austfirska hönnunarfyrirtækið Flóra Icelandic Design kynnir nýja jólalínu sem inniheldur rammaþrykkt viskastykki og tauservíettur auk jólakerta.

Ingunn Þráinsdóttir (grafískur hönnuður B.Des.), hönnuður Flóru, teiknar öll mynstur og útfærir, auk þess að þrykkja allt sjálf undir hönnunarhugsuninni „slow design“.

Nýju vörurnar auk margra annarra vöruflokka frá Flóru má nálgast í versluninni Fóu, Laugavegi 2 í Reykjavík og í Húsi Handanna á Egilsstöðum.

Auk þess er hægt að versla beint af hönnuði í gegnum Fb-síðuna Flora Icelandic Design, en þar má einnig sjá úrval ljósmynda af ýmsu skemmtilegu frá þessu ferska, austfirska fyrirtæki.



Bændablaðið
Kemur næst út
14. janúar 2016







Pixy liðléttingar & Merlo skotbómulyftarar

Mjög stöðugt tæki vegna einstaklega lágrar þyngdarmiðju.

Öflugar 27 og 38 hö Isuzu díselvélar.

STEINBOCK ÞJÓNUSTAN

Enginn liðléttingur kemst í hálfkvist við Pixy þegar borin eru saman verð og gæði

Íslyft ehf
Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
Sími 564-1600 islyft@islyft.is
www.islyft.is

Kynningarverð

Pixy 25 T kr. 2.700.000 + v.s.k

Pixy 35 T kr. 3.120.000 + v.s.k.

Innif. Skófla, gafflar & universal plata



Hágæða rafstöðvar frá Broadcrown sem er einn af leiðandi rafstöðvarframleiðendum á heimsvísu.

Stærðir: 6kVA - 3350 kVA

broadcrown®



AFLHLUTIR

Drangahrauni 14 | 220 Hafnarfjörður 544 2045 aflhlutir@aflhlutir.is | www.aflhlutir.is

Þjóðtrú tengd áramótum:

„Mál er að mæla," sagði kýrin

Kýr fá mannamál á nýársnótt og ræða saman um allt milli himins og jarðar. Einu sinni lá maður úti í fjósi á nýársnótt til að heyra um hvað kýrnar töluðu þegar þær fengu málið.

Hann heyrði eina kúna segja: „Mál er að mæla." En þá segir önnur: „Maður er í fjósinu", tekur þá þriðja kýrin til máls og segir: „Hann skulum við æra." Og sú fjórða: „Áður en ljósið kemur". Maðurinn náði að segja heimafólki frá atburðinum um morguninn en síðan gekk hann af göflunum.

Ýmislegt annað er kynngimagnað á nýársnótt og andrúmsloftið skrýtið. Nýársnótt skipar því veglegan sess í íslenskri þjóðtrú. Álfar flytja búferlum, selir kasta hamnum, vatn breytist í vín, kirkjugarðar rísa, þá er óskastund og mark er takandi á öllu sem mann dreymir á nýársnótt.

Árni Björnsson segir í bók sinni Saga daganna að hér á landi „verði 1. janúar að nýársdegi á 16. öld, og virðist sú venja fylgja siðaskiptum. Áður höfðu áramót verið talin á jólunum og 1. janúar var þá áttundarhelgi jóladagsins. Jólanótt var því áður hið sama og nýársnótt og hafa þær svipaða drætti í þjóðtrú en á síðari öldum hefur slíkur átrúnaður færst æ meira yfir á núverandi nýársnótt og þrettándanótt."



Samkvæmt þjóðsögum tala kýr mannamál á nýársnótt.

Horft í spegil

Á gamlárskvöld geta menn séð konuefnið sitt og konur mannsefnið með því að sitja í koldimmu herbergi og horfa í spegil. Til að þetta geti orðið þarf að fara með eldgamla þulu sem fáir kunna og ekki verður höfð eftir hér. Enginn má vita af uppátækinu og enginn má vera viðstaddur athöfnina því þá getur farið illa. Það fyrsta sem birtist í speglinum er kynjamyndir en síðan kemur út úr honum hönd sem heldur á hníf eða einhverju vopni.

Höndin kemur út þrisvar sinnum og réttir einhvern hlut að horfandanum en hann má ekki fyrir nokkurn mun taka við hlutnum því verður hann fyrirmikilli ógæfu. Myndirnar í speglinum fara smám saman að skýrast og að lokum birtist hin rétta mynd í nokkrar sekúndur.

Á krossgöngum

Ef legið er í krossgöngum, til dæmis, þar sem búr- og eldhúsdyr mætast í bæjum, birtist manni eða konu tilverandi maki þeirra. Myndir þeirra koma og bjóða þeim sem liggur ýmsar fallegar gjafir en ekki má þiggja þær vegna ógæfunnar sem fylgir því að falla í freistni. Einu sinni fyrir langalöngu lá maður í krossgöngum og kom til hans konuefni hans og bauð honum margar góðar gjafir. Maðurinn stóðst freistingarnar til að byrja með en þáði að lokum forkunnarfagran hníf af konumyndinni. Mörgum árum seinna, eftir að þau voru gift, varð hjónunum sundurorða og endaði rimman með því að maðurinn stakk konuna sína með hnífnum og drap hana.

Álfar á ferð

Álfar og huldufólk eru mikið á ferli á nýársnótt og því er til siðs að láta ljós loga alla nóttina, einnig þótti sjálfsagt í gamla daga að skammta eitthvert góðgæti á disk og setja á afvikinn stað ef huliðsverurnar skyldu eiga leið hjá.

Árið 1913 voru nokkrir vinir saman komnir til nýársfagnaðar á Ísafirði. Þegar leið á nóttina fékk fólkið sér göngutúr og gekk upp Fjarðarstræti og er það kom að Pólgötu sá það sex smástelpur, um tíu ára gamlar, á götunni.



Á gamlárskvöld geta menn séð konuefnið sitt og konur mannsefnið með því að sitja í koldimmu herbergi og horfa í spegil.

Stúlkurnar voru næstum allar jafnstórar, héldust í hendur og dönsuðu hringdans á miðri götunni þannig að pils þeirra stóðu beint út í loftið. Þær voru allar stuttklipptar með dökkt hár og hvíta slaufu í hárinu. Kjólarnir sem stóð út í loftið voru hvítir á litinn og stuttir þannig að langir og mjóir fótleggirnir sáust vel. „Allt útlit þeirra og hreyfing bar vitni um dásamlegt ytra form og yndisleik." Þegar fólkið hafði horft á stúlkurnar um stund hurfu þær sjónum þess á augabragði. Þeir sem sáu stúlkurnar voru ekki í neinum vafa að um álfabörn hefði verið að ræða.

Afkomendur farós

Einu sinn fyrir löngu var ungur maður á ferð á nýársnótt meðfram sjó á Suðurnesjum. Maðurinn kom að stórum helli og gekk inn í hann. Þar sá hann tólf undurfagrar stúlkur og tólf selshami rétt hjá þeim, maðurinn greip einn haminn og hljóp á brott. Stúlkurnar sáu hann taka haminn og hlupu á eftir honum og grátbáðu manninn um að skila þeim. Hann neitaði því og spyr þá sem á haminn hver hún sé. Hún segist vera einn af afkomendum farós í Egyptalandi og að þær breytist í menn á nýársnótt. Maðurinn neitar staðfastlega að skila hamnum og segir stúlkunni að hún skuli koma með honum heim og verða konan hans. Þegar heim kemur lokar hann haminn ofan í kistli og hafði lykilinn ávallt í buxnavasa sínum.



Vatn getur breyst í vín.

Líða nú sjö ár og þau eignast sjö börn. Á áttunda ári komst selkonan yfir lykilinn og notaði tækifærið til að ná í haminn og hélt niður að sjó. Þegar maðurinn varð þess var að konan var horfin með haminn fór hann á eftir henni niður að sjó og þegar hún sá hann koma stakk hún sér í sjóinn og kvað:

Mér er um og ó,
ein af fólki Faraó,
á sjö börn í sjó
og sjö í landi þó.

Segir sagan að oft hafi sést til konunnar í selslíki þar sem hún lónaði við ströndina og að hún hafi komið á land og leikið sér við börnin þegar þau léku sér við sjóinn.

Kirkjugarðar rísa

Dauðir rísa úr gröfum sínum á nýársnótt og er það kallað að kirkjugarður rísi. Hinir framliðnu koma þá upp í líkblæjum, ganga til kirkju og halda messu en hverfa síðan.

Á meðan hinir dauðu eru ofan jarðar eru grafir þeirra opnar og þá ganga svipir þeirra sem deyja á næsta ári í garðinn og máta sig í gröfunum.

Einu sinni var ung stúlka í kirkjugarðinum á nýársnótt og sá hún svipina koma einn af öðrum í garðinn. Þar á meðal sá hún svip unnusta síns og sjálfs sín.

Skuldlaus um áramót

Víða erlendis er því trúað að einstaklingar og heimilin eigi að borga upp allar skuldir fyrir áramót og hefja nýja árið kvitt við guð og menn því þá vegni einstaklingnum og heimilinu vel. Sem betur fer er þessi trú ekki í hávegum höfð hér á landi þar sem megnið af þjóðinni byrjar nýja árið með skuldabagga kreditkortanna og annarra lána á herðunum.

Gleðilegt nýtt ár! /VH



Klettur óskar landsmönnum gleðilegrar hátíðar með þökk fyrir samstarfið á liðnu ári.

KLETTUR
SALA OG ÞJÓNUSTA

KLETTUR Klettagörðum 8-10 • 104 Reykjavík • Sími: 590 5100

HROSS & HESTAMENNSKA

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrun.hulda.palsdottir@gmail.com



Upphafið að markvissri markaðssetningu íslenska hestsins:

Að tengja hestamenn nánar við náttúruna

Guðmundur Friðrik Björgvinsson var kjörinn knapi ársins á Uppskeruhátíð hestamanna í nóvember. Var þetta í annað sinn sem þessi ungi hrossabóndi og tamningamaður hlýtur titilinn en hann hampaði m.a. Íslands- og heimsmeistaratitli á árinu. Hann segir íþróttagreinina á réttri leið eftir innleiðingu nýrra reglna.

Guðmundur og einkona hans, Eva Dyröy, búa á Efri-Rauðalæk, við Hellu, þar sem þau reka hrossaræktarbú og tamningastöð og eru að jafnaði með tvo aðstoðarmenn með sér. Vinnuaðstaða tamningamanna og aðbúnaður hefur tekið miklum breytingum síðustu ár.

„Í dag er hugsað um alla þætti í umönnun hesta. Þá eru sérfræðingar fengnir í afmörkuð verkefni, svo sem járningar, tannlækningar, raspanir, kírópraktórar svo eitthvað sé nefnt. Þegar við vorum að byrja var enginn maður með mönnum nema hann gæti séð um allt upp á sitt einsdæmi, frá A til Ö. Ef maður hugsar til baka þá hefur alveg ofsalega mikið breyst, bæði hestahaldið og reiðmennskan. Ég tala kannski eins og ég sé 100 ára," segir Guðmundur um leið og hann sýnir blaðamanni aðstöðuna á Efri-Rauðalæk; tvö glæsileg hesthús, með 43 eins hesta stíur. Þar að auki er öll aðstaða til tamninga innandyra, bæði hringgerði og reiðskemma. Svo má finna þar sérstaka baðaðstöðu með hitalömpum og blásurum. Slík aðstaða er kannski ekki hluti af staðalbúnaði í dag.

„Ætli Hrímnir hafi ekki átt stóran þátt í að þessi aðstaða er hér," segir Guðmundur en huga þurfti vel að hinum fannhvíta Hrímni frá Ósi, aðalkeppnishesti Guðmundar til nokkurra ára. Reglulegt bað og snyrting sé hluti af því.

Búgreininni best borgið í sveitinni

Það eru fáir hestar í húsi þegar blaðamaður sækir þau knapann heim en Guðmundur segist yfirleitt reyna að tæma húsið fyrir jól. Þá sé tími fyrir kærkomið frí, enda er Guðmundur alla jafnan önnum kafinn í hlutverki hrossabónda og atvinnureiðmanns.

„Þetta er engin 8–4 vinna ef þú ætlar þér langt. Það er því lítið rými fyrir bíóferðir eða kaffihúsaspjall. Í raun er lítið líf fyrir utan hestamennskuna. Maður er á kafi í þessum litla heimi og þarf að hafa allan hugann þar, ef maður ætlar ekki að staðna. Ég hugsa sífellt um hvernig ég geti bætt mig, hef augun og eyrun opin fyrir nýjungum," segir Guðmundur. Hann segir að árangur sinn sé þó fyrst og fremst góðum hrossum og iðnu starfsfólki að þakka. Öðruvísi gæti hann ekki rekið búið og einbeitt sér að keppni um leið.

„Eva er til að mynda minn helsti gagnrýnandi og stuðningsmaður. Hún heldur utan um fóðrun og umhirðingu hestanna, hefur glöggt auga fyrir því sem og þjálfuninni. Hún reddar mér oft fyrir horn, ef ég tala beint út."

Þau hjón hafa einnig stundað ræktun hrossa frá upphafi búskapar síns og í dag fæðast þeim 10–12 hross ár hvert. Þau hafa því góða þekkingu á markaðsumhverfi íslenska hestsins, en þeirra helstu kaupendur eru erlendir.

„Við getum rekið okkar starfsemi því við vinnum vöruna okkar frá upphafi, frá ræktun þeirra og uppeldi, getum svo tamið þau sjálf og fylgt þeim eftir. Ég tel hins vegar algjörlega galið að fólk sé að standa í þessu sem getur ekki unnið vöruna sjálf. Þá verður ferlið einfaldlega of dýrt," segir Guðmundur . „Í mínum augum á búgreinin að vera í sveitunum hjá bændum sem geta fylgt vörunni eftir og komið henni til skila. Það er ódýrara, þegar upp er staðið, fyrir fólk að fara í sveitina og kaupa sér hest frekar en að þvinga sig til að ríða út á hestum sem fæddist þeim. Í dag eru þeir hrossabændur, sem áður seldu hross til útreiðafólks í höfuðborginni, í því að selja hross fyrir kúnna. Fólk, sem áður keypti hross, er kannski farið að framleiða fleiri hross en hrossabændur rækta sjálfir. Það held ég að sé ein af ástæðum þess að það hefur verið lægð í söluumhverfinu innanlands."



Guðmundur hefur haft tamningar og reiðmennsku að atvinnu í yfir 20 ár. Hér er hann ásamt stóðhestinum Sjóði frá Kirkjubæ, sem hann hyggst tefla fram í keppni á Landsmóti á Hólum 2016. Mynd / GHP

Ræktar hugann

Guðmundur hefur verið lengi viðloðandi hestamennskuna. Þótt hann hafi ekki byrjað að ríða út fyrr en á unglingsaldri leið ekki á löngu þar til hann var farinn að vinna fyrir sér með tamningum. Út frá því þróaðist svo keppnisreiðmennskan. Inntur eftir því hvort það sé markmið út af fyrir sig hjá mönnum eins og honum að vera tilnefndur til verðlauna segir hann svo ekki vera. Hann sé þó ákaflega stoltur.

„Ég spái aldrei í það þegar keppnistímabilið hefst. En þetta er eitthvað sem þróast áfram ef maður vinnur vinnuna sína og ef maður er heppinn að fá afburðagóða hesta. Á bikarnum eru þó engin smá nöfn, magnaðir reiðmenn sem hafa haft mikil áhrif. Þetta eru engir pappakassar. Kannski fyrir utan mig," segir hann og hlær.

Það getur varla verið tilviljun að Guðmundur hafi hampað titli knapa ársins tvisvar. Hvers konar mann þarf til að ná slíkum afrekum?

„Maður þarf að vera á tánum og tileinka sér nýja hluti. Nýir einstaklingar skjóta sífellt upp kollinum, bæði ungir, frambærilegir knapar sem og reiðmenn sem hafa kynnst rétta hestinum. Það er hins vegar ekkert verra að taka sér mann eins og Sigurbjörn Bárðarson til fyrirmyndar. Hann er alltaf í líkamlega góðu formi og hugsar mikið um það. Það er hluti af því að ná árangri. Ég hugsa örugglega of lítið um þetta. Ég hef alltaf verið hraustur, stundaði boltaíþróttir sem barn og var sendur snemma í sveit þar sem ég lærði að vinna mikið og taka ábyrgð á hlutunum. Það hefur ávallt fylgt mér."

Guðmundur segist hafa ræktað hugann meira undanfarin ár, þáttur sem hann telur vera lykilinn að góðum árangri.



Guðmundur og Hrímnir frá Ósi hafa unnið alla helstu titla í fjórgangsgreinum en ferli þeirra á keppnisbrautinni lauk með heimsmeistaratitli í ágúst.

„Ég hef reynt að skipuleggja hlutina meira og hugað betur að andlegu hliðinni, bæði hjá sjálfum mér og hestunum. Ég komst fyrir nokkrum árum yfir spólur fyrir keppnismenn í róðri. Þar var megininntakið að hugsa róðurinn allan í smáatriðum, andardráttinn og hverja einustu hreyfingu. Ég hef tileinkað mér slíka hugsun, farið í gegnum keppnir í huganum og það hefur hjálpað mér mikið. Ég er búin að leggja hestinn á skeið í huganum hundrað sinnum og ég veit hvaða hluti ég þarf að einbeita mér að og hvað ég þarf að varast. Þetta er kannski skrítið, en það virkar," segir Guðmundur og bendir á að slíkur hugsunarháttur tíðkist í mörgum íþróttagreinum.

Einstakt jafnaðargeð heimsmeistara

Árangur Guðmundar á árinu 2015 hefði þó aldrei komið til ef ekki væri fyrir hestinn Hrímni frá Ósi, en saman unnu þeir alla helstu titla í fjórgangsgreinum á íþróttamótum í ár. Ber þar hæst heimsmeistaratitill í fjórgangi á Heimsleikunum í Danmörku í ágúst.

„Ef allir hestar væru eins og Hrímnir frá Ósi þá væri auðveldara að selja hross og sinna þörfum markaðarins. Hrímnir er yfirburðahestur sem allir geta riðið. Ég gat boðið byrjanda jafnt sem yfirburðareiðmanni á bak honum og allir nutu hans. Það er mikilvægt að hafa kynnst hesti eins og honum. Við kynntumst honum 5 vetra gömlum og þá var hann með þetta einstaka jafnaðargeð, námsfús og heilsteyptur hestur sem gerði allt fyrir þig hvenær sem er. Agnar Þór Magnússon tamdi hann og hann talaði um að hann hafi verið svona frá fyrsta degi," segir Guðmundur.

Inntur eftir því hvernig maður vinnur hest upp til slíkra afreka segir hann það hafa verið sérstaklega auðvelt með Hrímni.

„Það felst í því að halda honum glöðum og ferskum. Vera sanngjarn og biðja um lítið en gefa af sér til hans. Hann gefur alltaf 100% í allt sem hann gerir. Þetta er svipað og að halda góðum starfsmanni í vinnu. Ef þú hugsar um alla þætti færðu þá borgaða til baka. Í þessu felst líka mikil ástundun enda þarf hestur að vera í mjög góðu líkamlegu formi og jafnvægi til að geta tekist á við svona keppni. Þá þarf maður að vanda sig og biðja ekki um of mikið of snemma."

Guðmundur hefur ekki alveg sagt skilið við Hrímni. Hann fer reglulega til nýrra eigenda hans í Danmörku þar sem hann heldur námskeið um leið og hann þjálfar gæðinginn. Þar unir hann sér vel, að sögn Guðmundar, en hann er nýttur sem útreiðar- og keppnishestur konu sem fékk hann í 30 ára brúðkaupsafmælisgjöf frá eiginmanni sínum.

Hefur trú á langtímaverkefnum

En þrátt fyrir að ævintýri þeirra Guðmundar og Hrímnis sé nú lokið heldur Guðmundur ótrauður áfram. Hann telur toppnum alls ekki náð.

„Það voru þættir á árinu sem ég hefði viljað gera betur. Hrímnir slasaðist í fyrravetur og þótt við höfum unnið allt sem við gátum unnið í ár þá var hann ekki orðin jafn góður á nokkrum sviðum og áður en hann slasaðist. Það er því alltaf hægt að finna leiðir til að bæta sig, og það gerir hestamennskuna skemmtilega. Ég er örugglega að verða eins og gömlu karlarnir í sportinu, tel mig vera orðin „grænni" með tímanum. Nú vil ég leggjast meira yfir hestana og hef meiri trú á langtímaverkefnum en áður. Ég gerði mikið grín að þessu í gamla daga, fannst ég geta leikið mér að ríða hesti upp einkunnaskalann. Hugsaði bara um þetta sem kúlur og prik. En í dag vil ég hafa meiri stjórn á þessu, koma til leiks með vel undirbúin hest þar sem hvert smáatriði er úthugsað."

Guðmundur segir íþróttagreinina einmitt vera að þróast í þá átt. Ekki er langt síðan nýr leiðari fyrir dómara í hestaíþróttum var tekin í notkun. Viðmiðunarreglurnar undirstriki nú bættar áherslur í íþróttagreinunum.

„Ég tel hestaíþróttina vera í góðri þróun og ég er virkilega ánægður með áherslurnar í nýja leiðaranum. Áhrif þessara breytinga sáust á Heimsleikunum. Lagt er upp úr vandaðri og nákvæmari reiðmennsku. Gerðar eru kröfur um að heimavinnan sé rétt unnin, öll stillingaratriði verða að vera í lagi og hesturinn spennulaus. Þar með verða gæði hverrar gangtegundar meiri."

Knapi ársins segir að keppni á hestum sé oft vanmetin íþrótt.

„Spjótkastari getur verið illa upplagður og þar með staðið sig illa á móti. Í hestaíþróttinni erum við alltaf að takast á við heilbrigði og dagsform tveggja aðila. Þetta er ekki hópíþrótt. Þetta eru samskipti manns og málleysingja. Það gerir áskorunina bæði krefjandi og skemmtilega. Það mætti meta þetta meira í íþróttaafrekum."

Hjálpsemi.



Stuðningur þinn er alltaf nauðsynlegur.
Flugeldamarkaðir björgunarsveitanna opna þann 28. desember um allt land.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Gleðileg jól!

40 ára sögu Galloway í Hrísey lokið

– um 50 gripir seldir úr eynni upp á fastalandið

Allri einangrun dýra hefur verið hætt í Hrísey, en starfsemi af því tagi hefur verið í eynni í 40 ár, frá árinu 1975 þegar þangað voru flutt naut af Galloway-kyni. Þar var einnig um 17 ára skeið starfsemi á vegum Svínaræktarfélags Íslands og loks var þar einnig rekin einangrunarstöð fyrir gæludýr. Starfsemi af þessu tagi hefur verið lögð niður, en síðustu nautgripirnir voru seldir og fluttir upp á fastalandið í lok nóvember.

Kristinn F. Árnason, fyrrverandi bússtjóri í Hrísey og einn fjórmenninga sem áttu félagið Holda, sem á liðnum árum hefur verið með nautgriparækt í Hrísey, segir að alls hafi 49 gripir, kálfar og fullorðnir verið í eynni. Þeir voru seldir „á góðan bæ í Þingeyjarsýslu," eins og hann orðar það og eru nú þangað komnir. „Þar með var þessari sögu lokið, hún hófst fyrir 40 árum, árið 1975 þegar fyrstu Galloway-gripirnir komu hingað. Síðan hafa einnig komið gripir af tegundinni Angus og Limosine og í þeim hópi sem fluttur var í land um daginn voru líka blendingar af þessum tegundum. Allt kostagripir," segir Kristinn. Félagið Holdi hefur haft um 40 ha tún til umráða og annast þar heyöflun fyrir sína starfsemi, en Kristinn segir að Akureyrarbær eigi túnið og óvíst hvað við það verður gert nú.





Kristinn F. Árnason, fyrrverandi bússtjóri í Hrísey og einn eigenda Holda, stóð í ströngu á dögunum þegar allir nautgripir voru fluttir úr eynni og upp á land.
Myndir / Ásgeir Magnússon

Húsin standa tóm

Ríkið á fjós og fleiri eignir í Hrísey, samtals upp á tæplega 750 fm og hafa þær verið auglýstar til sölu. Þá á Svínaræktarfélagið um 400 fm húsnæði í eynni og gæludýrastöðin var rekin í um 200 fm húsnæði. Engin starfsemi fer nú fram í því húsnæði sem nýtt var í Hrísey í þessu skyni. Gæludýrastöðinni var lokað á liðnu hausti, en eftirspurn hafði dregist mjög saman eftir að sams konar stöð var reist í námunda við Keflavíkurflugvöll fyrir nokkrum árum. Svínaræktarfélagið var með starfsemi í sínu húsi um 17 ára skeið. Svín voru flutt inn frá Noregi í því skyni að kynbæta íslenska stofninn og í eitt sinn frá Finnlandi. Sú starfsemi hefur verið aflögð.

Kristinn sinnir daglegum störfum á Akureyri og félagar hans í Holda eru einnig í annarri vinnu hér og hvar, þannig að búskapurinn var rekinn samhliða öðru.






Það er töluvert umstang að flytja 49 nautgripi úr Hrísey yfir í ferjuna Sævar og svo í flutningabíla sem óku gripunum áfram í Þingeyjarsýslu.

Bæði léttir og eftirsjá

„Að því leyti er ákveðinn léttir að hafa lokað þessu, en auðvitað í leiðinni líka eftirsjá, þetta var ágætt tímabil og margir sem þekktu til Hríseyjar út af þessari starfsemi," segir Kristinn. */MÞÞ*



Bækur



Kristján frá Gilhaga með bók sem hann gaf út í fyrra, en framhald hennar er nú komið út.

Sögur, kvæði og kviðlingar

Bókin Sögur, kvæði og kviðlingar inniheldur, líkt og Stökur, ljóð og sagnasafn er kom út 2014 blandað efni. Þá eru einnig til skemmtunar og skýringa á texta, fjölmargar teikningar sem lífga verulega uppá lesninguna. Og þá eru í bókinni til viðbótar ljóðaþáttur Sigurlaugar Stefánsdóttur frá Gilhaga, brot af hennar kveðskap og hefur ekki birtst fyrr á prenti



Kristján frá Gilhaga (f. 1944) er Skagfirðingur sem hefur verið búsettur á Akureyri síðustu ár. Til skemmtunar hefur hann safnað saman ýmsum fróðleik og skemmtisögum sem hann miðlar áheyrendum, sögum af sjálfum sér og öðrum. Oft kryddar hann frásagnir með eigin kveðskap eða leggur gátuvísur fyrir áheyrendur.

Þetta hefti inniheldur ýmislegt af því sem Kristján hefur skemmt mönnum með; lífsreynslusögur, drauma, dulræn fyrirbæri, skemmtisögur, skondnar mannlýsingar, stökur, ljóð og gátuvísur, efni sem hentar vel til skemmtunar og afþreyingar.



Sara í Brakanda kom á vinnustofu Kristjáns í Gilhaga að sækja hrútinn sinn, en Kristján er sem kunnugt er kunnur uppstoppari . Þetta var kindahaus númer 270 úr hans vinnustofu.

Kristján hefur um langan aldur haldið dagbækur, og alla tíð skrifað hjá sér margt fróðlegt og skemmtilegt. Hann ákvað í tilefni merkra tímamóta í apríl 2014 að láta loks verða af því að gefa út á prenti eitthvað úr sínum sjóði. Strax kom í ljós við samantekt á efni að til væri mun meira en heppilegt þótti að hafa í einni bók. Framhaldið hefur nú litið dagsins ljós í bókinni Sögur, kvæði og kviðlingar. */HKr.*

B&B Guesthouse
Á leiðinni til útlanda?
Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu
2 manna herbergi 9.900 kr
Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300


Höfum tekið við umboði Topa sem bjóða meðal annars glussafleyga og fleiri góð verkfæri sem hafa áunnið sér gott orðspor hér á Íslandi á undan förnum árum.
Topa býður uppá úrval verkfæra og aukahluta, t.d. Klippum, Kröbbum og hinn þekkta Vibro-Ripper.
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • 221 Hafnarfjordur • Sími: 555 6670 • velanaust@velanaust.is


FRUM - www.frum.is
Þetta snýst allt um þig…
Nýja CLAAS – ARION 400 vélin er alveg eins og þú vilt hafa hana.
Hver dagur færir þér ný verkefni og það ert þú sem þarft að takast á við þau.
Þegar þú kaupir dráttarvél þá þarf hún að vera alveg eins og þú vilt hafa hana.
Þú vilt dráttarvél sem gerir einmitt það sem þú vilt að hún geri og að hún uppfylli allar þínar kröfur og væntingar. Hvorki meira og örugglega ekki minna.
Þess vegna vilt þú ekki bara næstu dráttarvél sem er til á lager.
Þú færð nýju ARION 400 dráttarvélina nákvæmlega eins og þú vilt hafa hana
ARION 460 / 450 / 440 / 430 / 420 / 410 66–103 kW (90–140 hö). www.arion400.claas.com
CLAAS
VÉLFANG VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is

Vinna fyrir jól:

Vökustaurar notaðir til að halda fólki að vinnu

Ef marka má þjóðháttalýsingu Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili var aldrei keppst eins mikið við vinnu eins og fyrir jólin. Einkum var lagt kapp á að ljúka við ullarvinnu og prjónaskap á jólaföstunni.

Síðasta vikan fyrir jól var kölluð staurvika vegna þess að þá notaði fólk vökustaura til að halda sér vakandi. Staurarnir eða augnteprurnar voru gerðar úr smáprikum ámóta stórum og eldspýtur en stundum var notað svokallað baulubein úr þorskhöfði eða eyruggabein úr fiski. Skorið var inn í beinið til hálfs en það haft heilt hinum megin og á það gerð lítil brotalöm og skinninu á augnlokinu smeygt inn í hana. Stóðu þá endarnir í skinnið og mjög sárt að loka augunum.

Jónas segir að húsbændur hafi stundum sett vökustaura á þá sem áttu erfitt með að halda sér vakandi við vinnu síðustu vikuna fyrir jól.



Mörg börn fengu kerti um jólin og þótti það dýrðarstund að kveikja á kertunum og horfa á logann brenna út.



Á flestum bæjum var til siðs að slátra kind fyrir jólin til að eiga nýtt kjöt yfir jólin og mun kindin sú hafa verið kölluð jólaærin.



Ekki mátti leika sér á jólanóttina, hvorki spila né dansa.

Fátækraþerri

Víða þótti til siðs að þrífa allt hátt og lágt fyrir jólin. Menn skiptu um nærföt og stundum var meira að segja skipt á rúmunum og mestu sóðar brutu jafnvel venjur sínar og voru hreinir og vel til hafðir um jólin.

Samkvæmt gamalli þjóðtrú lét guð alltaf vera þíðviðri rétt fyrir jólin, til þess að fólk gæti þurrkað plöggin sín fyrir hátíðina og var þessi þurrkur kallaður fátækraþerri.

Til siðs var á mörgum býlum að fara í kaupstað fyrir jólin. Sumir fóru eingöngu til að sækja jólabrennivínskútinn til að eiga til hressingar.

Stundum var lagt út í mikla óvissu til að ná í jólaölið og kom fyrir að menn urðu úti í slíkum nauðsynjaferðum.

Jólaærin

Á flestum bæjum var til siðs að slátra kind fyrir jólin til að eiga nýtt kjöt yfir jólin og mun kindin sú hafa verið kölluð jólaærin. Jónas segir að siðurinn hafi að mestu verið aflagður á Norðurlandi í sinni tíð en í fullu gildi á Vestfjörðum langt fram á hans daga.

Tröll á ferð

Að sögn Jónasar voru jólin helgust og mest allra hátíða enda má rekja þau aftur til hinnar elstu og rómmustu heiðni á Norðurlöndum og til Germanna.

Um jólaleyti eru allar ófreskjur og illþýði á ferð og gera allt illt sem þau geta. Tröll og óvættir gengu um og voru Grýla gamla og jólasveinarnir hennar þar fremstir í flokki.

Ekki mátti leika sér á jólanóttina, hvorki spila né dansa. Til er saga sem segir að einu sinni hafi tvö börn farið að spila spil á jólanótt. Kom þá til þeirra ókunnugur maður og fór að spila við þau, hann hvatti þau til að spila við sig fram eftir nóttu eða þar til eitt barnið fór að raula sálmavers en þá hvarf maðurinn. Þar mun andskotinn sjálfur hafa verið á ferð.

Komi þeir sem koma vilja

Víða mun hafa verið til siðs að kveikja ljós um allan bæinn á jólanótt svo að hvergi bæri á skugga.

Þegar búið var að sópa húsið gekk húsfreyjan í kringum það og bauð áfunum heim með orðunum: „Komi þeir sem koma vilja, veri þeir sem vera vilja, fari þeir sem fara vilja mér og mínum að meinalausu.“

Hátíð barnanna

Jólin hafa alltaf verið hátíð barnanna og var til siðs að þau fengju að borða fylli sína um hátíðina. Einnig þótti sjálfsagt að gefa þeim nýja flík svo þau færu ekki í jólaköttinn. Mörg börn fengu kerti og þótti það dýrðarstund að kveikja á kertunum og horfa á logann brenna út. */VH*

Sauðfjárbóndinn í Sýrnesi gefur út dagatalið Íslensk lömb



Nýverið kom út dagatalið „Íslensk lömb - 2016“ og er það í annað sinn sem Ragnar Þorsteinsson, sauðfjárbóndi og ljósmyndari, gefur út dagatal sem er tileinkað íslenskun lömbum. Í því eru stórar og fallegar andlitsmyndir af lömbum í sínu náttúrulega umhverfi, áður en þau eru merkt og mörkuð búi og bónda. Ragnar er með um 300 kindur í húsi, „rétt ofan við meðaltalið“, segir hann.

„Ég gerði tilraun með útgáfu dagatals í fyrra og hef svo verið að þróa hana áfram,“ segir Ragnar, en hann hefur áður um langt árabil útbúið dagatal fyrir fjölskyldu sína og er því ekki nýgræðingur á þessu sviði.

Útgáfan nú hefur vakið athygli, en fólk víða um land hefur pantað lambadagatal.

„Og svo er ég í örlitlum útflutningi líka,“ segir hann, en undanfarið hafa honum borist pantanir frá Noregi.

„Norska sauðfjárkynið er náskylt því íslenska og þetta virðist hafa hitt þar í mark.“

Fráleitt gróðasjónarmið sem ræður för

Ragnar segir að einkum og sér í lagi hafi fólk spurnir af dagatali hans í gegnum fésbókina, „án hennar væri þetta líklega ekki mögulegt, það er lítið fé til reiðu í markaðsstarf og auglýsingar,“ segir Ragnar og bætir við að það sé fráleitt gróðasjónarmið sem ráði för, „við erum lítið á því rólinu, sauðfjárbændur, við kunnum ekkert að græða peninga.“

„Maður veit ekki neitt nema að prófa sig áfram og það er um að gera að reyna eitthvað nýtt, sýna framþróun en standa ekki kyrr alltaf í sömu sporum,“ segir Ragnar.

Hann tekur myndir á hverjum degi, „fólk, fé og firnindi“, segir hann spurður um hvað hann helst myndi. „Það er náttúran hér í kring og fólk, bara það sem er í sigtinu hverju sinni.“

Saklausu lömin höfða til margra

Í dagatali Ragnars eru merktir inn hefðbundnir helgi- og frídagar, en þar eru líka upplýsingar um hvenær jólasveinar koma til byggða, gömlu mánaðaheitanna er getið auk ýmissa annarra daga er tengjast landi og þjóð.

Stærð dagatalsins er A4, portrait, 13 bls. prentað öðrum megin, og framleitt á Íslandi. Dagatalið höfðar til margra hvort sem er barna eða eldra fólks, stórar myndir af saklausu fallegu ungviði auk þjóðlegs fróðleiks. Ragnar segir dagatalið prentað í takmörkuðu upplagi, Þetta er ódýr og falleg gjöf sem gleður á hverjum degi í heilt ár,“ segir hann. Áhugasamir geta skoðað fésbókarsíðu Ragnars; www.facebook.com/lambidmitt eða sent póst á netfangið lambidmitt@gmail.com.



Ragnar Þorsteinsson sauðfjárbóndi.



Brúsastaðir var afurðahæsta kúabúið 2014. Mynd / Linda Ævarsdóttir

Austur-Húnavatnssýsla:

Brúsastaðir afurðahæsta búið

Bændur og hestamenn í Austur-Húnavatnssýslu komu saman nýverið og gerðu sér glaðan dag á Blönduósi. Á samkomunni voru veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í hvorri búgrein fyrir sig.

Afurðahæstu kúabúin í sýslunni voru Brúsastaðir, með 7896 kg 49,3 árskýr, Steinnýjarstaðir 7095 kg 39,9 árskýr og Hnjúkur 6844 kg 43,4 árskýr. Afurðahæsta kýrin var, Bára 506 Brúsastöðum 10.496 kg prótein 3,23 fita 4,08. Þá kom Branda 571 einnig á Brúsastöðum 10367 kg prótein 3,39 fita 3,86 og í þriðja sæti, Döggfrá Hnjúki 10257 prótein 3,59 fita 4,36



Löngumýrarhjónin áttu þyngsta nautið. Mynd / Linda Ævarsdóttir

Hæst dæmda kýrin var Pollýanna 624 á Brúsastöðum, en þar er reiknað saman útlitsdómur og kynbótamat. Þyngsta nautið var nr 369 frá Syðri-Löngumýri, 483 kg og 798 daga gamalt.

Þetta er annað árið í röð sem Brúsastaðir er afurðahæsta kúabúið á landinu. */MÞÞ*



Lely:

LED-lýsing fyrir fjós

Lely kynnti nýlega LED lýsingarkerfið sem er sérstaklega þróað fyrir fjós. Lely L4C LED ljósin tryggja fullkominn ljósstyrk, rétta ljósdreifingu og rétt tímasetta lýsinguna fyrir dag og nótt.

Áætlaður 30 ára líftími, með styrk upp á 33,500 Lumen og allt að 60 prósent orkusparnaði eru Lely L4C LED með bestu LED ljósum sem völ er á á markaðnum í dag, endingargóð, öflug og afkastamikil.

Mjólkurkýr þurfa 180–200 luxa ljósstyrk í 16 klukkustundir á dag og myrkur í 8 klukkustundir til að ná hámarksafköstum í fóðuráti og mjólkurframleiðslu. Kvígur þurfa sama ljósstyrk og jafn langan tíma til þess að flýta þroska. Kýr í geldstöðu þurfa á hinn bóginn 50–80 luxa ljósstyrk í 8 klukkustundir á dag og myrkur í 16 klukkustundir til að örva framleiðslu á hormóninu melatónín.

Lely L4C LED ljósin eru þróuð til að tryggja bestu ljósdreifingu í fjósinu. LED ljósin eru útbúin með birtuskynjara og hvert ljós er með sjálfstæða tengingu við stjórnboxið.





Bændablaðið Næsta blað kemur út 14. janúar 2016

Ertu klár í snjóinn?

DALEN 2014 - Blæs þar sem aðrir brotna.

- 2014 blásarinn frá DALEN er hannaður fyrir verktaka og allra erfiðustu aðstæður.
- Hægt er að tengja blásarann á þrjá vegu: Að framan á frambeisli, að aftan til þess að bakka og að auki er hægt að draga blásarann.
- Beintengt drif, engar keðjur
- Vinnslubreidd: 270 cm
- Aflþörf: 140 hö
- Aflúrtakshraði: 1000 snún/mín
- Vökvasnúningur á túðu
- Vökvatjakkur á túðu



DALEN 2013

- Hentar vel fyrir dráttarvélar í kringum 150 hö
- Hægt er að tengja blásarann á þrjá vegu: Að framan á frambeisli, að aftan til þess að bakka og að auki er hægt að draga blásarann.
- Beintengt drif, engar keðjur
- Vinnslubreidd: 255 cm
- Aflþörf frá 130 hö
- Hámarskafl 280 hö
- Aflúrtakshraði að framan: 1000 snún/mín
- Aflúrtakshraði að aftan: 540 snún/mín
- Vökvasnúningur á túðu
- Vökvatjakkur á túðu



DALEN 2011

- Hentar vel fyrir dráttarvélar yfir 100 hö
- Hægt er að tengja blásarann á þrjá vegu: Að framan á frambeisli, að aftan til þess að bakka og að auki er hægt að draga blásarann.
- Beintengt drif, engar keðjur
- Vinnslubreidd: 233 cm
- Aflþörf frá 90 hö
- Hámarskafl 280 hö
- Aflúrtakshraði að framan: 1000 snún/mín
- Aflúrtakshraði að aftan: 540 snún/mín
- Vökvasnúningur á túðu
- Vökvatjakkur á túðu

Bændur - verktakar: Eigum fyrirliggjandi snjóblásara frá DALEN. Hafið samband við okkur og tryggið ykkur eintak.

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Vefsíða: www.thor.is

DALEN
Öflugir blásarar
fyrir öfluga traktora



Geir Henning Spilde og kona hans, Jane Larsen, hafa rekið pressunarverksmiðju á sveitabænum Spilde í Øystese í Harðangursfirði í hartnær 10 ár og pressa nú árlega um 60 þúsund lítra af eðalsafa, þar sem epli spila stórt hlutverk.
Myndir / ehg

Geir Henning Spilde býr á ættarsveitabúinu Spilde í Øystese í Harðangursfirði í Noregi ásamt konu sinni, Jane Larsen:

Með ástríðu fyrir eðalsafa

Fyrir tæpum tíu árum ákváðu Geir Henning Spilde og kona hans, Jane Larsen, að fara út úr hefðbundinni landbúnaðarframleiðslu með 30 þúsund lítra mjólkurkvóta yfir í að pressa hreinan eplasafa, tappa á flöskur og þriggja lítra öskjur og selja beint frá sér án milliliða. Útkoman í dag er sú að nú framleiða þau um 60 þúsund lítra af ávaxtasafa á ári og öll uppskera af þeim fimm þúsund ávaxtatrjám sem þau eru með fer í pressun.

Geir Henning er fjórða kynslóð á ættarsveitabúinu Spilde í Øystese í Harðangursfirði í Noregi. Þangað til fyrir tæpum tíu árum hafði alltaf verið stunduð mjólkurframleiðsla á bænum en Geir Henning, sem er menntaður kokkur, ákvað ásamt konu sinni, Jane, að fara út fyrir rammann og þróa nýjar vörur til að selja.

„Ég tók við búinu þegar ég var 28 ára gamall því mér fannst þurfa að halda bænum áfram í ættinni. Eldri bróðir minn hafði ekki áhuga svo það lá beinast við að ég tæki við. Ég vann þó sem kokkur í tíu ár áður en ég tók við svo það hefur alltaf verið mikill áhugi til staðar hjá mér að búa til mat og að skapa eitthvað úr matvælum. Þessi áhugi hefur komið sér vel og hefur veitt mér innblástur við það sem við erum að gera hér á Spilde í dag,“ útskýrir Geir.

Hátt í 20 eplategundir

Í dag eru þrjú ársverk við að sinna ávaxtatrjánum og litlu pressunar- og töppunarverksmiðjunni sem er á hlaðinu hjá þeim. Mestur hluti ávaxtatrjánna eru eplatré en einnig eru þau með plómur, sólber og hindber.



Pressunarferlið byrjar á því að Geir sturtar úr 300 kílóa eplakari niður í rampinn sem sjá má á bakvið hann sem rennur þaðan niður á næstu hæð.

„Við erum með um 10 eplategundir og eins er ég alltaf með prufutegundir í gangi, á bilinu 7–10 tegundir. Þannig að þetta er auðvitað



Jane ýtir eplunum áfram í pressun með lítilli hrífu.



Jane stendur vaktina við austurrísku eplapressunarvélina þar sem eplin koma í kílóavís niður rampinn af annarri hæð.

ákveðið áhugamál og mjög skemmtileg tilraunastarfsemi sem fylgir þessu líka,“ segir Geir og bætir við:

„Ég fann fljótt út eftir að ég tók hér við að það var lélegt verð sem fékkst fyrir ávextina og þá kom kokkurinn upp í mér og ég hafði löngun til að gera eitthvað með þetta. Það er mér mjög minnisstætt úr mínum uppvexti þegar ég fór til ömmu og afa á eins konar „uppskeruviðburð“ á haustin þegar þau pressuðu sér eplahrásaft. Ég gleymi aldrei þessari góðu lykt og þessu dásamlega bragði

af nýpressuðum safanum svo þarna sat eitthvað eftir í minningunni sem ég tók svo með mér lengra.“

Sækja kunnáttu í vínfræði

Úr varð að fyrstu tvö árin fóru Geir og kona hans, Jane, í prufuframleiðslu og þróunarvinnu en frá árinu 2008 má segja að full framleiðsla hafi átt sér stað. Aðalpressutíminn eru rúmir tveir mánuðir á haustin, frá september og fram í miðjan nóvember, og þá er jafnan hamagangur í pressuverksmiðjunni.

„Það er allt á fullu þennan tíma sem við erum að pressa og mjög skemmtilegur tími. Síðan er svokallaður leigupressumarkaður þar sem við höfum fasta viðskiptavini sem koma með sína ávexti og við pressum fyrir þá. Þá útbúum við gjarnan sér merkimiða fyrir hvern og einn sem er mjög vinsælt,“ segir Geir en aðeins er ein tegund pressuð í einu í stóru pressunarvélinni.

Geir og Jane hafa verið meðlimir í Hardanger meny-verkefninu sem er gæðamerki fyrir bændur og veitingastaði í Harðangursfirðinum. Þau merkja allar vörur sínar með límmiða verkefnisins.

„Frá byrjun höfum við eingöngu viljað hafa hreinar tegundir, það er að segja, við bætum engum aukaefnum í safana. Þannig náum við eiginleika hverrar tegundar fram og það er það sem er svo skemmtilegt við þetta. Einnig blöndum við eplasafa með hindberjum og öðrum berjategundum og alltaf fjallar þetta um að nota ekki sykur. Maður er alltaf að leita að nýjum bragðtegundum til að útvíkka heildarbragðmyndina. Það eru ekki mikil fræði í eplasafaheiminum svo við höfum þurft að leita eftir kunnáttu í gegnum vínfræði og erum á þann hátt stöðugt að þróa og bæta hin mismunandi brögð sem við fáum út úr mismunandi tegundum. Hér skiptir miklu máli hvaða bragð hentar best með hvaða mat.“

Leggja áherslu á veitingahúsamarkað

Þegar Geir og Jane byrjuðu á safagerðinni voru þau mjög ákveðin í því inn á hvaða viðskiptavinahóp þau ætluðu að leggja áherslu á. Háklassaveitingastaðir urðu fyrir valinu og er nánast öll framleiðslan seld til þeirra án nokkurra millilliða.

„Það er mjög mikilvægt og áhugavert að hafa sögu á bakvið vöruna og tegundirnar sem við erum að nota. Viðskiptavinum líkar að heyra góða sögu á bakvið vöruna og það eru til margar góðar sögur um uppruna tegunda í eplafræðunum. Einnig finnst viðskiptavinum áhugavert að geta orðið sér úti um matvæli sem hafa farið um stuttan veg og eru helst úr heimabyggð,“ útskýrir Geir og segir jafnframt:



Geir hellir nýpressuðum safanum í falleg glös til smökkunar en úr safapressunarvélinni er safanum dælt í þúsund lítra tank þar sem hann er geymdur fyrir gerilsneyðingar- og átöppunarferlið. Nýpressaður, 100 prósent hreinn eplasafi úr Sommerred-tegundinni – guðdómlega góður.

„Við vorum alveg ákveðin frá byrjun að fara inn á veitingahúsamarkaðinn en þar er vilji til að borga fyrir gæði og þar fáum við viðbrögð frá viðskiptavinum sem setja kröfur á vöruna. Hér höfum við einnig viðskiptavini sem vilja alltaf leita eftir nýjum bragðtegundum og eru tilbúnir í örlitla tilraunastarfsemi. Þetta er mikilvægt atriði fyrir þá sem vilja vera bestir þegar kemur að veitingahúsum. Eigandi veitingastaðarins metur líka að hafa vöru sem ekki allir aðrir hafa og getur byggt hluta af ímynd sinni á því. Það sem hefur hjálpað til og myndað okkar vinsældir er án efa það að við völdum þá bestu í bekknum frá upphafi og það skiptir miklu máli. Viðskiptavinir sem segja okkar sögu er okkar besta auglýsing.“ */ehg*









Agroteknikk 2015 í Noregi:

Paradís fyrir tækjaóða

Það var margt um manninn á stærstu landbúnaðar- og tækjasýningu Noregs, Agroteknikk, dagana 26.–29. nóvember sem haldin var í Lillestrøm. Aðsóknarmet var slegið á sýningunni, sem var nú haldin í sjöunda sinn, en hátt í 35 þúsund manns komu við þá fjóra daga sem opið var inn á sýninguna.

Fjölbreytninni var fyrir að fara og hér var eitthvað fyrir alla, jafnt fullorðna og börn, sem tækjaóða og hinn almenna borgara.

Agroteknikk var haldið í Norges Varemesse í Lillestrøm í fimm stórum sölum upp á um 40 þúsund fermetra. Þarna voru samankomnir norskir innflytjendur, söluaðilar véla og tækja, bændur, ungt fólk með áhuga á landbúnaði, félagasamtök, landbúnaðarskólar, ráðgjafar, stjórnmálamenn og fjölmiðlar með sérhæfingu á landbúnaði ásamt mörgum fleiri.

Tengslanetið mikilvægt

Óhætt er að segja að allir hafi fundið eitthvað við sitt hæfi þessa fjóra daga sem sýningin var haldin en þannig var haldin tæknisýkoparkeppni líkt og fyrri ár þar sem sendar voru inn 107 nýjar hugmyndir, allar góðar og gildar með nýjum nýsköpunarhugmyndum. Lærlingur ársins innan bifvélavirkjunar, með áherslu á landbúnaðartæki, var valinn og á föstudagskvöldinu voru skipulagðir sérstakir „bændur í bæinn“- tónleikar í Oslo Spektrum með rokksveitinni Hellbillies. Á föstudeginum var einnig hægt að fá faglega upprifjun og ráðgjöf á fjósbyggingum, vélbúnaði innandyra, véltækni ásamt fóðurráðgjöf og skipulag í mjólkurframleiðslunni. Prjónadúettinn Arne og Carlos voru einnig á sýningunni og buðu upp á vinnustofu fyrir prjónaþyrsta sem vakti mikla lukku.

Samdóma álit var frá sölumönnum sem stóðu vaktina á Agroteknikk að aldrei hefði sýningin heppnast jafnvel og fannst þeim áberandi hversu margir voru í fjárfestingahugleiðingum og voru vel inni í nýjustu tækni og tækjum. Forsvarsmenn sýningarinnar tóku eftir því að meira var um yngra fólk nú en áður og fannst það jákvætt merki fyrir landbúnaðinn. Þar að auki er slík sýning gríðarlega mikilvæg fyrir aðila til að byggja upp tengslanet sín við bændur og einnig milli söluaðila og framleiðenda.

/ehg



Það væri ekki amalegt að hafa svona tæki á hlaðinu hjá sér til skrauts. Fjórhjól í fullri stærð skorið út í tré. Myndir / ehg



Í hverjum sýningarbás var eitthvað áhugavert að sjá eins og þetta tryllitæki sem var í fjórhjóladeildinni.



Ansi hreint liðugur og lipur Multione-liðléttingur sem vakti athygli sýningargesta.

Stærsti hefðbundni traktor í heimi, Fendt 1050 Vario, fór ekki fram hjá sýningargestum, enda af stærri gerðinni og kallaður „þýska meistaraverkið“. Það tók sölumenn Eikmaskin þó nokkurn tíma að sannfæra þýska kollega sína um að senda þeim gripinn á sýninguna en tókst að lokum með þeim formerkjum að þeir yrðu að selja hann. Þetta var sjálfsagt meira sagt í gríni en alvöru en viti menn, traktorinn seldist og verður því áfram í Noregi en kaupandinn vildi ekki stíga fram og gefa upp hver hann væri.







Landbruk og Maskin stilltu út gömlum mykjudreifara til að minna á sig og sína þjónustu.



Sölumaður frá KR. Faksvåg sýnir það nýjasta í dekkjaframleiðslu fyrirtækisins en þeir eru þekktir fyrir „tvíburasamsetningu“ sína þegar kemur að dekkjum á dráttarvélar, þreskivélar og vagna, það er að segja þegar þau eru tvíhjóla að framan og aftan.



Þær eru engin smásmíði nýju kornþreskivélarnar frá stóru framleiðendunum enda voru jafnan raðir við þær af gestum sem vildu virða herlegheitin fyrir sér úr „stjórnklefanum“.





Hraðskreiðasta sláttuvél í heimi frá sláttuvélaframleiðandanum Viking sem nær 215 kílómetra hraða. Marius Gjevik frá fyrirtækinu Norwegian Speed Factory stóð fyrir verkefninu þar sem sláttuvélatraktor frá Viking er grunnurinn og með stýrisskiptingu úr Formúlu 1 kappakstursbíl ásamt dekkjum úr Formúlu 3 kappakstursbíl hefur þessi einstaki sláttubíll 405 hestöfl.



Frá Forest Technology Group er nýkominn á markað krani sem lyftir 14 tonna þunga og hefur vinnsluradíus upp á tæpa níu metra.

Valtra skorar hæst í nýrri úttekt Bedre gardsdrift

– Zetorinn var samt lang ódýrastur en prófaðar voru átta 120 hestafla vélar í 15 gráðu frosti og vetraraðstæðum í Finnlandi

Í vetrarúttekt Bedre gardsdrift í Noregi á átta stórum 120 hestafla dráttarvélum sem fram fór í Finnlandi fyrir skömmu, kemur Valtra best út í heildarstigagjöf. Þar á eftir eru Massey Ferguson og Case IH.

Í þessu samanburðarprófi sem kynnt var a Agroteknikk-sýningunni í Noregi voru 120 hestafla vélar frá Case IH, Claas, Deutz-Fahr, John Deere, Massey Ferguson, New Holland, Valtra og Zetor. Var þessi úttekt samvinnuverkefni þriggja landbúnaðarrita á Norðurlöndum, þ.e. Koneviesti í Finnland, Lantmannen í Svíþjóð og Bedre Gardsdrift í Noregi.





Valtra skorar hæst

Mest vægi í þessari úttekt fær mat notenda, en þar skorar Valtra hæst, en hafa ber í huga afar sterka sögulega stöðu Valtra í Finnlandi. Þá fær Valtra líka hæstu heildareinkunnina í þessari prófun með 792 stig. Næst kom Massey Ferguson með 736 stig, þá Case IH með 710 stig, Deutz-Fahr með 694 stig, Claas með 655 stig, New Holland með 636 stig, Zetor með 587 stig og John Deere með 578 stig. Annars segir í inngangi að niðurstöðum þessarar úttektar:

„Valtra er best, MF gerir það gott og Claas og Case IH eru í lagi. Zetor er ágætur og þar skiptir verðið miklu máli, en þrír síðustu eru eins og þeir eru.“

Útbúnar samkvæmt finnskum kröfum

Allar dráttarvélarnar sem teknar voru til prófunar voru útbúnar samkvæmt finnskum kröfum, þar sem, m.a. yfirbygging og miðstöð í köldum vetraraðstæðum skiptir ökumann miklu máli, sem og dekk, framþungi og hæfni vökvakerfis við erfiðar aðstæður.

Greinilegt er að finnsk hefð og saga Valtra í norrænum landbúnaði er sterk og skín dálítið í gegn í niðurstöðunum. Þar er m.a. vísað sérstaklega til þess að þótt hönnunin á húsinu sé gamaldags þá sé þetta samt gamalt og gott og hafi reynst vel.

Valtra sögulega sterkt nafn í finnskum landbúnaði

Valtra er upprunnin hjá Eskilstuna Mekaniska Werkstad sem stofnað var af Theofron Munktell árið 1832. Frá þessu fyrirtæki spruttu dráttarvélanöfnin Munktell, Bolinder-Munktell (BM), Velmet, Volvo og Valtra. Nafnið Valmet var forrennari Valtra og var myndað út úr fyrirtækjanöfnunum VALtion METallitehtaat, State Metal Works árið 1951. Nafnið þróaðist síðan upp í Valtra sem varð þó ekki að tegundarheiti fyrr en 1963. Var þetta gert í endurskipulagningu starfseminnar, en Valmet-nafnið færðist þá yfir á móðurfélagið sem framleiddi vélar fyrir pappírsiðnaðinn. Dráttarvélaframleiðsla Valtra færðist svo yfir til Sisu Corporation árið 1994. Það sameinaðist svo Partek árið 1997 og fékk fyrirtækið þá nafnið Valtra Inc. Fyrstu þrjú árin var ákveðið að nota nafnið Valtra Valmet á dráttarvélarnar en síðan eingöngu Valtra eftir það.

Zetor langódýrasta dráttarvélin

Í úttektinni skorar verðið mjög hátt og hífir það hinar tékknesku Zetor Proxima Pover 129 dráttarvélar upp fyrir John Deere í heildarúttektinni. Kom Zetorinn langbest út hvað verðvarðar í norskum krónum talið, eða 488.800 NOK. Næst í verði kom Claas Arion 430 á 619.000 NOK, þá John Deere á 626.700, síðan Deutz-Fahr S120C á 639.900, Massey Ferguson S612 Dyna4 Essential á 654.190, Valtra N113 HITech 3 á 659.000, Case IH Farmall 11SU Pro á 714.100 og New Holland TS.115 Electro Command var á 742.000 norskar krónur.

Deutz-Fahr og Case IH með minnsta eyðslu undir álagi

Í mælingu á eldsneytiseyðslu var ekin 31 km vegalengd með 700 kílógramma aukaþyngd. Þar kom Case IH og Deutz-Fahr best út með 12,3 og 12,4 lítra eyðslu á klukkutíma. Þar á eftir kom John Deere með 13,6 lítra og New Holland með 13,7 lítra. Síðan kom Claas með 14,5 lítra, Zetor með 14,6 lítra, Valtra (þyngsta vélin í hópnum) með 14,9 lítra og Massey Ferguson rak lestina með 15,7 lítra eyðslu á klukkutíma.

Svipuð eyðsla á hvert tonn

Að teknu tilliti til þyngdar vélanna og eyðslu á hvert tonn, þá voru Case IH, Claas, Deutz-Fahr og Valtra með sömu eyðslu, eða 0,042 lítra á hvert tonn. Þar á eftir kom John Deere með örlítið meiri eyðslu eða 0,043 lítra á tonn. Massey Fergusson og New Holland komu út með sömu eyðslu eða 0,047 lítra á tonn en Zetor rak lestina með 0,058 lítra á hvert tonn.

Deutz-Fahr og Valtra hljóðlátastar

Allar vélarnar koma þokkalega út hvað varðar hávaðamælingu inni í ökumannshúsi í 40 km keyrslu. Þar koma þó Deutz-Fahr og Valtra best út með 74 desibel en hinir koma þar fast á hælana, nema Zetor sem fer upp í 83 desibel.

Case fær betri dóma en systurvélin New Holland

Case IH Farmall Pro lenti í þriðja sæti í heildarstigagjöfinni. Vakti hann ekki síst athygli fyrir gírskiptinguna með sinni hnappaskiptingu. Vélin sem framleidd er í Austurríki kemur mun betur út í þessari úttekt en New Holland sem líka er frá CNH-samsteypunni. Báðir koma þeir þó mjög vel út í kaldræsingu í 15 gráðu frosti, þar sem Zetorinn átti í verulegum vanda og Deutz-Fahr var ansi þungur.

Zetorinn erfiður í gang en fljótur að hitna

Allar vélarnar, að frátaldri Zetor vélinni, fóru í gang á fyrsta starti en þurfti þrátt fyrir það næstbest í vali ökumanna. Slök miðstöð í Claas vélinni felldi hana úr öðru sætinu í heildarstigagjöfinni.

Athygli vekur hve John Deere fær slaka dóma í þessari úttekt. Fær þessi amerísk-ættaða dráttarvél verstu útreið hvað dóma um ökumannshús áhrærir og kúplingin pirraði ökumenn greinilega mikið. Er þetta nokkuð sérstakt í ljósi þess hversu mikill skriður hefur verið á John Deere-verksmiðjunum í Þýskalandi. */HKr.*



Íslensk jólatrjáaræktun og -sala á framtíð fyrir sér

Talið er að fyrir jólin muni seljast ríflega 40 þúsund jólatré á Íslandi. Undanfarin ár hefur aðeins um fjórðungur seldra jólatrjáa hér á landi verið úr íslenskri skógrækt.

Nokkuð hávær umræða hefur verið um það á undanförnum árum að stórlega þurfi að auka þetta innlenda hlutfall og hníga að því ýmis rök; aðallega umhverfisleg og efnahagsleg.

Margir munu kannast við jólaskógana, en ríflega 20 skógræktarfélög víða um land hafa á undanförnum árum selt grenitré úr sínum skógum fyrir jólin.

Það ætti að vera flestum hagur í því að velja ferskt íslenskt jólatré fyrir jólin og styrkja með því skógræktarstarfið í landinu. Talið er að fyrir hvert selt jólatré úr jólaskógi geti skógræktarfélögin gróðursett 30–40 ný tré.

Frá 2011 hefur svo átaksverkefni í akurræktun jólatrjáa verið í gangi og nú eru fyrstu þátttakendurnir í því verkefni farnir að selja tré úr sinni ræktun. Skjólleysi og samkeppni við annan gróður er helsta vandamálið. Ólíkt nágrönnum okkar í Danmörku er hins vegar lítið notað af eiturefnum í slíkri akurræktun á Íslandi en frekar gróðursett í plast, jarðvegsdúk eða annað þekjandi efni notað til að hefta illgresi. Við njótum þess líka hér á landi að minna er um óværu sem herjar á trjágróðurinn hér miðað við það sem gerist í heitari löndum. */smh*



Í desember 2014. Sólveig er þarna með tvö nýhöggvin blágrenistré.

Hrönn Guðmundsdóttir er verkefnisstjóri átaksverkefnis í jólatrjáarækt:

Jólatré fjöldaframleidd á akri

– lausnir án eiturefna hafa skilað árangri

Landssamtök skógareigenda (LSE) fóru árið 2011 af stað með fimmtán ára átak í akurræktun jólatrjáa að danskri fyrirmynd.

Skipaðir voru starfshópar vítt og breitt um landið með bændum sem áhuga höfðu á ræktun jólatrjáa.



Blágreni og fura á auðu svæði inni í lerkiskógi í Brekkugerði í Fljótsdal.

Vandamál með skjólleysi, illgresi og grasvöxt

Að sögn Hrannar Guðmundsdóttur, verkefnisstjóra átaksverkefnisins, héldu hópstjórar utan um hópana til að byrja með og landshlutaverkefnin í skógrækt (LHV) sáu um ráðgjöf til þátttakenda.

„Þrír hópar, einn í hverjum landshluta, alls um 35 manns, tóku þátt frá upphafi. Ráðlagt var að byrja á að byggja upp skjól, svokallaða skjólskápa sem jólatrjánum yrði svo plantað í síðar. Skjólleysi er helsta vandamál ræktunar jólatrjáa ásamt illgresi og miklum grasvexti. Jólatrjáaræktun á ökrum kallar á töluverða ráðgjöf, en þessi ræktun er með öðru sniði en önnur nytjaskógrækt, líkist í raun meira garðyrkju," segir Hrönn.

LSE tók þátt í verkefninu Kraftmeiri skógur sem var samstarfsverkefni fimm aðila innan þriggja landa. „Þetta var yfirfærsluverkefni í menntaáætlun Evrópusambandsins sem heitir „Leonardo". Verkefninu var ætlað að ná til sem flestra skógareigenda með fræðslu á ýmsum sviðum – og var fræðsla og ráðgjöf í jólatrjáaræktun einn liður í því verkefni.

Samið var við Else Möller skógfræðing um að sinna ráðgjöf til jólatrjáaræktenda. Hún og sérfræðingur frá Danmörku, sem var einn af þátttakendum í verkefninu Kraftmeiri skógur, fóru í heimsóknir til allra þátttakenda í verkefninu árin 2013 og 2014. Þar var farið yfir alla þætti sem þarf að hafa í huga við ræktun jólatrjáa á akri, staðarval, fjar- og nærskjól, tegundaval og margt fleira. Else hefur heimsótt jólatrjáaræktendur aftur á Norður- og Austurlandi og mun heimsækja ræktendur á Suðurlandi 2016. Mikilvægt er að halda vel utan um hópana með góðri ráðgjöf og hvatningu, leita tilboða í réttar plöntur og fleira sem upp kemur," segir Hrönn.

Jarðvegurinn betur undirbúinn

Hrönn segir að um vorið 2013 hafi Else Möller lokið meistararitgerð við Landbúnaðarháskóla Íslands um akurræktun jólatrjáa við íslenskar aðstæður. „Þar kom í ljós að eiginleg akurræktun að danskri fyrirmynd þarfnast meiri undirbúnings og rannsókna. Því höfum við farið hægt af stað á meðan verið er að þróa verkefnið. Við hvetjum þátttakendur til þess að koma upp skjólbeltum, en mikilvægt er að rækta í góðu skjóli með góðu aðgengi til að auðvelda alla vinnu við umhirðu jólatrjáa."

Lítill áhugi á eiturefnanotkun

„Misjafnar aðferðir eru notaðar við að halda niðri illgresi, en ekki er mikill áhugi fyrir mikilli notkun eiturefna," segir Hrönn, en Danir, sem eru stórtækir ræktendur á þessu sviði, hafa legið undir ámæli fyrir mikla notkun á eiturefnum. „Ræktendur reyna að nota aðrar leiðir, eins og að þekja akurinn með plasti eða þykkum jarðvegsdúk, setja kurl eða pappa í kringum plönturnar, slá á milli raða og fleira.

Þetta kallar á mikla frumkvöðlavinnu og hefur sýnt sig að öll þessi vinna skilar árangri. Markmiðið er að hækka nýtingarhlutfall söluhæfra trjáa úr hverjum reit."

Það er, að sögn Hrannar, löng reynsla fyrir því hjá Skógrækt ríkisins og skógræktarfélögunum að rækta jólatré í skjóli birkiskóga og annarra skóga. „Á meðan verið er að ná tökum á akurræktuninni hefur LSE hvatt þátttakendur til að nýta auð svæði inn í ungskógum sínum því árangur er betri þar sem jarðvegur er rýr og minni samkeppni við gras og illgresi auk þess að nýta það skjól sem skógurinn gefur."

Hrönn leggur áherslu á að Íslendingar verði að auka hlutdeild sína í seldum jólatrjám hér á landi svo um muni. „Íslendingar flytja inn 30–40 þúsund jólatré á ári með mörgum neikvæðum áhrifum á umhverfið; ýmsum meindýrum, sjúkdómum og koltvísýringsútblæstri við flutningana. Það er því kappsmál fyrir okkur að vera sjálfbær með jólatré. Markmið LSE er að eftir þessi fimmtán ár verði ræktun jólatrjáa markviss atvinnugrein skógarbænda í öllum landshlutum." */smh*



Jólatrjáaakur inni í skógarlundi, þakinn jarðvegsdúk og hulinn möl, á Bænum Klauf í Eyjafirði. Myndir / Hrönn Guðmundsdóttir

Sólveig Pálsdóttir, akurræktandi jólatrjáa:

Sannfærð um að þetta er hægt

Hjónin í Prestsbakkakoti, rétt austan við Kirkjubæjarklaustur, hafa verið með í verkefninu um akurræktun jólatrjáa frá byrjun.

„Við vorum reyndar byrjuð áður að gróðursetja jólatré í akurræktun, eða árið 2001," segir Sólveig Pálsdóttir.

Eingöngu stunduð skógrækt á jörðinni

„Við búum á jörð þar sem eingöngu skógrækt er nú stunduð. Við tókum gömlu túnin frá fyrir ræktunina og eigum því talsvert landrými sem við eigum eftir að nýta.

Smám saman höfum við verið að skipta þeim niður í um 25 metra breiðar spildur með skjólbelti á milli. Það er í raun það fyrsta sem maður gerir þegar maður ætlar út í svona ræktun – að koma sér upp skjólbeltum," segir Sólveig.

Kynntist ræktuninni í Danmörku

„Mér bauðst til að fara til Danmerkur og skoða aðstæður hjá þarlendum jólatrjáaræktendum og það var til þess að áhuginn vaknaði. Við höfum líka verið þátttakendur í Suðurlandsskógum frá byrjun og fengum hjálp þaðan til að skipuleggja landið okkar með tilliti til akurræktunar á því.

Við svosem fórum ekki alveg sömu leiðir og Danir fara; við unnum landið fyrst, plægðum og tættum og settum svo plast yfir – til að halda illgresi í lágmarki. Við höfum varla þurft að nota nokkurt Roundup-eitur hjá okkur – bara einu sinni, held ég. En einstaka sinnum höfum við þurft að nota skordýraeitur þegar upp koma lúsafaraldrar eða þegar fiðrildalifrur eru óvenju skæðar. Það er einfaldlega ekki sami fjöldi meindýra sem herjar á gróður hér á landi og í Danmörku, þannig að því leytinu til er þessi ræktun skaplegri hér á landi. Annars er þetta bara val, ef þú eitrar ekki þarftu bara að reyta og þá aðferð höfum við valið – en það er alveg gríðarleg vinna. En hún er skemmtileg. Ef þú vilt fá fallegt jólatré þá verður þú að hugsa um hvern einasta einstakling.

Íslenskir ræktendur eru auðvitað ennþá bara að prófa sig áfram með það sem virkar. Við erum núna til dæmis að skoða hvernig kemur út að nota svokallaða platta, sem er pappi og er settur utan um stofninn við jörðina.

Við erum með blágreni og fjallaþin í okkar ræktun. Fjallaþinur er alveg afskaplega falleg tegund, en hann er erfiður í ræktun og lætur hafa fyrir sér – hann myndar til dæmis marga toppa í byrjun. Raunar held ég að fólk geri sér almennt ekki grein fyrir vinnunni sem maður þarf að inna af hendi í kringum þessa ræktun. En þetta val hjá okkur á tegundum helgast eiginlega aðallega af því af þetta eru barrheldin tré – og svo eru þau auðvitað mjög falleg. Fjallaþinurinn er mjög líkur normannsþini, sem Íslendingar þekkja vel og er fluttur inn frá Danmörku."

Sannfærð um að þetta sé hægt

„Núna er ég orðin sannfærð um að þetta sé hægt hér á Íslandi, þar sem ég er farin að uppskera úr ræktuninni og selja. Á tímabili var mér þó um það bil að fallast hendur, en svo rofaði til og nú sé ég til sólar. Þetta tekur bara tíma. Það eru fjögur ár síðan við fórum að selja úr okkar ræktun og almennt má reikna með tíu til tólf árum frá gróðursetningu og þangað til hægt er að fara að selja. Mest höfum við selt hér í kringum okkur; nágrönnum og ættingjum. Það má segja að við séum ennþá bara beint frá býli, enda voru þetta einungis 15 tré í fyrr en gætu jafnvel orðið 30 í ár. Við kaupum okkar plöntur í samstarfi við aðra þátttakendur í verkefninu og leitum þá hagstæðustu tilboða. Við erum nú að skoða möguleikann á því að ala þær aðeins lengur upp í vermireitum svo við getum farið að planta þeim aðeins seinna út – þegar þær eru orðnar aðeins stærri og öflugri," segir Sólveig. */smh*



Akur jólatrjáa í Prestsbakkakoti.

„Vá, hvað er þetta?“
„Þetta er það sem Frakkar kalla Coq au vin...“
„Ko... hvað?“
„Frakkar kalla þetta Coq au vin.“
„Ko...“
„Reyktur kjúklingur í rauðvíni, maður.“



Rauðvínssoðinn, reyktur kjúklingur með skallottulauk og sveppum.

Uppskriftina í heild sinni ásamt eldunaraðferð er að finna á www.holta.is/uppskriftir.

Holta KJÚKLINGUR



Starfsmenn Lífeyrissjóðs bænda á gömlu skrifstofu framkvæmdastjórans í Bændahöllinni. Ólafur K. Ólafs, Borghildur Jónsdóttir, Áslaug Jóhannsdóttir, Kristín Margrét Kristjánsdóttir og Sigrún Guðjónsdóttir.
Myndir / HKr.

Lífeyrissjóður bænda fluttur úr Bændahöllinni eftir nærri 20 ára veru:

Bæði tilhlökkun og söknuður segja starfsmenn sjóðsins

– flutt til að rýmka fyrir fjölgun herbergja á hótelinu sem taka á í gagnið í vor

Lífeyrissjóður bænda hefur flutt starfsemi sína úr Bændahöllinni þar sem hann hefur verið með aðsetur í hartnær 20 ár. Ástæðan er að breyta á þeirri hæð Hótel Sögu í hótelherbergi, þar sem sjóðurinn var með starfsemi sína.

Nýtt aðsetur sjóðsins frá 30. nóvember síðastliðnum er við Grafarvog að Stórhöfða 23 í Reykjavík, í sama húsi og MAST. Þá hefur sjóðurinn fengið nýtt símanúmer, 563-1300.

Ólafur K. Ólafs, framkvæmdastjóri LSB, segir að komið hafi til álita að flytja starfsemina á milli hæða í Bændahöllinni. Bændasamtökin hafi m.a. verið reiðubúin að fara í talsverðar framkvæmdir á annarri hæð hússins til að svo mætti vera. Rúmbetra húsnæði, sem var sniðið fyrir skrifstofurekstur af þessum toga, hafi hins vegar boðist við Stórhöfða.

„Að athuguðu máli var niðurstaðan sú að heppilegra væri til lengri tíma litið að flytja í það húsnæði," sagði Ólafur. „Við erum líka mjög ánægð með að hótelið sé að nýta sér þá stöðu í vaxandi ferðamannaþjónustu að fjölga hótelherbergjum og auka við starfsemi sína. Við höfum því væntingar til þess að þetta muni reynast hótelinu vel til framtíðar og styrkja starfsemina og efla hag Bændasamtakanna um leið. Um leið og það er ánægja og tilhlökkun fólgin í flutningunum, þá söknum við verunnar í Bændahöllinni."



Allt að verða tómt á gamla staðnum ...





Síðustu handtökin geta verið drjúg.



... þá er bara að trilla restinni á nýja staðinn.

Borghildur Jónsdóttir bókari hefur starfað lengst allra starfsmanna hjá sjóðnum. Hún segir að sjóðurinn hafi verið til húsa á nokkrum stöðum í gegnum tíðina. Hann hafi áður verið í Bændahöllinni en flutti síðan á Kirkjusand, þar sem Íslandsbanki er nú, og síðan í Hús verslunarinnar.

„Það var svo í febrúar 1996 að sjóðurinn flutti úr Húsi verslunarinnar í Bændahöllina," segir Borghildur en það var stuttu eftir að hún hóf störf hjá sjóðnum. Nú er aftur búið að flytja og segir hún að rúmt sé um þau á nýja staðnum, en samt sé ákveðin eftirsjá að fara úr Bændahöllinni. Ekki síst að yfirgefa kunningja og vini til margra ára.

Fyrir mörgum árum, á meðan Lífeyrissjóður bænda var á 3. hæðinni í Bændahöllinni, var farið í framkvæmdir á hæðinni í norðurálmu byggingarinnar, en þá var verið að leggja lagnir í gólf til að gera klárt fyrir gistiherbergi síðar. Borghildur segir að á þeim tíma hafi starfsfólkið hjá sjóðnum orðið að vera með eyrnatappa til að þola hávaðann af múrbroti sem þar fór fram.

„Það var ekki einu sinni hægt að tala í síma," sagði Borghildur.

Það er svo ekki fyrr en nú, mörgum árum seinna, að hafist er handa við að ljúka verkinu og setja upp 27 herbergi sem eiga að vera tilbúin til útleigu í vor.

Á þessari hæð, norðurálmu Bændahallarinnar, hafa skrifstofur hótelsins líka verið. Sú starfsemi var flutt í síðustu viku á sama gang og skrifstofur Bændasamtaka Íslands.

Ólafur segir að öll þessi ár sem sjóðurinn hafi verið með starfsemi í Bændahöllinni hafi samstarfið við starfsfólk Bændasamtakanna og hótelsins verið til mikillar fyrirmyndar og munu starfsmenn sjóðsins vera áfram félagar í Almenningi, starfsmannafélagi samtakanna. */HKr.*

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík



MICKEY THOMPSON

jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi

M/T merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.

Stærðir 32" - 54"

Icetrack ehf. Sími 773 4334
netfang: mtdekk@mtdekk.is / www.mtdekk.is




Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

VERKFÆRA SALAN

Síðumúla 11 · 568 6899 · www.vfs.is



Verð 94.900



Verkfæraskápur 188 verkfæri

7 skúffur – 1/4", 3/8“ & 1/2" topplyklasett Splittatangir, skrúfjárn, fastirlyklar, tangir, skralllyklar, meitlar, sexkantar, rennimál, þjalir.

USG FIRP7B



Ný vara 69.900

Veggskápur USG

Upphengdur læsanlegur verkfæraskápur með rennihurð, læsanlegur. Kjörinn fyrir geymslu á verkfærum. Stærð: 1375x714x145

USG F1Z600



Ný vara 69.900

Vinnuborð

Traust vinnuborð frá USG. Sterkur járn rammi.

Stærð: 1500x780x830mm

USG F1Z200



Verð 119.900



Verkfæraskápur 172 verkfæri

7 skúffur með frauðbökkum. 1/4", 3/8“ & 1/2" topplyklasett. Splittatangir, skrúfjárn, fastirlyklar, tangir, skralllyklar, skiptilykill, meitlar, sexkantar, rennimál, þjalir.

USG FIRP7B-FOAM



Trausti Valsson, prófessor í skipulagsfræði við Háskóla Íslands, hættir um áramótin og kveður með nýrri bók:

„Besta náttúruverndarráðstöfunin er falin í því að laga vegina“

– þannig verði komið í veg fyrir utanvegaakstur. Telur líka afar mikilvægt að tryggja sjálfbærni landbúnaðar og fæðuöryggi

Trausti Valsson lætur af störfum nú um áramótin sem prófessor í skipulagsfræði við Háskóla Íslands þar sem hann er að verða sjötugur. Hann er ekki síst þekktur fyrir djarfar hugmyndir sínar um tengingar landshluta með vegum þvert yfir hálendi Íslands.

Víst er að hugmyndir Trausta hafa ekki fallið öllum í geð og fullyrt hefur verið að þær stangist á við náttúruvernd. Þessu vísar Trausti alfarið á bug og segir mikinn misskilning í slíkum fullyrðingum. Hann hefur nú gefið út bók sem er eins konar yfirlit yfir hugmyndir hans og feril og ber titilinn **Mótun framtíðar**.

Það eru nú þegar vegir yfir hálendið

„Kannski er fyrst til að taka að sennilega átta sig ekki allir á því að það eru þegar komir vegir víða um hálendið og á sumum stöðum allgóðir vegir. Ef við tökum til dæmis Kjalveg, þá hefur Vegagerðin smám saman verið að bæta þann veg og búið er að brúa einu ána á leiðinni sem er Seyðiskvísl. Landsvirkjun lagði líka veg á sínum tíma upp að Blöndulóni og dálítið suður á sandinn vegna efnisflutninga við virkjanaframkvæmdir. Sunnan frá náði vegurinn fyrst upp að Gullfossi en teygðist svo lengra til norðurs.“

Trausti segir að í dag sé Kjalvegur mjög mikið nýttur af ferðaþjónustuaðilum, bæði sumar og vetur. Mikið sé farið þessa leið með ferðamenn á Hveravelli, í Kerlingarfjöll og í vélsleðaferðir á Langjökul. Þessir aðilar hafi ýtt mjög undir kröfur um að vegurinn væri lagfærður, enda hefur sunnanverð leiðin oft á tíðum verið eitt samfellt þvottabretti.

„Það er kominn allgóður vegur langleiðina upp að Bláfellshálsi. Það eru ekki nema 80 kílómetrar eftir af Kjalvegi sem þarf að endurbæta og á þeirri leið þarf enga brúargerð,“ segir Trausti.

Kjalvegur í dag er hættulegur heilsu manna og ökutækjum

Hann bendir á að á meðan vegurinn sé sums staðar mikið niðurgrafinn verði hann alltaf til vandræða. Í bleytutíð sé oft eina leiðin fyrir vegfarendur að aka upp úr grafningunum og búa þá til nýjar slóðir utan vegar.

Í þurrviðri sé stöðugur rykmökkur á þessari leið sem sé lítið augnayndi fyrir náttúruunnendur auk þess sem nýjustu rannsóknir sýni að slíkt ryk sé stórhættulegt við innöndun. Ástæðan er einkum hversu smágerð kornastærð er í vegaryki sem leitar þá niður í lungnablöðrurnar og situr þar fast.



Trausti Valsson prófessor hefur lengi barist fyrir hugmyndum sínum um styttingu leiða milli landshluta með því að endurhanna þá slóða sem fyrir eru yfir hálendi landsins. Með því megi koma í veg fyrir óþarfa utanvegaakstur, hættulega rykmengun og eignatjón. Einnig muni það tryggja öllum landsmönnum sama rétt til að njóta náttúrunnar. Í bókinni „Mótun framtíðar“ er farið yfir þessar hugmyndir í texta, myndum og á geisladiski. Mynd /HKr.

Vegarykið er stórhættulegt

„Vegaryk er því stórhættulegt fyrir lungun. Auk þess sem varla sést til fjalla í rykmekkinum. Því finnst mér alveg þess virði að hugleiða hvort ekki megi eitthvað draga úr þessu ryki. Ég held að besta aðferðin til þess sé að leggja olíumöl á veginn.“

Trausti vísar til ráðstefnu sem haldin var um hálendisvegi á Hótel Sögu fyrir tveim árum. Þar lýsti fulltrúi rútubílafyrirtækisins Sterna þeim hörmungum, sem rútuútgerðir, sem gera út á akstur um Kjalveg, eigi við að etja. Mikið tjón verði á rútunum eftir hverja ferð vegna lélegs ástands vegarins. Þá sé fjöðrunarbúnaðurinn í nýjum rútum ekki hannaður fyrir slíka óvegi.

Segir Trausti að skynsamlega uppbyggður vegur með bundnu slitlagi bæti úr öllum þessum atriðum. Segir hann lykilatriðið að vegirnir séu ekki niðurgrafnir heldur byggðir aðeins upp úr yfirborðinu úr góðu efni þannig að þeir losi sig við vatnið. Einnig sé nauðsynlegt að lyfta veginum aðeins upp úr lægðum þar sem skaflamyndun sé mest á vetrum.

Vanþekking

„Ég held að fólk sem mest stýrir umræðunni gegn slíkum framkvæmdum skilji ekki, eða vilji ekki gefa sér tíma í að kynna sér um hvað málið snýst.“

Trausti segist sjálfur hafa mikinn áhuga á náttúruvernd. Í þeim hópi sé þó fólk sem lætur mikið í sér heyra í gagnrýni á vegagerð og aðrar framkvæmdir, en virðist oft ekki hafa tæknilega þekkingu á því sem það er að tala um.

„Mér finnst að þegar slíkt fólk er farið að stjórna umræðunni, þá séum við komin í svolítið slæm mál. Oft er þetta líka mjög sjálfhverft fólk sem er að reyna að afla sér vinsælda í ákveðnum hópum.“

Segir Trausti að þetta sé þó ekki algilt í málflutningi náttúruverndarsinna, sem upp til hópa sé ágætis fólk. Dæmi um það sé t.d. dr. Þorleifur heitinn Einarsson, prófessor, jarðfræðingur og náttúruverndarsinni, sem alla tíð hafi verið mjög praktískur í sínum rökfærslum. Hann sat m.a. í náttúruverndarráði á áttunda áratug síðustu aldar og var virkur félagi í Skógræktarfélagi Íslands.

Trausti segir að vönduð vegagerð um hálendið og víðar séu grundvallarhagsmunir, ekki síst fyrir byggðir sem fjærst eru þéttbýlinu.

„Fyrir það fólk er mjög mikilvægt að vegasambandið stystu leið milli landshluta verði bætt. Það eru fyrst og fremst vegabætur sem geta bætt búsetuskilyrði þessa fólks.


Þvert á þetta liggja nú fyrir Alþingi tillögur að svokallaðri landsskipulagsstefnu sem er ótrúlega slæmt plagg.

Ef komist væri út úr þessu kræklótta, slæma og ófrágengna vegakerfi, sem landsskipulagsstefnan vill festa í sessi, þá væri hægt að stytta leiðina úr Reykjavík til Norðausturlands um 200 kílómetra með því að fara um Sprengisand.


Á þessari leið eru vegslóðar, sem ég hef stúderað mjög mikið. Sú leið sem stytta myndi vegalengdir langmest yrði vegur yfir hálendið og niður austan við Skjálfandafljót og beint niður að Mývatni, en ekki niður Bárðardal og niður með Goðafossi. Þetta myndi stytta leiðina um 80 kílómetra til viðbótar miðað við að fara um Bárðardalinn. Þannig eru margar leiðir til styttingar sem fólki er ekki kunnugt um.

Hálendið aðeins fyrir ríka fólkið á stóru jeppunum?

Þetta er ekki spurning um að leggja nýja vegi alfarið um ósnortið land, heldur að endurbæta þá vegi sem fyrir eru. Eitt finnst mér nokkuð mótsagnakennt í umræðunni um túrisma. Margir sem kveðið hafa sér hljóðs í þeirri umræðu vilja leggja aukna áherslu á ferðamennsku en segja um leið að hálendið sé svo dýrmætt að þar eigi helst að takmarka aðgengi. Mér finnst mikil mótsögn falin í því



Hugmyndir Trausta byggja á því að stytta verulega ferðaleiðir milli landshluta sem um leið muni opna nýja möguleika fyrir vaxandi ferðaþjónustu. Í raun eru ekki ýkja langir kaflar sem á eftir að laga fyrir utan að leggja á þá bundið slitlag, en þeir eru merktir með grænu.



Með bættum vegasamgöngum yfir hálendið færðist Norður- og Norðausturland hvað samgöngur varðar 200 kílómetrum nær Reykjavík. Það samsvaraði því í vegalengdum að landið yrði minnkað um það sem nemur hvíta fletinum á þessu korti.

að segja að þetta svæði sé mikilvægt, en tala svo á móti því að það sé gert aðgengilegt fyrir venjulegt fólk, en verði aðeins fyrir ríka fólkið á stóru jeppunum. Þetta fólk hefur notið þess fram til þessa að vera með hálendi Íslands meira og minna út af fyrir sig og vill helst hafa það þannig áfram.

Besta náttúruverndin falin í lagfæringu veganna

Mér finnst að almenningur og erlendir ferðamenn eigi að hafa kost á því að komast inn á þetta svæði á venjulegum bílum, sem ekki er hægt í dag. Þess í stað er fólk að skröngglast þetta eftir illfærum slóðum og utan vega og eyðileggja landið.


Ég hef haldið því fram að með aukinni umferð ferðamanna, þá sé einhver besta náttúruverndarráðstöfun falin í því að laga vegina til að koma í veg fyrir utanvegaakstur.“

Sjálfbærni landbúnaðar afar mikilvæg

Trausti hefur áhuga á mörgum öðrum málum sem tengjast landnýtingu, eins og landbúnaði, og fjallar líka um þau í hinni nýju bók sinni, „Mótun framtíðar“.

„Mér finnst mjög áhugaverð umræðan á seinni árum um sjálfbæra þróun. Ég og Birgir Jónsson, samkennari minn við Háskóla Íslands, efndum til samstarfs við Ernu Bjarnadóttur, hagfræðing hjá Bændasamtökum Íslands, um rannsóknir á hvernig það væri ef landinu yrði skipt í ákveðna fleti út frá hugsuninni um sjálfbærni.

Almennt má segja að sjálfbærni byggist á því að ná sem mestri hagkvæmni. Allt sem er hagkvæmt fer vel með viðkomandi starfsgrein og þar með þjóðfélagið. Í þessum vangaveltum könnuðum við ýmislegt, m.a. hvar hentugustu aðstæðurnar væru fyrir landbúnað á Íslandi. Hér á landi eru margar góðar forsendur fyrir þessa grein, m.a. gnægð vatns, möguleikar tengdir jarðhita, næg landbúnaðarlönd, hlýnandi loftslag, meiri frjósemi, möguleiki á stækkun svæða, lítil þörf á notkun tilbúins áburðar, gott rými og litlar áveitur. Þó margt gott sé um áveitur að segja, sérstakleg í þurrari löndum, þá skilja þær eftir salt í jarðveginum þegar þær þorna upp. Það er orðið stórt vandamál víða í landbúnaði.“



„Mér finnst mjög áhugaverð umræðan á seinni árum um sjálfbæra þróun. Ég og Birgir Jónsson, samkennari minn við Háskóla Íslands, efndum til samstarfs við Ernu Bjarnadóttur, hagfræðing hjá Bændasamtökum Íslands, um rannsóknir á hvernig það væri ef landinu yrði skipt í ákveðna fleti út frá hugsuninni um sjálfbærni.“

Nauðsynlegt að tryggja fæðuöryggi til að geta mætt áföllum

Bendir Trausti á að þegar lögmál markaðarins fái ein að ráða ferðinni, þá sé farið að horfa á hagsýnissjónarmið út frá mjög þröngum skilningi. Þegar menn vilji byggja upp starfsemi eins og landbúnað í einhverju landi, eða í heimsálfum eins og Evrópu, þá megi sú hugsun aldrei vera allsráðandi að einblína á fljóttekinn og mikinn hagnað fyrir rekstraraðila heldur verði sú uppbygging að byggja á skynsemi út frá heildarsjónarmiðum.

„Mér þykir slæmt að heyra það varðandi mögulega tollasamninga ef Evrópusambandið reynir ekki að passa upp á að hafa hlutina þannig að framtíðarsjónarmið í þágu heildarinnar ráði í reglugerðarsmíð og löggjöf.

Síðan er annað sem þarf að hafa í huga, þegar verið er að huga að skipulagningu atvinnuvega. Það er að krísuástand getur alltaf komið upp. Þá þurfum við að vera með þannig starfsemi að hún sé sem mest sjálfbær og þoli áföll. Þetta varðar notkun á innlendum áburði, orku og alla aðra hluti. Síðasta dæmið um mikilvægi þess að vera með sterkan íslenskan landbúnað sáum við í kreppunni sem skall á 2008. Þá snarlækkaði verðið á íslensku krónunni þannig að allur innfluttur matur varð mjög dýr. Ef við hefðum þá ekki verið með okkar íslenska landbúnað, þá hefði höggið orðið mun meira. Það er því nauðsynlegt að við séum sjálfbær um okkar grunn-matvælategundir. Þetta er alveg það sama og gerðist í kreppunni miklu um 1930. Þá voru ekki til peningar til að flytja inn dýr erlend matvæli. Þá gat þjóðin komist af með því að lifa á íslenskum landbúnaðarafurðum og fiski. Það bjargaði þjóðinni þá.

Það væri góð stefna fyrir framtíðina að við gætum í viðlögum og alvarlegum tilfellum komist með góðu móti af án mest alls innflutnings. Í það minnsta hvað varðar grunn-matvælategundir þ.e. að við eigum nóg af þeim til að halda lífinu í fólkinu.“

Of sjálfhverf og þröngsýn umræða

Trausti segir að Íslendingar geti ekki leyft sér að halda að heimsmyndin verði í framtíðinni eintóm hamingja. Fólk eigi að vera minnugt þess að á síðustu öld voru tvær heimsstyrjaldir þar sem landið lokaðist að allverulegu leyti fyrir innflutningi, t.d. vegna of hás verðs.

„Mér finnst að framtíðarstefna þjóðarinnar þurfi að taka mið af stærri viðburðum af þessum toga. Ég á erfitt með að skilja hugsun margra í umræðunni. Það virðast margir vera orðnir svo sjálfhverfir og horfi einungis í aurinn og það að eitthvað kunni að sparast í augnablikinu og að út frá þessum aurum sé í lagi að ganga frá íslenskum landbúnaði dauðum. Þetta lýsir mikilli þröngsýni og þröngum sjóndeildarhring fólks. Það virðist ekki skilja að það geti borgað sig að kosta töluverðu til að tryggja hér öryggi, þannig að við getum búið hérna í hættuástandi, á því sem landið gefur.

Við þurfum ekkert að búast við að hér komi ekki aftur upp alvarleg krísa í heiminum, líkt og var á 20. öld, sem geti lokað landinu, nú eða komi stór eldgos eins og svo oft hefur gerst í Íslandssögunni,“ segir Trausti Valsson prófessor.



„Ég á erfitt með að skilja hugsun margra í umræðunni. Það virðast margir vera orðnir svo sjálfhverfir og horfi einungis í aurinn og það að eitthvað kunni að sparast í augnablikinu og að útf rá þessum aurum sé í lagi að ganga frá íslenskum landbúnaði dauðum. Þetta lýsir mikilli þröngsýni og þröngum sjóndeildarhring fólks. Það virðist ekki skilja að það geti borgað sig að kosta töluverðu til að tryggja hér öryggi, þannig að við getum búið hérna í hættuástandi, á því sem landið gefur.“ Mynd / HKr

Úr bókinni Mótun framtíðar:

Ef ekki hefði verið ráðist í miklar vegabætur og ef landið hefði ekki upplifað þann geysilega vöxt í ferðaþjónustu sem varð við upphaf 21. aldar, þá hefði ferðaþjónustan ekki verið eins tiltæk sem stór hjálp þegar landið lenti í hruninu 2008.

Það sem enn vantar mest í vegakerfinu – og hefði átt að vera komið fyrir löngu – er að ljúka hálendisvegum. Nokkuð hefur þó samt áunnist þar í vegabótum, því Kjal-, Sprengisands- og Vatnajökulsvegir eru nú komnir að hálfu. En afgangurinn er aðeins slóðar sem gerir að þessir hálendisvegir, sem eru komnir að hálfu, nýtast ferðaþjónustunni mjög lítið.

Þegar vegakerfi landsins fór að myndast í byrjun 20. aldar, var það eðlileg stefna að tengja helstu bæi á ströndinni, og urðu þannig til frumdrög að hringveginum í útjaðri landsins. Næst var farið í að tengja landsvæði. T.d. kom vegtengingin til Austurlands 1934. Skaftafellssýslur voru tengdar með brúm á Skeiðarársandi 1974 og var þá fyrst hægt að aka hringinn í kringum allt landið. Varð það mjög til að auka hringflæði ferðamennskunnar.

Jafnframt var unnið að því að leggja vegi inn til sveitanna, inn til landsins, en þetta voru allt botnlangavegir og hafa þeir því enn nýst lítið fyrir ferðaþjónustu. Stóri möguleikinn í að auka flæði ferðaþjónustunnar í uppsveitum felst í því að ljúka hálendisvegum og tengja botnlanga-sveitavegina inn á þá, sem fengju því fleiri ferðamenn. Með hálendisvegum mundu byggðarlög t.d. á Suður-, Norður- og Austurlandi tengjast beint, en í dag þarf að taka krókinn um Vesturland/Reykjavík, eða Suðurland/Austfirði til að fara þarna á milli.

Einn mikilvægasti ávinningur sem kæmi með hálendisvegum væru fjölmargar nýjar stuttar hringleiðir um landið, en hringvegurinn með ströndinni er of langur, eða tæpir 1400 km.





Trausti Valsson.

Um landskipulagsstefnuna í bókinni Mótun framtíðar:

Þeir sem unnu landskipulagsstefnuna hafa þá sýn að miðja landsins verði einskonar þjóðgarður, sem heimsóttur er frá jöðrunum. Áherslan á verndun og „ósnortin víðerni“ er svo víðtæk, að lagðir eru margir steinar í götu orkuvinnslu og vegagerðar á hálendinu. T.d. er talað um „sumarvegi“ sem verði opnir 4-6 mánuði á ári og er þá ekki tekið tillit til þess að hlýnunin mun þýða að miklu auðveldara verður, vegna minni snjóa, að halda vegum á þessum slóðum lengur opnum. Og fjallvegir á miðhálendinu eru ekki mikið öðruvísi en aðrir fjallvegir í landinu, nema að þeir eru lengri.

Það sem er þó undarlegast við ofangreinda stefnu í vegamálum á Miðhálendinu – og kemur fram í landsskipulagsstefnunni – er að hún tekur lítið tillit til þess að þegar árið 2002 mótaði Alþingi þá stefnu að lagðir yrðu fjórir stofnvegir (sem þýðir mjög góðir vegir) á hálendinu: Tveir þeirra, Kjalvegur og Sprengisandsvegur, mundu færa uppsveitir Norður- og Suðurlands hundruð kílómetra hverjar nær annarri.

Tæplega er hugsanleg áhrifameiri aðgerð í byggðarmálum, enda mundi flæði ferða-mennskunnar geta náð miklu betur út fyrir SV-land með þessu. Hringleiðir sem hér yrðu til, yrðu einnig mjög dýrmætar, og með að opna ferðastraumum betri leið norður og austur, léttist á umhverfisálagi ferðamennsku á SV-landi.

Hálendisvegir mundu líka gegna miklu öryggishlutverki í náttúruhamförum og hefur stofnvegurinn Fjallabaksleið nyrðri þar mestu hlutverki að gegna sem varaleið, t.d. þegar Kötlugos kemur, en það gæti rofið hringveginn í marga mánuði.

Svo gæti virst að andstaða við hálendisvegi væri mikil, en í skoðanakönnun Bylgjunnar 20/4 ´15 var spurt: Viltu að hálendisvegur verði lagður er tengi Suður- og Norðurland? Á móti voru 28,6%, en 71,4% voru með því að hálendisvegur yrði lagður.

(Faeebook-síða bókarinnar heitir eins og hún „Mótun framtíðar“.

/HKr.

VÉLAR · VERSLU

Óskum öllum gleðilegra jóla og farsæ með þökk fyrir viðs

MASSEY FERGUSON



Bjóðum nokkrar lagervélar á sérstöku tilboðsverði! Hafið samband við sölumenn, fyrstur kemur fyrstur fær!

MF verðdæmi

Týpa	Verð án vsk.	Verð með vsk.
MF5610	9.830.000	12.189.200
MF5613	10.970.000	13.602.800
MF6615	11.490.000	14.276.600

Vel búnar vélar með ámoksturstækjum og skóflu.

Gengi á traktorum er €142

Schäffer Lader



2345T SLT
SKOTBÓMULYFTARI

Verð kr
4.520.000
án vsk.



Ruddasláttuvél fyrir fjórhjól **15% afsláttur.**

Frábær áramótatilboð

Diskasláttuvélar, heyþyrlur, jarðvinnsluta og stjörnumúgavélar frá Pöttinger á all

8% afslátt af öllum rúllu og pökkunarvé

Nýttu þér þetta

PÖTTINGER



15% afsláttur afsláttur af öllum gróðurhúsum til 20. Janúar



Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 7

N · VARAHLUTIR

landsmönnum
ældar á komandi ári
skiptin á því liðna.

VALTRA



Bjóðum nokkrar lagervélar á sérstöku tilboðsverði! Hafið samband við sölumenn, fyrstur kemur fyrstur fær!

VALTRA verðdæmi

Týpa	Verð án vsk.	Verð með vsk.
A93H	7.960.000	9.870.400
N103H5	9.980.000	12.425.100
N113H5	11.390.000	14.123.600
N123Direct	12.330.000	15.289.200

Vel búnar vélar með ámoksturstækjum og skóflu.

Gengi á traktorum er €142

MASSEY FERGUSON



Eigum nokkur eintök af sláttutraktorum, sýninga-vélum sem við bjóðum nú á sérstöku áramótatilboði **20% afsláttur.**



Verð kr
169.500
m. vsk
Verð áður
199.000

Öryggisbogi fyrir fjórhjól á tilboðsverði til 20. janúar

á Pöttinger og Mchale

ækí, vendiplógar, pinnatætarar, sáðvélar
t að **12% afslætti** fram að áramótum!
ıbindivélum, samstæðum
lum frá McHale.
einstaka tilboð!

McHale



TORO **Traustur kostur.**

Snjóblásarar



Rafmagns
Verð kr
59.900
m. vsk

Bensín
Verð frá
189.500
m. vsk

700 Egilsstaðir / Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is

ÁRAMÓTATILBOÐ GILDIR TIL 20. JANÚAR



Sigurbjörn Hjaltason með falleg tvíreykt hangilæri frá Kiðafelli í Kjós. Myndir / smh

Aðventumarkaður í Félagsgarði í Kjós

Það var ljúf aðventustemning í Félagsgarði í Kjós síðasta laugardag, 12. desember. Á annan tug smáframleiðenda matvæla og handverksfólk úr sveitinni sýndu þar afurðir sínar og buðu til sölu.

Um árlegan markað er að ræða sem haldinn er alla laugardaga á aðventunni. Kvenfélag Kjósarhrepps seldi heitt súkkulaði og bakkelsi, en allur ágóði rennur til líknarmála.

Fólk kemur árlega til að kaupa hangikjötið frá Kiðafelli

Í kjallaranum voru þau Sigurbjörn Hjaltason og Bergþóra Andrésdóttir frá Kiðafelli í Kjós, með sparihangikjötið sitt, til að mynda sauðalæri, lambalæri, framparta og fleira. Sigurbjörn segir að margir komi ár eftir ár til að kaupa jólahangikjötið af þeim á þessum markaði.

Vinnur nautakjötsafurðir sínar og selur beint frá býli

Í aðalrými markaðarins var Sveina Sveinsdóttir frá Sogni í Kjós með fjölbreytta vörulínu sína. Hún er menntuð matreiðslumeistari og vinnur afurðir úr holdanautum sínum.

Kynna afurðir foreldra sinna

Ragnheiður og Eygló Smáradætur kynntu vörur foreldra sinna. Móðir þeirra er handverkskona og pabbinn gaf út matreiðslubókina **Pabbi, áttu uppskrift?** á síðasta ári.

Þá var Örn Viðar Erlendsson hjá BullArt mættur með fallegu handsmíðuðu skartgripi sína úr nautabeinum og Sigríður Guðmundsdóttir með textílvörur sínar, handunnar vörur úr ull og silki.

Sigurlína Jóhannesdóttir, frá Flekkudag í Kjós, var með langreykt hangikjöt af fullorðnu, tveggja til fjögurra vetra. Hún býr á Snartarstöðum á Melrakkasléttu og var með Sigríði Gísladóttur sér til halds og trausts, en hún er frá Hálsi í Kjós.

Sigríður Klara Árnadóttir stóð vaktina sem viðburðastjóri Kjósarhrepps. Hún er auk þess framkvæmdastjóri yfir verkefni á vegum hreppsins sem felst í því að innleiða hitaveitu. */smh*



Sigríður Klara Árnadóttir stóð vaktina sem viðburðastjóri Kjósarhrepps.



Sigurlína Jóhannesdóttir og Sigríður Gísladóttir með langreykt hangikjöt.



Sveina frá Sogni í Kjós hefur verið dugleg að þróa vörur úr afurðum sínum.



Sigríður Guðmundsdóttir með textílvörur sínar, handunnar vörur úr ull og silki.



Systurnar Ragnheiður og Eygló Smáradætur kynntu vörur foreldra sinna.



Örn hjá BullArt var mættur með fallegu skartgripi sína úr nautabeinum.

Trjágróður dregur verulega úr áhrifum stórviðra

Mesta hviðan í óveðrinu sem gekk yfir landið í liðinni viku mældist á Hallormsstaðahálsi, 72,6 metrar á sekúndu, en í veðurstöðinni á Hallormsstað mældist mesta hviðan 17 metrar á sekúndu. Þar munar eflaust miklu að trjágróður veitti skjól. Á vefsíðu Skógræktar ríkisins er fjallað um það skjól sem trjágróður veitir og rætt við nokkra skógræktarmenn.

Þröstur Eysteinsson, sviðstjóri þjóðskóganna hjá Skógrækt ríkisins, býr í Höfða á Völlum, skammt innan byggðarinnar á Egilsstöðum. Þar er mikil skógrækt, meðal annars með alaskaösp, sem sýndi vel hversu fljótt er hægt að koma upp nytsömu skjóli með trjágróðri á Íslandi. Aspirnar eru aðeins 20 ára gamlar en gera nú að verkum að þegar stórviðri geisa gætir áhrifanna lítið heim við húsið þótt hávaðinn í vindinum drynji fyrir ofan.

Hreinn Óskarsson, skógarvörður á Suðurlandi, er nýfluttur til baka á Selfoss þar sem hann er uppalinn. Á vef Skógræktar ríkisins segist Hreinn finna mjög fyrir því hvað skjól hefur aukist í bænum síðustu ár enda hefur trjágróður aukist þar mjög síðustu áratugi. Nú standi fólk þar í skjóli en heyri í óveðrinu fyrir ofan líkt og Þröstur lýsti hér að framan. Á Selfossi hefur þetta meðal annars þau áhrif að snjór safnast fyrir í bænum í stað þess að fjúka burt eða hlaðast upp í skafla.

Grenibelti tók mesta vindinn af

Úlfur Óskarsson, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, býr í Hveragerði og segir að grenibelti við götuna Heiðmörk hafi tekið mesta vindinn af húsinu hans sem stendur í næstu götu samsíða. Greinilegt hafi verið að vindurinn hægði á sér við þetta belti. Ólafur Sturla Njálsson, sem rekur trjáplöntustöðina Nátthaga í Ölfusi, segir að mest muni um aspirnar enda kunni þær ekki að vaxa undan vindi. Hann muni leggja meiri áherslu á þær framvegis til að mynda skjól fyrir vindi.

Fyrir nokkrum árum var rætt um skjólið af trjánum í Reykjavík sem væri farið að sjást á mælingum Veðurstofunnar í Öskjuhlíð þegar skoðaðar væru vindmælingar síðustu áratuga. Miðnesheiði væri vindafar svipað nú og fyrir nokkrum áratugum en meðalvindur væri orðinn lægri í Öskjuhlíð. Enga aðra skýringu er að sjá á því en þá að þéttbýlisskógurinn sé farinn að hafa áhrif á veðurfarið.

Vægari vindstrengir

Sömu sögu er áreiðanlega að segja víðar um landið. Á Akureyri er talað um að vindstrengir sem stóðu gegnum bæinn á árum áður, ýmist úr suðri eða norðri, séu orðnir vægari. Snjó dragi síður í skafla en áður var en þess í stað falli hann jafnt yfir allt. Enn fremur þykist fólk sjá mikinn mun á yngri hverfum þar sem trjágróður er enn lítill og á eldri, grónari hverfum þar sem trén eru orðin hærri en húsin. Í fréttum af óveðrinu var talað um að veður á höfuðborgarsvæðinu hefði verið einna verst í efri byggðum en það eru einmitt nýju íbúðahverfin sem enn eru að mestu skóglaus. Erfitt er að verjast þeirri hugsun að trjágróður hefði getað komið í veg fyrir eitthvað af því tjóni sem varð í nýafstöðnu óveðri, segir á skogur.is. Enn fremur að með skipulegum hætti væri hægt að rækta trjágróður, bæði í þéttbýli og við sveitabæi, sem minnkaði hættuna á tjóni þegar ofsaveður geisa. Um leið bætir slíkur trjágróður öll lífsskilyrði fólks, eflir vistkerfi, eykur fuglalíf, skýlir dýrum ekki síður en mönnum og þar fram eftir götunum. */MÞÞ*









Gamli traktorinn




Ivel – fyrsti smátraktorinn

Ivel-dráttarvélin er fyrsti smátraktorinn sem settur var á markað. Fyrsta vélin sá dagsins ljós 1902, heilum áratug á undan Fordson og þremur áratugum á undan fyrsta Fergussoninum.



Bretinn Daniel Albone, hönnuður Ivel dráttarvélanna,var með tækjadellu frá unga aldri og smíðaði hann sitt fyrsta reiðhjól þrettán ára gamall sem hann tók þátt í reiðhjólakeppnum á og vann margar þeirra. Tvítugur hóf hann framleiðslu á reiðhjólum, bæði tví- og þríhjólum undir heitinu Ivel Cycle Works í Bedford-skíri á Englandi. Nafnið Ivel er dregið af á sem rann skammt frá þeim stað sem Alborne bjó.

Fyrirtækið var líklega það fyrsta til að setja á markað sérstök reiðhjól fyrir konur sem einu sinni voru kölluð stelpuhjól.



Lítill og meðfærilegur

Fyrsti mótorinn sem Albone smíðaði var þrjú hestöfl og nánast eftirlíking á eins strokka mótor frá hinum þýska Benz. Mótorinn var prófaður í bifreiðum sem Albone framleiddi og minni útgáfa, 1,5 hestöfl, notaður sem hjálparmótor á reiðhjól.

Frumtýpa Iver dráttarvéla var smíðuð 1902 en vélin fór á markað árið 1903. Dráttarvélin þótti á þeim tíma einstaklega lítil og meðfærileg og hentug til flestra verka á býlum í byrjun tuttugustu aldarinnar. Traktorinn var á þremur gegnheilum gúmmíhjólum með tveggja strokka dísilvél, 20 hestöfl og vó 1650 kíló sem þótti létt. Vélin var tveggja gíra, einn áfram og einn afturábak.



Silfur og gull

Hönnun fyrstu Ivel dráttarvélanna þótti það góð að strax á fyrsta ári sem hún var á markaði vann hún til silfurverðlauna á Konunglegu landbúnaðarsýningunni og aftur 1904. Árið 1905 fékk hún svo gullið á Chester plægingar- og jarðvinnslumótinu.

Albone var frumlegur sölumaður og á hálfs mánaðar fresti hélt hann sýningar á landi sínu þar sem dráttarvélarnar voru látnar leysa þrautir. Bílstjórarnir og aðstoðarmenn þeirra voru klæddir upp í jakkaföt og með kúluhatt og nutu sýningarnar talsverðra vinsælda sem mannamót.

Dan Albone lést 46 ára að aldri 1906 og þrátt fyrir að rekstur fyrirtækisins hafi verið haldið áfram bar það aldrei sitt barr eftir það og koðnaði niður.

Um 500 Ivel traktorar voru framleiddir og fluttir út til átján landa. Verð fyrir dráttarvélina var 300 ensk pund sem þótti umtalsverð upphæð á sínum tíma en fyrirtækinu tókst ekki að halda í við keppinauta sína á markaði. Smám saman dróst það aftur úr og var yfirtekið af United Motor Industries Ltd. árið 1921 og sama ár var framleiðslu Ivel dráttarvéla hætt.

Áhrif langt fram í tímann

Þrátt fyrir að hafa ekki verið í framleiðslu nema í 15 ár lifði hönnun Ivel dráttarvélanna langt fram yfir líftíma framleiðslunnar og var hún fyrirmynd margra minni véla, eins og Fordson og Ferguson, sem áttu eftir að sjá dagsins ljós á næstu áratugum.

/VH

Utan úr heimi

Ár jarðvegsins 2015:

Ný tilgáta um myndun jarðvegs

Árið 2015 var tileinkað jarðvegi og nú þegar það er senn á enda er vert að kynna lítillega nýja og áhugaverða kenningu um upprunalega myndun hans.

Stjörnufræðingar og jarðvísindamenn áætla að jörðin sé um 4,54 milljarða ára gömul en jarðvegur kom ekki fram á sjónarsviðið fyrr en fyrir um 450 milljón árum.

Fram til þessa hefur tilkoma jarðvegs verið skýrð með því að vatn hafi á milljónum ára veðrað berg og smám saman breytt því í jarðveg. Ný tilgáta varpar aftur á móti fram þeirri hugmynd að myndun jarðvega hefjist þegar plöntur flytjast úr hafinu og skjóta rótum á landi.

Með tilkomu plantna á landi hófu þær að binda gríðarlegt magn koltvísýrings úr andrúmslofti í jarðveg. Bindingin olli kólnun andrúmsloftsins og myndun jökla sem muldu berg mun hraðar en vatnið áður. Lífrænar leifar lífvera blönduðust síðan berginu og úr varð lífrænn jarðvegur.

Rætur plantna áttu síðan stóran þátt í að mynda árfarvegi og mótun landslags með því að beina vatni í ákveðinn farveg í gegnum rótarganga og með jarðvegsbindingu.

Útkoman var sú að lífið á jörðinni dafnaði sem aldrei fyrr, dýrum fjölgaði og fjölbreytni lífvera margfaldaðist. Síðustu áratugi hefur þessi þróun verið að snúast við og í dag er svo komið að tæplega 40% af fyrsta flokks gróður- og ræktarlandi hefur glatast vegna uppblásturs eða jarðvegsmengunar.

Er ekki kominn tími til að veita jarðveginum á jörðinni meiri athygli, vernda og endurheimta hann og tryggja þannig að lífið verði fjölbreytilegra og fallegra? */VH*



Rætur plantna áttu síðan stóran þátt í að mynda árfarvegi og mótun landslags með því að beina vatni í ákveðinn farveg í gegnum rótarganga og með jarðvegsbindingu.

Parísarráðstefnan og losun gróðurhúsalofttegunda:

30% af losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði

Útreikningar sýna að landbúnaður og matvælaframleiðsla losar um 30% af þeim gróðurhúsalofttegundum sem losna út í andrúmsloftið á hverju ári. Matvælafyrirtækin Cargill, Tyson og Yara losa meira en ríki eins og Holland, Víetnam og Kólumbía.

Brennsla á jarðefnaeldsneyti og kolum er meginástæða losunar gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið og umræðan fram til þessa hefur aðallega verið hvernig draga megi úr brennslu þeirra en það er fleira sem hangir á spýtunni.

Nýlegir útreikningar benda til að landbúnaður og matvælaframleiðsla í heiminum losi um 30% gróðurhúsalofttegundanna. Bent hefur verið á að þrjú risafyrirtæki á sviði matvælaframleiðslu, Tyson, Carrill og Yara, losi meira hvert fyrir sig með framleiðslu sinni en lönd eins og Holland, Víetnam og Kólumbía.

Tyson er stærsti kjötframleiðandi í Bandaríkjunum með um 24% markaðshlutdeild. Cargill framleiðir meðal annars fóðurbæti og Yara áburð.

Losum margfalt meiri en upp er gefið

Samkvæmt lögum í Bandaríkjunum þurfa fyrirtækin einungis að gefa upp losun gróðurhúsalofttegunda sem tengist lokastigi framleiðslu þeirra. Uppgefin losun Cargill er gefin um 15 milljón tonn, Tyson 5 milljón tonn og Yara 12,5 milljón tonn. Sé allt framleiðsluferli fyrirtækjanna reiknað er nær að losun Cargill sé 145 milljón tonn, Tyson 34 milljón tonn og Yara 75 milljón tonn.



Könnun sýnir að einungis fjórðungur fyrirtækja í heiminum sem framleiða matvæli, drykkjarvöru og tóbak gefa upp magn losaðra gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu sína.

Í tilfelli Cargill eru þau 130 milljón tonn sem vantar upp á uppgefna tölu í magni á losun gróðurhúsalofttegunda sambærileg við samanlagða losun Danmerkur, Búlgaríu og Svíþjóðar.

Toppurinn á ísjakanum

Þeir sem harðast gagnrýna matvælafyrirtækin segja löngu orðið tímabært að þau axli ábyrgð á losuninni og þrátt fyrir að Cargill, Tyson og Yara séu tekin sem dæmi þá séu þau einungis toppurinn á ísjakanum þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda fyrirtækja í matvælaiðnaði.

Könnun sem var gerð í tengslum við öflun gagna vegna útreikninganna sýnir að einungis fjórðungurfyrirtækja í heiminum, sem framleiða matvæli, drykkjarvöru og tóbak, gefa upp magn losaðra gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu sína. */VH*

DEKKJASALA AKUREYRAR

Úrval hjólbarða á betra verði

Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.

Milwaukee Handverkfæri

20%
afsláttur af öllum dekkjum
til 31. desember 2015





Beinn innflutningur til Akureyrar
Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4126

MOTUL Smurþjónusta

DEKKJASALA AKUREYRAR (Jason ehf.)
Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta -
Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
Njarðarnesi 1 sími 460 4350

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 14. janúar 2016

radarcan®



Hátíðnifælur í hæsta gæðaflokki.
Gegn flugum, músum, rottum, köttum og hundum.

Sölustaðir:
Bústólpi · FB Fóðurblandan · Búrekstrardeild Borgarnesi · KVH · Verslunin Eyri

STREYMI heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

TRYGG Nøsted Kjetting as

SNJÓKEÐJUR



Vertu viðbúinn vetrinum

Mest seldu snjókeðjur á Íslandi

LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR







Ísnet Húsavík s. 5 200 555
Ísnet Akureyri s. 5 200 550
Kristbjörg Ólafsfjörður s. 5 200 565
Ísnet Sauðárkrókur s. 5 200 560

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL www.isfell.is

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

limtrevirnet.is



Gleðileg jól

Límtré Vírnet óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleði, hamingju og friðar um hátíðirnar og farsældar á nýju ári.
Þökkum ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

LímtréVírnet Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur



Arnar og Berglind með börnum sínum sem taka virkan þátt í búskapnum í Gunnbjarnarholti og starfsemi Landstólpa. Þórhildur er 9 ára, Haukur er 11 ára, Margrét Hrund er 19 ára og Eiríkur er 21 árs. Elsta dóttirin, Auður Olga, er 23 ára og býr í Ástralíu.
Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Brjálað að gera hjá Landstólpa sem fagnar 15 ára afmæli

– „2007-æði í gangi“ segir Arnar Bjarni Eiríksson

„Já, það má með sanni segja að það sé einhvers konar 2007-æði í gangi því við sjáum ekki út úr augum fyrir verkefnum, það er allt brjálað að gera úti um allt land hjá okkur,“ segir Arnar Bjarni Eiríksson, eigandi Landstólpa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, þegar hann var spurður um verkefnastöðu fyrirtækisins nú þegar það fagnar 15 ára afmæli sínu.

Hjá Arnari og Berglindi Bjarnadóttur, konu hans, vinna um 30 manns. Haldið var upp á 15 ára afmælið föstudaginn 11. desember með glæsilegri fjölskyldudagskrá yfir daginn og fullorðinsdagskrá um kvöldið með léttum veitingum og skemmtiatriðum.



Arnar Bjarni segist alltaf kunna vel við sig innan um jólasveina enda segist hann sjálfur vera hálfgerður jólasveinn.



Jólasveinarnir mættu og gáfu börnunum nammipoka.

Hús af öllum stærðum og gerðum

Landstólpi er þekktast fyrir stálgrindarhús sín en hundraðasta húsið verður byggt eftir áramót. Fyrirtækið býður upp á heildarlausnir í fjósbyggingum, það er að segja yfirbygginguna, innréttingar, steinbita, gjafakerfi og ýmsan tæknibúnað. Þá byggir fyrirtækið stálgrindarhús af öllum stærðum og gerðum undir fjós, fjárhús, hesthús, reiðhallir, vélaskemmur og iðnaðarhúsnæði. Fóður og bætiefni fyrir nautgripi, sauðfé, hross og hænur er í stöðugum vexti hjá fyrirtækinu og gæludýrafóðrið frá Josera hefur einnig fest sig í sessi sem hágæða vara.



Hundraðasta stálgrindarhús Landstólpa verður reist eftir áramót en húsin eru mjög vinsæl um allt land.

Stærsta verkefnið í Vestmannaeyjum

Starfsmenn Landstólpa vinna um allt land en stærsta verkefnið um þessar mundir er í Vestmannaeyjum. „Já, þar erum við að byggja þrjú þúsund fermetra iðnaðarhúsnæði. Við erum líka að byggja fyrir Nýja ökuskólann í Hafnarfirði, iðnaðarhúsnæði á Ísafirði og svo erum við að byggja nokkur ný fjós, t.d. í Skagafirði, rétt við Akranes og í Flóanum svo eitthvað sé nefnt,“ segir Arnar Bjarni. Sjálfur ætlar hann að hefja byggingu á risafjósi í Gunnbjarnarholti þar sem Landstólpi er í vor en það verður með að minnsta kosti fjórum róbótum. Arnar og Berglind eru með um 170 kýr í dag og ætla að halda áfram í mjólkurframleiðslu. „Það er engan bilbug á okkur að finna, kýrnar verða alltaf stór hluti af okkar starfsemi,“ segir Arnar hlæjandi.





HÓTEL - GISTIEINGAR

TIL AFGREIÐSLU NÆSTA SUMAR

- VANDAÐAR OG HAGKVÆMAR EININGAR
- LYKILLAUSNIR - FULLBÚNAR AÐ INNAN
- KLÁRAR TIL ÚTLEIGU - ALLT TIL ALLS
- ÝMSAR STÆRÐIR Í BOÐI

www.ecoatlas.is

fb.com/ecoatlas.is

ecoATLAS
STÁLEININGAHÚS

ecoAtlas ehf.
Óseyrarbraut 2
220 Hafnarfirði
Sími 864 0177



*samkvæmt afgerandi niðurstöðum umfangsmestu könnunar sem gerð hefur verið á eiginleikum og gæðum tækjadráttarvéla í kringum 120 hestöfl við vetraraðstæður í fjölda ára.
Prófunin er unnin í samvinnu leiðandi landbúnaðartímarita í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð (Bedre Gaardsdrift, Koneviesti og Lantmannen).

Í prófuninni voru metnir tæknilegu eiginleikar dráttarvélanna, upplifun reynsluökumanna og eiginleikum dráttarvélanna við vetrarnotkun.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir | Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is

Lesendabás

Fæðuöryggi er ekkert grín

Framboð og aðgengi að nægri fæðu, fæðuöryggi (e. food security) og öryggi matvæla til neyslu, matvælaöryggi (e.food safety) eru ætíð á meðal mikilvægustu mála á hverjum tíma um allan heim.

Miklar framfarir í landbúnaði og stórfelld milliríkjaviðskipti leysa þó ekki vanda hverrar þjóðar fyrir sig. Því er það almennt viðurkennt að allar þjóðir þurfi að treysta fæðuöryggi með eigin framleiðslu sem fjölbreyttastra matvæla eftir því sem skilyrði leyfa.



Dr Ólafur R. Dýrmundsson.

Stuðningur við landbúnað

Til þess að unnt sé að stunda landbúnað þurfa bændur hér sem annars staðar að hafa starfsskilyrði til þess að rækta land og búfé og framleiða holl og góð matvæli að óskum neytenda. Gerðar eru miklar kröfur um gæði á sama tíma og bændur eru undir stöðugum þrýstingi samfélagsins um lágt matarverð. Í þessum málum er oft mikill tvískinnungur því að jafnvel sama fólkið, sem gagnrýnir t.d. alifugla- og svínabændur í verksmiðjubúskap fyrir að skerða velferð dýra vegna hagræðingar, er oftast tilbúið að kaupa afurðirnar vegna þess að þær eru ódýrastar. Um þessar mundir eru t.d. kúabændur í Bretlandi að gefast upp í stórum stíl við mjólkurframleiðslu vegna lágs afurðaverðs sem stóru verslanakeðjurnar hafa knúið fram.

Nú, þegar verið er að endurskoða búvörusamninga, ættum við að hafa í huga að stuðningur við hinar ýmsu búgreinar er hagsmunamál okkar allra, ekki aðeins bændanna, því að stuðningur við framleiðslu matvæla er fyrst og fremst til að viðhalda og renna styrkari stoðum undir fæðuöryggi þjóðarinnar.

Loftslagsmálin – endurheimt votlendis

Sem betur fer er farið að taka loftslagsmálin fastari tökum í viðleitni til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Þar koma umsvif í landbúnaði mikið við sögu og ljóst er að finna þarf leiðir og þróa aðgerðir til að koma til móts við þær kröfur sem gerðar verða, í sátt við umhverfi og náttúru.

Mikið hefur verið rætt um framlag skógræktar og landgræðslu en í seinni tíð hefur borið mikið á væntingum til jákvæðra áhrifa endurheimtar votlendis. Talað er um að moka ofan í skurði, jafnvel í stórum stíl, og þeir bjartsýnustu halda því fram að slíkt muni ekki skerða landbúnaðarframleiðsluna þótt vitað sé að frjósömustu túnin og akurlendin eru á framræstum mýrum um land allt. Þarna skortir meiri upplýsingar, t.d. um hversu virkir þeir skurðir eru sem grafnir voru fyrir áratugum og hvar sé talið vænlegast að moka ofan í án þess að trufla viðhald ræktunar á verðmætum landbúnaðarsvæðum. Ég efast um að þessi mál hafi verið kynnt nægilega til að fá fram upplýsta umræðu um þau.

Tengsl votlendis og fæðuöryggis

Í lok nóvember sat ég ágætt málþing um jarðvegsvernd sem haldið var í vistlegu húsi í jaðri einnar hinna fjölmörgu mýra sem ræstar hafa verið fram í Reykjavík en því fer fjarri að bændur einir beri ábyrgð á skurðgreftrinum um áratuga skeið. Eitt er víst að höfuðborgin mun ekki geta endurheimt votlendi sem neinu nemur, en á móti vegur trjárækt, a.m.k. að einhverju leyti.

Það sem vakti mesta athygli mína á málþinginu var tilvísun flestra sem tóku til máls í nauðsyn þess að endurheimta votlendi í sveitum landsins með því að moka ofaní skurði, þeir hefðu hvort sem er verið óþarfir margir hverjir. Slagorðin skiluðu sér vel, svo sem „hernaðurinn gegn landinu“. Mikill samhljómur þar. Enn fór ég að efast um að umræðan um þessi efni væri nægilega upplýst og því vil ég skora á sérfræðinga um þau að bæta úr með markvissri upplýsingagjöf, t.d. frá Landbúnaðarháskóla Íslands og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, því að nýting votlendis tengist mjög fæðuöryggi þjóðarinnar auk þess að koma við sögu loftslagsmála.

Mótsagnirnar sem felast í auknum innflutningi

Um réttaleytið í haust fögnuðu ýmsir talsmenn verslunar og neytenda, svo og sumir alþingismenn, þeirri ákvörðun stjórnvalda að fella niður tolla af ýmsum landbúnaðarvörum frá Evrópusambandsríkjunum. Þessi ákvörðun mun væntanlega leiða til aukins innflutnings, a.m.k. sumra veigamikilla landbúnaðarafurða. Því telja talsmenn búgreina á borð við alifugla- og svínarækt að þessi samningur við ESB geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir innlenda framleiðslu og vinnslu. Afleiðingarnar gætu orðið þær að innlend framleiðsla minnki verulega og rýrni jafnvel það mikið að vinnslan beri sig ekki heldur og þá er hætt við að höggvið verði skarð í fæðu- og jafnvel matvælaöryggi líka. Samt mun það vera stefnumið stjórnvalda að efla landbúnaðinn svo mótsagnakennt sem það virðist vera.

Markaðshyggjumenn á villigötum

Sumir markaðshyggjumenn munu trúlega halda því fram að hvort sem er þurfi að flytja inn mikil aðföng, svo sem fóður, og því skipti þessar breytingar litlu eða engu máli. Slíkur málflutningur er í raun meinloka því að fæðuöryggið verður alltaf meira ef matvælin eru framleidd í landinu sjálfu, ekki síst af því að um eyland er að ræða.

Fæðuöryggið verður að sjálfsögðu meira eftir því sem meira af matnum er framleitt í landinu með innlendum aðföngum. Þess vegna ætti að gefa kostum lífræns landbúnaðar meiri gaum líkt og gert er víða erlendis um þessar mundir. Langflutningar matvæla valda miklum útblæstri gróðurhúsalofttegunda og því getur aukinn innflutningur matvæla á kostnað innlendrar framleiðslu aðeins aukið á loftslagsvána. Þá er vert að hafa í huga að nú þegar eru loftslagsbreytingar farnar að taka sinn toll á stórum akuryrkjuvæðum í heiminum, sérstaklega vegna mikilla þurrka og hamfaraveðra. Þannig er hætt við að bæði skortur og verðhækkanir komi fram á ýmsum vörum áður en langt um líður.



Miklar framfarir í landbúnaði og stórfelld milliríkjaviðskipti leysa þó ekki vanda hverrar þjóðar fyrir sig. Því er það almennt viðurkennt að allar þjóðir þurfi að treysta fæðuöryggi með eigin framleiðslu sem fjölbreyttastra matvæla eftir því sem skilyrði leyfa.



Hvers virði er fæðuöryggi? – Þessi mynd, sem lýsir umræðunni mjög vel, birtist í Fréttablaðinu 25. nóvember síðastliðinn og er birt hér með góðfúslegu leyfi höfundar.
Teikning / Halldór Baldursson.

Matarsóunin er stórmál

Auknir flutningar matvæla kalla á aukin afföll miðað við að fæðunnar sé neytt sem næst framleiðslustað. Þar við bætist aukinn umbúðakostnaður. Allt eykur þetta efnis- og orkunotkun og þar með eykst útblástur gróðurhúsalofttegunda. En það sem fremur hefur verið í umræðunni á seinni árum er hreinlega sóun matvæla sem neytendur eru búnir að kaupa í verslunum. Um árabil var þessu vandamáli ekki gefinn gaumur hér á landi en nú er verið að taka til hendinni og er ánægjulegt hve vel hefur tekist að vekja athygli á þessari stórfelldu eyðileggingu verðmæta.

Miðað við að verið sé að henda um fjórðungi af þeim mat sem keyptur er verður það að teljast stórmál. Betri nýting á matnum hlýtur að vera mikið hagsmunamál neytenda og er einnig framlag til umbóta í loftslagsmálunum. Einnig má færa fyrir því sannfærandi rök að góð nýting á mat stuðli að fæðuöryggi.

Höfum ekki fæðuöryggi í flimtingum

Þótt merkilegt megi virðast er stundum skopast að þeim sem ræða af alvöru um fæðuöryggi. Um sé að ræða umræðu liðinnar tíðar, nóg sé af öllu, hvar sem er og hvenær sem er, án tillits til árstíða, og þegar um matvörur sé að ræða séu þær alls staðar ódýrari en hér á landi. Hér eigi helst ekki að vera landbúnaður, það borgi sig ekki. Seint verða verðbréf étin, það sannaðist í bankahruninu 2008, og sem betur fer, af skoðanakönnunum að dæma, kann þorri Íslendinga vel að meta þau innlendu matvæli sem á boðstólum eru á sanngjörnu verði miðað við gæði.

Þetta snertir líka matvælaöryggið, t.d. varðandi sýklalyfjaónæmi, því að alþekkt er að hér á landi er notkun sýklalyfja í búfjárframleiðslu hverfandi lítil miðað við önnur lönd. Sennilega þarf meiri fræðslu um þessi efni, strax í skólakerfinu. Þeir sem láta sig ekki varða þessi mál, og hafa þau jafnvel í flimtingum, ættu að hugleiða þau í víðara samhengi líkt og ég hef reynt að gera hér að framan. Eitt er þó víst, að eins og staðan í heiminum er í dag, er fæðuöryggi ekkert grín.

Dr. Ólafur R. Dýrmundsson
(oldyrm@gmail.com)

Hæsta timburhús í heimi tekið í notkun:

Fjórtán hæðir og bindur koltvísýring meðan það stendur

Fyrir skömmu var tekið í notkun í Björgvin í Noregi hæsta timburhús sem reist hefur verið í heiminum fram til þessa. Húsið er fjórtán hæðir, grind úr límtré sem tilbúnum einingum er raðað inn í.

Metið stendur þó ekki lengi því ákveðið hefur verið að reisa 20 hæða timburháhýsi í Vancouver í Kanada sem áætlað er að verði tilbúið haustið 2017. Kolefnisfótspor timburhúsa er sáralítið miðað við hús úr stáli og steinsteypu og timburhús geyma í sér kolefnið meðan þau standa.

Norska blaðið Dagsavisen greinir frá þessu og ræðir við Kjell Arne Malo hjá mannvirkjastofnun norska tækni- og náttúruvísindaháskólans NTNU í Þrándheimi. Hann spáir því að sex til tíu hæða blokkir úr timbri verði algeng sjón í norskum bæjum og borgum á komandi árum. Malo stýrir fjögurra ára verkefni sem felst í að þróa hentugar aðferðir við smíði stórra timburbygginga sem standist kröfur um hagkvæmni og gæði. Norsk, sænsk og þýsk fyrirtæki taka þátt í verkefninu ásamt arkitektum, verkfræðingum, athafnamönnum og birgjum en norska landbúnaðar- og matvælaráðuneytið styrkir það gegnum Forskningsrådet, norska rannsóknarráðið.

Bindur koltvísýring

Timbur er eina endurnýjanlega byggingarefnið sem völ er á og stuðlar að bindingu koltvísýrings. Sylvi Listhaug, landbúnaðar- og matvælaráðherra Noregs, segir í samtali við Dagsavisen að þetta sé einmitt áhersluatriði hjá loftslagsnefnd Sameinuðu þjóðanna. Listhaug telur að nota megi timbur meira í byggingariðnaði í borgum og bæjum. Auknir flutningar fólks í þéttbýli og nágrenni þéttbýlisstaða þrýsti á að landið verði nýtt betur og þá þurfi að byggja upp í loftið. Til þess henti timbur mjög vel enda létt og sterkt efni og fljótlegt að reisa timburhús.

En þrátt fyrir þessa góðu og augljósu eiginleika timbursins eru há timburhús ekki algeng sjón í norsku þéttbýli. Ástæðu þess rekja menn helst til brunans mikla sem varð í Álasundi árið 1904. Kjell Arne Malo segir að eftir brunann hafi verið lagt bann viðað reisa hærri timburhús en tveggja hæða í þéttbýli þar í landi. Því banni hafi ekki verið aflétt fyrr en 1997 og þess vegna megi segja að þróun byggingartækni fyrir stórhýsi úr timbri hafi legið niðri í heila öld.

Malo tekur í sama streng og Listhaug og bendir á að timbur beri höfuð og herðar yfir önnur byggingarefni þegar litið sé til loftslagsmálanna. Við framleiðslu sements og steinsteypu losni mikill koltvísýringur út í andrúmsloftið og við stálframleiðslu sé miklu magni af kolum brennt með sömu afleiðingum. En þegar trén vaxa binda þau koltvísýring og meðan timburhúsin standa geymist sá koltvísýringur vel í byggingunni sjálfri.

Heimsmetið stendur ekki lengi

Sjálfbærni og binding koltvísýrings hafði mikið að segja um þá ákvörðun byggingafélagsins BOB BBL að reisa þessa fjórtán hæða byggingu sína úr timbri en ekki öðrum byggingarefnum. Það segir Kenneth Øivind Monsen, kynningarfulltrúi fyrirtækisins. Byggingin er kölluð Tréð (Treet). Grindin er gerð úr rammgerðum límtrésbitum og byggingarlagið hið sama og algengt er við smíði trébrúa. Í grindina var svo raðað tilbúnum timbureiningum sem framleiddar voru í Eistlandi. Monsen segist aðspurður telja að timburháhýsum muni fjölga á komandi árum enda lofi húsið nýja í Björgvin mjög góðu.



Vaxandi áhugi er á háhýsum úr timbri og má búast við að fleiri og hærri timburháhýsi rísi á komandi árum.



Þrátt fyrir góða og augljósa eiginleika timburs eru há timburhús ekki algeng sjón í þéttbýli.

Heimsmetið í Björgvin mun ekki standa lengi því nú er í deiglunni enn hærri timburblokk í Vancouver í Kanada. Sú verður tuttugu hæðir og er áætlað að hún verði tilbúin eftir tæp tvö ár, haustið 2017. Vaxandi áhugi er á slíkum byggingum víða um heim og má búast við að fleiri og enn hærri timburháhýsi rísi á komandi árum. Nútímalegar timburbyggingar eru mjög öruggar og eldtraustar. Þær hafa jafnvel yfirburði yfir byggingar úr stáli því stál getur bráðnað í eldsvoða en vel frágengið timbur er lengi að brenna og heldur styrk sínum mjög lengi þótt kvikni í.

Áform sem þessi eru mjög í takt við loftslagsumræðuna og líflagkerfið svokallaða sem mjög er til umræðu um þessar mundir. Norðmen hafa tekið mjög afgerandi og ákveðin skref í átt til líflagkerfisins og vinna ekki aðeins á heimavelli að slíkum málum heldur víða um heim, ekki síst í fátækari löndum. Trond Einar Pedersen, verkefnisstjóri hjá norska rannsóknarráðinu Forskningsrådet, segir að stuðningur við sjálfbærniverkefni sé lyftistöng fyrir rannsóknir á sviði matvælaframleiðslu, nútímalegra byggingarhátta, samgangna og velferðarþjónustu. Rannsóknir á hringrásum í umhverfinu og aðferðum til betri auðlindanýtingar séu snar þáttur í þeim verkefnum sem nú sé unnið að. */skogur.is*





Íslenskir bændur ásamt fulltrúum Kraftvéla og fjármögnunarfyrirtækisins Ergo í heimsókn í samsetningarverksmiðju Weidemann í Korbach í Þýskalandi. Myndir / HKr.

Vélaframleiðsla sem stofnuð var af tveimur bændum á þýskum sveitabæ árið 1960:

Weidemann með þrautreynda þýska liðléttinga

- einnig framleiddir undir nafni móðurfyrirtækisins, Wacker Neuson, sem keypti frumkvöðulinn árið 2005

Weidemann vélaverksmiðjan í Diemelsee-Flechtdorf í sunnanverðu Þýkalandi á rætur að rekja til tveggja bræðra á bóndabæ sem höfðu mikinn áhuga á tækni. Til viðbótar við búskapinn settu þeir á fót hlutafélag árið 1960 sem nefnt var Maschinenfabrik Weidemann KG en síðar Weidemann GmbH.

Við stofnun fyrirtækisins hófst framleiðsla á grindum í hesthús og svínabú. Einnig á flórsköfum. Það var svo 12 árum seinna, eða 1972, að hafin var framleiðsla á mykjudreifurum og þá hófu þeir einnig að framleiða fyrstu Hoftrac fjölnotavélina og liðléttinginn. Honum var ætlað að létta mönnum tímafreka vinnu við bústörfin við þröngar aðstæður innanhúss og utan. Sem dæmi um endingu þessara véla eignaðist fyrirtækið á 50 ára afmæli sínu Hoftrac vél sem framleidd var 1974 og var hún þá enn í fullri notkun.



Weidemann, eða Wacker Neuson-vélar, í röðum á planinu fyrir utan verksmiðjuna og bíða flutnings til nýrra eigenda.

Ný samsetningarverksmiðja opnuð 2007

Tíðindamanni Bændablaðsins var boðið að skoða verksmiðju Weidemann í síðasta mánuði í fylgd fjölmargra íslenskra bænda, fulltrúa Kraftvéla og fjármögnunarleigunnar Ergo.

Öll starfsemin, hönnun, tilraunir og sala fór fram í verksmiðju sem staðsett var í Flechtcdorf fram til 2007. Þá var umfangið orðið það mikið með framleiðslulínu sem var 1,7 kílómetrar að lengd, í 790 metra langri byggingu og þrengslin orðin mikil. Þá var ákveðið að byggja nýja samsetningarverksmiðju frá grunni í Korbach en framleiðsla grunneininga er enn á gamla staðnum í Diemelsee-Flechtdorf.



Fóðurgangar eru mjög greiðfærir fyrir vinnutæki. Samsetningarverksmiðja Weidemann í Korbach þegar hún var opnuð 2007. Nú er búið að reisa fjölda bygginga þarna í kring, m.a. dekkjaverksmiðju Continental.



Vélarnar renna hver af annarri eftir færibandinu á fimm framleiðslulínum í gegnum verksmiðjuna. ýmist merktar Weidemann eða Wacker Neuson, hver og ein útbúin að ósk viðskiptavina.



Allir smíðahlutir eru úðaðir með sérstöku dufti og fara síðan í brennsluofn.



Hér er verið að gera mótor kláran fyrir ísetningu.

Með markaðssetningu á vélum Widemann jókst starfsemin hröðum skrefum. Nú fást Weidemann vélar í mörgum stærðum og gerðum, bæði til landbúnaðarnota, í skógariðnað, sem og fyrir bygginga- og verktakastarfsemi. Nýjasta afurðin var kynnt á landbúnaðarýningunni Agritechnica í Hanover í síðasta mánuði. Það er cHoftrac 1160 sem er 100% rafknúin vél en með alla sömu eiginleika og dísilknúnu vélarnar, nema hvað varðar vinnuúthald vegna takmarkaðrar orkurýmdar rafgeymanna. Allar vélar Widemann eru einfaldar í notkun með joystic stjórnun á lyftibúnaði. Hafa vélar fyrirtækis fengið fjölda verðlauna fyrir hönnun.


Grunnur lagður að nýjum Weidemann-vélum á færibandinu.


Hér eru hjólin komin á, tjakkar, vél og annar búnaður en yfirbyggingin er eftir. Allt er gert undir ströngu eftirliti.


Yfirbygging og vélarlok stillt af undir vökulum augum ungs Skagfirðings.


Hér er verið að leggja lokahönd á eina af minnstu vélunum frá Weidemann.


Gljáfægð framleiðslan bíður nýrra kaupenda.


Að sjálfsögðu fengu íslensku gestirnir svo að prófa gripina. Svona svolítið eins og litlir strákar í dótabúð fyrir jólin.


Verið að setja niður mótor í nýjan Wacker Neuson.

Sameinað Wacker Neuson árið 2005

Árið 2005 var Weidemann GmbH keypt af samsteypunni Wacker Neuson SE og starfar nú sem dótturfélag þess. Wacker Neuson er leiðandi framleiðandi á heimsvísu á hágæða tækjum og búnaði fyrir byggingaverktaka, landbúnað og fjölþættan iðnað eins og endurvinnslu. Höfuðstöðvarnar eru í München, en verksmiðjur fyrirtækisins eru í Þýskalandi, Austurríki, Bandaríkjunum, Filippseyjum og í Serbíu. Alls eru dótturfélögin 50 talsins og umboðsaðilar eru meira en 140 víða um heim. Starfsmenn fyrirtækisins eru nú yfir 4.500. Í framleiðslu eru 300 gerðir af tækjum og búnaði og einkaleyfin eru orðin 365. Samsteypan hefur verið skráð á hlutabréfamarkaði SDAX síðan 2007.

Widemann verksmiðjan í Korbach framleiðir vélar bæði undir nafni Weidemann, sem gjarnan eru rauðar að lit og mest seldar til landbúnaðar, og Wacker Neuson, sem eru einkenndar með gulum lit, eru einkum seldar til jarðvinnu- og byggingaverktaka um allan heim. Reyndar er kaupendum boðið upp á að velja lit á vélar sínar í hvaða lit sem er gegn aukagjaldi. Allar vélarnar og vélahlutar eru duftsprautaðir (powdercoating) en duftið er síðan bakað í miklum hita þannig að yfirborðið verður mun sterkara og endingarbetra en venjulegt lakk. Umboðsaðili Weidemann á Íslandi er Kraftvélar, en Þór hf. hefur einnig selt hitt merki fyrirtækisins, Wacker Neuson, hér á landi.

Hægt er að fá vélarnar frá Weidemann búnar með mismunandi hætti, bæði með veltigrind og lokuðu húsi. Þá er hægt að fá alls konar búnað eins og GPS, loftkælingu og hitastýringu og hvað eina sem menn kjósa helst. */HKr.*

EYJALIND
NIEWIADOW
- Áratugareynsla á Íslandi
- Bílakerrur
- Vélakerrur
- Flutningakerrur
- Bátakerrur
- Yfirbyggðar kerru
Vertu vinur okkar á Facebook
S: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Greinar úr bók Páls Baldvins Baldvinssonar:

Stríðsárin 1938–1945

Í lok nóvember kom út stórbók um stríðsárin með safni greina og textabrota frá árunum 1938 til 1945 sem rekja sögu þessa tíðindaríka tímabils í veraldarsögunni, þó ljósi sé einkum beint að Íslandi, þjóðlífi fyrir ófriðinn, við upphaf stríðsins og svo hersetu í nær sex ár.

Verkið er 1.088 síður að lengd með skrám en bókina prýða um 3.000 myndir og greinar eru vel á 19. hundraðið.



Stúlkurnar eru fremstar í vinnuflokknum í Sænska frystihúsinu en þar voru gerðar tilraunir með ísingu og hraðfrystingu á vegum fiskimálanefndar sem stjórn hinna vinnandi stétta hafði komið upp þegar kreppuna tók að harðna. Mynd / Vigfús Sigurgeirsson

Dósafyllerí

„Nýjasta og viðbjóðslegasta aðferðin til að gera sig ölvaða er hið svokallaða „dósafyllirí“.

Fólk, einkum krakkar og unglingar, andar að sér uppgufun úr sérstöku gúmmílími. Í líminu eru eiturefni, sem hafa deyfandi og lamandi áhrif á líkamann, einkum höfuðið.

Ragnar vinur minn og ég vorum að líma skóhlífarnar okkar á dögunum; notuðum við þetta lím. Okkur datt í hug að soga að okkur uppgufun af þessu undralími, sem unglingar í skólum hér í bæ eru svo hrifnir af. Urðum við á einu máli um það, að áhrifin væru djöfulleg í fylsta máta. Og undruðumst við mjög, að nokkur skuli hafa nautn af að kvelja sig.

Það lítur út fyrir að gúmílímsfyllibyttur hafi hugsað sér að nota þetta í stað áfengis, en sú er raunin á, að áhrif af gúmmílími eiga ekkert skylt við áhrif af áfengi. Þeir, sem nota eiturlyf, gera það venjulega til þess að létta skapið og deyfa sig fyrir óþægilegum áhrifum, og má vera að þau nái stundum tilgangi sínum, en „dósafyllerí“ skapar aðeins vanlíðan.

Skólastjórar hafa nú þegar gert allsherjar herferð á hendur „dósafylliríi“, enn fremur er ekki lengur leyfilegt að selja þessa tegund gúmmílíms nema fullorðnu fólki. Þessi sjálfskvalaþorsti hefir geisað sem farsótt um bæinn í vetur, en virðist vera í rénun.“ Karl í koti skrifar í dálk Hannesar á horninu í Alþýðublaðinu 22. febrúar 1939.



„Nýjasta og viðbjóðslegasta aðferðin til að gera sig ölvaða er hið svokallaða „dósafyllirí“.

Humar til manneldis

„Við þurfum ekki að henda neinni fisktegund og við megum ekki kasta neinu af fiskinum, ekki einu sinni roðinu. Við getum gert okkur mat úr öllu.“ – Þetta sagði hinn ötuli framkvæmdastjóri Niðursuðuverksmiðju Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, Þorvaldur Guðmundsson, við blaðamann frá Alþýðublaðinu í gær, er hann leit inn í verksmiðjuna til að sjá hvernig farið væri með krabbann, humarinn, sem Aðalbjörg kom með í fyrra dag.

Aðalbjörg hefir í tveimur stuttum veiðitúrum fengið 35 körfur af humar, sem verksmiðjan hefir þegar tekið til meðferðar og fengið um 400 dósir af niðursoðnum humar úr. Þorvaldur Guðmundsson fór með í fyrri túrinn og veiddu þeir í Jökuldjúpi.

„Við höfum tekið allar mögulegar fisktegundir, sem Aðalbjörg hefir veitt, og matreitt, viltu smakka á reyktri skötu, eða reyktum skötusel? Engu þarf að henda, við Íslendingar erum búnir að gera það allt of lengi. Það er til markaður fyrir allar fisktegundir, aðeins ef þær eru matreiddar á réttan hátt. Hugsaðu þér það til dæmis, að aldrei hefir humar verið veiddur hér og því aldrei matreiddur, bátarnir og togararnir hafa að vísu fengið meira og minna af humar í hverri veiðiferð, en honum hefir alltaf verið kastað. En í hvert sinn er við fáum bréf erlendis frá með fyrirspurnum um vörur okkar, er fyrst og fremst spurt um humar. Það er ótakmarkaður markaður fyrir hann.“ … Alþýðublaðið 24. maí 1939.



Bruninn í sænska frystihúsinu olli mestum skaða á ýmsum birgðum sem þar voru geymdar. Húsið var klætt með asbesti sem sprakk við mikinn hita og stóð nærstöddum hætta af fljúgandi asbest-brotum. Mynd Skafti / Guðjónsson/LR.

Hör, hampur og soyabaunir

Frú Rakel P. Þorleifsson hefir um nokkurra ára skeið haft með höndum ræktun margvíslegra nytjajurta og skrúðplantna að heimili sínu, Blátúni við Kaplaskjólsveg í Reykjavík. Meðal annars hefir hún gert tilraunir með ræktun ýmissa jurta, sem ekki hafa verið ræktaðar hér áður, þar á meðal hör, hamp, soyabaunir og fleira.

Tíðindamaður Tímans brá sér nýlega vestur að Blátúni til þess að kynna sér tilraunir þær, er frú Rakel hefir gert þar með ræktun hörs. Hina fyrstu tilraun sína gerði hún sumarið 1937, og náði þá enginn annar reynt að rækta hör hér á landi á seinni árum. Náði hún þegar sæmilegum árangri, og varð vöxtur hörsins í Blátúni svipaður og samskonar tegundir ná erlendis.

Úr hör þeim, er frú Rakel ræktaði sumurin 1937 og 1938, hefir hún spunnið þráð og unnið dálitlar dúkræmur og virðist hörinn að öllu leyti vera fínn og góður. Sumt af hörfræinu náði góðum þroska þessi ár. Síðastl. haust réðist frú Rakel til utanfarar og naut til þess nokkurs opinbers styrks. Dvaldi hún við allmargar stofnanir í Danmörku, þar sem hún kynntist ræktun hörs, hagnýtingu og vinnsluaðferðum. Skoðaði hún meðal annars danskar hörekrur, hörbleytistöðvar og verksmiðjur og naut góðra ráða hjá þekktum mönnum á þessu sviði.

Nú í ár hefir hún sáð fimm tegundum hörs. Er það gert í síðara hluta apríl eða byrjun maí. Allar eru hörtegundirnar komnar vel upp og gerir hún sér nú von um enn betri árangur en fyrr. Átti hún nú völ nýrra og heppilegra fræ tegunda. Fáeinir menn hafa orðið til þess að fá fræ til reynslu hjá frúnni, og hefir að minnsta kosti sumum þeirra heppnast ræktun hörsins. ... Tíminn 10. júní 1939.

Bruni í Sænska frystihúsinu

Þriðjudaginn 4. júlí kom upp eldur í norðurálmu Sænska frystihússins og brunnu til kaldra kola tvær efstu hæðirnar af þeim hluta hússins. Kl. 12½ hafði slökkviliðinu tekist að ráða niðurlögum eldsins og er það allra mál, að framganga þess hafi verið hin frækilegasta.

Nokkru eftir að slökkvistarfið byrjaði, varð mikil sprenging og flaug stór hluti af þakinu í loft upp. Asparse-sements-plöturnar, sem húsið var klætt með, sprungu og brotin úr þeim þeyttust í allar áttir. Héldu plöturnar síðan áfram að springa og má telja mesta lán að þær skyldu ekki valda slysi. Þykkan reykjarmökk lagði yfir bæinn frá brunastaðnum og þusti þegar fjöldi fólks á vettvang. Lögreglan gætti þess, að það héldi sér í hæfilegri fjarlægð.

Hver upptök eldsins hafa verið er ekki kunnugt þá þetta er skrifað. Talið er að einn fimti hluti alls hússins hafi eyðilagst, en húsið var alt trygt hjá Sjóvátryggingarfélagi íslands fyrir 700 þúsund krónur.

Um tjónið af bruna þessum er ekki vitað en þá, en það er gífurlegt, því að þar var mikið af vörubirgðum, sem Bifreiðaeinkasala ríkisins átti, Alþýðubrauðgerðin, Belgjagerðin o. fl. Vörubirgðir einkasölunnar einnar voru t. d. vátrygðar fyrir 200 þús. kr. Fálkinn 7. júlí -Tíminn 6. júlí.

/VH



Bændablaðið
Kemur næst út
14. janúar 2016




Vefjagigt

Losnaði við verki og bólgur á 3 vikum

Ásdís Ómarsdóttir þjáðist af verkjum vegna vefjagigtar í 14 ár og var hjá sjúkraþjálfara reglulega. Með Lifestream AstaZan losnaði hún við festumein, bólgur og verki. Hún þakkar AstaZan betri líðan, betri svefn og meira úthald sem skapar fleiri gæðastundir með fjölskyldunni.





- **Lagar og fyrirbyggir bólgur, stirðleika og eymsli.**
- **Eykur styrk, hreyfigetu og endurheimt.**

Sjúkraþjálfarar og íþróttafólk mæla með AstaZan frá Lifestream


Astaxanthin 4mg, Lutein 4mg, lífrænt E-vítamín 10mg

Umboðsaðili: Celsus
Fæst í apótekum, heilsubúðum, stórmörkuðum og Fríhöfninni.

lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna

Smíðum bíllykla

Mercedes-Benz · mazda · CITROËN · BMW



Smíðum og forritum flestar gerðir bíllykla
Tímapantanir óþarfar

Stofnað 1988
Neyðarþjónustan
Lásasmiðurinn

Skútuvogur 11 • s: 510-8888

friendtex

Fallegu jólagjafirnar færðu hjá okkur



30-40% afsláttur af nýju haustvörunni frá Friendtex

Mikið úrval af primaloft jökkum fyrir dömu og herra, einnig hálfsíðar kápur.

Skoðið flottu fötin á
friendtex.is

Opið laugardaga í desember kl. 12-16

Gjafakort

Bonito ehf. • Friendtex • Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is
Opið alla virka daga kl. 11:00-17:00, laugardaga kl. 12:00-16:00.

FRÍ HEIMSENDING

Byssuskápar raflæstir og lyklalæstir



Jakki
kr. 12.900



Vesti
kr. 16.900



TILBOÐ
Bushnell H2o 10x42
kr. 32.900



Reykofn
kr. 10.900



Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - Sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA

Arctic Star



Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtiu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlins

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og Hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618

Helstu nytjaplöntur heimsins



Epli sem ekki hefur náðst að uppskera. Myndin er tekin í Bretlandi. Mynd / VH.

Epli – súr, sæt og forboðin

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Epli eru fjölbreytt og harðgerð og sá ávöxtur sem mest er ræktaður á norðurhveli jarðar. Eplayrki skipta þúsundum og hvert þeirra hefur sitt sérstaka bragð og nokkur þeirra hafa reynst ágætlega í ræktun hér á landi.

Árið 2013 var skráð heimsframleiðsla á eplum rúm 60 milljón tonn. Kínverjar rækta allra þjóða mest eða tæp 40 milljón tonn og kemur rúmlega helmingur allra epla á markaði frá Kína. Helmingur allra epla í Kína er svo ræktaður í þremur héruðum; Shandong, Shanxi og Hennan. Bandaríkin eru í öðru sæti þegar kemur að ræktun epla, rétt rúm 4 milljón tonn, Tyrkland er í þriðja sæti með 3,1 milljón tonn, Pólland var í fjórða sæti árið 2013 með rúm þrjú milljón tonn og Ítalía í því fimmta og framleiddi 2,2 milljón tonn. Í sjötta til fimmtánda sæti eru Indland, Frakkland, Síle, Íran, Rússland, Argentína, Brasilía, Úkraína, Úsbekistan og Mexíkó sem framleiða frá tæpum tveimur milljónum tonna niður í 858 þúsund tonn.

Rauð epli vinsælust

Innflutningur á eplum til Íslands nam um 4000 tonn árið 2014 og mest er flutt inni frá Bandaríkjunum, Frakklandi, Argentínu, Kína, Hollandi og Ítalíu. Samkvæmt upplýsingum frá Bönunum ehf. eru rauð epli vinsælust. Red Deliciuos, sem kemur upprunalega frá Bandríkjunum, seljast best en yrkið Granny Smith, sem er grænt og frá Ástralíu, hefur verið að sækja á. Auk þess sem vinsældir Jonagold og Pink Lady hafa verið að aukast.

Eplið á skilningstrénu

Frægasta epli sögunnar er án efa eplið sem Adam og Eva eiga að hafa borðað af og er kennt við skilningstréð og þau gerð brottræk úr Paradís fyrir. Ólíklegt er þó að um sé að ræða epli því litlar líkur eru á að eplatré hafi vaxið á söguslóðum Biblíunnar. Aftur á móti er erfitt að segja fyrir víst hvað ox í Paradís sköpunarsögunnar. Sé sagan um aldingarðinn Eden tekin trúanlega hefur Guð gróðursett fyrsta eplatréð.



Frægasta epli sögunnar er án efa eplið sem Adam og Eva eiga að hafa borðað af og er kennt við skilningstréð og þau gerð brottræk úr Paradís fyrir. Málverk / Lucas Cranach

Siðbreytingamaðurinn Marteinn Lúter var gallharður ræktandi eplatrjáa og sagði að þrátt fyrir að hann vissi að heimsendir yrði daginn eftir mundi hann samt planta eplatré. Epli koma líka fyrir í vísindum því þar sem Isaac Newton sat undir tré einn góðviðrisdag sá hann epli falla til jarðar af trjágrein. Í framhaldinu velti hann fyrir sér af hverju eplið féll í stað þess að svífa upp í loftið og til varð hugmyndin um aðdráttarafl jarðar.



Þegar Isaac Newton sat undir tré einn góðviðrisdag sá hann epli falla til jarðar af trjágrein. Í framhaldinu velti hann fyrir sér af hverju eplið féll í stað þess að svífa upp í loftið og til varð hugmyndin um aðdráttarafl jarðar.

Annað frægt epli er það sem stóð í stúlkunni í ævintýrinu um Mjallhvíti og ekki má gleyma þrætueplinu súra sem dafnar víða svo vel.

Grasfræði og ræktun

Epli, *Malus domestica*, eru lauffellandi tré af rósaætt. Eins og nafnið *domestica* gefur til kynna er um ræktaða tegund að ræða sem aftur skiptist í hátt í sjö þúsund yrki matar- og skrautepla.

Í náttúrulegum heimkynnum sínum geta eplatré náð tólf metra hæð og þau eru með trefjarót sem liggur grunnt í jarðvegi. Blöðin ljósgræn, stakstæð, einföld egglaga með oddi í endann og smásagtennt, 5 til 12 sentímetra löng og 3 til 6 á breidd. Blómin 2 til 3,5 sentímetrar í þvermál, hvít eða fölbleik og með fimm krónublöðum. Tvíkynja og frjóvgast í náttúrunni með býflugum. Aldinið eru epli sem eru misjöfn að stærð og lögun. Hýðið breytilegt að lit, rauð, rauðblá, gul, bleik, græn eða marglit en aldinholdið fölgulhvítt. Misjafnlega mörg fræ í hverju aldini. Fræin oft tárlaga og innihalda smávægilegt magn að blásýru og geta því verið eitruð í miklu magni.

Eplatrjám er yfirleitt fjölgað með ágræðslu og því allir einstaklingar sem bera sama yrkisheiti eins og Red Deliciuos eða Granny Smith sami einstaklingurinn sem kom af fræi en búið er að fjölga með græðlingum og því klónar. Genamengi eplatrjáa er fjölbreytt og geta tré sem vaxa upp af fræjum sama aldins verið mjög ólík þrátt fyrir að öll yrki eigi sér sameiginlegan forföður.

Ávaxtatré eru sjálffrjóvgandi eða ekki og sum eru það sem kallað er hálfsjálffrjóvgandi. Ef um er að ræða tré sem ekki frjóvga sig sjálf verður að hafa að minnsta kosti tvö tré af ólíkum yrkjum til að frjóvgun geti átt sér stað. Þetta stafar af því að tré sem eru af sama yrki eru í raun sama planta sem fjölgað hefur verið kynlaust.

Ræktuð eplatré eru undantekningarlaust ágrædd á rót sérræktaðra rótaryrkja því rætur yrkja sem gefa mikinn ávöxt eru yfirleitt með lélega rót. Rótarstofnar eplatrjáa eru fjölmargir og ákvarða þeir hæð trésins.

Eplatré kjósa næringarríkan,

sandblendinn og velframræstan moldarjarðveg með sýrustigi frá pH 5,8 til 7. Uppskera af eplatrjám fer eftir ræktunarskilyrðum og er mismunandi milli yrkja og getur verið allt upp í 200 kíló á ári.

Epli og varnarefni

Fjöldi skordýra, vírusa, sveppa og baktería geta reynst ræktendum og framleiðendum epla erfiðir og mikið um notkun varnarefna í stórræktun. Auk þess sem epli eru stundum úðuð með efnum áður en þau eru sett í geymslu sem gerir framleiðendum kleift að geyma þau í allt að ár áður en þau eru sett á markað.

Mest af eplum eru borðuð hrá en þau sem ekki þykja nógu góð til átu eru meðal annars notuð í eplasafa, síder og calvados.

Úttekt stjórnvalda í Kína árið 2014 sýndi að 1/5 af ræktarlandi þar er mengaður af skordýra- og örgresisefnum og þungamálmum eins og arseniki, kadmíum og nikkel.

Notkun á skordýraeitri á vissum svæðum í Kína hefur leitt til hruns býflugnastofna en flugurnar sjá meðal annars um að frjóvga eplatrén. Ástandið er sums staðar svo slæmt að gripið hefur verið til þess ráðs að láta þúsundir fólks bera frjó milli frævils og frævu með hænsnafjöðrum og frjóvga eplatrén þannig vegna skorts á býflugum. Fullorðnir bera frjóið milli neðstu blómanna en börn klifra upp í trén og frjóvga blómin efst.

Í stórræktun eru epli oft úðuð með varnarefnum eftir fyrirfram ákveðnu skipulagi en ekki endilega vegna þess að það þurfi og kallast það forvarnir. Framleiðsla á lífrænum eplum er mest í Bandaríkjunum.

Uppruni og útbreiðsla

Uppruni ræktaðra epla er rakinn til villi- eða skógartegundar sem kallast *Malus sieversii* og finnst villt í fjalllendi Mið-Asíu, Kasakstan, Kyrgyzstan og Tien Shan-héraði í Kína.

Forfeður og -mæður nútíma epla voru mun minni en þau epli sem við þekkjum í dag, súr, hörð undir tönn og mörg óæt. Í gegnum árþúsundin hafa menn og skepnur, eins og til dæmis skógarbirnir, valið bestu aldinin til átu og dreift fræjum þeirra í gegnum metingarfærin. Á þann hátt hefur smám saman trjám með aldinum með eftirsóknarverðu bragði og sætumagni fjölgað áður en skipulagðar kynbætur hófust. Talið er að skipuleg ræktun epla hafi hafist í Kasakstan.

Frá Mið-Asíu breiddust epli út til austurs og vesturs. Kínverjar og Rómverjar komust snemma upp á lagið með að græða greinar af trjám með eftirsóknarverða ávexti á rætur trjáa sem báru ekki eins góð aldin og þannig hófst skipleg ræktun á eplum.

Epli alls staðar

Til er steintafla frá Mesópótamíu frá um 1500 fyrir Krist þar sem sagt er frá viðskiptum með eplatrjáalund og var verðið þrjár úrvals kindur. Tvö hundruð árum síðar skipaði Ramses faraó í Egyptalandi fyrir um að epli skyldu ræktuð við ósa Nílarfljóts.

Rómverjar fluttu með sér epli, sem þeir nefndu melónur, og fræ í landvinningahernaði sínum um Evrópu norðanverða og með tímanum voru eplatré ræktuð um stóran hluta álfunnar, á sunnanverðum Bretlandseyjum og Skandinavíu.

Frá Evrópu bárust svo ræktuð epli til nýja heimsins með evrópskum landnemum. Einn af þeim sem átti þátt í útbreiðslu epla frá Evrópu um austanverð miðríki Bandaríkjanna var Swedenborgartrúboðinn John Chapman sem var kallaður Johnny Appleseed. Ástæðan var sú að hann var iðinn við að sá eplafræjum hvar sem hann fór. Auk þess var hann útsjónarsamur í viðskiptum og langt frá því að hann sáði fræjunum tvist og bast. Hann valdi ræktunarstaðina gætilega og helst þar sem von var á að landnemar settust að á næstu árum. Eftir að byggð fór að rísa seld Johnny landnemunum tré og áfengan síder sem hann bruggaði úr eplunum. Jonni Eplasteinn var ekki bara duglegur garðyrkjumaður, hann var líka útsmoginn sprúttsali.

Villi- eða skógarepli

Fyrir tíma ræktaðra epla í Evrópu uxu þar, og reyndar í Bandaríkjunum og Asíu líka, aðrar tegundir trjáa af ættkvíslinni *Malus* sem eru kölluð villi- eða skógarepli og þykja engan veginn eins bragðgóð og ræktuð epli.



Sé sagan um aldingarðinn Eden tekin trúanlega hefur Guð gróðursett fyrsta eplatréð.



Epli sem ekki þykja nógu góð til átu eru notuð í eplasafa, síder og Calvados.



Kínverjar rækta allra þjóða mest eða tæp 40 milljón tonn og kemur rúmlega helmingur allra epla á markaði frá Kína.

Dæmi um slíkar tegundir eru kínverskt skrautepli *M. spectabilis* og *M. baccata* sem vex í Síberíu. Japanir framræktuðu villieplið *M. floribunda* í fallegt skrauttré. Í Norður-Ameríku vaxa tegundir eins og *M. coronaria, M. fusca, M. ioensis* og *M. angustifolia* á mismunandi stöðum í álfunni.

Fornleifar sem fundust í helli í Sviss benda til að fólk á járnöld hafi safnað og geymt villiepli til neyslu og að um *M. sieversii* hafi verið að ræða.

Epli í goðsögnum

Epli eru víða nefnd í goðsögnum, grískum og norrænum, og fornum bókmenntum en bent hefur verið á að orðið epli var lengi notað sem heiti á margs konar framandi ávöxtum.

Í norrænni goðafræði segir frá því að goðin þurfi reglulega að fá bita af eplum Iðunnar til að eldast ekki. Í Skáldskaparmálum í Eddu Snorra Sturlusonar segir frá því þegar eplunum var stolið. Frásögnin er nokkurn veginn á þá leið að Loki og Hænir voru á ferðalagi og að steikja kjöt en gekk það illa. Í tré ofan við þá sat jötunninn Þjassi í gervi arnar og bauðst til að hjálpa þeim fengi hann hluta af kjötinu. Örninn sveik þá aftur á móti og flaug burt með allt kjötið þegar það var steikt. Loki sætti sig ekki við athæfið og sló til arnarins með stórum staf sem festist við fætur hans og dróst Loki langa leið þar sem hann sleppti ekki stafnum. Þjassi hafði þannig Loka í kló sinni og neitaði að sleppa honum nema hann afhenti sér bæði Iðunni og gulleplin.

Loki gekk að skilmálunum og þegar hann kom aftur í Ásgarð tældi hann Iðunni með eplin sín út í skóg þar sem Þjassi í arnarlíki læsti klónum í Iðunni og eplin og fór með til Jötunheima.

Goðin tók umsvifalaust að eldast eins og dauðlegir menn þar sem þau fengu ekki eplabitann sinn. Fljótlega komst upp um ráðabrugg Loka og honum gert að ná í Iðunni og eplin hið bráðasta. Til þess fékk Loki lánaðan valsham Freyju og flaug til Jötunheima þar sem hann fann Iðunni í höll Þjassa. Breytti hann Iðunni, sem enn var með eplin, í hnetu og flaug með hana aftur í Ásgarð. Þjassi var að vonum ekki sáttur og elti Loka í arnarlíki inn í Ásgarð. Í sömu mund kveiktu æsirnir eld í spónahrúgu og þegar Þjassi flaug yfir hana sviðnuðu vængirnir þannig að hann féll til jarðar þar sem þeir drápu hann. Æsir endurheimtu þannig epli, fengu sér bita og tryggðu sér eilífa æsku.

Trébalar með leifum af nokkrum villieplum voru meðal þess sem fannst við uppgröft á haugnum sem geymdi Oseberg-skipið í Noregi. Samkvæmt aldursgreiningu var skipið heygt árið 834.

Í grískri goðafræði gerðu þrjár gyðjur, Hera, Aþena og Afródíta, tilkall til eplis sem sagt væri handa þeirri fallegustu. Prinsinn París frá Troju var fenginn til að dæma um fegurð gyðjanna. Helena og Aþena mútuðu honum með gulli en Afródíta bauð honum fegurstu konu í heimi, Helenu fögru. París steinféll fyrir Helenu og Afródíta hlaut eplið en afleiðing fegurðarsamkeppninnar enduðu í umsátri Spörtumanna um Trójuborg sem kallað er Trójustríðið.

Rök hafa verið færð fyrir því að sá siður að skreyta tré um jólin sé kominn frá Keltum sem hengdu epli á sígræn tré um vetrarsólstöður til að tryggja uppskeru komandi árs.

Epli á Íslandi

Áhugi garðeigenda á ræktun ávaxtatrjáa og sérstaklega epla hefur aukist mikið undanfarin ár og margir náð góðum árangri. Fyrsta eplatréð sem sögur fara af hér var ræktað upp af fræi á Akureyri skömmu eftir 1880.

Fyrir ekki svo mörgum áratugum voru epli keypt um jólin og gefin í skóinn og stundum sagt að það væri eplalykt í húsinu. Lykt af búðareplum, þessum sirka 10 yrkjum sem eru um 90% allra epla á markaði, er eitthvað sem hefur horfið með nútíma geymsluaðferðum sem felast í því að stöðva útgufun ávaxtanna með efnablöndu sem úðað er á þau.

Epli voru á boðstólum sem nýlenduvara í verslunum í Reykjavík í lok nítjándu aldar eins og sjá má á eftirfarandi auglýsingu sem birtist í 56. tölublaði Ísafoldar 1888.

„Meðan verið er að koma í lag sölubúð í íbúðarhúsi mínu, verzla jeg í hinu nýja húsi hr. kaupmanns G. Zoéga („Liverpool“) og hef jeg þessar vörur á boðatólum.


Mysuost, Sveitserost, Kaffi, Exportkaffi. Kandís, Hvítt sykur höggvinn og í toppum, Púðursykur, tvær tegundir, „strau“sykur, Hrísgrjón heil og hálf, Sagógrjón stór og smá, Semoulle, Hrísmjöl, Flórmjöl, Rúsínur, Sveskjur, Fíkjur, Epli, Chokolade, Rjól, Munntóbak, Vindla, Brennivín, Sápu, Sóda, Fínt brauð bæði laust og í máluðum dósum, margar tegundir af ýmsu niðursoðnu, meðal annars íslenzkan Lax í 1 pd. dósum á 65 aura og Rjúpur á 85 aura. M. Johannessen.“

Eplayrki á Íslandi

Dæmi um yrki sem hafa reynst vel hér á landi eru Sävstaholm, Carroll, Haugmann, Melba, Quinte og Huvitus. Epli eru yfirleitt ekki sjálffrjóvgandi en undantekningar eru á því. Dæmi um sjálffrjóvgandi yrki eru Sunset og Scrumptious. Auk þess eru til yrki sem eru hálfsjálffrjóvgandi sem þýðir að þau geta frjóvgað sig sjálf en eru betri með öðrum tegundum. Dæmi um það eru Transparente Blanche og James Grieve. Einnig eru til yrki með þrjá litninga en þau eru ónothæf til að frjóvga með. Þar má nefna Close, Gravenstein og Jonagold.

Á svokölluðum fjölskyldutrjám eru mörg yrki grædd á einn stofn og þannig næst uppskera yfir lengri tíma og fjölbreytni í bragði og lit. Gallinn við fjölskyldutré er að ef eitt yrkið er mjög kraftmikið getur það vaxið fram úr öðrum og orðið ráðandi.

Munið að skræla epli fyrir neyslu.





Gugga í Lóni, Hulda í Hjartalagi og Kristín frá Blúndum og blómum.

Hulda Ólafsdóttir rekur fyrirtækið Hjartalag á Akureyri:

Markmiðið að breiða út hlýju, kærleika og jákvæðan boðskap

„Afmælið tókst vel, það kom hingað margt fólk og stemningin var notaleg," segir Hulda Ólafsdóttir, sem á og rekur fyrirtækið Hjartalag – hlýjar kveðjur á Akureyri. Vinnustofan er í kjallaranum þar sem hún býr við Þórunnarstræti, þar var áður fyrr fjós og skammt sunnan við húsið er gömul hlaða. Þar sló Hulda upp afmælisveislu um daginn og fagnaði tveggja ára afmæli Hjartalags. Með henni voru tvær góðar vinkonur, systir hennar Guðríður Baldvinsdóttir, Gugga í Lóni í Kelduhverfi, en hún rekur samhliða búskap félagið Sælusápur. Gugga er sauðfjárbóndi og skógfræðingur, býr ásamt eiginmanni, Einari Ófeigi Björnssyni, með á fimmta hundrað fjár, en einnig er á jörðinni æðavarp, skóg- og skjólbeltaræktun.

Kristín S. Bjarnadóttir í Sigluvík á Svalbarðsströnd var einnig í hópnum. Hennar starfsemi fer fram undir nafninu Blúndur og blóm og meðal þess sem hún framleiðir eru vinsæl skipulagsdagatöl.

Erum allar sveitastelpur

„Við þekkjumst allar mjög vel, ég sé um alla hönnun, bæði fyrir Sælusápur og eins dagatölin sem Kristín framleiðir og því var borðleggjandi að bjóða þeim að slást í hópinn og fagna þessum tímamótum," segir Hulda. „Við erum líka allar sveitastelpur í húð og hár, Gugga og Kristín búa enn í sveit og ég held tengslunum við sveitina með því að búa á gömlum sveitabæ sem nú er í miðjum Akureyrarbæ. Það sakar nú aldeilis ekki að hafa hlöðu í garðinum."



Aðventuljós frá Hjartalagi.

Hulda segir að margir hafi lagt leið sína til þeirra vinkvenna, bæði sem þær þekktu fyrir og eins aðrir sem þær þekktu ekki neitt „og það var bara mjög gaman hjá okkur. Við skreyttum með greinum og kertum úti þannig að það varð rómantísk yfirbragð yfir öllu hér sem passar auðvitað ágætlega því þannig er yfirbragðið á okkar vörum. Það var markmiðið að fólki þætti notalegt að koma við hjá okkur á þessum árstíma og sjá hvað við höfum upp á að bjóða, fólk skoðaði það sem við erum að framleiða og dreypti á kakói og maulaði smákökur með."

Gaman að sinna eigin sköpun

Hulda segist afskaplega glöð yfir þeim góðu viðtökum sem hennar verk hafi fengið.



Kertaberar frá Huldu í Hjartalagi.

Hún er grafískur hönnuður og starfaði við fagið um alllangt skeið, en hennar eigin hönnun var eins konar hliðargrein við brauðstritið. „Ég var alltaf að fikra mig áfram, skapa eitthvað og búa til. Það vatt svo jafnt og þétt upp á sig og að lokum var þetta orðið svo umfangsmikið hjá mér að ég hreinlega varð að gera upp við mig hvort ég ætti að kasta mér út í djúpu laugina, hætta í fastri vinnu og helga mig eingöngu mínum eigin verkum. Ég tók þann kostinn og sé alls ekki eftir því, það er virkilega gaman að sinna eigin sköpun, sjá hlutina þróast og verða að fullgerðri vöru. Og vissulega ánægjulegt að fólki líkar við þessa hluti sem ég er að gera," segir hún.

Hulda hefur bætt við sig námi sem snýr að rekstri fyrirtækja, markaðsmálum og fleiru í þeim dúr og segir að félagið gangi ágætlega. Hún sinnir auk eigin sköpunar einnig ýmsum verkefnum í sínu fagi fyrir hina ýmsu aðila. „Ég hef alltaf fundið fyrir þessari þörf að skapa, það gefur mér mikið," segir hún. Eitt af því sem hún segir mikilvægt við að koma sér á framfæri sé að vera sýnilegur og það hefur hún svo sannarlega gert í ár, tekið þátt í fjórum stórum sýningum. Hún var með í sýningunni Handverk og hönnun í Reykjavík, bæði í vor og nú í nóvember síðastliðnum, tók þátt í Hönnunarmars og var á Handverkshátíðinni á Hrafnagili í sumar.

„Það er afskaplega gott að taka þátt í sýningum af þessu tagi, það er svo auðvelt að gleyma sér í eigin heimi þegar maður er einn að vinna. Ég reyni að vera opin fyrir nýjum leiðum við að koma mér á framfæri og hef náð ágætis árangri í að gera Hjartalagið sýnilegt og þannig að fólk viti af mér," segir Hulda. Hún er með samnefnda vefsíðu, sölusíðu sem gengur vel, en þar er hægt að sjá úrvalið og panta vörur.

Aðventuljósin vinsæl

„Hjartað hefur alla tíð verið mér hjartfólgið, mitt markmið er að breiða út hlýju, kærleika og jákvæðan boðskap," segir Hulda, en á hennar vörum má gjarnan finna ljóð eða gullkorn, falleg orð sem hitta beint í hjartastað. „Mínar vörur eru gjarnan keyptar til gjafa og hugmyndin er sú að sá sem þiggur fái í leiðinni hlýja kveðju."

Meðal þess sem Hulda hefur hannað má nefna bækur af ýmsu tagi, uppskrifta- og minningabók m.a., kort, kerti, platta og hjartalaga gluggaskraut með áletrun. Það nýjasta í vörulínu hennar eru kertaberar, þeir eru úr plexígleri og fást í þremur stærðum og nokkrum litum. „Mig langaði að gera eitthvað jólalegt og það nýjasta hjá mér núna eru aðventuljós, þá raða ég fjórum kertaberum saman svo úr verður ein heild," segir hún. „Ég hef alltaf heillast af einfaldri hönnun." Þeir hlutir sem Hulda hannar eiga það sameiginlegt að pakkast vel, eru í flötum umbúðum og segir hún það mælast sérlega vel fyrir hjá þeim sem eru að senda gjafir til útlanda. „Ég hef tekið eftir því að margir sem kaupa mínar vörur eru að gefa þær sínu fólki sem býr í útlöndum. Fólk vill gjarnan gefa eitthvað íslenskt, íslensk hönnun er vinsæl og auðvitað skiptir þá líka máli að póstsendingakostnaður sé innan skynsamlegra marka," segir hún.

/MÞÞ

HOLTA KJÚKLINGUR

100% kjúklingur

Allur Holta kjúklingur er 100% náttúrulegur.
Þú getur verið viss um að þegar þú kaupir Holta kjúkling ertu
að fá vöru sem nýtur virðingar hjá meistarakokkum,
hvar sem þá er að finna.

100%
HREIN AFURÐ

Grunnur að góðri máltíð
www.holta.is

Holta®
KJÚKLINGUR

Heiðurskonur kveðja Bændahöllina

Heiðurskonurnar og handboltahetjurnar Sigríður Sigurðardóttir og Ingibjörg Jónsdóttir létu af störfum sem ræstitæknar Bændasamtaka Íslands (BÍ) um síðustu mánaðamót, eftir áratuga störf fyrir samtökin.

Þær stöllur voru formlega kvaddar í jólaboði Bændasamtakanna í hádeginu síðastliðinn þriðjudag og þakkað vel unnin störf. Sigríður sagði í samtali við tíðindamann Bændablaðsins að hennar starfsferill hjá BÍ, sem þá hét Búnaðarfélag Íslands, hafi byrjað árið 1969, í tíð Halldórs Pálssonar búnaðarmálastjóra, eða fyrir 46 árum. Ingibjörg hóf störf sex árum seinna, eða 1975, og þá var Halldór enn við stjórnvölinn.

Sigríður segir að henni hafi boðist þetta starf eftir að Bændasamtökin fluttu úr Tjarnargötunni í Bændahöllina sem þá var nýlega byggð. Báðar tala þær um hvað þetta sé búið að vera ánægjulegt, sérstaklega að umgangast allt það skemmtilega fólk sem starfað hefur hjá Bændasamtökunum í gegnum tíðina.



Sigríður Sigurðardóttir og Ingibjörg Jónsdóttir klára síðustu vaktina í Bændahöllinni. Mynd / HKr.

Skemmtilegt lið

„Þetta var svo skemmtilegt lið," segir Ingibjörg. „Þarna voru m.a. í upphafi bræðurnir Hannes Pálsson og Halldór Pálsson, Gísli gamli Kristjáns, Guðmundur Jósafats, Ólafur Stefánsson á Álftanesi og margir fleiri." Mikið hafi síðan breyst á löngum tíma, nema andinn í Bændahöllinni, hann sé alltaf góður.

Hafa upplifað miklar breytingar á starfstímanum

Þegar þær Sigríður og Ingibjörg hófu störf voru tvær stofnanir bænda með starfsemi sína í Bændahöllinni. Það var Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda. Búnaðarfélag Íslands var lagt niður og sameinað Stéttarsambandi bænda með lögum árið 1994. Var það síðan formgert með stofnun Bændasamtaka Íslands árið 1995 sem eru í dag heildarsamtök íslenskra bænda. Þau eru samtök 13 búnaðarsambanda og 12 búgreinasambanda.



Ingibjörg Jónsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir með heljarstóra bjöllu sem þær létu hljóma til að kalla á búnaðarmálastjóra og aðra vinnufélaga þegar þær voru búnar að hella upp á kaffið á upphafsárunum í Bændahöllinni.

Sigríður og Ingibjörg eru því búnar að upplifa miklar breytingar á samtökum bænda og einnig á húsnæðinu sem starfsemin hefur verið í. Það hafa þær þrifið af mikilli samviskusemi alla tíð, eða þar til þær létu af störfum nú í lok nóvember.

Handboltahetjur Íslands

Sigríður er í hugum margra ein af helstu handboltahetjum Íslendinga. Hún er Valsari út í gegn og lagði skóna á hilluna, eins og sagt er, 1969, eða sama ár og hún hóf störf hjá Búnaðarfélaginu.

„Ég lauk ferlinum með því að vinna Íslandsmótið með sigri uppi á Skaga. Við vorum líka búnar að vinna Fram og þetta var orðið ágætt," segir Sigga og hlær.

Ingibjörg, sem er mágkona Sigríðar, var líka mikil keppnismanneskja í handboltanum, en hún spilaði með Fram. Hún segir að þær hafi ósjaldan keppt á móti hvor annarri og tekist á af mikilli hörku. Stundum háttaði þannig til að þær voru báðar í kvöldmat hjá foreldrum hennar, en eftir mat fóru þær svo að keppa í handbolta, en báðar voru fyrirliðar sinna liða. Þótt rígur væri á milli félaganna skyggði það samt aldrei á vináttu þeirra.

Sigríður segir að umhverfið og aðbúnaðurinn í handboltanum hafi gjörbreyst. Áður voru þær að keppa utanhúss, stundum á grasvöllum, en líka oft á malarvöllum. Geta má nærri að eftir keppni á malarvöllum hafi verið ansi mikið um skrámur.

Innilegar þakkir

Starfsfólk Bændablaðsins þakkar þeim Sigríði og Ingibjörgu fyrir alla þeirra eljusemi og sérlega notaleg kynni í gegnum tíðina. Er þeim óskað alls hins besta á komandi árum.

/HKr.

Lesendabás

Upphaf nýrrar heimsmyndar

Parísarsamningurinn sem náðist þann 12.12 er metnaðarfullt samkomulag sem á eftir að marka upphaf nýrrar heimsmyndar þar sem sjálfbærni náttúruauðlinda verður leiðarljós mannkyns. Tímamótin eru söguleg enda einstakur atburður í heimssögunni og dagsetninguna er auðvelt að muna.

Þetta er fyrsta samkomulagið þar sem öll ríki takast á við þau hættumerki sem við erum þegar farin að sjá um hlýnun jarðar og rammar inn lagalega áætlanir einstakra ríkja til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Nú þurfa öll ríki, stór sem smá, að vinna hratt og taka höndum saman um að ná markmiðinu um að tryggja að hlýnun jarðar verði vel innan við 2°C og stefna að því að halda henni innan við 1,5°C . Til að svo megi verða þarf að hlusta vel á hvað vísindin hafa fram að færa og uppfæra markmiðin á fimm ára fresti.

Á síðustu vikum hefur hefur mátt merkja öra þróun varðandi viðhorf stjórnvalda, fyrirtækja og einstaklinga til loftslagsmála og mikilvægi þess að takast á við vandann. Tala má um hugarfarsbreytingu í því sambandi sem leiddi til loforðs um að bæta umgengni og skyldur við móður jörð. Það var magnað að upplifa þann jákvæða anda sem ríkti á ráðstefnunni og heyra að þjóðir heims ætli að fylgja eftir sínum markmiðum.

Áskorun og tækifæri

Ástand loftslagsmála er alvarlegt og kallar á nýja hugsun og lausnir. Vendipunktinum hefur verið náð. Framundan eru mörg óunnin verk við að þróa langtíma tæknilausnir sem fela jafnframt í sér tækifæri til hagsbóta fyrir mannkynið. Án efa



Sigrún Magnúsdóttir.

munu þessi tímamót flýta tækniþróun sem stuðlar að því að nýting auðlinda verði sjálfbær. Fjölbreytt verkefni í sóknaráætlun Íslands í loftslagsmálum voru kynnt í nóvember. Þau eru skref fram á við sem miða að því að efla starf okkar í loftslagsmálum næstu árin til að standa við skuldbindingar sem er kveðið á um í Parísarsamningnum.

Ísland hefur margt fram að færa í loftslagsmálum sem önnur ríki horfa gjarnan til. Mikill áhugi var á íslenskum kynningarviðburðum á loftslagsráðstefnunni í liðinni viku þar sem m.a. var fjallað um endurnýjanlega orku, landgræðslu og jökla en á þeim sviðum búum við að mikilli sérfræðiþekkingu og reynslu. Í því ljósi þarf að efla enn frekar samstarf atvinnulífs, vísinda- og rannsóknasamfélags, sveitarfélaga, félagasamtaka og almennings.

Þá hefur Ísland lagt áherslu á að tekið sé tillit til kolefnisbindingar jafnt sem losunar í loftslagssamningnum og að tryggja jafnréttissjónarmið. Lítil áhersla var lögð á jafnréttismál í starfi samningsins þangað til Ísland hóf að beita sér fyrir málinu fyrir nokkrum árum. Þar erum við í fararbroddi og berum skyldu til að miðla reynslu okkar til annarra þjóða sem tryggir aðkomu beggja kynja að starfi í loftslagsmálum. Jöfn aðkoma að ákvarðanatöku er lykillinn að því að ná tökum á vandanum á heimsvísu og mun flýta fyrir raunhæfum og hvetjandi lausnum í loftslagsverkefnum.

Gott skipulag einkenndi loftslagsráðstefnuna undir forystu Frakka sem eiga lof skilið fyrir trausta stjórn viðræðna og annað utanumhald. Þá hefur samninganefnd Ísland staðið í ströngu og unnið mjög gott starf síðustu misserin til að koma að og fylgja eftir áherslum Íslands. Samhugur og metnaður allra hefur átt sinn þátt í því hve vel tókst til. Fyrir það ber að þakka.

Sigrún Magnúsdóttir
umhverfis-og auðlindaráðherra



Kátur hópur skólabarna frá Hvanneyri í skóginum að Stóru-Drageyri í Skorradal, ánægð eftir að hafa fundið tvö falleg jólatré og sagað fyrir grunnskólann og leikskólann. Myndirnar / Valdimar Reynisson skógarvörður.

Börnin á Hvanneyri höggva jólatré

Sú hefð hefur skapast að grunnskólabörn úr Grunnskóla Borgarbyggðar á Hvanneyri komi í Skorradalinn á aðventunni að velja jólatré fyrir skólann sinn.

Þau hafa líka séð um að velja og saga jólatré fyrir leikskólann Andabæ á Hvanneyri. Á þessu varð engin breyting þetta árið nema hvað nú komu elstu leikskólabörnin með til að sækja tré.

Það er alltaf líf og fjör þegar þessi hópur kemur í heimsókn. Skógarvörðurinn á Vesturlandi tók á móti hinum vösku krökkum á Stóru-Drageyri í Skorradal í morgun og aðstoðaði þau við að velja sér tré. Börnin sáu síðan sjálf um að fella trén. Þau voru ekki lengi að finna tvö myndarleg jólatré og saga þau niður. Þetta kemur fram á vef Skógræktar ríkisins. */MÞÞ*









Staðfesting um breytingu á verðskrá

Samkvæmt staðfestingu frá Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti frá 11. desember 2015 er **Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML)** heimilt að innheimta að hámarki kr. 6500,- auk vsk fyrir vinnu við sérfræðistörf sem falla undir búnaðarlög, sbr. 7. gr. búnaðarlagasamnings dags. 28. september 2012 og 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga.

Heimildin tekur gildi þann **1. Janúar 2016.**

Verðskrána má nálgast á www.rml.is

RML RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Sími 516 5000
www.rml.is

Ráðgjafafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir ráðunaut í Austur Skaftafellssýslu.

Ábyrgðarsvið, menntun og hæfniskröfur:

- Skal hafa lokið háskólaprófi í búvísindum eða annari sambærilegri menntun. Menntun eða reynsla af verkefnastjórnun eða skipulagningu verkefna æskileg.
- Meginstarf viðkomandi er að vinna samkvæmt samkomulagi sem Búnaðarsamband Austur Skaftafellssýslu hefur gert við sveitarfélagið Hornafjörð um viðhald og uppbyggingu landbúnaðar á svæðinu.
- Viðkomandi starfsmanni RML er ætlað að vera tengiliður bænda á starfssvæðinu við RML ásamt því að koma beint að þeirri vinnu sem ekki krefst sérfræðiþekkingar ákveðinna starfsmanna RML. Hann leitist jafnframt við að veita eða miðla ráðgjöf vegna verkefna sem tilgreind eru i samkomulaginu og fylgja og verkstýra þeirri aðgerðaráætlun sem mótuð yrði á grundvelli þess. Við leitum að einstaklingum með brennandi áhuga á landbúnaði í sínum víðasta skilningi og hefur metnað og frumkvæði sem nýtist til að styðja við landbúnað á svæðinu
- Áhersla er lögð á skipulögð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum auk þess sem að viðkomandi þarf að halda utan um og stýra verkefnum innan fyrirtækisins samkvæmt vinnuferlum verkefnastjórnunar
- Kemur að öðrum verkefnum á einstökum fagsviðum innan RML sem starfsmaður hefur sérþekkingu til að gegna eftir því sem starfsaðstæður leyfa á hverjum tíma
- Skilyrði er að viðkomandi búi á svæðinu sjá lýsingu á staðháttum hér fyrir neðan.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er framsækið ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda og leggur metnað sinn í að viðhalda faglegri og óháðri ráðgjöf til aðila innan landbúnaðarins. Fyrirtækið er með starfstöðvar víðsvegar um landið en nánari upplýsingar um starfsemina má finna á vef þess www.rml.is .

Rauðaberg

Jörðin Rauðaberg er um 25 km frá Höfn. Þar er 150 fermetra starfsmannahús og 80 fermetra skrifstofuhúsnæði, bæði húsin eru steinsteypt. Íbúðarhúsið hefur nýlega verið endurnýjað að innan, það var málað, skipt um gólfefni og hurðir. Félagssvæði hestamannafélagsins Hornfirðings er í 20 km fjarlægð og þar eru hesthús og reiðhöll. Gott atvinnuástand er á svæðinu þannig það ætti ekki að vera vandamál fyrir maka að fá vinnu, jafnvel stutt frá Rauðabergi. Gert er ráð fyrir að mjög hófleg leiga verði á íbúðarhúsnæðinu. Um er að ræða mjög spennandi verkefni fyrir réttan aðila.

Upplýsingar um starfið eru veittar með tölvupósti í gegnum netföng Karvels L. Karvelssonar (klk@rml.is) eða Berglindar Ósk Óðinsdóttur (boo@rml.is). Umsóknarfrestur er til 4. janúar. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á vef RML. www.rml.is. Umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og starfsferil umsækjanda ásamt upplýsingum um umsagnaraðila.

RML RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Sími 516 5000
www.rml.is

RML

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Helstu niðurstöður nýs kynbótamats í nóvember 2015


Guðmundur Jóhannesson
Ábyrðamaður
í nautgriparækt
mundi@rml.is

Nú í nóvember var keyrt nýtt kynbótamat í nautgriparæktinni og lesið inn í nautgriparæktarkerfið Huppu í beinu framhaldi af því. Niðurstöður þess eru því aðgengilegar notendum Huppu en hér verður stiklað á stóru um þau naut sem hafa verið og koma ný í dreifingu.

Fagráð í nautgriparækt tók á fundi sínum þann 10. desember s.l. ákvörðun um það hvaða naut verða í almennri dreifingu á næstu mánuðum. Ákveðið var að fjölga reyndum nautum í dreifingu á þann hátt að nú koma fjögur ný naut til dreifingar en þrjú af þeim sem áður voru í dreifingu falla út. Ánægjulegt er að sjá að þau naut sem hafa verið í notkun undanfarin misseri standa við fyrri dóm að nánast öllu leyti, hækka fremur en hitt.

Afkvæmadómi 2009 árgangsins er í meginatriðum lokið en nú þegar eru þau naut sem telja má áhugaverð til framhaldsnotkunar úr þeim árgangi komin eða að koma til dreifingar. Árgangurinn taldi alls 27 naut og af þeim hafa farið 9 til dreifingar sem reynd. Því miður er ekki um fleiri naut að ræða þar sem fengið hafa verulega gott mat að lokinni afkvæmaprófun.

Eins og áður sagði var ákveðið fjögur ný naut í dreifingu sem reynd naut. Þessi naut eru enn með algjöran lágmarksfjölda dætra með afurðaupplýsingar bak við sitt mat en komin nægan fjölda dætra með útlitsmat og mjaltaathugun til þess að það mat sé komið með gott öryggi.


Ferill 09070

Ný naut í notkun

Þau naut sem koma ný til dreifingar eða í nautaskrá eru Ferill 09070, Þytur 09078, Dráttur 09081 og Brúnó 09088. Hér verður gerð nánari grein fyrir þeim.

Ferill 09070 er frá Botni í Súganda firði, faðir er Lykill 02003 og móðir Slóð 420 Stígsdóttir 97010.

Dætur Ferils eru miklar mjólkurkýr með hátt próteinhlutfall í mjólk en fituhlutfall undir meðallagi. Þetta eru stórar og háfættar kýr með mikla boldýpt, góðar útlögur og sterka yfirlínu. Malir eru breiðar og fremur flatar en aðeins hallandi. Fótstaða þeirra er góð og sterkleg. Júgurgerð er um meðallag og ber hvorki mikið göllum né kostum. Spenar eru prýðilega gerðir og vel settir. Mjaltir eru góðar og skapið mjög gott.

Um helmingur afkvæma Ferils er tvílitur og ber langmest á rauðum grunnlitum þó allir nema gráir litir komi fyrir. Af tvílitum ber mest á huppóttum og skjöldóttum.

Ekki er þekkt að Ferill gefi hyrnd afkvæmi. Hæð dætra er að meðaltali 5,6. Ferill kemur til notkunar sem nautsfaðir.

Þytur 09078 er frá Eystra-Hrauni í Landbroti og er hann fyrsti sonur Glæðis 02001 sem kemur til framhaldsnotkunar. Móðir hans er Hetta 403 Jaxlsdóttir 04027.

Dætur Þyts eru gríðarmiklar mjólkurkýr en efnahlutföll í mjólk eru lág. Þetta eru fremur stórar og mjög háfættar kýr en hvorki boldjúpar né útlögumiklar. Yfirlína er bein. Malir eru fremur grannar, þaklaga og hallandi. Fótstaða er rétt og sterkleg. Júgurgerð er úrvalsgóð, mikil júgurfesta, áberandi júgurband og júgrin hátt sett og vel borin. Spenar eru vel gerðir, nettir en eilítið gleitt settir. Mjaltir eru mjög góðar og skapið í góðu meðallagi.

Helmingur afkvæma Þyts er einlitur og af grunnlitum ber mest á rauðum litum þó allir nema gráir finnist. Af tvílitum ber mest á skjöldóttum. Ekki er þekkt að Þytur gefi hyrnd afkvæmi. Hæð dætra er að meðaltali 6,1. Þytur kemur til notkunar sem nautsfaðir.

Dráttur 09081 er frá Torfum í Eyjafirði, faðir er Flói 02029 og móðir Svipa 312 Stígsdóttir 97010. Svipa þessi er dóttir Doppulínu 221 frá Baldursheimi í Hörgársveit en hún var mikil glæsikýr sem entist með ólíkindum vel, var felld 2011 þá 16 vetra. Sonur hennar, Baldi 06010, reyndist gott kynbótanaut auk þess sem dóttursonur hennar, Skrúður 14014, var í dreifingu sem óreynt naut fyrir skömmu.

Dætur Dráttar eru góðar afurðakýr með há efnahlutföll í mjólk. Þetta er meðalstórar og háfættar kýr, í meðallagi boldjúpar með fremur litlar útlögur en mjög sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, beinar en þaklaga. Fótstaða er bein og sterk. Júgurgerðin er góð, festa um meðallag en júgurband áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru ágætlega gerðir, aðeins grannir en mjög vel settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar, ákaflega lítið um mjaltagalla og skapið í tæpu meðallagi.

Nálægt tveimur þriðju hlutum afkvæma Dráttar eru tvílitir og ber mest á huppótum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir mest áberandi en allir grunnlitir koma fyrir. Ekki er þekkt að Dráttur gefi hyrnd afkvæmi. Hæð dætra er að meðaltali 5,6.

Brúnó 09088 er frá Brúnastöðum í Flóa, faðir er Flói 02029 og móðir Erna 286 Seifsdóttir 95001 en hún entist mjög vel, bar alls sjö sinnum.

Dætur Brúnó er miklar mjólkurkýr með hát flituhlutfall í mjólk en próteinhlutfall í tæpu meðallagi. Þetta fremur stórar kýr, háfættar, prýðilega boldjúpar, útlögur fremur litlar en yfirlína bein. Malir eru grannar, beinar en þaklaga. Fótstaða er heldur náin um hækla en annars nokkuð bein og sterkleg. Júgurgerðin er um meðallag, aðeins skortir á festu en júgurband er mjög áberandi og þau eru meðalvel borin. Spenagerðin er góð og þeir eru ákaflega vel settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar og gallar hverfandi litlir. Skap þessara kúa er undir meðallagi.

Um tveir þriðju hlutar afkvæma Brúnós eru einlitir þar sem langmest ber á bröndóttum litum þó allir grunnlitir utan gráir komi fyrir. Af tvílitum eru huppóttur og skjöldóttur algengastir. Ekki er þekkt að Brúnó gefi hyrnd afkvæmi. Hæð dætra er að meðaltali 5,8.

Naut sem áfram verða í notkun

Þau naut sem áfram verða í notkun eru: Logi 06019, Rjómi 07017, Keipur 07054, Blámi 07058, Blómi 08017, Þáttur 08021, Flekkur 08029, Gói 08037, Kraki 09002, Gusur 09003, Bolti 09021 og Gæi 09047. Alls verða því 16 reynd naut í dreifingu í vetur. Nánari upplýsingar um þau er að finna í síðustu nautaskrá og á nautaskra.net.

Væntanleg naut

Við næstu keyrslu kynbótamats verða vonandi fyrstu naut úr árgangi 2010 komin með nægilegan fjölda dætra með afurðaupplýsingar þannig að hægt verði að taka naut til notkunar úr þeim hópi. Á þessum tímapunkti hefði það verið hægt ef burðaraldur 1. kálfs kvígna væri ekki jafn hár að meðaltali og raun ber vitni. Þannig seinkar hár burðaraldur í raun erfðaframförum í kúastofninum til viðbótar þeim kostnaði og öðrum göllum sem hann hefur í för með sér.

Ef við víkjum að þeim nautum sem að öllum líkindum koma úr afkvæmaprófun við næstu keyrslu kynbótamats þá eru það naut fædd 2010. Þetta er nokkuð blandaður hópur hvað faðerni snertir og er einkum að finna syni Glæðis 02001, Skurðs 02012, Ófeigs 02016, Flóa 02029 og Síríusar 02032 meðal þeirra. Þá eiga Kappi 01031, Lykill 02003, Pontíus 02028, Aðall 02039, Ás 02048 og Gyllir 03007 einnig syni í hópnum.

Fyrstu vísbendingar og niðurstöður varðandi syni Glæðis 02001 og Flóa 02029 eru jákvæðar en því miður virðast flestir synir Skurðs 02012 eiga það sammerkt að gefa fremur þungar kýr í mjöltum. Hvað hina varðar hafa fæst orð minnsta ábyrgð en þó eru jákvæð teikn á lofti með nokkur naut í árgangnum.

Besta naut 2008 árgangsins

Fagráð valdi á síðasta fundi sínum besta naut 2008 árgangsins. Fyrir valinu varð Bambi 08049 frá Dæli í Fnjóskadal. Þetta val kemur víst fæstum á óvart enda yfirburðir Bamba miklir. Ræktandi Bamba fær afhenta viðurkenningu fyrir nautið á fagþingi nautgriparæktarinnar sem haldið verður í mars á næsta ári en segja má að þetta séu æðstu verðlaun nautgriparæktarinnar hérlendis.

Bambi var fæddur 4. nóvember á Dæli í Fnjóskadal, sonur Laska 00010 og Stáss 319 Kaðalsdóttur 94017 og eru ræktendur hans þau Geir Árdal og Margrét Bjarnadóttir. Dómsorð Bamba eru:

„Dætur Bamba eru prýðilegar mjólkurkýr og hlutfall verðefna í mjólk er hátt. Þetta eru fremur smáar en í góðu meðallagi háfættar kýr. Þær eru meðalkýr hvað snertir boldýpt en útlögur eru miklar og yfirlínan er eilítið veik. Malir eru í meðallagi breiðar, hallandi en fremur flatar. Fótstaða er mjög sterkleg og góð. Júgurgerð dætra Bamba er úrvalsgóð, þau eru vel löguð, gríðarvel borin með geysimikla festu og sérlega sterkt júgurband. Spenagerð er góð, þeir eru stuttir, grannir og mjög vel settir. Dætur Bamba eru frábærar í mjöltum og skapi.

Bambi 08049 hlýtur nafnbótina besta naut 2008 árgangs nauta frá nautastöð BÍ.“

Bambi 08049 stendur nú með 117 í heildareinkunn í kynbótamati, efstur allra nauta og slær við úrvalsnautum síðustu ára eins og Birtingi 05043 og Kola 06003.

Naut - Nafn og númer		Faðir - Nafn og númer		Móðurfaðir	Mjólk	Fita%	Prótein%	Afurðir	Frjósemi	Frumutala	Gæðaröð	Skrokkur	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skap	Ending	Kynbótaeink.	Hæð
Logi	06-019	Fontur	98-027	Fróði 96028	116	89	113	121	93	104	111	101	97	96	98	106	109	110	5,4
Rjómi	07-017	Þollur	99-008	Kaðall 94017	123	96	95	117	99	106	120	95	96	109	113	64	107	107	5,6
Keipur	07-054	Þollur	99-008	Kaðall 94017	121	97	102	118	116	89	108	110	112	100	111	86	110	110	5,6
Blámi	07-058	Laski	00-010	Punktur 94032	113	84	101	113	101	111	103	110	106	115	95	99	100	108	5,4
Blómi	08-017	Náttfari	00-035	Kaðall 94017	111	96	87	103	100	133	97	112	111	128	93	103	103	107	5,4
Þáttur	08-021	Laski	00-010	Roði 97978	91	121	123	104	76	91	101	80	104	121	112	114	110	104	5,8
Flekkur	08-029	Náttfari	00-035	Kaðall 94017	128	84	99	122	95	100	84	105	106	123	100	84	98	110	5,1
Gói	08-037	Þrasi	98-052	Punktur 94032	119	122	94	113	88	99	90	98	93	109	96	83	95	103	5,3
Kraki	09-002	Þollur	99-008	Soldán 95010	103	72	87	98	116	102	96	99	118	102	114	94	100	103	5,3
Gustur	09-003	Laski	00-010	Hersir 97033	99	106	116	106	111	110	99	97	109	101	104	117	100	107	5,6
Bolti	09-021	Spotti	01-028	Snotri 01027	119	92	102	117	77	94	114	111	109	102	111	97	100	107	6,5
Gæi	09-047	Lykill	02-003	Stígur 97010	109	77	109	112	118	95	86	98	112	99	105	104	100	108	5,5
Ferill	09-070	Lykill	02-003	Stígur 97010	117	89	108	119	115	96	108	99	98	100	106	111	100	110	5,6
Þytur	09-078	Glæðir	02-001	Jaxl 04027	138	89	76	121	100	101	125	98	129	98	113	105	100	113	6,1
Dráttur	09-081	Flói	02-029	Stígur 97010	105	114	106	108	77	91	114	105	109	111	121	95	100	104	5,6
Brúnó	09-088	Flói	02-029	Seifur 95001	116	121	96	112	79	87	91	106	97	113	122	90	100	104	5,8

Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Bú Aðföng

RAFVER
www.rafver.is

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

STREYMI heildverslun

N1

ÍSFELL
www.isfell.is

NEI VIÐ ESB

praxis
... Þegar þú vilt þægindi

RAG
import – export
Símar 565-2727, 892-7502, rafn@rag.is

VÍKURVAGNAR EHF.

HERJAN

KÓTELETTUFÉLAG ÍSLANDS

friendtex®

Heimssýn
Hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum

matís

Ísafold
félag ungs fólks gegn ESB aðild

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur

Greni og grænt um jól



Í þjóðtrú allra nágrannaþjóða okkar hefur sígrænn gróður haft táknræna merkingu á vetrarsólstöðum. Svo hefur það verið frá örófi alda. Grænar plöntur á þessum tíma voru fulltrúar rísandi sólar og arðbærs árferðis.

Hjá Drúíðum á Bretlandseyjum voru það mistilteinn, bergflétta, kristþyrnir, ýviður og einir sem höfðu hlutverki að gegna og lesið var í til að spá um árferði komandi tíðar. Hjá germönskum þjóðum var minna spáð í framtíðina og meira horft á hvaða óvættir gætu gert usla og hvernig bregðast mætti við til að koma í veg fyrir misgjörðir myrkravaldsins.

Greni með grimmar nálar

Í sænskum byggðum tíðkaðist það frá fornu fari að fara út í skóg rétt fyrir jól og fella rauðgreni sem sett var upp hvort sínum megin við aðaldyr húsa. Oftast voru valin grönn og frekar tuskuleg tré til þessarna. Þau voru aflimuð að öðru leyti en því að toppurinn og nokkrir efstu greinakransarnir voru látnir halda sér. Þetta kallaðist að reisa grenikústa og tilgangurinn með því var að verjast þeim myrkravættum sem helst ráfa um byggðir í skammdeginu. Greinarnar sem af voru höggnar voru svo lagðar skipulega framan við innganga. Yfir þetta eða undir grenikústana komust engar myrkraverur. Hvasst grenibarrið var grimmt slíkum slæðingi. Þegar sól hækkaði á lofti var þetta tekið niður og safnað saman og brennt. Og þess þurfti að gæta að eftir að búið var að taka niður grenikústana og safna upp grenigreinunum mátti þetta ekki snerta jörð fyrr en það var lagt á bálið. Annars var hætta á að illþýðið sem hafði fest sig í grenibarrinu gæti losað sig og sloppið undan hreinsunareldinum.

Rauðgreni tengist líka sænskum útfararsiðum. Alsiða var í skógarbyggðum að ef einhver dó, mörkuðu grannarnir leið hins látna með grenigreinum alla leið til kirkjunnar. Þetta var gert í virðingarskyni. Ef um langan veg þurfti að fara gerðu grannarnir tákn úr grenigreinum, hver við sinn garð, á leiðinni. Í kirkjunni voru hafðar grenigreinar undir kistu hins látna og á slóðina til grafarinnar var lagt grenibarr og grenigreinar allt í kring um gröfina og yfir hana að lokinni greftrun.

Enn mun líklega eitthvað eima eftir af þessum sið. Ég var við útför á Skáni rétt eftir 1960 og þá var greni undir kistu og við gröf. Þetta sá ég aftur í kirkjugarði á Stokkhólmssvæðinu um tíu árum síðar.

Forsagan um jólatréð

Jólatré ámóta þeim sem við eigum að venjast eru langt frá því að vera nútímafyrirbæri. Líklega má rekja sögu þeirra aftur í miðsvetrarhátíðir Rómverja, satúrnalíurnar. Þar tíðkaðist að skreyta græn tré, oft pálma, og gera kransa úr lárviðarlaufum, rósmarín, myrtu eða bergfléttu sem skreyttir voru með litríkum borðum og stássi úr gleri eða gljámálmum.

Mikið til lagðist þetta af eftir að kristin viðhorf og siðir voru orðin allsráðandi. En skrautgirni fólks og árátta þess að gera sér dagamun á hátíðum mallaði alltaf undir. Eftir sem áður bjó fólk til sólir og symból úr ýmsum efnum á aðalhátíðum ársins, sólstöðum sumars og vetrar. Bökuð voru brauð með sólar- og frjósemismynstrum. Stjörnur, kransar og táknrænar smáfígúrur voru fléttaðar úr hálmi. Og hjá germönskum þjóðum lifði miðsumarsstöngin góðu lífi. Gömlu hátíðavenjurnar dóu ekki út. Menn héldu jól og miðsumarhátíðir eins og áður. En nú með kristilegu yfirbragði. Og jólatréð hélt innreið sína.



Jólatré – normannsþinur í fullu skrúði.

Og eins og við sem skrifum íslensku getum þakkað engilsaxneskum biskupi fyrir ritmálið sem við notum, þá megum við líka þakka jólatréð öðrum engilsaxa, munkinum Bonefatíusi – sem varð heilagur Bonefacius eftir að hann var tekinn í dýrlingatal kaþólsku kirkjunnar. Bonefatíus fæddist í Wessex á Englandi árið 680 og var af yfirstéttarættum, rétt eins og hann Hróðólfur okkar biskup í Bæ sem ég minntist á um daginn og í innganginum að þessari klausu. Föður sínum til angurs hneigðist Bonefatíus til kirkjustarfs og munklífis. Hann settist til náms í Benediktínaklaustri í þorpinu Nursling sem nú er úthverfi í borginni Southampton. Þar nam hann fræði sín og skrifaði fyrstu námsbókina um latneska málfræði sem skráð var á Englandi. Um þetta leyti greip um sig mikil alda trúboðsköllunar meðal ungra, enskra benediktínamunka. Bonefatíus var þar ekki undan skilinn. Vorið 715 lagði hann upp í trúboðsferð Frislands þar sem hann ætlaði að ganga til liðs við virkan trúboðahóp. En lítið varð þeim ágengt með trúboðið, svo minna varð úr en til stóð. Bonefatíus var komin til Rómar á áliðnu ári 718 og hitti Gregor páfa annan, sem umsvifalaust endurnefndi hann Bonefacius til minningar um píslarvottinn Bonifacius frá Tarsus, sem ekki skal sagt meira um hér þótt saga hans sé spennadi og fjalli um óviðeigandi ástir, kristna trú, þjáningar og píslarvætti. Bonefatius sór Rómarkirkjunni og Gregori páfa eið um að boða heiðingjum trú og fylgja boðskap kirkjunnar í einu og öllu.

Það er ekki að orðlengja það, Gregor páfi vígði hann umsvifalaust sem trúboðsbiskup til Germaníu. Bonefatíus hélt eftir þetta til Thüringen til að boða heiðingjum trúna og öðrum þræði til að klekkja á írsk-skoskum trúboðum (sem að áliti páfa voru villutrúarmenn þótt kristnir væru, enda voru þeir ekki í púkki með Páfagarði á þessum tíma) sem þarna hafði lukkast betur en páfagarðsmönnum í að vinna „heiðingjana“ á sitt band.

Heilög þrenning

Bonefatíusi tókst bara vel upp. Hann mun hafa verið nokkuð lempinn og leyft margt sem honum fannst ekki brjóta neitt í bága við boðskap Páfagarðs. Meðal annars þetta með það að taka grenitré á hús um jólaleytið. En hann fann lausn: Þrennan í vaxtarlagi grenisins minnti á Heilaga þrenningu, hið sígræna tré varð tákn um hina eilífu ást Krists, krosslaga greinarnar rifjuðu upp krossfestinguna og stingandi barrið minnti á þjáningar frelsarans undir þyrnikórónunni. Í þessu formi var jólatréð komið inn í þýskt kirkjurítúal í Thüringen um árið 750. En lítið var um skraut og um langan aldur voru trén hengd upp í loft með toppinn niður.

Upprétt jólatré með fæti, og skrauti komu ekki fyrr en næstum áttahundruð árum síðar. Þá voru siðaskiptin komin í gegn og fyrsta heimild um standandi og skreytt jólatré er frá höfðingjasetri nálægt Stockstadt am Main árið 1527. Og tólf árum síðar stóð prýtt jólatré á gólfi dómkirkjunnar í Strassburg. En ljósin þurftu aðeins lengri aðlögunartíma. Eða allt til jólanna árið 1611. Þá tók hún sig til hún Dorothea Sibylle von Brandenburg, þýsk hertogaynja, og skreytti heljarmikið jólatré í salarkynnum sínum með glitrandi glerkúlum, litríkum flöggum, sælgæti og silkisnúrum. Í ofanálag hafði hún látið útbúa klemmur fyrir lítil kerti sem hægt var að kveikja á og láta loga dálitla stund, en samt alveg nógu lengi til að myndin settist rækilega að í huga þeirra sem vitni voru að viðburðinum. Og nú var trendin sett!

Næstu ár á eftir var þetta leikið eftir í fjölskyldum aðalsins vítt um Evrópu. Nema í Englandi. Þar var ekki rokið upp til handa og fóta á þessum tímum til að herma eftir þýska lágaðlinum. Alveg þar til árið 1840. Þá höfðu málin æxlast svo að enska meydrottningin Viktoría hafði gengið að eiga hinn þýska Albert prins af Sachsen-Coburg-Gotha og var yfir sig ástfangin af honum – og það var gagnkvæmt, sem var nú víst ekki alltaf reyndin í svona kónga-hjónaböndum. Viktoría gerði allt til að gleðja Albert sinn og meðal annars það að innleiða þýska, skreytta jólatréð í jólahaldið í Buckinghamhöll. Og hún gerði meira en það. Þegar hulan var dregin af jólatrénu í fyrsta sinn, ljósum prýddu, var hún búin að bjóða blaðamönnum og teiknurum Lundúnablaðanna að vera viðstaddir. Ekki stóð á þeim. Daginn eftir var viðburðurinn komin á forsíður blaðanna sem myndskreytt heimsfrétt. Þar með var jólatréð búið að leggja undir sig breska heimsveldið og hina enskumælandi þjóð Bandaríkja Norður-Ameríku.

Jólatréð vann á hægt og sígandi, fyrst meðal velstæðra hópa sem höfðu efni á því og húsrými fyrir það. Næsta stökk í sögu jólatrjánna var eftir að „rafmagnsljósajólaseríur“ komu á almennan markað um og uppúr 1930. Eftir miðja síðustu öld hefur lifandi jólatré, með skrauti og ljósum, verið á öllum þorra heimila hér á Íslandi.

Íslensk jólatré

Íslensk framleiðsla á jólatrjám er nokkur. Fyrst og fremst af stafafuru sem er eins og sköpuð fyrir íslenskar aðstæður. Hraust, harger og fagurgræn, þótt barrið sé nokkuð stórgert bætir það nokkuð fyrir sig með ilminum. Það helst vel. Dálítið er ræktað hér af rauðgreni sem er hið hefðbundna jólatré Skandínava, þótt danskræktaður normannsþinur vinni stöðugt á þann markað. Rauðgrenið er þétt og með fínu barri, en kannski ekki alveg eins barrheldið og flestir myndu kjósa.

Nokkuð framboð er á íslensku blágreni sem jólatré. Það er grófara og dökkgrænna en rauðgrenið og heldur barrinu ögn betur. Sitkagreni vex hratt hérlendis en er ónothæft sem jólatré innanhúss vegna þess hve hratt það fellir barr í stofuhitanum. Utanhúss er það samt fínt jólatré fyrir götur og torg. Mýkstur og þéttastur af íslenskum jólatrjám er fjallaþinur. Hann er afar þéttvaxinn, barrheldinn og ilmandi fagurgrænn, en því miður enn í mjög takmörkuðu framboði. Nokkur innflutningur er af normannsþin frá Danmörku. Normannsþinurinn er ágætis jólatré, en dálítið grófur samt. Hann þrífst því miður illa hérlendis. Aðrar tegundir jólatrjáa má ekki flytja inn og stefnt er að því að íslensk framleiðsla fullnægi markaðinum.

Innflutningi á jólatrjám fylgir ávallt sú hætta að eitthvað berist með trjánum sem gæti valdið skaða í íslenskri skógrækt. Skógartré á Íslandi þurfa að hafa sig öll við til að mæta álagi af veðurfari svo að hver kvilli eða pest sem við bætist er aukin áraun. Það vitum við af rammri reynslu. Því er um að gera að velja fyrst og fremst íslensk tré í jólatrésfótinn hvert ár. Það eflir íslenska skógrækt og aukin skógrækt er ábatasöm fyrir komandi kynslóðir, land og þjóð.

Gleðileg jól!

Lesendabás



Hvaðan eru lifandi jólatré?

Nóvember og desember eru vertíðarmánuðir jólatrjáabænda. Fáir gera sér grein fyrir þeirri vinnu sem liggur að baki jólatrjánum sem allt í einu birtast á sölustöðum og jólamörkuðum í desember. Lifandi jólatré sem seld eru á Íslandi eru annaðhvort ræktuð á Íslandi eða flutt inn frá Danmörku. Meirihluti þeirra lifandi jólatrjáa sem standa á íslenskum heimilum um jólin verður innflutt tré, um það bil 80%.



Dönsku jólatrén eru normannsþinur, þintegund sem upprunnin er í Kákasusfjöllum við Svartahaf, í Georgíu og þar í kring. Í Danmörku eru trén ræktuð á túnum og ræktunin tekur um átta ár. Árlega er borinn á þau tilbúinn áburður til að örva vöxt. Jarðvegurinn er hreinsaður með eitri til að losna við samkeppnisgróður og koma í veg fyrir skemmdir og frostáhrif. Allt frá gróðursetningu þar til trén eru höggvin eru þau meðhöndluð með margvíslegum hætti. Fyrst eru neðstu greinarnar klipptar af til að mynda legg sem auðvelt verði að saga og koma fyrir í jólatrésfæti. Nokkurra ára gömul er farið að klippa trén til svo að þau nái æskilegu vaxtarlagi.

Mikill metnaður er lagður í jólatrjáaræktunina í Danmörku og greinin er mjög skilvirk enda háþróuð tækni nýtt við framleiðsluna, sérhönnuð tæki og vélar. Til að inna af hendi þá líkamlegu vinnu sem framleiðslan krefst er að mestu treyst á innflutt vinnuafl frá Austur-Evrópu.

Danir framleiða um 10 milljónir jólatrjáa á hverju ári og meirihlutinn er normannsþinur til útflutnings. Danmörk er stærsti útflytjandi jólatrjáa í heiminum og nemur salan um 1,5 milljörðum danskra króna á ári, um 30 milljörðum íslenskra króna. Hvergi í heiminum eru þó framleidd fleiri jólatré en í Þýskalandi. Þjóðverjar rækta um 17 milljónir jólatrjáa árlega en selja þau að mestu leyti innanlands.

Á Íslandi er jólatrjáaræktun á mun minni mælikvarða. Sala íslenskra jólatrjáa hefur ekki farið yfir 10.000 tré síðan 1998 með einni undirtekningu þó. Það var árið 2009. Markviss jólatrjáaræktun hefur verið reynd á Íslandi allt frá árunum eftir seinni heimsstyrjöld. Þá var gróðursett tölu-vert af rauðgreni og blágreni, meðal annars hjá Skógrækt ríkisins og skógræktarfélögum, en óhagstætt veðurfar, fjármagnsskortur, reynsluleysi og fleira kom í veg fyrir að íslensk jólatrjáaframleiðsla þróaðist í takt við væntingar.

Tilraunir hafa verið gerðar með jólatrjáaræktun á túnum hérlendis en hefur sjaldan verið eftir væntingum. Ýmislegt gerir erfitt um vik að nýta þessa ræktunaraðferð við íslenskar aðstæður. Skjólleysi, kal vegna vor- og haustfrosta, óhóflegur grasvöxtur, þurrkur og fleira leiðir oft til þess að trén hætta að vaxa eða drepast. Einnig hefur rangt val á tegundum og kvæmum iðulega haft neikvæð áhrif á útkomuna.

Engu að síður birtast alltaf íslensk ræktuð jólatré fyrir jólin. Trén koma frá skógræktarfélögum, úr þjóðskógunum eða frá skógarbændum víða um land. Þau eru auglýst til sölu hjá skógræktarfélögum, Skógrækt ríkisins, á jólamörkuðum og í verslunum. Þessi tré hafa yfirleitt verið ræktuð í skjólgóðum hlíðum, í svokölluðum skógarskápum eða á öðrum stöðum þar sem vaxtarskilyrði eru hentug. Sjaldnast eru þau gróðursett með því eina markmiði að þau verði jólatré heldur eru þetta 12–15 ára tré, tekin út úr ungskógi sem liður í grisjun hans.

Á Íslandi er stafafura algengasta innlenda tréð sem notað er sem jólatré enda harðgerð og getur vaxið um land allt. Hún er líka barrheldin eins og þinur, fallega græn og ilmar vel. Rauðgreni og blágreni vex líka vel, sérstaklega inn til landsins. Þær tegundir eru vinsælar hjá mörgum en ekki eins barrheldnar. Þó geta þær vel haldið barrinu fram yfir jól ef þess er gætt að aldrei þorni í jólatrésfætinum. Grenið verður að standa í vatni eins og afskorin blóm.

Eina þintegundin sem vex á Íslandi í nokkrum mæli er fjallaþinur. Hann hefur svipaða eiginleika og normannsþinur. Nú er unnið að kynbótum fjallaþins með því markmiði að finna arfgerðir sem henta vel við íslenskar aðstæður.

Normannsþinur þrífst ekki vel á Íslandi nema á fáeinum stöðum þar sem eru sérstaklega hagstæð vaxtarskilyrði. Ræktendur hafa gert tilraunir með tegundina en með misgóðum árangri. Vegna sjúkdómahættu var í sumar lagt formlegt bann við innflutningi ungplantna af þintegundum til ræktunar. Því þarf að rækta normannsþin upp af fræi sem keypt er frá útlöndum ef fólk er spennt fyrir því. Enn er hins vegar leyfilegt að flytja afskorin þintré til landsins sem jólatré. Þeim fylgir heilbrigðisvottorð frá dönskum seljendum og eiga trén því að vera laus við sjúkdóma, skordýr og slíkt. Hvernig Danir fara að því að heilbrigðisvotta 10 milljónir trjáa í gámum og flutningabílum á einum og hálfum mánuði er aftur á móti önnur saga.

Kosturinn við lifandi jólatré er að vistspor þess í umhverfinu er lítið þegar því er hent. Tré inniheldur eingöngu lífræn efni sem brotna smám saman niður í kolefnissambönd. Niður-brotsferli gervitrjáa, sérstaklega plastjólatrjáa, er langt og flókið í náttúrunni enda er mikið í þeim af PVC-efnum (pólívinílklóríði), blýi og fleiri ólífrænum og skaðlegum efnum sem safnast upp í náttúrunni.

Íslensk jólatré hafa þann kost að þau eru ræktuð innanlands á umhverfisvænan og sjálfbæran hátt. Ræktunin fer fram á útjörð án þess að notuð séu plöntulyf, illgresiseitur eða vaxtarhvatar. Trén hafa góðan tíma til að hækka, gildna og binda kolefni úr andrúmsloftinu. Að kaupa íslenskt jólatré er ein leið til að stuðla að sjálfbærni, minnka óþarfa gjaldeyrissóun og styrkja íslenska ræktendur um allt land.

Else Möller skógfræðingur


Bækur, tónlist & kvikmyndir



Vestfirska forlagið:

Ný Hornstrandabók

Hjá Vestfirska forlaginu er komin út ný Hornstrandabók. Það er Hornstrandir og Jökulfirðir, Ýmsar frásagnir af horfnu mannlífi, 5. bók. Hallgrímur Sveinsson tók saman.



Uppistaðan í Hornstrandabók 5 er greinin Yst á Hornströndum – Ferðaminningar frá 1940 eftir Jóhann Hjaltason, fræðimanninn góðkunna. Þessar frásagnir Jóhanns, sem ekki hafa birst áður, eru í raun ómetanlegar fyrir þá sem láta sig Hornstrandir og fyrrum íbúa þeirra einhverju skipta.

Árið 1939 ferðaðist Hjálmar R. Bárðarson um Hornstrandir og tók ljósmyndir af bændum og búaliði, bæjum og landslagi. Þær birti hann síðar í sinni merku bók, Vestfirðir. Ári seinna er byggðin enn býsna traust. Svo hallar hratt undan fæti. Lýsingar Jóhanns Hjaltasonar á fólkinu 1940 og öllum aðstæðum þar nyrðra, eru skemmtilegar, lifandi og ótrúlega glöggar. Þeir sem ferðast um þessar eyðibyggðir í dag hljóta að fagna því að fá að kynnast frásögnum hans af síðustu íbúunum yst á Hornströndum. Þær eru góð viðbót við þá mynd sem til er á öðrum bókum. Og fróðlegt er að bera þær saman við ljósmyndir Hjálmars.

Ævar Petersen dýrafræðingur skrifar grein sem nefnist Hvítabirnir á Vestfjörðum fyrr og síðar. Þar koma Hornstrandir að sjálfsögðu mikið við sögu. Þetta er undirstöðugrein hjá Ævari sem full ástæða er til að vekja athygli á. Margir hafa áhuga á konungi Norðurhjarans sem nú virðist í útrýmingarhættu.

Meðal annars efnis má nefna dramatíska ferðaminningu Sigurðar Sigurðssonar frá Hælavík, seinna á Hesteyri og grein síra Ágústar Sigurðssonar um Hesteyrarkirkju.

Kórey

Kórey er ný vísindaskáldsaga sem hefst árið 2016 og nær til 3095. Sagan er eftir Ólaf Halldórsson, fyrrverandi verslunarskólakennara.



Fylgst er með systkinum í Mexíkó sem ákveða að freista gæfunnar handan landamæranna í norðri. Ferðalagið fer öðruvísi en ætlað var og endar á því að bróðirinn, Chac, hafnar á eyju þar sem fram fara leynilegar hátæknirannsóknir.

Nokkur ungmenni, búsett á ýmsum stöðum í heiminum, eru gerð að tilraunadýrum í tengslum við þessar rannsóknir. Þannig kemur aðalpersónan, Kórey, til sögunnar, en hún á heima í herstöð Norðurbandalagsins í Hvalfirði.

Í ljós kemur að í unga fólkinu eru rafskaut sem geta leitt þau til dauða. Chac og Ívan félagi hans freista þess að koma ungmennunum til hjálpar, en það leiðir til óvæntrar atburðarásar. Kóreyjar bíða voveifleg örlög og leiðir Ívans liggja til smástirnisins Prómeþeus.

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Utan úr heimi



Parísarráðstefnan um loftslagsmál:

Tryggja skal að hlýnun verði innan við 2 °C

– stefnt að hlýnun innan við 1,5 gráður

Nýtt samkomulag í loftslagsmálum náðist á Parísarráðstefnunni um loftslagsmál. Í samkomulaginu er í fyrsta sinn kveðið á um að öll ríki skuli bregðast við til þess að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda, takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga og tryggja umtalsvert fjármagn til grænna lausna og aðstoð við ríki sem verða verst úti í breytingum.

Í frétt á vef umhverfisráðuneytisins segir að í Parísarsamkomulaginu sé sérstakt lagalega bindandi samkomulag undir Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og að stefnt sé að formlegri undirritun þess í apríl á næsta ári. Samkomulagið nær til aðgerða ríkja eftir 2020, en þá lýkur tímabili skuldbindinga ríkja í Kýótó-bókuninni. Innan við 15% af losun gróðurhúsalofttegunda er nú undir reglum Kýótó. Með hliðsjón af hinu nýja samkomulagi hafa nær öll ríki heims, með losun samtals vel yfir 90% af heimslosun, sent inn markmið sem verða hluti af samkomulaginu.

Parísarsamkomulagið og tengdar ákvarðanir 21. aðildarríkjaþings Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna ná yfir alla helstu þætti sem hafa verið til umfjöllunar í loftslagsmálum á undanförnum áratugum. Aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu koldíoxíðs úr andrúmslofti, bókhald yfir losun og kolefnisbindingu, aðlögun að loftslagsbreytingum, stuðning við þróunarríki til að nýta græna tækni og bregðast við afleiðingum breytinga og fjármögnun aðgerða.


Samkomulagið hefur aðra nálgun en í Kýótó-bókuninni, þar sem kveðið er á um tölulega losun einstakra ríkja í texta bókunarinnar sjálfrar og sett á eins konar kvótakerfi, þar sem m.a. er heimilt að versla með heimildir.

Um 190 ríki sendu sjálfviljug inn markmið sín varðandi losun fyrir Parísarfundinn sem vísað er til í samkomulaginu. Ná markmiðin yfir um 90% af heimslosun. */VH*

Nokkur helstu atriði í samkomulaginu

- Sett er markmið um að halda hlýnun lofthjúpsins vel innan við 2°C og jafnframt verður reynt að halda hlýnuninni innan við 1,5°C.
- Losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu skal ná hámarki „eins fljótt og auðið er“ og minnka síðan þannig að losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum nái jafnvægi við upptöku kolefnis úr andrúmsloftinu á síðari helmingi aldarinnar; tekið er fram að þróunarríki fái meira svigrúm en önnur að þessu leyti.
- Fara skal yfir stöðu mála á 5 ára fresti og í kjölfar þess skulu ríki senda inn endurnýjuð landsmarkmið; ný markmið eiga að vera eins metnaðarfull og viðkomandi ríki telur sig geta náð og alla jafna metnaðarfyllri en fyrri markmið í ljósi leiðsagnar vísindanna.
- Lofað er að fjármögnun loftslagsmála til þróunarríkja nái 100 milljörðum dollara árið 2020 og að hún haldi áfram eftir 2020 og minnki ekki eftir það.
- Settar eru fram kröfur um bókhald yfir nettólosun ríkja; ítarlegar kröfur eru nú um slíkt bókhald í Kýótó-bókuninni varðandi þróuð ríki. Í Parísarsamkomulaginu er gerð krafa um bókhald fyrir öll ríki, þótt kröfur á þróunarríki séu vægari.
- Viðurkennt er að bregðast þurfi við skaða sem fátæk ríki verða fyrir vegna neikvæðra áhrifa loftslagsbreytinga, bæði við að draga úr líkum á skaða og bregðast við tjóni sem verður.





Framtíðarhúsið. Er þetta framtíðarfjárhúsið í Noregi? Óvenjuleg hönnun sem norsku hönnuðirnir kalla einfaldlega þríhyrningsfjárhús! Þessi fjárhúsgerð hefur ekki verið byggð en er talin að muni verða heldur ódýrari í byggingu en hefðbundin fjárhús.

Nordisk byggetræf á Íslandi

Annað hvert ár hittast fremstu hönnuðir, ráðgjafar og rannsóknamenn á sviði landbúnaðarbygginga á Norðurlöndunum á þriggja til fjögurra daga ráðstefnu með blöndu af fræðilegum erindum, reynslusögum og vettvangsferðum. Ráðstefna þessi kallast Nordisk byggetræf og er tilgangur hennar að vera vettvangur upplýsingamiðlunar um það nýjasta á sviði landbúnaðarbygginga.

Í hvert skipti sem ráðstefna þessa faghóps er haldin færist hún á milli Norðurlandanna og í ár var komið að Íslandi og var hún að þessu sinni haldin á Hótel Örk í haust en alls sóttu 64 þessa ráðstefnu og komu frá öllum Norðurlöndunum.



Í Danmörku hafa margir kúabændur verið að skipta út legubásadýnum og setja þess í stað djúpa mjúka legubása. Eins og sést á þessari mynd er ekki spurning hvað kýrnar velja sjálfar þegar þær hafa val en til vinstri eru hefðbundnar legubásadýnur og til hægri djúpir legubásar.

Í níunda skipti

Nordisk byggetræf 2015 var sú níunda í röðinni og er þetta í annað sinn sem ráðstefnan er haldin hér á landi, en síðast var hún haldin hér árið 2005. Eins og áður segir sóttu 64 ráðstefnuna sem skiptust þannig á milli Norðurlandanna að frá Íslandi komu 11, 12 frá Danmörku, 3 frá Finnlandi, 24 frá Noregi og 12 frá Svíþjóð. Þá tóku í fyrsta skipti þátt tveir fulltrúar frá Færeyjum.

Ráðstefnan hófst með setningarræðu Sigurðar Inga Jóhannssonar landbúnaðarráðherra og í kjölfarið hófst svo þriggja daga ráðstefna þar sem blandað var saman 26 faglegum erindum, skoðunarferðum og heimsóknum. Á dagskrá ráðstefnunnar voru mörg einkar áhugaverð erindi og verður hér greint frá nokkrum þeirra.

CIGR-staðlar fyrir hönnun

Sænski byggingaráðunauturinn Michael Ventorp flutti afar áhugavert erindi um lágmarksstaðla CIGR, sem er alþjóðlegt samstarf í landbúnaðarverkfræði. Erindi hans snéri sérstaklega að kröfum varðandi aðbúnað nautgripa og byggði á skýrslu CIGR frá því á síðasta ári. Staðlar CIGR eru einkar vel útfærðir og byggja allir á niðurstöðum rannsókna á aðbúnaði.

Staðlarnir taka til helstu stærðarmála nautgripa og þess umhverfis sem þeir búa við og eru ákveðin grunnforsenda hönnunar fjósa og mjaltaaðstöðu. Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér þessa staðla má benda á heimasíðu CIGR: www.cigr.org þar sem m.a. er hægt að finna skýrsluna um hönnunarforsendur fjósa auk fjölda annarra áhugaverðra gagna.

Velferðarsvæði í fjósum

Danski fjóshönnuðurinn Anja Juul Freudendal flutti erindi um hönnun velferðarsvæða í fjósum en í dag er krafa í Danmörku að vera með sérstök velferðarsvæði. Þessum svæðum er stundum ruglað saman við sjúkrastíur en hér er átt við allt annað svæði.



Prófunarbúnaður. Í Svíþjóð hefur verið þróaður sérstakur prófunarbúnaður fyrir innréttingar hesthúsa en búnaðurinn líkir eftir því afli sem hestur gefur frá sér við þungt spark.

Kýr sem eru hafðar á velferðarsvæði í fjósi eru oftast nýbærur (3–14 daga eftir burð), kvígur og kýr sem mætti skilgreina sem vandamálakýr. Þessi svæði rúma oft um það bil fjórðung til þriðjung gripanna og er helsti kostur kerfisins að „vinnufélagarnir“ eru færri og því mun auðveldara að veita eftirlit og aðstoð í fjósum sem eru með svona velferðarsvæði. Þetta er ákveðin nýjung og líklega enn óþekkt hér á landi, en hefur fengið verulega athygli undanfarin ár erlendis og má heita að ekki sé byggt fjós í dag sem ekki er með slíku svæði. Í næsta tölublaði Bændablaðsins verður gerð nánari grein fyrir hönnun velferðarsvæða í fjósum.

Stokkaloftræsting í kálfaaðstöðu

Það telst seint til nýjungar að fjalla um stokkaloftræstingu enda vel þekkt aðferð við loftræstingu hér á landi og var m.a. í gamla Hvanneyrarfjósinu á sínum tíma. Það hefur hins vegar orðið mikil þróun á hönnun loftræstikerfa sem þessara og þau þykja einkar hentug til þess að loftræsta geldneytaaðstöðu, sem oft er í einhverjum hliðarbyggingum við aðalfjósbygginguna.

Um þessa loftræstigerð fjallaði Finninn Tapani Kivinen en Finnar hafa gert áhugaverðar rannsóknir á notkun plaströra við loftræstingu í byggingum með lága lofthæð og raunar einnig þar sem hátt er til lofts.

Kostir kerfis sem þessa eru þeir að mun auðveldara er að stýra því hvar ferskt loft kemur niður og því er hægt að tryggja öllum gripum gott og ferskt loft, nokkuð sem ekki er hægt með annars konar kerfum. Þetta er afar mikilvægt erlendis þar sem smákálfar eru, en nokkuð algengt er að þeir fái lungnasjúkdóma ef ekki er vel loftræst. Þetta er klárlega lausn sem gæti hentað í mörgum fjósum hér á landi.



Framtíðarhúsið. Það vakti athygli Íslendinganna á ráðstefnunni að Norðmenn hanna nú ótal fjárhús með sk. Islandshekk sem er þeirra nafn á íslensku gjafa-grindunum sem notaðar eru nú til dags í ótal fjárhúsum hér á landi. Eins og við mátti búast af Norðmönnum miðuðu flestar hönnunarlausnir við notkun á timbri sem megin byggingarefni, en hönnunarlausnirnar voru svipaðar því sem þekkist hér á landi.



Loftræsting. Í Finnlandi og víðar á Norðurlöndunum hefur loftræsting með plaströrum eða stokkum færst í aukana undanfarin ár. Kostirnir eru augljósir eins og hér sést sýnt með skematískum hætti enda betur hægt að stýra því hvar ferskt loft kemur niður eða inn í viðkomandi byggingu en með annars konar loftræstikerfum.

Legubásadýnur á útleið

Danski ráðunauturinn Inger Dalgaard fjallaði um þá öru þróun sem á sér stað í Danmörku núna en þar er verið að henda út úr fjósunum hefðbundnum legubásadýnum og þess í stað koma bændur sér upp djúpum og mjög mjúkum básum með annaðhvort sandi í, hálmi, blöndu af hálmi og kalki eða mykjutrefjum. Ástæðan fyrir þessum breyttu áherslum þarlendra kúabænda felst í því að í dag er tekið mjög hart á því af úttektaraðilum ef kýr hafa hárlausa bletti á fótum, en það gerist alloft þegar kýr liggja á legubásadýnum. Slíkt ástand á kúm er ekki ásættanlegt samkvæmt dönskum reglum og því er um tvennt að velja: stórauka notkun á undirburði eða skipta um kerfi.

Margir bændur hafa valið að skipta um kerfi, enda er mjög erfitt að halda miklu magni af undirburði á legubásadýnum. Inger sýndi nokkrar hentugar lausnir sem hafa verið notaðar í Danmörku en algengt er að legubásarnir eru hækkaðir upp með sérstökum kanti aftast í básnum og svo fyllt upp í básinn (ofan á legubásadýnuna) með undirburði.

Timbur í hólf og gólf

Norðmaðurinn Knut Erik Ree, sem er byggingaráðunautur, tók fyrir skemmtilegt efni en það er hönnun fjósa fyrir holdakýr. Efnið eitt og sér er vissulega áhugavert og sér í lagi hinar norsku leiðir og áherslur en þeir hafa mikið dálæti á timbri og byggja helst öll fjós úr timbri sé hægt að koma því við. Kom hann með nokkur dæmi um hönnun slíkra fjósa fyrir holdakýr og fór yfir kostnað bygginganna en nefna má sem dæmi að í Noregi kostar plássið fyrir eina holdakú, í fjósi sem rúmar 40-50 holdakýr, 130.000 norskar krónur eða rétt um 1,9 milljónir íslenskra króna og er þá allt talið. Í slíku tilfelli er verið að ræða um einangrað fjós með haughúsi. Ætli norski holdanautabóndinn hins vegar að spara getur hann haft kýrnar á taði og í óeinangruðu fjósi og kostar hvert pláss í slíkri byggingu 80.000 norskar krónur eða um 1,2 milljónir íslenskra króna.

Reynslan af mykjutrefjum

Danirnir Anne Marcher Holm og Morten Lindgaard Jensen tóku fyrir reynslu Dana af notkun á mykjutrefjum sem undirburð í fjósum, en mykjutrefjar eru unnar úr mykju kúa og er þurrkaður trénishluti mykjunnar.

Í stuttu máli sagt þá er reynsla danskra bænda góð og virðist sem kúnum líki vel að liggja á svona undirburði. Þær eru áberandi hreinar og fínar og lausar við allt hárslit á helstu álagssvæðum. Eitt vandamál er þó til staðar og er óleyst en það er að sumir, ekki allir þó, hafa lent í vandræðum með júgurheilbrigði kúnna og gæti það bent til þess að þegar mykjutrefjarnar eru unnar, þá takist ekki nógu vel að drepa mögulegar bakteríur í mykjunni. Sé horft til kostnaðar við þessa aðferð þá sýnir reynsla Dananna að stofnkostnaður við innkaup á mykjutrefjapressu og uppsetningu á henni eru rétt tæpar sex milljónir íslenskra króna og svo nemur rekstarkostnaður, að teknu tilliti til afskrifta, viðhalds og rafmagnskostnaðar, 4.700 íslenskum krónum á hvern legubás á ári.

Norsku fjárhúsin með Íslandshekk

Það var skemmtilegt að heyra erindi Norðmannanna Knut Erik Ree og Per Olav Skjoldberg en þeir tóku fyrir hönnun fjárhúsa í Noregi. Þar er nú töluverð endurnýjun fjárhúsa í gangi og byggir um helmingur sauðfjárbændanna nú óeinangruð fjárhús.

Athygli okkar Íslendinganna á ráðstefnunni vakti að Norðmenn hanna nú ótal fjárhús með sk. Islandshekk sem er þeirra nafn á íslensku gjafagrindunum sem notaðar eru nú til dags í ótal fjárhúsum hér á landi. Eins og við mátti búast af Norðmönnum miðuðu flestar hönnunarlausnir við notkun á timbri sem megin byggingarefni, en hönnunarlausnirnar voru svipaðar því sem þekkist hér á landi. Þá fóru þeir einnig yfir nokkrar kostnaðartölur en algengur byggingakostnaður er í kringum 12-14 þúsund norskar krónur á vetrarfóðraða á eða um 170-205 þúsund íslenskar krónur. Er þá miðað við fulleinangrað fjárhús með kjall-ara. Velji bændurnir óeinangrað fjárhús, lækkar kostnaðurinn á hverja á um 30-60 þúsund íslenskar krónur. Í lok erindis síns kynntu þeir afar óvenjulega en um leið spennandi hönnun á fjárhúsi en þeir kalla hönnunina þríhyrningsfjárhús! Fjárhúsið er einfaldlega byggt upp af tveimur sperrum sem eru festar saman í kjölinn og mynda þannig „A“. Þessi fjárhúsgerð hefur ekki verið byggð enn, en þótt nýstárleg sé í útliti þá telja þeir að spara megi byggingarkostnað með því að byggja fjárhúsið með þessum hætti.

Þolpróf innréttinga fyrir hesthús

Annað erindi Michael Ventorp var ekki síður áhugavert en hitt og fjallaði það um helstu ástæður þess að hestar geti slasast í hesthúsum en árlega er talið að á milli 6-700 hestar slasist í sænskum hesthúsum.

Eins og gefur að skilja eru ástæðurnar margvíslegar en oft er þó skýringin fólgin í vanmati húsbyggjenda á aflinu sem leysist úr læðingi þegar hestur sparkar. Við það geta innréttingar hæglega brotnað eða bognað og af þeim völdum getur innréttingin valdið hestinum skaða m.a. með því að hann getur fest fót eða haus í innréttingunni.

Vegna þessa hafa sænskir vísindamenn nú þróað sérstakan prófunarbúnað sem líkir eftir því afli sem hestur gefur frá sér við þungt spark og sýndi Michael margar myndir af skemmdum innréttingum eftir að hafa farið í gegnum sænska prófunarbúnaðinn. Í kjölfar prófananna hafa Svíar gefið út breytt viðmið um efnisstyrk og hönnun innréttinga í hesthús.

Mörg íslensk erindi einnig

Hér að framan hefur einungis verið sagt frá örfáum erindum Nordisk byggetræf 2015 en gaman er að segja frá því að á ráðstefnunni stóðu Íslendingar fyrir sex áhugaverðum erindum. Ennig: um stöðu búfjárræktar á Íslandi, um breytingar á hönnun fjósa á Íslandi undanfarinn áratug, um þróun mjaltaþjónatækninnar á Norðurlöndum, um hönnun fjósa fyrir holdakýr, um notkun hitaveitu í hesthúsum og um hönnun fjárhúsa á Íslandi. Hafi framangreind skrif vakið áhuga á erindum ráðstefnunnar má benda á að þau má öll nálgast á næstunni, þ.e. glærurnar, á vefslóðinni www.njf.nu.

Snorri Sigurðsson
sns@seges.dk
Ráðgjafi hjá SEGES P/S Danmörku

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



Hvellhetta 0-005.

Hvellhetta 07-005 í Norðurhlíð

Jón Viðar Jónmundsson
Ráðunautur hjá RML
jvj@rml.is



Hinir gríðarmiklu gagnagrunnar í búfjárræktinni gefa möguleika til að finna einstaka hluti á ýmsan hátt. Eitt slíkt fyrirbæri er ær sú sem ég ætla að segja frá hér á eftir. Hér er um að ræða ær sem skilið hefur eftir sig þegar sjö úrvals ásetningshrúta og er enn sjálf í fullu fjöri.

Viti einhver um hliðstæðu einhvers staðar hér á landi væri ákaflega vel þegið að fá af því fréttir með símtali eða tölvupósti. Mögulegt er að slíkar ær megi finna á mestu fjársölusvæðunum en utan þeirra held ég möguleiki á hliðstæðum sé ósennilegur.

Þann 2. maí vorið 2007 bar ærin Frostrós 04-108 hjá Agnari Kristjánssyni í Norðurhlíð í Aðaldal tveim gimbrum sem voru tilkomnar við sæðingar, dætur Hvells 05-869. Um haustið voru þær báðar föngulegar mjög og settar á og önnur þeirra Hvellhetta 07-005 er söguhetja þessa pistils.

Hvellhetta átti strax gemlingsárið tvö lömb þó að annað þeirra færist um vorið. Hrútlambið sem hún skilaði haustið 2008 af fjalli var verulega glæsileg og var selt til lífs. Lykill 08-027 á Búvöllum varð þannig sá fyrsti af sjö sonum hennar sem settir hafa verið á vetur og enn kann að bætast í þann hóp. Í töflu er gefið yfirlit um þessa sjö hrúta, sem flestir hverjir hafa reynst með afbrigðum vel sem lambafeður og þó alveg sérstaklega fyrir gerð sláturlamba.

Hvellhetta sjálf er ákaflega falleg ær, bollöng og með hina svellandi bakhold sem finna máttir hjá mörgum afkvæma Hvells. Hún erfði samt ekki alhvítan lit föður síns þar sem hún er aðeins rauðkembd í hnakka. Afkvæmi Hvells voru talsverð breytileg en hún telst tvímælalaust í hópi þeirra allra bestu og slíkir einstaklingar úr afkvæmahópi Hvells voru toppar yfir landið. Ending Hvellhettu er með afbrigðum góð og á hún vonandi eftir að skila enn fleiri afkomendum í ræktunarstarfið. Móðurfaðir hennar er Frosti 02-913 og síðan má rekja ættir hennar áfram innan bús. Þær þrengjast að vísu mjög hratt þar sem sæðingar koma við sögu í hverjum ættlið. Kapparnir sem þar mæta okkur taldir nokkuð í röð eru; Peli 94-819, Sunni 96-830, Austri 98-831 Gosi 91-945, Kokkur 87-870, Aron 83-825, Djákni 82-801, Sveppur 78-821, Ufsi 74-962, Þór 72-904, Frosti 69-879, Krókur 69-901, Dalur 68-834, Angi 68-875 og Þokki 59-803. Þarna eru aðeins taldir ættfeður í móðurlínu aldrei að baki stöðvarhrúti sem nær stendur. Ljóst er því að um æðar henni rennur þykk blanda af Hests- og Þistilfjarðarblóði.



Hvellhetta 0-005.

Eins og áður segir þá var Hvellhetta tvílembd gemlingsárið og ætíð síðan nema árið 2014 og ætíð skilað vænum dilkum eins og taflan sýnir. Undan henni hefur aðeins verið slátrað tveim lömbum árið 2013 og voru það fyrirmálslömb sem send voru í sumarslátrun enda ófeðruð. Árið 2012 átti hún tvær gimbrar undan Guffa 08-869 en því miður vantaði aðra af fjalli en hin fórst um haustið. Því eru aðeins tvær dætur hennar til sem komnar eru til vits og ára sem báðar reyndust vel og undan Atsdótturinni frá 2009 hafa verið aldir tveir miklir hrútar sem gert hafa garðinn frægan ekki síður en synir Hvellettu sjálfrar.

Ég hef sjálfur aðeins séð ána sjálfa og son hennar Laxa sem er frábær einstaklingur. Undan honum voru ekki á síðastliðnu hausti mörg lömb í Norðurhlíð. Sláturlömbin voru samt tíu og var meðaltal þeirra fyrir gerð 11.

Hrútur	Bú	Faðir	Þungi	Bakvöðvi	Stig	Kynbótaeinkunn
Lykill 08-027	Búvöllum	Kveikur 65-865	45	35	85	109
Kalli 09-032	Hvoli	At 06-806	46	32	86	104
Fantur 10-012	Múla 2	Fálki 06-834	43	28	82,5	105
Tumi 11-027	Hraunkoti 1	Gosi 09-850	53	39	86	106
Dreki 11-375	Sílalæk	Gosi 09-850	55	39	87	104
Laxi 14-022	Norðurhlíð	Garri 11-908	52			106
Lamb 2015	Fagraneskot	Þór Ystahvammi	49	32	84,5	

RML

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Lömbin komu falleg af fjalli

– helstu niðurstöður lambadóma 2015

Eyþór Einarsson
Ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt
ee@rml.is



Dramatískt framleiðsluár er að baki hjá sauðfjárbændum. Slæm veður settu strax strik í reikninginn um síðustu fengitíð sem leiddi af sér minni sæðingar á sumum svæðum.

Vorið reyndist erfitt og sumarið kalt en síðan tók við sannkallaður sumarauki með haustinu. Gróður í úthaga hefur að öllum líkindum verið óvenjulega kraftmikill óvanalega lengi fram eftir hausti víða um land. Lömbin komu því betri af fjalli en margur hafði spáð og heildarniðurstaðan ákaflega góð. Verður hér stiklað á helstu niðurstöðum tengdum lambadómum haustsins 2015.

Umfangið

Alls voru skoðuð 74.608 lömb samkvæmt skráningum í Fjárvís.is. Megnið af þessum dómum fara fram á tímabilinu 15. september til 15. október eða 90% og þarf því öflugt lið til að skoðanir gangi sem greiðlegast. Ríflega 40 manna teymi kemur að þessari vinnu, þar af eru 25 dómarar sem stiga heltina af lömbunum. Aðeins var samdráttur í þátttöku í ómmælingum. Miðað við skráningar í Fjárvís.is, er u.þ.b. 10 þúsund færri lömb skoðuð í haust en haustið 2014. Felst það að mestu leyti í umfangsminni gimbraskoðunum, en heimsóknir til bænda eru nánast jafn margar og árið áður eða u.þ.b. 900. Mestur var samdrátturinn í Norður-Þingeyjarsýslum og á Ströndum. Hugsanlega skýrist það í Þingeyjarsýslum af lakari vænleika lömbum.

Tafla 1.

Ár	Fjöldi	Þungi (kg)	Bakvöðvi (mm)	Fituþykkt (mm)	Lærastig	Stig alls
2015	13.628	47	29,5	3,2	17,5	83,7
2014	15.022	47	29,4	3,1	17,5	83,6

Mikið af topplömbum

Það voru 58 lömb sem mældust með 40 mm þykkan bakvöðva eða þar yfir. Í tveimur lambhrútum mældist 44 mm þykkur bakvöðvi sem er það mesta sem mældist í haust. Annar lambhrúturinn er frá Hrafnsstöðum í Suður-Þingeyjarsýslu og er hann sonur Hvata 13-926 frá Hesti. Hinn er frá Laxárdal 3 í Hrútafirði sonur Bósa 08-901 frá Þóroddsstöðum. Fimm gimbrar hlutu einkunnina 10 fyrir frampart og voru tvær þeirra dætur Læks 13-928 frá Ytri-Skógum. Tveir lambhrútar hlutu einkunnina 10 fyrir malir. Annars vegar hrútur frá Gýgjarhólskoti undan Salamon 10-906 og hins vegar hrútur frá Sandfellshaga 1 undan Saumi 12-915. Sandfellshagahrúturinn hlaut jafnframt 20 stig fyrir læri ásamt 11 öðrum lömbum í haust. Eitt lamb hlaut einkunnina 10 fyrir samræmi en það var lambhrútur í Gýgjarhólskoti undan Guðna 09-902 frá Mýrum. Vænsti lambhrútahópurinn var á Gásum í Hörgársveit en þar vógu 16 lambhrútar 60 kg að meðaltali, sá þyngsti 77 kg.

Kjötmatið

Einn megintilgangur líflambamælinganna er að velja fyrir bættum skrokkgæðum og eiga því framfarir í líflambamælingum að skila sér til bóndans í betra kjötmati og þar með betri og verðmeiri vöru. Niðurstöður haustsins úr kjötmatinu eru glimrandi góðar. Í slátrunum frá ágúst til lok október var lógað 531.481 lambi. Meðalfallþungi dilka var 16,19 kg, holdfyllingareinkunn 8,76 og fitueinkunn 6,39. Frá því EUROP-matið var tekið upp er þetta hæsta meðaltal fyrir holdfyllingareinkunn, næst lægsta fitueinkunnin og þriðji mesti fallþunginn.

Úrval góðra lambhrúta

Meðalþykkt bakvöðva í lambhrútum var heldur meiri en sl. haust, eða 29,5 mm og er það hæsta meðaltal til þessa. Í töflu 1 eru meðaltöl fyrir hrútlömb áranna 2014 og 2015.

Í töflu 2 er yfirlit yfir 5 hæst stiguðu lambhrúta hvers héraðs. Hrútunum er raðað eftir stigum alls, síðan eftir samanlögðum stigum fyrir frampart, bak, malir og læri (gerð), síðan eftir þykkt bakvöðva, þá fituþykkt og síðan lögun bakvöðvans ef enn eru einhverjir jafnir. Hæst stigaði lambhrútur landsins er frá Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði og er hann sonur Kornelíusar 10-945 frá sama bæ sem bættist í hóp sæðingastöðvahrúta í haust. Lambhrúturinn hefur hlotið nafnið Grásteinn. Móðurfaðir hans er Kroppur 05-993 frá Hagalandi.

Jákvætt er að sjá að stór hluti þessara topphrúta eru undan veturgömlum hrútum. Ekki kemur á óvart að stöðvahrútarnir eru áberandi sem feður, en helmingur þessara lamba er undan þeim. Saumur 12-915 frá Ytri-Skógum er atkvæðamestur með 9 syni og þá á hann einnig sonarsyni á listanum. Hvati 13-926 frá Hesti er einnig áberandi með 7 syni.

Ýtarlegri skýrslur og niðurstöður úr skoðunum haustsins verða aðgengilegar á heimasíðunni www.rml.is.

Að lokum

Við höfum náð góðum árangri með ræktun fyrir bættum skrokkgæðum og getum vel borið höfuðið hátt þegar við berum okkar íslenska landnámskyn saman við erlend sauðfjárkyn. En það er ekki svo að við séum komin á endastöð. Við eigum áfram mikla möguleika í því að hækka öll meðaltöl umtalsvert, t.d. með því að bæta lakari hluta framleiðslunnar og með því að efla eiginleika sem gera framleiðsluna hagkvæmari og betri. Þar leika lambadómarnir og ómmælingarnar stórt hlutverk

Það eru ótrúlega fá ár síðan að meðal lambshryggurinn var með tiltölulega þunnu kjöti og mikilli fitu. Það er áhugavert að velta þessu fyrir sér þegar við gæðum okkur á léttreykta lambahryggnum á aðfangadagskvöld. ***Gleðileg jól***

Tafla 2

Uppruni	Lambsnr.	Faðir	Þungi (Kg)	Ómvöðvi	Ómfita	Lögun	Fótleggur	Haus	Háls&herðar	Bringa&útl.	Bak	Malir	Læri	Ull	Fætur	Samr.	Stig alls
1 Kiðafell, Kjós	262	11-005 Miðar	49	35	2,2	5,0	112	8,0	8,5	8,5	9,5	9,0	18,0	9,0	8,0	8,5	**87**
2 Kiðafell, Kjós	189	14-001 Djúpur	52	31	3,6	4,0	107	8,0	8,5	8,5	9,0	9,5	18,0	9,0	8,0	8,5	**87,0**
3 Kiðafell, Kjós	428	14-007 Bjargar	47	31	4,3	4,5	105	8,0	8,5	9,0	9,0	9,0	18,5	8,0	8,0	8,5	**86,5**
4 Miðdalur, Kjós	524	11-013 Móði	50	34	4,0	5,0	109	8,0	8,5	8,5	9,5	8,5	18,0	9,0	8,0	8,5	**86,5**
5 Hrísbrú, Mosfellsdal	114	12-915 Saumur	52	30	2,5	4,5	111	8,0	8,5	8,5	9,0	9,0	17,5	9,0	8,0	8,5	**86,0**
Borgarfjarðarsýsla																	
1 Deildartunga 1, Reykholtsdal	87	12-925 Vörður	56	40	4,0	4,5	110	8,0	9,5	9,0	10	9,0	18,0	8,0	8,0	9,0	**88,5**
2 Hestur, Andakíl	91	12-911 Bekri	53	37	2,6	5,0	108	8,0	9,0	9,0	10	9,0	18,5	8,0	8,0	8,5	**88,0**
3 Hestur, Andakíl	932	13-926 Hvati	42	38	3,3	5,0	101	8,0	8,5	9,0	10	9,0	18,5	8,5	8,0	8,5	**88,0**
4 Hægindi, Reykholtsdal	327	14-104 Garpur	55	36	3,8	4,5	103	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,0**
5 Skarð 1, Lundareykjardal	31	12-915 Saumur	57	39	3,5	4,5	108	8,0	8,5	9,0	10	9,0	19,0	7,5	8,0	8,5	**87,5**
Mýrasýsla																	
1 Leirulækur, Mýrum	49	12-915 Saumur	48	36	4,6	5,0	114	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	19,0	7,5	8,0	8,5	**88,0**
2 Leirulækur, Mýrum	14	13-927 Kjarni	48	36	4,6	4,5	108	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	**88,0**
3 Hundastapi, Mýrum	185	12-915 Saumur	52	32	4,3	4,5	108	8,0	9,0	9,5	9,0	9,0	19,0	7,5	8,0	9,0	**88,0**
4 Hundastapi, Mýrum	180	09-929 Heydalur	54	35	5,4	4,0	108	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**88,0**
5 Bakkakot, Stafholtstungum	5025	11-145 Hnykill	51	35	4,8	4,5	109	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,0	8,0	8,0	8,5	**87,0**
Snæfells- og Hnappadalssýsla																	
1 Mávahlíð, Snæfellsbæ	861	12-001 Bliki	56	34	2,4	4,5	109	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**88,5**
2 Mávahlíð, Snæfellsbæ	852	14-001 Tvinni	63	36	2,3	4,0	112	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	19,0	8,5	8,0	8,5	**88,0**
3 Hjarðarfell, Eyja- og Miklaholtsh.	270	12-915 Saumur	46	34	2,7	5,0	107	8,0	8,5	8,5	9,5	9,5	19,0	8,5	8,0	8,5	**88,0**
4 Dalsmynni, Eyja- og Miklaholtsh.	94	14-002 Tvistur	50	35	5,1	4,5	113	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,0	8,5	8,0	8,5	**87,5**
5 Mávahlíð, Snæfellsbæ	64	14-001 Tvinni	48	32	3,7	4,5	105	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	8,5	8,0	8,5	**87,5**
Dalasýsla																	
1 Gillastaðir, Laxárdal	467	14-190 Kuggur	50	36	2,4	5,0	110	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	18,0	8,5	8,0	9,0	**88,5**
2 Breiðabólsstaður, Fellsströnd	3905	10-903 Hængur	55	32	4,0	4,0	110	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	7,5	8,0	8,5	**88,0**
3 Skerðingsstaðir, Hvamssveit	27	12-915 Saumur	61	34	3,6	5,0	109	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	18,0	8,0	8,0	9,0	**88,0**
4 Háafell, Miðdölum	580	13-330 Bolur	65	36	4,6	4,0	114	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,0	7,5	8,0	8,5	**87,5**
5 Rauðbarðaholt, Hvamssveit	4510	12-915 Saumur	54	28	3,5	5,0	105	8,0	9,0	9,0	8,5	9,0	19,0	8,5	8,0	8,5	**87,5**
Barðastrandarsýslur																	
1 Árbær, Reykhólasveit	234	13-029 Gormur	50	31	4,1	4,5	108	8,0	8,5	9,0	9,0	9,5	18,5	8,5	8,0	8,5	**87,5**
2 Innri-Múli, Barðaströnd	190	13-940 Krapi	55	30	4,1	4,0	109	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,0	8,5	8,0	9,0	**87,5**
3 Árbær, Reykhólasveit	187	14-037 Grímur	54	30	3,7	5,0	111	8,0	8,5	8,5	9,5	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**87,5**
4 Árbær, Reykhólasveit	3	14-037 Grímur	46	29	5,4	4,5	106	7,5	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	9,0	8,0	8,0	**87,0**
5 Grænahlíð, Arnarfirði	522	14-543 Tígri	47	35	4,9	4,0	104	8,0	8,5	8,5	9,0	9,0	19,0	8,5	8,0	8,5	**87,0**
Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla																	
1 Kirkjuból 1 og 2, Valþjófsdal Önundarf.	194	14-402 Ós	61	36	4,0	4,0	103	8,0	8,5	9,0	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	8,5	**88,0**
2 Birkihlíð, Súgandafirði	5426	14-625 Stólpi	63	36	3,7	4,0	109	8,0	8,5	9,0	9,5	9,5	18,0	8,0	8,0	8,5	**87,0**
3 Kirkjuból 1 og 2, Valþjófsdal Önundarf.	474	14-403 Ópal	58	30	4,0	4,0	106	8,0	8,5	9,0	9,0	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**87,0**
4 Ketilseyri, Dýrafirði	950	14-061 Sópur	52	30	3,7	4,0	103	8,0	8,5	8,5	9,0	9,0	19,0	8,5	8,0	8,5	**87,0**
5 Minni-Hlíð, Bolungarvík	3	12-924 Jóker	50	37	3,4	4,5	106	8,0	8,5	8,5	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	8,5	**86,5**
Strandasýsla																	
1 Laxárdalur 3, Hrútafirði	186	08-901 Bósi	60	44	4,8	4,5	110	8,0	9,0	9,5	10	9,0	19,0	7,5	8,0	9,0	**89,0**
2 Bassastaðir, Steingrímsfirði	123	14-107 Hamar	47	36	6,8	4,5	107	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	8,5	8,0	8,5	**89,0**
3 Heydalsá 1 og 3, Steingrímsfirði	653	14-135 Fannar	47	32	3,7	5,0	108	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	8,5	8,0	8,5	**88,5**
4 Broddanes 1, Kollafirði	125	13-065 Djákni	49	31	2,8	4,0	104	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**88,5**
5 Tröllatunga, Steingrímsfirði	492	13-433 Smár	53	35	3,3	4,0	105	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	18,0	8,5	8,0	9,0	**88,5**
Vestur-Húnavatnssýsla																	
1 Bergsstaðir, Miðfirði	194	13-926 Hvati	48	42	2,7	5,0	102	8,0	9,5	9,5	10	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**90,0**
2 Efri-Fitjar, Fitjárdal	58	11-014 Runni	52	38	5,5	5,0	103	7,5	9,0	9,5	10	9,5	19,0	8,5	8,0	8,5	**89,5**
3 Efri-Fitjar, Fitjárdal	57	11-014 Runni	49	36	4,4	4,5	106	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,5**
4 Bergsstaðir, Miðfirði	344	13-303 Börkur	52	34	3,9	5,0	107	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	7,5	8,0	9,0	**89,0**
5 Bergsstaðir, Vatnsnesi	50	12-911 Bekri	49	37	2,1	5,0	108	8,0	9,5	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	9,0	**89,0**
Austur-Húnavatnssýsla																	
1 Hof, Vatnsdal	2	12-934 Hnallur	56	30	4,2	4,5	108	8,0	9,5	9,0	9,0	9,5	19,0	9,0	8,0	8,5	**89,5**
2 Hof, Vatnsdal	10	12-934 Hnallur	62	33	4,9	4,5	112	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,5**
3 Sölvabakki, Refasveit	3891	13-926 Hvati	53	31	3,8	4,5	98	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,0	**88,0**
4 Stóra-Búrfell, Svínadal	1	11-433 Kuldi	60	38	5,2	4,0	107	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	**88,0**
5 Leifsstaðir 1, Svartárdal	165	08-901 Bósi	58	40	5,4	4,5	107	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,0**
Skagafjarðarsýsla																	
1 Flatatunga, Kjálka	72	12-915 Saumur	60	38	2,7	5,0	105	8,0	9,5	9,5	10	9,0	19,0	7,5	8,0	9,0	**89,5**
2 Vallanes, Vallhólma	36	13-476 Frægur	57	38	4,5	5,0	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,5**
3 Hofsstaðasel, Viðvíkursveit	19	12-936 Sproti	63	38	5,0	4,5	113	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	8,5	8,0	8,5	**88,5**
4 Ytri-Hofdalir, Viðvíkursveit	55	09-877 Ás	65	34	4,6	4,0	110	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	18,0	9,0	8,0	9,0	**88,5**
5 Syðra-Skörðugil, Langholti	822	12-915 Saumur	52	39	3,0	5,0	100	8,0	9,0	9,0	10	9,0	18,5	8,0	8,0	8,5	**88,0**
Eyjafjarðarsýsla																	
1 Vatnsendi, Eyjafjarðarsveit	75	13-928 Lækur	56	38	1,9	4,0	111	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,5	8,0	9,0	**88,5**
2 Skriða, Hörgárdal	82	13-295 Vindur	51	35	2,1	5,0	111	8,0	8,5	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**88,0**
3 Búrfell, Svarfaðardal	917	13-926 Hvati	56	35	2,8	4,0	101	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,0**
4 Syðri-Bægisá	241	14-379 Bölti	54	35	3,9	5,0	107	8,0	9,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,5	8,0	8,5	**88,0**
5 Skriða, Hörgárdal	1	11-922 Tjaldur	54	32	2,7	5,0	109	8,0	9,0	9,5	9,0	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,0**
Suður-Þingeyjarsýsla																	
1 Stóru-Tjarnir, Ljósavatnsskarði	19	10-945 Kornelíus	50	41	3,3	5,0	112	8,0	9,5	9,5	10	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**91,5**
2 Yzti-Hvammur, Aðaldal	263	13-149 Þór	45	37	3,3	4,5	108	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,5	9,0	8,0	9,0	**91,0**
3 Víðiker, Bárðardal	9912	12-062 Loki	54	40	2,9	4,5	112	8,0	9,0	9,5	10	9,0	19,0	9,0	8,0	9,0	**90,5**
4 Hrafnsstaðir, Kinn	109	13-926 Hvati	56	39	3,7	5,0	110	8,0	8,5	9,0	10	9,5	20,0	8,0	8,0	9,0	**90,0**
5 Þverá, Reykjahverfi	22	09-902 Guðni	48	38	3,3	4,5	108	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,5	8,5	8,0	9,0	**90,0**
Norður-Þingeyjarsýsla																	
1 Fjöll 2, Kelduhverfi	273	14-049 Balotelli	45	37	4,5	4,5	105	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	20,0	7,5	8,0	9,0	**90,0**
2 Flaga 1, Þistilfirði	90	12-263 Hjálmur	47	37	4,7	4,5	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	18,0	8,0	8,0	9,0	**88,5**
3 Sandfellshagi 1, Öxarfirði	22	12-915 Saumur	43	34	1,9	4,0	105	8,0	8,5	8,5	9,5	10	20,0	7,5	8,0	8,0	**88,0**
4 Hagaland, Þistilfirði	100	14-151 Dóri	43	30	1,6	5,0	110	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	8,0	8,0	8,0	**88,0**
5 Sandfellshagi 1, Öxarfirði	55	14-715 Breki	48	32	2,7	4,5	108	8,0	9,0	9,5	9,0	9,5	18,5	7,5	8,0	9,0	**88,0**
Norður-Múlasýsla																	
1 Hvanná 2, Jökuldal	44	13-926 Hvati	50	37	2,7	5,0	100	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	18,5	8,5	8,0	9,0	**89,0**
2 Straumur, Hróarstungu	171	08-840 Kjarkur	47	36	4,4	5,0	104	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	8,5	8,0	8,5	**87,5**
3 Kross, Fellum	9571	09-881 Rafall	52	34	4,4	5,0	107	8,0	9,0	9,5	9,0	9,0	18,0	8,5	8,0	8,5	**87,5**
4 Bessastaðagerði, Fljótsdal	180	11-125 Kambur	46	35	2,2	5,0	103	8,0	9,0	8,5	9,5	9,0	17,5	9,0	8,0	9,0	**87,5**
5 Hvanná 2, Jökuldal	189	10-919 Höfðingi	56	36	5,8	4,5	111	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,0	8,0	8,0	9,0	**87,0**
Suður-Múlasýsla																	
1 Ásgarður, Breiðdal	998	13-243	48	33	5,5	5,0	104	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	9,0	8,0	9,0	**89,0**
2 Ásgarður, Breiðdal	332	13-235 Mávur	47	36	6,1	4,5	110	8,0	9,0	8,5	9,5	9,5	18,0	9,0	8,0	9,0	**88,5**
3 Ásgarður, Breiðdal	253	13-238 Þór	56	27	3,1	4,0	107	8,0	8,5	9,0	9,5	9,0	18,0	9,5	8,0	9,0	**88,5**
4 Randversstaðir, Breiðdal	1	13-054 Kollur	45	34	5,2	5,0	115	7,5	8,5	9,0	9,5	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**87,5**
5 Slétta, Reyðarfirði	14	13-927 Kjarni	50	34	2,7	5,0	105	8,0	9,0	8,5	9,0	9,0	18,0	9,0	8,0	9,0	**87,5**
Austur-Skaftafellssýsla																	
1 Akurnes, Hornafirði	223	13-926 Hvati	48	40	4,1	5,0	108	8,0	9,0	9,0	10	9,0	18,5	7,5	8,0	8,5	**87,5**
2 Breiðabólsst 2 Gerð, Suðursveit	446	11-123	49	36	3,3	4,5	107	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	19,0	8,5	8,0	8,0	**87,5**
3 Jaðar, Suðursveit	9	11-908 Garri	49	31	3,0	4,5	107	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	8,5	8,0	8,5	**87,5**
4 Ártún, Hornafirði	21	12-923 Danni	59	39	3,7	5,0	112	8,0	8,5	9,0	9,5	9,0	18,0	8,5	8,0	9,0	**87,5**
5 Ártún, Hornafirði	207	12-923 Danni	51	36	3,3	5,0	105	8,0	8,5	9,0	9,5	9,5	19,0	7,5	8,0	8,0	**87,0**
Vestur-Skaftafellssýsla																	
1 Úthlíð, Skaftártungu	13	11-908 Garri	61	36	6,4	4,5	110	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	18,5	8,5	8,0	8,5	**88,5**
2 Skammidalur 2, Mýrdal	3	11-244 Hvammur	56	35	2,7	5,0	111	8,0	9,0	9,0	10	9,5	18,0	8,0	8,0	8,5	**88,0**
3 Úthlíð, Skaftártungu	101	14-190 Kengur	51	36	3,5	4,5	109	8,0	8,5	9,0	9,5	9,5	18,5	9,0	8,0	8,0	**88,0**
4 Sólheimahjáleiga, Mýrdal	31	12-923 Danni	48	35	2,8	5,0	107	8,0	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	7,5	8,0	8,5	**87,5**
5 Úthlíð, Skaftártungu	152	13-101 Lappi	58	33	3,7	4,5	112	8,0	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	8,5	8,0	8,5	**87,5**
Rangárvallasýsla																	
1 Ytri-Skógar, A-Eyjafjöllum	13	14-507 Flótti	46	37	2,1	5,0	105	8,0	9,0	9,0	10	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**89,0**
2 Álfhólar, V-Landeyjum	52	14-191 Sigurbogi	42	32	4,0	4,5	106	8,0	9,0	8,5	9,0	9,5	19,0	9,0	8,0	9,0	**89,0**
3 Djúpidalur, V-Landeyjum	11	12-914 Vetur	54	36	2,5	5,0	110	8,0	8,5	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	9,0	**88,5**
4 Teigur 1, Fljótshlíð	68	14-399 Kappi	52	35	3,2	4,5	108	8,0	9,0	9,5	9,5	9,0	18,5	8,0	8,0	9,0	**88,5**
5 Ytri-Skógar, A-Eyjafjöllum	226	14-514 Kaldi	37	35	1,9	4,5	104	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	8,5	**88,0**
Árnessýsla																	
1 Dísarstaðir, Árborg	257	10-920 Kölski	48	34	2,7	5,0	108	8,0	9,0	9,0	9,5	9,5	19,5	8,0	8,0	8,5	**89,0**
2 Háholt, Gnúpverjahreppi	406	14-212 Faxi	48	31	1,8	5,0	107	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	8,0	8,5	**89,0**
3 Litlu-Reykir, Flóa	24	10-920 Kölski	58	35	2,1	5,0	109	8,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	7,5	8,0	8,5	**88,5**
4 Gýgjarhólskot 1, Biskupstungum	112	10-906 Salamon	58	39	2,8	5,0	109	8,0	9,0	9,0	10	10	18,0	7,5	8,0	9,0	**88,5**
5 Gýgjarhólskot 1, Biskupstungum	185	09-902 Guðni	61	38	2,6	5,0	108	8,0	9,0	9,5	10	9,5	18,0	8,0	8,0	8,5	**88,5**



Lesendabás

Takið út úr ykkur snuðið

Ég var á aukafundi Landssamtaka sauðfjárbænda um daginn, þar sem forysta LS og BÍ bauðst til að ræða við okkur um *meginlínur sem samningsaðilar hafa náð saman um* við gerð nýs sauðfjársamnings. Það málefni og önnur því tengd verða efni þessarar greinar, sem er hin þriðja í greinaflokknum *Hefjum tösku hátt á loft*.



Sigríður Jónsdóttir.

Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra hefur á sinni valdatíð boðað breytingar á stuðningskerfi landbúnaðarins. Og ýmsir hafa sungið eftir sömu söngskrá. Því er haldið fram að kerfið hafi gengið sér til húðar, það þjóni ekki markmiðum sínum og að miklar breytingar hafi orðið í umhverfi landbúnaðarins.

Lengi hefur það reyndar verið svo að þegar rætt er digrum rómi um málefni landbúnaðarins, er verið að tala um málefni mjólkurframleiðenda. Þar hefur Sigurður Ingi ekki brugðið settum vana og bændaforystan ekki heldur. Á fundinum um daginn voru kynntar og ræddar hugmyndir um stórfelldar breytingar á aðbúnaði sauðfjárræktarinnar, breytingar sem byggja alfarið á þeim forsendum sem ríkja í mjólkurframleiðslu.

Rammi sauðfjárræktarinnar er allur annar en í nautgriparæktinni nú um stundir og staða þessara greina er í raun gerólík. Kvótaverð í sauðfjárrækt hefur ekki farið upp úr öllu valdi eins og í mjólkurframleiðslu, fækkun framleiðenda og stækkun búa ekki heldur. Ekki hefur verið skortur á framleiðsluvörum sauðfjárbænda eins og komið hefur fyrir í nautgriparæktinni. Sauðfjárafurðir hafa lengi verið seldar á frjálsum markaði án allrar verðstýringar, ólíkt því sem gerist með mjólk. Þessi kerfi eiga fátt sameiginlegt annað en sameiginlega fortíð.

Samt er það boðað að rammanum um sauðfjárræktina þurfi að henda, hann sé svo gallaður. Til stuðnings þeim málflutningi er kynnt skýrsla frá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. **Þar sem ekkert kemur fram sem réttlætt getur stórfelldan viðsnúning í allri tilhögun stuðningsins við sauðfjárræktina í landinu.** Vífill Karlsson, sem kynnti skýrslu RHA á LS-fundinum, nefndi í framhjáhlaupi að **alls óvíst sé að WTO samþykkti það fyrirkomulag sem nú er í farvatninu**. Og af hverju skyldi það nú vera?

Tillögurnar sem okkur voru kynntar, ganga út á þetta:
(% skipting heildarstuðnings)

- Að beinar greiðslur til bænda fari úr 51% niður í núll (takmörkuð framleiðslutenging).
- Að gæðastýringargreiðslur fari úr 35% í 54% (alfarið framleiðslutengt).
- Að gripagreiðslur verði teknar upp og nemi 32% (mjög framleiðslutengt).
- Að ullarnýtingargreiðslur verði óbreyttar 9% (alfarið framleiðslutengt).
- Að stuðningur til annarra verkefna verði 5% (ekki framleiðslutengt).
- Að við eigum að finna frábæra markaði innan lands og utan og auka þannig virði afurða. *(Þó ótrúlegt megi virðast eru samningamenn okkar með munninn fullan af þessari margtuggnu dúsu).*
- Að við eigum að rækta skóg í sjálfboðavinnu.
- Að við eigum að fá Landgræðsluna eða Náttúrufræðistofnun til að fylgjast með því hvort við séum að eyðileggja land.

Hver einasti meðalalauli sem setið hefur sæmilegan fyrirlestur um einföldustu lögmál hagfræðinnar (þeirrar merku fræðigreinar) ætti að sjá að kerfi eftir þessari uppskrift yrði mjög markaðstruflandi, sem er eitur í beinum WTO. Núverandi stuðningskerfi er sniðið til að standast skilyrði þessara blessuðu alþjóðasamninga og án þeirra getum við víst ekki stundað útflutning. **Hvernig aukum við virði afurða með útflutningi um leið og tekin er áhætta á að erlendir markaðir hreinlega loki á okkur?**

Kerfi sem þetta gerði ekkert annað en að valda offramleiðslu og bjóða heim hættu á stjórnlausum fjárfjölda og ofbeit. **Ráðið við því á greinilega að vera að færa Landgræðslunni eða öðrum stofnunum hins opinbera allt vald til að ráða því hvar er hægt að búa og hvar ekki.** Hvar hefur verið ákveðið að fara þá leið? Og svaraðu nú Sigurður Ingi! Hefur það verið ákveðið á Alþingi? Hefur það verið ákveðið á Búnaðarþingi? Hefur það verið ákveðið hjá Landssamtökum sauðfjárbænda? Hefur það verið ákveðið á flokksþingi Framsóknarflokksins? Verði niðurstaðan eitthvað í líkingu við þær tillögur sem okkur voru kynntar, mun þetta gerast, hvort sem menn hafa ætlað sér það eða ekki.

Helstu gallar núverandi kerfis eru taldir þessir:

A) Það er dýrt að byrja að búa.
B) Það er lítið upp úr sauðfjárbúskap að hafa.
C) Kvóti eigngerist og aðeins bankarnir græða.

Ekkert nýtt landbúnaðarkerfi mun koma til með að breyta staðreyndum A og B, séu þær lagðar saman. Það er alltaf dýrara að kaupa ábatasamt fyrirtæki en venjulegan taprekstur, alveg sama á hverju ábatinn byggist.

Það að kvóti eigngerist er óhjákvæmilegt og myndar ákveðinn sveigjanleika í kerfinu, því menn geta miðlað honum milli búa með viðskiptum. Einu sinni taldist það mikill kostur. Allur annar stuðningur mundi eigngerast hvort sem er, samanber fyrri efnisgrein.

Og ég get ekki séð hvernig allt hið kapitaliska hagkerfi heimsins á að stjórnast af stuðningskerfi sauðfjárræktar hér úti á Íslandi. Bankarnir munu halda áfram að hagnast á venjulegu fólki, alveg sama hvað.

Samningamenn sauðfjárbænda, Sindri, Einar og Þórarinn. **Takið út úr ykkur snuðið og horfist í augu við staðreyndir.** Þið mætið til fundar, nestaðir samþykktum tillögum frá ykkar félagasamtökum. Ríkið kallar fram gengi hákarla úr undirdjúpum ráðuneytisins. Þeir vísa hugmyndum bænda strax út fyrir sjóndeildarhringinn og segist vilja taka upp greiðslur út á ræktað land. (Sem núverandi kynslóð hagfræðimenntaðra sætabrauðsdrengja hefur haldið á lofti sem flottu frá útlöndum). Gallinn við þá tilhögun er sá að þannig fengju allir landeigendur frían aðgang að því sem okkur sveitafólkinu er ætlað. Við höfum ekki séð neina viðleitni frá stjórnvöldum til að lögleiða búsetuskyldu af nokkru tagi, en það hlýtur að vera forsenda kerfis sem styður landeigendur EF ÆTLUNIN ER AÐ STUÐNINGURINN SKILI SÉR TIL BYGGÐANNA ÚT UM LAND.

Nýjasta nýtt á vegum ríkisstjórnarinnar er áætlun um árangur í loftslagsmálum. Menn telja sig hafa sýnt fram á að framræsla sé ofarlega á blaði yfir losunarvalda gróðurhúsalofttegunda, svo það skyti ansi skökku við að egna fólk til aukinnar ræktunar (á bara eitthverju) um leið og markmið eru sett um endurheimt votlendis og að draga úr losun.

Nei, hákarlarnir úr ráðuneytinu ætluðu aldrei að ræða stuðning út á land. **Þeir ætluðu að hræða samningamenn okkar til að tala um hvað sem var annað en það sem bændur lögðu upp með í þessum samningaviðræðum**.

Með þessari samningatækni kemur glögglega fram hvað þeir sem handan borðsins sitja, þeir sem véla um okkar mál, fyrirlíta okkur innilega. Og að þetta fólk (nú tala ég um bæði bændaforystuna og samninganefnd ríkisins) skuli leyfa sér að leggja til aukið vægi gæðastýringar, undir handleiðslu Landgræðslunnar eða Náttúrufræðistofnunar, á sama tíma og allur þessi mannskapur veit fullvel að á þeim vígstöðvum geisar styrjöld sem enginn sér fyrir endann á. Þar á ríkið mesta sök með því að hanga á sinni ónýtu og ólöglegu reglugerð (um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu) og bótin sem á hana var klesst mun líklegast reynast verri en gatið.

Verði niðurstaða sauðfjársamnings eitthvað í líkingu við þær tillögur sem okkur voru kynntar, verðum við hrakin út af afréttunum. Innstu koppar í búri Landgræðslunnar halda því fram að það sé smámál, þetta séu átta afréttir sem tekist sé á um og einhverjir 50 bændur sem þurfi að losna við. Líf þeirra skipti engu máli, þeir séu svo fáir.

50 fjölskyldur. Er það ekki fjöldinn sem hið opinbera treystir sér til að taka við úr hópi milljóna flóttamanna utan úr heimi? Eða voru það bara 50 manns?

Sigríður Jónsdóttir,
sauðfjárbóndi, Arnarholti.

ÞORRATILBOÐ 2016

Tilboð á sérmerktum glösum fyrir þorrablót



BROS AUGLÝSINGAVÖRUR
Norðlingabraut 14 - 110 Reykjavík
Sími 569 9000 - sala@bros.is - www.bros.is

HLEÐSLUTÆKI

Hleður og vaktar rafgeyminn þinn í vetur.



SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
TUDOR TUDOR
Bíldshöfða 12 - 110 Rvík. - 5771515 - www.skorri.is

ÚTBOÐ

Útboð 20084 - Ljósleiðarahringtenging Vestfjarða, seinni hluti

Ríkiskaup, fyrir hönd fjarskiptasjóðs standa fyrir útboði vegna seinni verkáfanga ljósleiðarahringtengingar á Vestfjörðum. Fjarskiptasjóður áformar að gera samning við hæfan bjóðanda (seljanda) sem á hagkvæmasta gilda tilboðið um að hanna, byggja, reka og eiga ljósleiðarastreng ásamt því sem honum tilheyrir, sem ætlaður er til að koma á ljósleiðarahringtengingu á Vestfjörðum. Samningurinn innifelur að fjarskiptasjóður veitir seljanda opinberan fjarhagslegan stuðning til verkefnisins.

Ekki verður gerður samningur tilkynni einhver fyrir samþykki tilboðs að viðkomandi ætli að byggja og reka ljósleiðarstrenginn ásamt því sem honum tilheyrir án opinbers stuðnings.

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík fyrir kl. 10.00 þann 28. janúar 2016 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

Nánari upplýsingar er að finna í útboðslýsingu sem aðgengileg verður á vef Ríkiskaupa (www.rikiskaup.is/utbod/utb/20084) frá og með þriðjudeginum 8. desember nk.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is
RÍKISKAUP

Úrvalstilraunir með búfé og tilraunadýr I. hluti


Jón Viðar Jónmundsson
Ráðunautur hjá RML
jvj@rml.is

Þegar jól nálgast færist viss ró yfir sem gefur tækifæri til að rifja upp liðna tíð og velta fyrir sér hvað við höfum af henni lært.

Það sem mig langar að þessu sinni að ræða um er einn þáttur í uppbyggingu þeirrar fræðigreinar sem ég helst tel mig hafa eitthvert vit á sem er búfjárkynbótafræði. Þar er hinn fræðilegi grunnur skapaður af fremur fáum einstaklingum sem hafa haft innsæi og þekkingu talsvert umfram okkur meðaljónana. Þeim sem þróuðu þessi fræði í byrjun er það mörgum sameiginlegt að reyna að prófa kenningar sínar með tilraunadýrum. Þekktustu tilraunadýrin eru mýs og bananaflugur.

Þegar kemur framundir miðja síðustu öld fara víða um heim í gang tilraunir með búfé, flestar slíkar tilraunir hafa skilið takmarkað eftir sig en nokkrar standa eftir sem sterkur grunnur að þekkingu okkar í dag. Hefðin fyrir notkun tilraunadýra viðhélst misjafnlega en þó hvergi eins og við háskólastofnunina í Edinborg sem sinnir þessum fræðum. Eftirlætisdýr þeirra til tilrauna hafa verið bananaflugur og mýs. Ég varð þeirrar hamingju aðnjótandi að sækja námskeið tveggja meginpostulanna þaðan á námskeiðum í háskólanámi mínu og kynnast þannig hugsun þeirra talsvert. Þessir flugnatalningamenn voru A. Robertson og W.G. Hill, sá fyrrnefndi er fallinn frá fyrir alllöngu en Hill situr enn á friðarstóli og vafalítið í dag talinn fremstur meðal jafningja á sínu fræðasviði.

Heimsráðstefna um búfjárerfðafræði og búfjárkynbætur

Á heimsráðstefnunni um búfjárerfðafræði og búfjárkynbætur í Leipzig sumarið 2010 var síðasti ráðstefnudagur sjötíu ára afmælisdagur Hill og flutti hann þar utan dagskrár afmæliserindi um sögu úrvalstilrauna hjá búfé og hvað þær hefðu lagt til fræðanna. Þessa eldtölu hefur hann síðan skrifað í grein sem hann birti í einu af þekktustu tímaritum heims á sviðinu. Þessi grein er notuð sem hryggjarstykkið í mörgu af því sem segir hér á eftir og sumt bein endursögn þaðan.

Námskeið í Helsingfors

Fyrir mig var námskeiðið í Helsingfors með Hill vorið 1972 mikil upplifun. Þau fræði sem ég hafði þá numið við háskólann á Ási var búfjárkynbótafræði byggð á mjög þéttum tölfræðilegum grunni og var hann mikið sóttur til Lush og var þessi grunnur ráðandi hjá okkur Norðurlandabúunum. Hill kynnti þarna þessi sömu fræði frá grunni Edinborgarmanna sem rekur sig út frá erfðafræðilegum grunnmódelum og víkkaði enn skilning á þeirri hlið. Þessi samþætting var ómetanleg til víðari skilnings á faginu.

Eitt hliðaratriði í tengslum við þetta námskeið vil ég nefna vegna þess að öðrum kosti verður það gleymskunni að bráð. Lokaþáttur námskeiðsins var hlutur sem áreiðanlega enginn hafði þá heyrt rætt mikið um og var ekki þá neitt farið að birta um í vísindaritum. Það var verndun erfðabreytileikans. Þegar ég kom til baka heim fór ég að kynna og ræða þessar hugmyndir við Stefán Aðalsteinsson, sem voru honum alveg óþekktar þá, en upptendraðist hann strax eins og oft var með nýja og framsýna hluti. Örfáum misserum síðar var norræni genabankinn fyrir búfé stofnaður að undirlagi Stefáns og gamalla samstarfsmanna hans frá Norðurlöndunum; Majala í Finnlandi, Rendel í Svíþjóð, Kolstad í Noregi og Neiman-Sörensen í Danmörku. Í dag er mér ljóst að neistinn sem kveikti þetta var námskeið Hill þar sem Majala var stjórnandi og sá neisti sem mér tókst að vekja hjá Stefáni, þá var tryggt að eldurinn brann. Þessar hugmyndir voru þá byrjaðar að skjóta rótum hjá kynbótafræðingum sem störfuðu í þróunarlöndunum þar sem þessir hlutir raunverulega brunnu á fólki. Síðan hefur þetta orðið mjög mikil grein á heimsvísu og á sitt aðalvígi í dag hjá FAO.


Þegar kemur framundir miðja síðustu öld fara víð um heim í gang tilraunir með búfé, flestar slíkar tilraunir hafa skilið takmarkað eftir sig en nokkrar standa eftir sem sterkur grunnur að þekkingu okkar í dag. Hefðin fyrir notkun tilraunadýra viðhélst misjafnlega en þó hvergi eins og við háskólastofnunina í Edinborg sem sinnir þessum fræðum. Eftirlætisdýr þeirra til tilrauna hafa verið bananaflugur og mýs. Mynd / Edinphoto

Margir lukkuriddarar hafa stigið fram

Þarna hefur hins vegar vaxið fram miklu fjölbreyttari hópur áhugafólks en á öðrum sviðum búfjárkynbótafræði. Sífellt eru þar fleiri og fleiri af þekktum vísindamönnum sem gera sér betur og betur ljóst fræðilegt mikilvægi þessa fyrir framtíðarþróun en um leið gífurlega stór hópur áhugafólks sem margt hvert gerir sér ekki minnstu grein fyrir fræðilegum undirstöðum. Þar hafa margir lukkuriddarar stigið fram og sumum tekist að færa þetta starf á hreinar villigötur þó að fleira hafi verið vel gert. Ég veit ekki hvort frekar eigi að líkja þessu fræðasviði við Jesú eða Múhamed og frumsöfnuði þeirra eða Grýlu og jólasveinanana.

Rétt er að fara örfáum orðum um hinn aðalfræðimann Edinborgarskólans og kenniföður Hills, Alan Robertson. Aðkomu hans að búfjárkynbótum má rekja til þess að í stríðslok er ákveðið að koma á stofn Í Bretlandi í Edinborg stofnun til að endurreisa búfjárræktarstarf í landinu á grunni nýrrar þekkingar. Að stofnunni er ráðinn hópur ungra afbragðsvísindamanna. Þarna er hrundið af stað hugsjón til uppbyggingar sem er í dag í öllu falli er í ljósára fjarlægð frá hugsunarhætti forystumanna í íslenskum stjórnmálum. Robertson sem þá var þekktur sem afburðagreindur nemandi hafði þá nýlokið námi í efnafræði en flutti sig nú alveg inna á nýtt fræðasvið hraðvaxandi vísindagreinar.

Robertson varð á næstu áratugum einn mesti kenningasmiður búfjárkynbótafræði og þróaði margar kenninga sinna af einstöku innsæi á grunni óteljandi úrvalstilrauna með bananaflugur. Með því lyfti hann fræðilegum grunni hærra en flestir aðrir. Bein aðkoma hans að hagnýtum búfjárkynbótum varð aldrei mikil en ber samt að nefna að strax um 1950 leggur hann grunninn að dreifðum afkvæmarannsóknum nauta við ræktun mjólkurkúa sem þar varð líklega ein byltingarkenndasta breytingin í öllu ræktunarstarfi á síðustu öld. Robertson var fádæma skýr í framsetningu sem kennari og einhver mest gefandi einstaklingur að ræða við um fræðileg vandamál sem ég hef hitt.

Eftir þessa útidúra er rétt að leita til greinar Hills. Upphaf úrvalstilrauna má raunar rekja aðeins aftar en til enduruppgötunar á lögmálum Mendels um 1900. Metið er raunar úrvalstilraunir í maís í Illinois sem hófst 1896 og mun enn haldið gangandi. Fljótt eftir 1900 hófust fyrstu úrvalstilraunir með búfé og var þar á ferðinni Bandaríkjamaðurinn Pearl sem vann með hænsni.

Til hvers eru úrvalstilraunir? Þannig spyr Hill og vitnar til rástefnugreinar sinnar frá 1980 þar sem komu saman tæplega 100 meðal þekktustu kynbótafræðinga heimsins á þeim tíma á ráðstefnu í Edinborg sem oft er reiknaður sem einskonar millifundur í heimsrástefnum um búfjárerfðafræði og búfjárkynbætur en fyrsta ráðstefnan var haldin á Spáni 1974 og sú önnur einnig þar 1982 og síðan víða um heim með fjögra ára millibili.

Skammtímatilraunir

Hill telur eðlilegt þegar tilgangur slíkra tilrauna er ræddur að byrja á að skipta þeim í skammtímatilraunir í innan við tíu ættliði oft aðeins 3–5 og síðan langtímatilraunir, tugir kynslóða.

Hann byrjar á að greina markmið skammtímatilrauna;

1. Reyna gildi spásagna um úrvalssvörun á grunni stuðla metnum í grunnhópnum sem úrvalshópurinn(arnir) koma frá.
2. Meta erfðabreytileika í grunnhópnum og arfgengi eiginleikans og sanna með úrvali að erfðabreytileikinn sé fyrir hendi.
3. Greina erfðasambönd fyrir eiginleika sem erfitt er að meta og mæla út frá samhliðabreytingum við auðmældan eiginleika sem valið er fyrir.
4. Kanna samspil milli erfða- og umhverfisþætti þegar mögulegt er að skipta erfðahópum á milli umhverfisaðstæðna á báða vegu.
5. Kanna frávik frá línulegri svörun úrvals eftir val í andstæðar áttir eða við breytilegan úrvalsstyrk.
6. Bera saman úrvalssvörun mismunandi úrvalsaðferða. Þegar að langtímatilraunum kemur þá bætir hann við eftirtöldum ástæðum;
7. Kanna hve lengi úrvalssvörun fyrstu kynslóða viðhelst.
8. Gera tilraun til að mæla úrvalsmörk.
9. Greina áhrif stofnstærðar og mismunandi úrvalsþrýstings á úrvalssvörun til lengri tíma.
10. Mæla samhliða breytingar í öðrum eiginleikum og þá sérstaklega þá sem snúa að endurnýjun stofnsins (fitness).
11. Meta fjölda gena, áhrif einstakra gena og tíðni þeirra út frá þeirri úrvalssvörun sem tekst að mæla.
12. Framleiða mjög ólíkar línur til nota fyrir síðari rannsóknir einkum á lífefnafræðilegum og lífeðlisfræðilegum þáttum. Við endurskoðun sína fyrir Leipzig fyrirlesturinn bætir Hill nokkrum atriðum við. Vegna skammtímatilrauna bætir hann við eftirtöldu atriði;
13. Gera skammtímatilraunir til að leiða í ljós fyrir bændum hve úrval eða mismunandi úrvalsaðferðir geta breytt stofninum á skömmum tíma. Slíkar tilraunir hafa verið gerðar fyrir fjölda búfjártegunda og aragrúa eiginleika. Hér á eftir verður mest fjallað um nokkrar slíkar heimsfrægar tilraunir sem gerðar hafa verið víða um heim fyrir mjólkurkýr og sauðfé. Fyrir langtímatilraunir bætir Hill en við nokkrum atriðum um tilgang þeirra;
14. Greina erfðabreytileika sem sprottin er af stökkbreytingum í úrvalshópunum.
15. Meta áhrif óerfðabundinna þátta og möguleika á að breyta þeim með úrvali.
16. Skyggnast á bak við erfðauppbyggingu eiginleikanna með aðferðum þeim sem erfðatæknin hefur lagt okkur í hendur á síðustu árum.

Í framhaldinu er rétt að víkja að örfáum atriðum úr erindi Hill í Leipzig og verður þar stikað á tólfmílnaskónum. Fyrst spyr hann hvað slíkar tilraunir hafi kennt. Fjölmargt. Meginniðurstaðan er að við fáum úrvalssvörun ef erfðabreytileiki er fyrir hendi fyrir viðkomandi eiginleika. Svörun fæst yfir fjölda kynslóða. Þetta segir okkur að flestir mikilvægir eiginleikar í búfé stjórnast af fjölda erfðavísa þannig að ólíklegt er að jafnvel eftirsóttustu erfðavísarnir verði einráðir í erfðahópnum fyrr en að löngum tíma liðnum.

Í hugleiðingum um gildi skammtímatilrauna nefnir hann tilraun sem Falconer, einn páfinn enn í Edinborg og höfundur þekktustu bókar í heiminum á síðari árum um búfjárkynbætur, ásmat samstarfsmanni gerði með mýs. Þar voru þeir að kanna þá kenningu sem var þá nær algildi í búfjárrækt að best sé að vinna að kynbótum búfjár þegar gripirnir lifa við bestu aðstæður og „ná að sýna hvað í þeim býr“. Þessi kenning er yfirleitt kennd við Hammond og lærisveinn hans Halldór Pálsson hélt henni mjög ákveðið fram í sauðfjárrækt hér á landi. Falconer og samstarfsmaður hans voru með mýs við tvær mjög breytilegar umhverfisaðstæður en víxluðu músum úr úrvalshópunum á milli umhverfisaðstæðna. Þannig fundu þeir að hópurinn sem var bestur við aðrar umhverfisaðstæðurnar var lakari við hinar og öfugt. Einnig sýndu þeir framá að þessi kenning var ekki algild. Þetta er það sem kallað er samspil á milli erfða- og umhverfisaðstæðna.

Að þessu erum við t.d. að ýja þegar við í kynningu á einstökum sæðingahrútum gefum í skyn að kostir þeirra nýtist best þar sem dilkar eru mjög vænir eða rýrir. Þetta þekkja menn líka að vissu marki af því hve erfiðlega gengur yfirleitt að flytja landgæði með hrútum úr landgæðasveitum og fyrr á árum hve lítil mjólk fékkst yfirleitt með afkvæmum nautanna sem verið var að sækja á afurðahæstu kúabúin og nautsmæður voru valdar á grunni eigin afurða.

Fyrir nokkrum áratugum gerði ég útreikninga bæði í sauðfjár- og nautgriparækt sem sýndu að umhverfibreytileiki væri ekki meiri á milli búa hér á landi en svo að samspilið á milli umhverfis og erfða truflaði nánast ekki kynbótamat gripa í ræktunarstarfinu hér á landi fyrir mikilvægustu eiginleika. Þessu samspili hefur samt verið gefinn of lítill gaumur í búfjárkynbótarannsóknum hérlendis á síðustu árum og þola þau mál áreiðanlega frekari skoðun í dag. Í því sambandi þurfum við að gera okkur grein fyrir að fyrir marga eiginleika geta umhverfisáhrif verið svo fjölmargt annað en fóðrunarástand.

Hætta á skekkju vegna takmarkaðs umfangs

Ágalli margra úrvalstilrauna er hve umfang þeirra er takmarkað. Þetta felur í sér hættu á verulegri skekkju í mælingum bæði vegna lítils umfangs og úrtaksskekkju í byrjun. Tilraunakostnaður er að sjálfsögðu meginskýring þessa. Það heyrir nánast til undantekninga að endurtekningar séu notaðar í úrvalstilraunum með búfé. Talsvert af slíkum tilraunum með tilraunadýr hafa hins vegar verið gerðar með fleiri úrvalshópum af hverri tegund (hátt-lágt-samanburður). Þær haf leitt skýrt í ljós hve þessi skekkja er mikil með litla hópa. Þetta segir Hill að margir virðist ekki skilja og enn fleiri ekki viðurkenna. Þrátt fyrir marga augljósa ágalla hafa skammtímatilraunir skilað mikilli þekkingu.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

DNA-táknmyndir í WorldFeng

Í WorldFeng, upprunaættbók íslenska hestsins, eru ýmsar upplýsingar sýndar með táknmyndum á grunnsíðu hvers grips.

Í sjónhendingu má því sjá á grunnsíðunni hvaða upplýsingar eru til um viðkomandi grip. Nokkur þessara tákna tengjast DNA-sýnum. Til útskýringar á þessum táknum er þetta að segja og vert fyrir hrossaræktendur að þekkja:

DNA Táknar að DNA-stroksýni hafi verið tekið úr hrossinu en greiningu er ekki lokið og/eða, sem er afar fátítt, að ekki hafi tekist að greina neitt úr sýninu (sýnataka hefur misfarist). Ef smellt er á flipann DNA/Blóð fyrir ofan grunnmyndina má m.a. sjá númer DNA-sýnis, sýnatökuaðila, dagsetningu sýnatöku auk skýringartexta (DNA-greining í vinnslu). Ef aðeins þetta tákn kemur fram og liðinn er vel ríflega mánuður frá sýnatöku er ljóst að einhverjir hnökrar eru í ferlinu, s.s. að sýnatökumaður hefur ekki skilað sýninu inn til greiningar eða sem fyrr segir að sýnið reyndist ónýtt. Í þessu samhengi þá greinir þekkingarfyrirtækið Matís öll innkomin sýni a.m.k. innan mánaðar nema sérstaklega sé óskað meiri hraðmeðferðar sem er kostnaðarsamari en hefðbundið ferli.

DNA Táknar að sýnið hafi verið greint og niðurstöður liggi fyrir. Ef engin sýni eru fyrirliggjandi úr skráðum foreldrum gripsins birtist eftirfarandi texti undir DNA/blóð-flipanum: Ekki hægt að sanna ætterni þar sem sem DNA greining fyrir foreldra er ekki til.



Pétur Halldórsson.

DNA Táknar að greint sýni liggi fyrir og að samkvæmt sjálfvirkum samanburði W-Fengs, við sýni úr skráðum föður, mæli ekkert gegn því að föðurætt sé rétt.

DNA Táknar að greint sýni liggi fyrir og að samkvæmt sjálfvirkum samanburði W-Fengs, við sýni úr skráðri móður, mæli ekkert gegn því að móðurætt sé rétt.

DNA Táknar að greint sýni liggi fyrir. Enn fremur að samkvæmt sjálfvirkum samanburði W-Fengs, við sýni úr skráðum foreldrum, mæli ekkert gegn því að ætterni sé kórrétt.

Táknar að blóðsýni sé til úr gripnum, varðveitt á Tilraunastöð HÍ að Keldum.

Afar mikilvægt er að eigendur/ræktendur fylgist með framgangi sýnavinnslunnar og niðurstöðum greininga sinna hrossa. Ef til að mynda niðurstaða er komin í greiningu á folaldi fæddu 2015, sem á skráða og DNA-greinda foreldra, en engin sönnunartákn birtast (♂ / ♀) – þá er ljóst að eitthvað er athugavert við ætternisskráninguna. Textinn sem WorldFengur birtir í slíkum tilfellum er eftir málsatvikum: DNA-greining er í skoðun / Ætterni (faðir) til skoðunar / Ætterni (móðir) til skoðunar. Ráðunautar á hrossaræktarsviði RML eru boðnir og búnir að liðsinna og aðstoða ræktendur við að rekja málin upp og leiðrétta þegar svona er ástatt. Þá annast starfsmenn RML DNA-stroksýnatökur og örmerkingar vítt og breitt um landið. Nánar um það og arfgerðargreiningar hrossa almennt m.a. hér: http://www.rml.is/is/bufjarraekt/hrossaraekt/dna-synatokur .



Algengustu orsakir, í þeim annars fátíðu málum, þar sem skráðri ætt og niðurstöðu DNA-sýnis ber ekki saman eru: 1) Móðir var hjá tveimur stóðhestum sumarið fyrir fæðingu gripsins sem um ræðir og rangur hestur er skráður faðir. 2) Hryssur hafa víxlað folöldum við köstun (sjaldgæft en þekkist vel) eða koma með röng folöld heim úr stóðhestagirðingum. Í því samhengi má sérstaklega árétta það verklag að hryssur og folöld fari aldrei í stóðhestagirðingar öðruvísi en tryggilega örmerkt.

Hrossaeigendur og notendur W-Fengs eru sérstaklega hvattir til að yfirfara skráningar um hross sín reglulega s.s. skrá eigendaskipti, leiðrétta afdrif ef hross hafa farist (afdrif gripa sem fara í sláturhús skrást sjálfkrafa samkvæmt gögnum sláturhúsa), yfirfara skráða liti hrossa og nafngiftir, líta til með hvort fang hefur verið skráð á hryssur (gegnum stóðhestaskýrslu eða fyljunvarvottorð), hafa upplýsingar um örmerkingu eða geldingar skilað sér til skráningar og svo mætti áfram telja. Þá er og mikilvægt að upplýsingar um aðsetur, símanúmer og tölvupóstföng eigenda og ræktenda séu í takt við tímann.

Í heimarétt notenda W-Fengs má framkvæma allar áðurnefndar aðgerðir. Þar eru fleiri möguleikar í boði s.s. að setja inn myndir af hrossum en góð mynd segir oft meira en mörg orð og sjálfsagt að hvetja fólk til að nota þennan möguleika í ríkari mæli. Þá er einnig sá valkostur að tengja heimasíðu viðkomandi aðila við öll hross sem tengjast kennitölunni. Nú fara í hönd spennandi vetrarmánuðir í tamningum og þjálfun. Til að glöggva sig á og velja úr fjölbreytilegum feðrum komandi kynslóða er Valpörunin skemmtileg upplýsingaveita m.a. um væntanlega kynbótaspá/kynbótamat verðandi afkvæmis valinna foreldra, skyldleikaræktarstuðul og mögulega liti.

Pétur Halldórsson,
hrossaræktarráðunautur.
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.
S: 516-5038 / 862-9322 /
petur@rml.is

Lesendabás

Hvernig verður framtíð landbúnaðar á Íslandi?

Hvernig var Hlíðarbæjarfundurinn? Forystumenn okkar sögðu: Ríkisnefndin, er búin að ákveða, punktur, að: Fjárhæð í samningnum lækki, hækki alls ekki og að greiðslumarkið verði aflagt. Þetta eru tvö mikilvægustu atriðin í þeim „samningum“ sem standa nú yfir milli ríkis og bænda.

Forystumenn okkar gáfu á fundinum út þá yfirlýsingu að þeir væru búnir að gefast upp á að fá þessu breytt og þá væri einungis um tvennt að velja; fækka bændum, eða reyna að flytja út kjöt. Á fundinum kom fram að bæði sauðfjár- og mjólkurframleiðendum þótti einsýnt að með þeim hugmyndum að nýjum samningum sem kynntar voru, væri verið að hvetja til aukinnar framleiðslu sem síðar orsakaði offramleiðslu með tilheyrandi verðfalli og vandamálum sem af því hlytist.

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2015 samþykkti 10% skerðingu hámark ef farið yrði í að skerða greiðslumarkið og við stöndum föst á þeirri samþykkt. Já, kannski, við skulum fallast á það að kakan stækki ekki. Heldur standi hún í stað og greiðslumarkið verði skert um 10%. Síðan verði í samninginn bundið að stefnt skuli að því að greiðslumarkið verði aflagt á fyrstu 7 árum næsta samnings (ef um álíka samninga verður að ræða þá). Þar með erum við komin með framtíðarsýn á það mál. Þegar sá tími rennur upp, þá verður hægt að fara í að smala greiðslumarksfénu til réttar og draga í dilka.

Íslenskur landbúnaður þarf stöðugleika og langtímamarkmið ekki kúvendingar einsog ríkisnefndin vill með greiðslumarkið. Alþingi Íslendinga sem tók ákvörðun um að setja greiðslumarkið á, verður að koma með lausn til að leysa það mál svo sæmd sé að. Ef á annað borð eitthvað þarf að hreyfa við því. Því þetta er í raun besta leiðin til að útjafna stuðningi. Menn rífast ekki og þvarga í þessari útjöfnun stuðnings. Borga og semja um það í frjálsum viðskiptum sem auka hagvöxt og greiða það verð sem seljandi og kaupandi koma sér saman um, báðir ánægðir! Svo má ekki gleyma því að með þessu móti geta bændur sótt sér fjármagn þegar á bjátar, því ekki sitja þeir á neinum sjóðum. Þeir sem andvígastir eru greiðslumarkinu og röklausastir, tala um að í greiðslumarksviðskiptum séu peningar að fara út úr greininni. Munum að sauðfjárrækt er ekki með eigið lokað hagkerfi. Við kaupum jú vörur og þjónustu hver af öðrum, kaupum einnig áburð, dráttarvélar og allskonar dót og drasl, af óskyldum og ótengdum aðilum, sem stunda alls ekki, landbúnað.

Ég hafna því algerlega að sú eign sem greiðslumarkið er og skráð er í fyrningaskýrslu, ég sannanlega á, hef unnið fyrir og greitt, verði af mér tekið, þegjandi og hljóðalaust til þess eins að færa það öðrum, eða fella niður, án endurgjalds. Sú hraða niðurfærsla (8 ár) sem ríkisnefndin vill er algerlega óviðunandi og setur fjármál fjölmargra bænda í uppnám.

Landbúnaðarráðherra sagði á fundi hér í sveit í haust að hann vildi ekki sjá neinar kúvendingar varðandi þessa samninga. Landbúnaður yrði ekki rekinn með skammtíma hugsunum. Við bændur erum, trúi ég, sammála því.

Ég minni á að við fengum enga, alls enga hækkun á afurðaverði í haust og verðum bara áfram með launaviðmið ríkisskattsstjóra sem eru langt undir lágmarkslaunum í þjóðfélaginu. Bilið breikkaði svo enn við þær miklu launahækkanir sem allflestir íslendingar hafa fengið á árinu. Þær launahækkanir fara svo út í verðlagið og hækka öll aðföng til okkar. Hvað gera bændur þá?

Hagkvæmni stærðarinnar, lítið er tekið tillit til þess þegar deila á út ríkisstuðningi meira horft til þess að minni bú fái bara enn minna." Ja hann er nú ekki bóndi, bara með 300 rollur " sagði einn ágætur, einu sinni. Hver er bóndi? Hvað er bóndi? Eru til nauðsynlegir bændur og minna nauðsynlegir bændur? Snýst þetta ekki um að við erum að framleiða kindakjöt með stuðningi ríkisvaldsins. Munum að helmingur sauðfjárframleiðenda, er með undir 200 fjár á fóðrum, fjölskyldubú dreift um allt land. Að gefa á garðann í hefðbundnum húsum sem meginþorri bænda býr við, er langtum tímafrekara og kallar á miklu mun meiri viðveru en á sambærilegu búi, með nýjustu gjafatækni. Skoða þarf með hvaða hætti er hægt að styðja við breytingar á hefðbundnum fjárhúsum til nútíma hátta. Með því er hægt að minnka vinnu og viðveru við fóðurgjöf, yfir marga tugi % á hverja kind á einu ári og bæta um leið arðsemi búanna.

64 ára reglan má bara alveg halda áfram, hún skiptir okkur hin litlu máli. Það eru 39 bændur í 64 ára reglunni með að meðaltali rétt um 190 ærgildi hver þannig að það er lítilræði á hvern okkar hinna en hjálpar mikið til ef á þarf að halda. Ég veit ekki til þess að bændur geti fengið nokkurn stuðning frá sínum hagsmunasamtökum ef veikindi eða óáran, ber að garði. Hvað á að gera við þessa sem eru í 64 reglunni núna, pína þá í rekstur til að framleiða kjöt sem ekki fæst ásættanlegt verð fyrir á erlendum mörkuðum. Eins er það með 0,7 regluna, hún vinnur gegn framleiðslu sem enginn þörf er á. Of mikið magn útflutts kjöts, er selt á alltof lágum verðum, bara til að losna við það úr landi. Svo á að fara að binda það í samningum, að hvetja til aukinnar framleiðslu til útflutnings.

Ef teknar verða upp gripagreiðslur þá verði greidd út sama krónutala á hvern einasta grip. Ef á að framleiðslutengja stuðninginn, þá eiga allir framleiðendur að fá sama stuðning á kg óháð bústærð. Öll erum við að starfa við það sama, framleiða kindakjöt og því ólíðandi að verið sé að mismuna okkur og sundra, eftir stærð búanna.

Svo er talað um byggðatengdan stuðning, þó varla hafi verið minnst á það í Hlíðarbæ. Í því sambandi tel ég að horfa þurfi til upphafs búskapar og búskaparloka. Nýir bændur gætu sótt um, auk líffjárstuðnings, að fá greiddar beingreiðslur, að fullu eða hluta, út á framleiðslu sína án þess að þurfa kaupa greiðslumark, fyrstu 6 árin eða svo. Háð einhverjum skilyrðum og kröfum sem settar yrðu til að tryggja að viðkomandi væri á leið í búskap. Stuðningurinn gæti varað að fullu fyrstu tvö árin og síðan þrepaður niður.

Í hinn endann að bændur geti farið eftirlaun og með svipaða upphæð í eftirlaun og aðrir landsmenn fá.

Eftirlaun sauðfjárbónda sem hefur verið í fullu starfi til sjötugs og samanlagður aldur og starfsaldur er kominn í 110 ár er eitthvað um 80 þúsund krónur á mánuði. Þessu verður að breyta. Ef þú ert tryggur með eftirlaun til framfærslu með sama hætti og aðrir íslendingar, þá þarftu kannski ekki eins hátt verð fyrir jörðina. Það er að segja ef hún er þá seljanleg þegar að þeim vendipunkti kemur. Þetta gæti létt kynslóðaskiptin.

Hluti byggðastuðnings gæti líka verið árleg greiðsla á hvert lögbýli og stuðningurinn miðaðist við það starfshlutfall sem þar væri. Hámarksstyrkur yrði miðaður við að tvö ársstörf væru á lögbýlinu. Ekki yrði horft á framleiðslumagn, né hver launakostnaður er. Heldur að þarna sé um að ræða fjölskyldurekstur og fasta búsetu. Í framhaldi af því yrði svokölluðu endurgjaldi breytt og það hækkað til samræmis við sambærilega hópa í þjóðfélaginu. Það myndi vonandi leiða til þess að með tímanum gætu bændur líka farið á eftirlaun með sambærilegum hætti og aðrir íslendingar. Fleira þyrfti að koma þar inn t.a.m. þyrfti að lækka tryggingagjald verulega svo fenginn stuðningur fari ekki beina leið í ríkissjóð aftur.

Í þessa byggðatengdu þætti væri ekki óeðlilegt að ríkisvaldið kæmi inn í samninginn með aukið fjármagn.

Ragnar Þorsteinsson
Sýrnesi Aðaldal

Hrossabændur óska eftir hryssum


Mega vera á 3. til 15. vetri

Greiðum 19.000 kr án vsk fyrir hryssuna og sækjum frítt á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðvesturlandi austur í Eyjafjörð.

Fáðu hærra verð fyrir hryssur til lífs en í sláturhús!

Upplýsingar: **hryssa@isteka.com** eða í síma 662 0028

-Geymið auglýsinguna-



Ameríski jólasveinninn skottast með gjafir til kristinna barna á 24 tímum og klárar léttilega 5.787 heimili á sekúndu:

Þeytist á milli húsa á 625 þúsund kílómetra hraða

– ef hann væri á dráttarvél þyrfti hún að vera 66 milljónir tonna með 1,5 milljarða hestafla mótor

Ameríski jólasveinninn er sagður færa kristnum börnum heimsins jólagjafir á einum hreindýrasleða á innan við sólarhring. Hvort þessi saga stenst alveg skoðun skal ekkert fullyrt um en dæmið gæti litið svona út.

Íbúar jarðar eru nú um 7 milljarðar. Fjöldi heimila að meðaltali með 4 fjölskyldumeðlimi er þá 1.750.000.000. Nú er kristin trú fjölmennustu trúarbrögð heimsins, með um 2 milljarða fylgjenda. Rúmur helmingur þeirra telst til rómverskkaþólsku kirkjunnar, 367 milljónir eru mótmælendur og 216 milljónir tilheyra grísku/rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni. Kristnir búa flestir í Norður- og Suður-Ameríku, Evrópu og Ástralíu. Hlutfallslega eru kristnir mun færri í Asíu og Afríku en í hinum álfunum en þar eru þó margir kristnir, meðal annars í Eþíópíu, þar sem kristni hefur verið við lýði frá 330 eftir Krist.

Ef kristnir menn eru um 2 milljarðar, og þeim hópi er gróflega skipt upp í fjögurra manna fjölskyldur með tveim börnum á heimili, þá eru það fimm hundruð milljón heimili (500.000.000). Börnin eru þá um milljarður (1.000.000.000).

Ameríski jólasveinninn ferðast á 625.000 kílómetra hraða

Ameríski jólasveinninn er sagður ferðast um á hreindýrasleða þegar hann kemur pökkunum til barnanna á aðfangadagskvöldi. Gefum okkur að hann þurfi að ferðast frá Norðurpólnum og hniti hringi niður eftir jörðinni nokkurn veginn eftir breiddarbaugunum til að dreifa pökkunum. Niður að miðbaug eru 90 breiddarbaugar og 90 til viðbótar niður að suðurpól. Hann þyrfti væntanlega að fara aðeins þéttar en það til að ná til allra barnanna, svo við skulum gefa okkur að hringirnir um jörðina yrðu því samtals 360. Efst á pólnum væri ferðalagið nánast ekki neitt, bara snúningur jólasveinsins um sjálfan sig og væntanlega ekkert barn á staðnum að bíða eftir pakka. Gróflega áætlað má segja að jólasveinninn fari 7,2 milljónir kílómetra í hringsóli sínu eftir breiddarbaugunum og við það bætast nærri 40.000 kílómetrar vegna ferðalagsins eftir lengdarbaugunum.

Við að skutlast inn á hvert heimili gætum við trúlega bætt annarri eins vegalengd við og rúmlega það þannig að sveinki þarf að skutlast svo sem 15 milljónir kílómetra á 24 tímum, þótt flestir tali um að hann sé að þessu á mun skemmri tíma. Það þýðir að hann verður að þeytast með um 625.000 kílómetra hraða á klukkustund. Það er 10,4 sinnum meiri hraði en hröðustu geimför fara á í hringsóli sínu um jörðina. Það er líka 10.417 kílómetra hraði á mínútu eða tæplega 174 kílómetrar á sekúndu. Hann væri sem sagt 3,8 mínútur að fara umhverfis jörðina um miðbaug.

5.787 heimili á sekúndu

Ameríski jólasveinninn hefur 24 tíma til að klára verkið. Það eru 1.440 mínútur eða 86.400 sekúndur. Til að fara inn á hvert þeirra 500 milljóna heimila kristinna manna í heiminum hefur hann 0,0001728 sekúndur og er þá innifalinn ferðatíminn milli staða. Þá þarf hann að fá hreindýrin til að snarstoppa úr 625 þúsund kílómetra hraðað í 0 á augabragði. Fara af sleðanum taka tvær gjafir úr pokanum troða sér niður um strompinn eða skríða inn um glugga, koma gjöfunum fyrir undir jólatrénu og fara sömu leið til baka. Stíga upp á sleðann og rjúka af stað. Allt þetta má ei taka meiri tíma en 0,0000864 sekúndur og þá þarf sveinki að vera kominn á næsta stað eftir aðrar 0,0000864 sekúndur. Þá er gengið út frá því að vegalendin milli heimilanna dreifist jafnt á þá 15 milljón kílómetra sem sveinki þarf að ferðast.

Sem sagt 0,0001728 sekúndur í að klára afhendingu pakka og flug á næsta stað, enda nóg að geras því að á hverr sekúndu þarf hann að heimsækja 5.788 heimili.

Sleði jólasveinsins er 800 metrar að lengd og tekur 37.000 gámaeiningar

Ef einn milljarður barna fá að jafnaði gjöf sem vegur 1 kílógramm, þá þarf pokinn hjá sveinka að þola einn milljarð kg eða milljón tonn. Sleðinn þarf þá að vera samsvarandi stór og þyrfti að rúma 37,037 gámaeiningar. (ein gámaeining = 20 feta þurrgámur tekur 27 tonn) Hann yrði á stærð við rúmlega tvö stykki af stærsta gámaflutningaskipi heims, The Majestic Maersk, sem tekur 18.000 gámaeiningar og er 400 metra langt. Það er búið tveim 43.000 hestafla aðalvélum sem hvor um sig vegur 910 tonn. Hámarks ganghraði er 23 sjómílur á klukkustund. Ef gámarnir úr þessu skipi eru settir á flutningabíla sem væri í einni röð þá yrði hún 110 km löng. Sleði jólasveinsins yrði sem sagt tvöfalt stærri og þyrfti líklega að vera um 700-800 metra langur. Röðin sem gámabílarnir mynduðu með flutningi jólasveinsins yrði nærri 230 kílómetra löng.

Þarf 1,5 milljarða hreindýra

Til að draga slíkan sleða á skipshraða þyrfti líklega um 87.000 hreindýr (að því gefnu að eitt hreindýr skili einu hestafli). Það kæmi sleðanum þó ekki nema á um 36 kílómetra hraða (20 mílur) á klukkustund. Ef við gefum okkur að hröðunin fari eftir fjölda hreindýra þá þyrfti um 1,5 miljarða hreindýra til að draga sleðann svo hann komist á að minnsta kosti 625.000 kílómetra hraða á klukkustund.

Á 66 milljón tonna dráttarvél

Ef sveinki væri aftur á móti með Úrsus dráttarvél í stað hreindýranna og með 800 metra löngum heyhleðsluvagni, þá þyrfti dráttarvélin að vera um 66 milljón tonn að þyngd. Hún væri með alveg þokkalegum mótor sem skilaði 1,5 milljörðum hestafla, eða sama afli og öll hreindýrin.

Þá verðum við auðvitað að gefa okkur að ameríski jólasveinninn geti með einhverjum óútskýrðum hætti yfirunnið loftmótstöðuna, annars myndi hann brenna til ösku með öllum jólapökkunum og sleða ækinu í fyrstu hringferðinni um jörðina. Gilti þá einu hvort hann væri með hreindýrasleða eða á súperkraftmikilli Úrsus dráttarvél.

Á 100 hestafla Úrsus tæki það 63 ár að koma gjöfunum til skila

Ef sveinki reyndi aftur á móti að dreifa þessum jólapökkum á venjulegum 100 hestafla 4,4, tonna Úrsus, sem færi á 36 kílómetra meðalhraða á klukkustund, þá yrði loftmótstaðan ekki vandamál. Aftur á móti myndir hann ekki draga mikið meira samkvæmt löglegum tölum um dráttargetu en 3,4 tonn í hverri ferð og þá yrði vagninn líka að vera með löglegum bremsum.

Þar sem vagn og hlass væri ekki meira en 3,4 tonn, þá þyrfti jólasveinninn að dreifa gjöfunum í 294 ferðum frá Norðurpólnum. Hann fækkaði auðvitað í hópnum í hverri ferð, en eigi að síður mæti ætla að hann þyrfti að fara talsvert mikið lengri vegalengd en ameríski jólasveinninn.

Má líkum leiða að því að hann þyrfti að skrölta allt að 20 milljónir kílómetra upp og niður og umhverfis jarðkringluna í þessum jólapakkaúthlutunum. Jólasveinninn á venjulegu dráttarvélinni yrði því örlítið lengur að fara þessa vegalengd sem ameríski jólasveinninn á hreindýrasleðanum skondrast á 24 tímum. Sveinki á Úrsusnum yrði 555.555 klukkustundir að koma öllum milljón tonnunum á áfangastað, sem gera 23.148 daga eða rúmlega 63 ár.

Hann verður þá líka að vera fjandi snöggur að setja eldsneyti á vélina og skipta um smurolíu annað veifið. Þá er heldur enginn tími til að skreppa í mat eða kaffi, hvað þá að fara á klósettið.

Að sjálfsögðu eru þessir útreikningar settir fram í fullkomnu ábyrgðarleysi, auk þess sem ekkert er vitað um vélaáhuga sveinka. Hann gæti því allt eins valið Deutz, New Holland, Valtra, Massey Ferguson, John Deere, Belarus eða hvað tegund aðra en Ursus.

Auðvitað ber svo að geta þess að 1,57 milljarðar múslíma fá engar jólagjafir frá sveinka, hvað þá 994 milljónir hindúa og 500 milljónir búddista. */HKr.*



Staðalímynd ameríska Coca Cola-jólasveinsins. Svona slór við að lesa á óskalista dugir ekki, hvað þá ef hann hefur ætlað sér að bíða eftir því að fá að kyssa mömmu krakkanna. Ef sagan er sönn um afköst hans við að dreifa jólagjöfunum, þá ætti hann að vera löngu farinn upp um strompinn áður en hann næði svo mikið að hugsa um að setja upp gleraugun, hvað þá annað. Trúlega gefa gömlu íslensku jólasveinarnir lítið fyrir grobbsögur af þessum ameríska sprelligosa.



Stærsta gámaflutningaskip heims, The Majestic Maersk, tekur 18.000 gámaeiningar og er 400 metra langt. Það er búið tveim 43.000 hestafla aðalvélum sem hvor um sig vegur 910 tonn. Hámarks ganghraði er 23 sjómílur á klukkustund. Þessi koppur er þó ekki einu sini hálfdrættingur á við sleða jólasveinsins sem tekur 37 þúsund gámaeiningar og er um 800 metra langur og kemst með hreindýraaflinu á 625 þúsund kílómetra hraða á klukkustund.



Ef ameríski jólasveinninn hefði látið breyta Úrsus til að komast með pakkana til barnanna á 24 tímum, væri traktorinn 66 milljón tonn að þyngd og með 1,5 milljarða hestafla mótor. Þá væri líklega eins gott að sveinki ætti hlut í olíufélagi til að fá góðan afslátt af eldsneytinu.



Jólamaturinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

Góða veislu gjöra skal

Hangikjötið er mikill hátíðarmatur

Þjóðarréttur Íslendinga er að sjálfsögðu hangikjötið með öllu sínu ljúffenga meðlæti. Heiðurinn á bak við verkun og neyslu þess eru fjölbreyttar og oftast aldagamlar. Margir neytendur hafa sterkar skoðanir á hangikjöti og vilja að það sé verkað á ákveðinn hátt eða upprunnið í ákveðnum landshluta. Sumir vilja nota minna salt en aðrir og skiptar skoðanir eru um lit og áferð. Í seinni tíð eru margir sem eiga heilt læri eða frampart og borða hrátt. Slíkt kjöt er tilvalið í forrétt, til dæmis með kalkún og léttari mat.

Hangilæri með hefðbundnu meðlæti

Hráefni

- 1 stk. hangilæri eða frampartur í rúllu

Aðferð
Setjið hangikjötið í stóran pott. Hellið köldu vatni yfir þar til það hylur kjötið. Látið suðuna koma rólega upp og slökkvið á hellunni þegar suðan kemur upp. Látið ekki bullsjóða í pottinum. Leyfið hangikjötinu að kólna í pottinum undir loki.

Berið hangikjötið fram með uppstúfi, soðnum kartöflum, grænum Orabaunum, rauðkáli og laufabrauði.

Uppstúf

Hráefni

- 50 g smjör
- 50 g hveiti
- 1 lítri mjólk
- ½ tsk. salt
- 1–2 msk. sykur
- Ögn af hvítum pipar og ferskt mulið múskat

Bræðið smjör í potti og hrærið hveitinu saman við þannig að úr verði smjörbolla. Bætið mjólkinni varlega í og hrærið uns jafningurinn verður kekkjalaus. Látið sjóða í nokkrar mínútur og hrærið vel í á meðan.

Kryddið með salti, sykri og pipar.

Rauðkál

Hráefni

- 500 g rauðkál
- 2 epli (má sleppa)
- 2 msk. rauðvínsedik
- 2 msk. rifsberjahlaup
- 200 ml vatn
- Nýmalaður pipar og salt

Aðferð
Rauðkálið er þvegið og snyrt og síðan skorið í mjóar ræmur. Eplin eru flysjuð, kjarnhreinsuð og skorin í bita. Rauðkálið og eplin sett í pott. Vatninu er svo hellt yfir ásamt edikinu, hitað að suðu og látið malla þar til kálið er vel meyrt. Loks er rifsberjahlaupi bætt í pottinn ásamt svolitlum pipar og salti og látið malla í nokkrar mínútur í viðbót. Þá er rauðkálið tilbúið og sett í hreinar krukkur.

Hrásalat með rauðkáli og mandarínum

Hráefni

- ¼ haus af rauðkáli
- 1 stk. fennel eða smá hvítkál
- 2–3 stk. mandarínur



- 1 sítróna
- 1 appelsína
- góð skvetta af jómfrúar-ólífuolíu
- salt

Aðferð
Notið rifjárn eða mjög beittan hníf. Sneiðið niður rauðkálið, fennel eða hvítkálið. Ef þú ert ekki með rifjárn þá getur þú notað matvinnsluvél eða skorið fínt með hníf.

Skerið appelsínuna og sítrónuna til helminga og takið safann úr. Brjótið mandarínur niður í báta. Sameinið öll innihaldsefni í skál til að framreiða.



Hangikjötstartar.

Hangikjötstartar með ferskum jurtum og rauðrófum

Hráefni

- 200 g hrátt hangikjöt
- 50 ml góð olía
- 1 stk. saxaður skarlottu laukur
- 10 g kapers
- 1 stk. rauðrófa (má nota rauðrófur í dós)
- 1 lítill biti piparrót
- 1 tsk. gróft sinnep
- Blandaðar jurtir ef vill

Aðferð
Skerið vöðvann í þunnar sneiðar og svo í bita. Gott ráð er að skera kjötið hálffrosið. Saxið laukinn og annað til bragðbætingar (ef á að nota rauðrófur eru þær skornar þunnt og lagðar í kalt vatn).

Blandið við kjötið ásamt jurtum, kapers og olíu. Rífið örlítið af piparrót yfir.

Léttreyktur lambahryggur með hvítlauk og rósmarín

Léttreykt bragðið passar fullkomlega við vel eldað lamb með keim af rósmarín og hvítlauk.

Hráefni

- 1 stk. léttreyktur lambahryggur
- 100 ml jómfrúar-ólífuolía
- 3 hvítlauksrif, pressuð
- 2 tsk. grófhakkað ferskt rósmarín
- 2 msk. Maple-sýróp

Aðferð
Í litla skál eða krukku, merjið hvítlauksrifin. Bætið fersku rósmaríni út í ásamt ólífuolíu og hrærið saman. Úðið eða burstið ólífuolíu á kjötið. Hitið ofn í um 210 gráður. Lækkið niður í 135 gráður og setjið hrygginn inn í um 1 klst. eða þar til kjarnahitinn er orðinn 63°C. Látið sýróp á hrygginn síðustu 15 mínútur eldunartímans. Látið hvíla í 5 mínútur fyrir skurð.

Kryddað kartöflusmælki og rótargrænmeti

Hráefni

- 500 g litlar kartöflur
- 300 g blandað rótargrænmeti, gróf-skorið
- 4 msk. olía eða smjör
- 1 rif hvítlaukur
- 2 msk. hökkuð steinselja

Aðferð
Setjið pott yfir með söltuðu vatni og setjið kartöflurnar í. Látið sjóða í um 5 mínútur. Sigtið og bætið kartöflum í ofnfast fat með kjötinu ásamt grófskornu grænmeti. Kryddið með hvítlauk og smá salti og pipar. Setjið í heitan ofn og bakið í um 30 mínútur, snúið nokkrum sinnum með sleif eða spaða. Rétt áður en borið er fram er stráð yfir steinselju eða söxuðum graslauk.

Berið fram með sósu sem er gerð úr soðinu af ofnfatinu með smá vatni og kjötkrafti, þykkt með sósujafnara og smá sultu (helst rabarbara).





Crème brûlée.



Crème brûlée íssamlokur.

Ljúfir eftirréttir

Crème brûlée

- 250 ml mjólk
- 250 ml rjómi
- 4 eggjarauður
- 80 g sykur
- 1 vanillu fræbelgur
- 45 g hrásykur

Aðferð
Hellið mjólk og rjóma í pott, bætið fræbelg sem er opinn og búið að skafa vanillufræ úr með hníf. Látið suðuna koma upp, slökkvið þá á hitanum og látið standa í 30–40 mínútur. Hellið gegnum mjög fínt sigti í skál. Blandið eggjarauðu og sykri saman við með sleif eða písk. Bætið þá við vanillu og mjólk smám saman, hrærið vel.

Skiptið í fjögur eldföst form.

Bakið í 45 mínútur í ofni við 100°C. Athugaðu að áferðin ætti að vera „skjálfandi búðingur viðkomu“ þegar kremið er hrist. Látið kólna niður í stofuhita. Gott að setja í kæli í að minnsta kosti 3 klst.

Rétt áður en bera á fram kremið, þekið með hrásykri og brúnið með gasloga eða undir grilli. En passið bara að baka ekki of lengi því þá breytist eftirrétturinn í eggjaköku!

Creme brûlée-íssamlokur

Crème brûlée-ís hljómar svolítið óvenjulega. Hér er vanilluís í sömu hlutföllum og Crème brûlée eftirrétturinn hér á undan. Fyrir þá sem eiga ísvél er tilvalið að elda rúmlega af kreminu og setja í heimilisísvélina. Hún fæst á ýmsum stöðum og er til dæmis til sem aukahlutur á Kitchen aid-hrærivélarnar.

Innihaldsefni fyrir ís:

Sama og créme brûlée, bara rúmlega lagað.

(Hægt líka að kaupa tilbúinn vanilluís)

Aðferð fyrir ís:
Blandan er unnin saman með töfrasprota eftir eldun, flutt í ísvél og fryst í samræmi við leiðbeiningar frá framleiðanda.



Ískökur (kex)

- 2 stk. egg
- 2 ½ bolli ósaltað smjör
- 1 bolli sykur
- 2 2/3 bolli hveiti
- ¾ bolli kakóduft
- ½ tsk. salt:
- 1 msk. vanilluþykkni
- Vanilluís

Þeytið smjör og sykur saman. Bætið í eggi og þurrefnum. Fletjið út og bakið við 140°C í um 10–15 mín. Gott að láta kólna í kæli (fyrir útskurð) hægt að stinga út eins og piparkökur.

Hin fullkomna íssamloka felst í því að klessa saman tveimur kexum með vanilluís á milli laga. Gott ráð er að láta íssamlokur inn í frysti 30 mínútum áður en borið er fram því þá er ísinn frosinn við kexið.

Skoðið kjötmyndband á bbl.is

Íslensku jólasveinarnir:

Einn er þekktur gluggagægir

Síðasti jólasveinninn kemur til byggða á aðfangadag og á jóladag leggur sá fyrsti af stað aftur til síns heima. Einu sinni á ári gera þessir skrýtnu kallar sér ferð í bæinn með tilheyrandi hlátrasköllum, hurðaskellum og fíflalátum.

Jólasveinarnir eru synir Grýlu og Leppalúði er að öllum líkindum faðir þeirra, en Grýla var ekki við eina fjölina felld því áður en hún kynntist Lúða átti hún vingott við Bola og Gust og átti með þeim fjölda tröllabarna. Í dag eru flestir sammála um að jólasveinarnir séu þrettán og heiti Stekkjarstaur, Giljagaur, Stúfur, Þvörusleikir, Pottasleikir, Askasleikir, Hurðaskellir, Skyrgámur, Bjúgnakrækir, Gluggagægir, Gáttaþefur, Ketkrókur og Kertasníkir.

Síðustu áratugi hafa jólasveinarnir fært börnunum eitthvað í skóinn og gefið þeim sælgæti á jólaskemmtunum. Ímynd jólasveinsins hefur breyst mikið með árunum en áður voru þeir tröll og mannætur.

Illir að eðlisfari

Sigfús Sigfússon, sem einkum safnaði þjóðsögum á Austurlandi, sagði að jólasveinarnir væru í mannsmynd, klofnir upp í háls, með klær fyrir fingrum, kringlótta fætur og engar tær. „Þeir eru illir að eðlisfari og líkastir púkum og lifa mest á blótsyrðum manna og óvönduðum munnsöfnuði og eru rógsamir og ránglarnir, einkum á börn.“

Í dag líkjast þeir fremur fíflalegum miðaldra offitusjúklingum, hallærislegum trúðum eða búðarfíflum en ógnvekjandi tröllum.

Litlipungur og Örvadrumbur

Nöfn jólasveinanna hafa ekki alltaf verið þau sömu og í dag og áður gengu þeir undir ýmsum nöfnum sem oft og tíðum voru staðbundin. Dæmi um það er að í Fljótunum koam fyrir nöfn eins og Pönnuskuggi, Guttormur, Bandaleysir, Lampaskuggi og Klettaskora. Í Mývatnssveit þekktust nöfnin Flórsleikir og Móamangi.

Á Ströndum voru jólasveinarnir þrettán eða fjórtán og báru önnur nöfn sem koma fram í eftirfarandi nafnaþulum:

Tífall, Túttur
Baggi, Lútur
Rauður, Redda
Steingrímur, Sledda
Lækjaræsir, Bláminn sjálfur
Blámans barnið
Litlipungur, Örvadrumbur.

Tífall og Túttur,
Baggi og Hrútur,
Rauður og Redda,
Steingrímur og Sledda,
sjálfur Bjálfinn og Bjálfans barnið,
Bitahængir, Froðusleikir,
Gluggagægir og Styrjusleikir.



Íslensku jólasveinarnir hafa haldið þeim sið að vera hávaðasamir og hrekkjóttir og ekki er laust við að börn séu enn hrædd við þá. Hræðsla barnanna er fullkomlega eðlileg þar sem einn þeirra er þekktur gluggagægir.

Fara um með ránum og hrekkjum

Skömmu eftir að kristni var lögtekin hér á landi bjó maður sem hét Steinn fyrir austan. Kona hans hét Guðrún og þau áttu tvö börn, Illuga og Sigríði. Guðrún var guðhrædd og kirkjusækin en Steinn fremur gefinn fyrir forneskju. Einu sinni þegar Guðrún var á leið til messu á jólunum biður hún Stein að fylgja sér. Hann tók því illa, segist þó munu gera það en ekki vera við tíðir. Steinn fylgir konu sinni á áfangastað en heldur svo heim. Þegar kona hans kemur heim daginn eftir lá Steinn í rúminu og var fámáll en segir: „eigi veit ég hvort ég hefði svo fljótt aftur horfið í gærkveldi ef ég hefði þá vitað það sem ég veit nú“.

Leið nú fram að næstu jólum og biður Guðrún bónda sinn aftur að fylgja sér til kirkju og gerir hann það ásamt Illuga syni þeirra. Þegar þau koma að kirkjunni biður Steinn Illuga að fylgja sér aftur heim og segir að hann þurfi að sýna honum nokkuð. Feðgarnir halda heim og þegar þangað er komið ganga þeir í skemmuna og bíða þar um stund. Skömmu seinna sýnist Illuga að stafninn á skemmunni hverfi og inn gangi tveir hvítklæddir menn með líkkistu og fjöldi anda í humátt á eftir þeim. Andarnir spyrja hvítklæddu mennina frétta af mönnum, bæði góðum og vondum, en aðallega voru þeir forvitnir um börn. Illuga fannst standa kaldur gustur af öndunum og heyrði á tali þeirra að þeim geðjaðist einkum að illum mönnum og guðlausum.



Upp úr miðri síðustu öld fara jólasveinarnir að taka á sig alþjóðlega mynd rauðhvíta jólasveinsins.

Seinna þegar Illugi sagði frá atburðinum könnuðust menn við andana og kölluðu þá jólasveina og sögðu þá illa og ganga um byggðir um jólin með ránum og hrekkjum, einkum við börn.

Koma á selskinnsbátum

Að sögn Sigfúsar Sigfússonar koma jólasveinarnir til landsins í byrjun jólaföstunnar á „selskinnsbátum vestan frá Grænlandsóbyggðum eða, að sumra sögn, austan frá Finnmörk og kalla sumir byggðarlag þeirra Fimnam. Þeir leggja að landi í leynivogum undir ófærum og geyma báta sína í hellum og halda huldu yfir þeim uns þeir fara aftur nærri þrettánda.“

Sigfús segir jólasveinana skipta sér á bæi þegar þeir koma að landi og „hér þekkjast þeir oft varla frá púkum og árum af verknaði sínum og eru illkaldir sem hafís og heljur. [. . .] Jólasveinar eiga kistur sem þeir bera menn á brott í.“

Kattarvali kaffærður í fjóshaugnum

Í þjóðsagnasafni Sigfúsar er meðal annars að finna eftirfarandi sögu um viðureign jólasveinsins og manns á bænum þar sem jólasveinninn hélt til um jólin.

„Einu sinni var maður á ferð og kom að læk eða á. Sá hann að þar sátu margir menn í röð við ána og héldu allir á sömu þurrkunni og þurrkuðu sér allir í einu á henni þegar þeir höfðu þvegið sér. Sá maðurinn, þegar hann gætti betur að, að þetta voru allt jólasveinar og bjuggu sig undir vistarverur sínar. Einn þeirra lenti auðvitað á heimili hans. Maðurinn var fjósamaður. Hann var orðgætinn og stilltur maður og því ekki neinn vinur jólasveinsins. Einu sinni mættust þeir í fjósdyrum og ræður jólasveinninn á fjósakarl. Eigast þeir lengi við allt þangað til fjósakarl hefur hann undir og kaffærir hann í fjóshaugnum. Þá æpir jólasveinninn hátt og kvað við:

Kattarvali, kom þú hér,
kæri bróðir, hjálpa mér.

Heyrðist fjósakarli tekið undir. Kom þá jólasveinninn sem var á hinu búinu og varð fjósamaður að flýja. En aldrei áttust þeir oftar við svo getið sé.“

Að draga jólasveina og jólameyjar

Jónas Jónsson frá Hrafnagili segir frá einkennilegri jólaskemmtun í bók sinni, Íslenzkir þjóðhættir, en leikurinn virðist til þess gerður að para ungt fólk um jólin, svipað því og gert var í leikbrúðkaupum sem tengdust vikivakaleikum.

„[. . .] víða tíðkast, að rita upp á miða alla þá, sem koma á jólaföstunni og fram á aðfangadag. Þetta heita jólasveinar og jólameyjar. Svo er dregið um miðana á jólanóttina, konur draga drengi, en piltar stúlkur. Ef margir hafa komið, falla mörg nöfn í hlut, og dregur þá hver einn miða úr sínum hóp, og verður það, sem hann eða hún hlýtur, hans eða hennar jólamey eða jólasveinn um jólin. Stundum gefur þá einn heimamanna, sem til þess er kjörinn, allar persónurnar saman með því að lesa upp vísu úr einhverri ljóðabók, sem hann flettir upp í blindni.“

Þekktur gluggagægir

Upp úr miðri síðustu öld fara jólasveinarnir að taka á sig alþjóðlega mynd rauðhvíta jólasveinsins. Þeir verða vinir barnanna og færa þeim gjafir í skóinn síðustu dagana fyrir jól og eru ómissandi á jólaskemmtunum.

Íslensku jólasveinarnir hafa haldið þeim sið að vera hávaðasamir og hrekkjóttir og ekki er laust við að börn séu enn hrædd við þá. Hræðsla barnanna er fullkomlega eðlileg. Fullorðið fólk hikar ekki við að segja börnunum að þessir ókunnugu ríflega miðaldra offitusjúklingar, sem ganga um í skrýtnum rauðum fötum, komi í herbergið til þeirra á nóttinni og taki óþekk börn og þau sem ekki vilja fara snemma í rúmið. Einn þeirra er meira að segja þekktur gluggagægir.

Gleðileg jól! /VH

Barnamyndagáta

Hér er jólamyndagáta fyrir alla kláru krakkana á Íslandi. Fullorðnir eru vinsamlegast beðnir um að trufla unga fólkið sem minnst við lausn gátunnar, enda vart á færi annarra en ungra snillinga að ráða slík verkefni.



Til að gefa fólki smá innsýn í um hvað þessi myndagáta snýst þá er lausnin þekkt orðatiltæki sem börnum var allavega tamt að nota í stríðnistón.

Þegar lausnin er komin er æskilegast að hún sé send í gegnum tölvu á netfangið; **getraun@bondi.is** fyrir hádegi 9. janúar 2016 og sé merkt á eftirfarandi hátt:

Í „Subject“ gluggann skal skrifa **Barnamyndagáta.** Síðan þarf að koma fram í póstinum sjálfum, nafn sendanda og heimilisfang ásamt auðvitað lausnarorðum gátunnar.

Veitt verða fern vegleg bókaverðlaun frá bókaforlaginu Sölku fyrir réttar lausnir. Dregið verður af handahófi úr innsendum lausnum síðdegis þann 9. janúar og verða nöfn hinna heppnu birt í Bændablaðinu 14. janúar 2016. Ef fólk hefur alls ekki tök á að senda lausnina í gegnum tölvu, þá má senda hana í bréfapósti merkt:

Bændablaðið - Jólamyndagáta
Bændahöllinni við Hagatorg
107 Reykjavík.

Jólamyndagáta Bændablaðsins 2015

Hþetta er í annað sinn sem við birtum slíka myndagátu, en krossgátan góða er samt enn á sínum stað.

Veitt verða vegleg bókaverðlaun frá bókaforlaginu Sölku.

Myndagátan á síðasta ári var vissulega í erfiðari kantinum svo að nú hafði höfundur myndagátunnar það í huga að sem flestir ættu að geta leyst þrautina. Hafa ber í huga að ekki er gerður greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum eins og a og á né i og í.

Þegar lausnin er komin er æskilegast að hún sé send í gegnum tölvu á netfangið; **getraun@bondi.is** fyrir hádegi 9. janúar 2016 og sé merkt á eftirfarandi hátt:

Í „Subject“ gluggann skal skrifa **Jólamyndagáta.** Síðan þarf að koma fram í póstinum sjálfum, nafn sendanda og heimilisfang ásamt auðvitað lausnarorðum gátunnar.

Ef fólk hefur alls ekki tök á að senda lausnina í gegnum tölvu, þá má senda hana í bréfapósti merkt:

Bændablaðið - Jólamyndagáta
Bændahöllinni við Hagatorg
107 Reykjavík.

Veitt verða þrenn vegleg bókaverðlaun fyrir réttar lausnir. Dregið verður af handahófi úr innsendum lausnum síðdegis hinn 9. janúar og fá hinir heppnu verðlaunin send í pósti.

Gleðileg jól og góða skemmtun!



Salka



Bækur, tónlist & kvikmyndir

Úr bókinni Ljóð og líf Helgu Pálsdóttur á Grjótá:

Vinnukonan sem var sveitarskáld Fljótshlíðar



Helga Pálsdóttir.

Ferskeytlunnar fagra gull
flesta yndi nærir,
en atómskálda ónýtt bull
enginn maður lærir.

Svo orti sveitarskáld Fljótshlíðinga og talaði fyrir munn margra sveitamanna á þeim tíma. Fyrr meir átti hver sveit sitt skáld sem sá um að yrkja um hina látnu, skrifa ljóðabréf þar sem bréfritari tíundar helstu tíðindi og tíðum ortu slíkir svokallaðar bændavísur og formannavísur þar sem ein ferskeytla var um hvern karl í sveitinni.

Kjóla afstyrmi

Fljótshlíðin hafði hér nokkra sérstöðu. Sveitarskáld Fljótshlíðar var kona og þó ekki ein af mektarhúsfreyjum sveitarinnar. Hún var fátæk einstæð vinnukona sem gekk að daglegum störfum og fylgdi sömu fjölskyldunni, kynslóð eftir kynslóð. Skáldið hét Helga Pálsdóttir og var lengst af ævi á bænum Grjótá. Foreldrar hennar voru bændur á Arngeirsstöðum þar sem Helga var fædd 1877 og þar og í Tungukoti frá Arngeirsstöðum ólst Helga upp.

Bróðir Helgu var Guðjón, vegaverkstjóri á Stokkseyri sem einnig var skáldmæltur. Frá hans hendi komu út þrjár bækur með sálmakveðskap og dulrænum efnum en bæði voru systkinin afar trúuð og andlega þenkjandi.

Þegar Helga Pálsdóttir lést 1973 hafði ekki annað birst eftir hana á prenti en örfá kvæði í safnriti ljóða úr Rangárþingi og í héraðsritinu Goðasteini. Nú hafa Grjótársystur, Ásta og Ásrún Þorbjörnsdætur bætt um og safnað saman í eina bók öllum kvæðum Helgu á Grjótá en þau hafði heimilisfólkið týnt saman af ýmsum miðum og smákompum. Bók þessi kom út nú á haustmánuðum hjá bókaútgáfunni Sæmundi á Selfossi og er hinn veglegasti gripur, prýdd fjölda mynda og með henni fylgja formálsorð Ástu á Grjótá, greining bókmenntafræðingsins Hörpu Rúnar Kristjánsdóttur í Hólum og bókarauki frá Þórði í Skógum.

Auk þess að yrkja um látna samferðamenn og ljóðabréf sem fyrr er nefnt er ástin hugleikin hinni einstæðu vinnukonu. Hún varð sjálf fyrir vonbrigðum ef ekki svikum í ástamálum og gerir að því gráglettið grín og gengur raunar lengra í spaugi um sjálfa sig en nokkurn annan. Í lok ljóðabréfs til sveitunga kveður hún.:

Að Butru lýðir
bullið stríða færi
syni Ólafs Símoni,
sent af kjóla afstyrmi.

Það eru skemmtilegar tilviljanir að skáldið Helga er til heimilis á sama bæ og eitt frægasta skáld sveitarinnar, Þórhildur, kona Þráins Sigfússonar en frá þeim hjónum segir í Njálssögu. Þegar Þránni gerist of starsýnt á unglingsstúlkuna Þorgerði dóttur Hallgerðar langbrókar ljóðar Þórhildur á bónda sinn og skammar hann fyrir töru og girndarglampa í augum; Era gapríplar góðir - gægr er þér í augum. Vísan kostaði Þórhildi bæði veislusetuna og hjónabandið og vel má vera að andlegt sjálfstæði Helgu á Grjótá hafi hún með sama hætti kostað hana kærastann og mögulegan húsfreyjusess.



Grjótárfólkið.

Gluggi til fortíðar

Með bók Helgu opnast samtímanum gluggi inn í horfinn heim hins íslenska bændasamfélags þar sem skilyrðislaus trú á alvaldan Guð leikur stórt hlutverk. Vegir hans eru órannsakanlegir og dauðinn sem er hvarvetna nærri í slysförum og ungbarnadauða fyrri tíðar er tekið af auðmýkt. Þegar ungu barni er fylgt til grafar er skáldinu hugleikið að það sé leyst frá þeirri þraut sem líf í spilltum heimi er. Það er sælt að fá að deyja Drottni sínum, jafnt ungum sem gömlum.

Í sorgum og stríði hér sérhver má þreyja,
syndum og veraldar flættskap og lygð,
hve sælt er þá ungur í Drottni að deyja
og dvelja um eilífð í sælunnar byggð.

En þú ert nú leystur frá líkamans stríði,
lífsins þig nístir ei helkalda hjarn,
þig umvefur lausnarans faðmurinn fríði,
frelsaða, indæla, saklausa barn.

Ó, að vér mættum hér allir svo þreyja
sem ungbörnin flekklaus í sakleysi og dyggð,
hve sælt væri okkur þá síðar að deyja
og sælu þar njóta er bugar ei hryggð.

Djarft framtak undir dulnefni

En þrátt fyrir að Helga beri fast með sér anda 19. aldar þá lætur nútíminn hana ekki ósnerta. Hún hrífst með þegar húsfreyjur þessa lands fá kosningarétt fyrir réttum 100 árum og yrkir þá stórmerkan bálk sem er hliðstæða við hina óteljandi bændavísur sem til eru úr hverri sveit. Framan á velktri heimabundinni stílakompu með maskínupappír í spjöldum stendur skrifað:

Konu-vísur, ortar 19,15
Njörður í Nóatúnum

Framtakið er kannski djarft þegar í hlut á fátæk vinnukonu á litlu koti. Hún setur því ekki nafnið Helga Pálsdóttir undir heldur nafn hins auðuga Njarðar í Nóatúnum sem ræður yfir veðri og vindum. Í reynd má líkja þessari litlu handskrifuðu kompu við bókaútgáfu því vitaskuld gekk bókin bæ af bæ í sveitinni og var lesin og endurrituð.

Helga yrkir hér eingöngu um húsfreyjur sveitarinnar og fylgir þeirri hefð sem var í bænda- og formannavísum að lýsingar eru allar jákvæðar en miða að því að lýsa almennum mannkostum viðkomandi. Grípum hér niður í þar sem sagt er frá hinni fögru Kristínu Eyjólfsdóttur á Hlíðarenda og fátækri grannkonu



Grjótársystur.

hennar, Ingibjörgu Guðmundsdóttur í Hallskoti.:

Myndarleg er menja slóð,
margt kann þar á benda,
Kristín fögur, kát og góð
kona á Hlíðarenda.
—

Í Hallskoti Ingibjörg
oft með glöðu sinni
þolinmóð, þó þrengi að mörg
þraut í fátæktinni.

Auk þeirra starfa fyrir íslenska menningu að varðveita sveitarstemningu Fljótshlíðar í ljóði var Helga á Grjótá einnig mikilsverð heimildarkona um þjóðhætti. Í bókarauka er frásögn Þórðar Tómassonar af selstörfum í Fljótshlíð og hefst á orðunum.:

Helga Pálsdóttir á Grjótá er einn af tindunum í þeirri fjölskipuðu sveit karla og kvenna sem hefur veitt mér dýrmætan fróðleik, fjölþætta þekkingu varðandi forna, íslenska lífshætti.

Helga var ein síðasta selráðskona landsins þegar hún kvaddi þetta líf 1973 og lýsir í ritgerð Þórðar vel þeim vinnubrögðum sem notuð voru um aldir í Arnþórsseli inn af bænum Teigi. Löngu síðar færir hún safnverðinum Þórði Tómassyni kaffiketilinn sem þjónaði þar, sótsvartan, dalaðan eirketil með fornlegri smíði. Um grip þennan skrifar Þórður:


„Í mínum augum og líklega engra annarra er þetta þjóðgripur og dýrgripur, einstætt vitni aldalangrar búháttasögu þjóðar sem lært hafði að færa fram líf í harðbýlu landi. “

mt

Helga Pálsdóttir (1877-1973) vinnukona og sveitarskáld á Grjótá í Fljótshlíð.

Hefti Helgu með Konuvísum 1915 hefur gengið um sveitina og með þeim hætti verið ígildi bókarútgáfu.

Sótsvartur og dalaður eirketill frá Arnþórsseli í Fljótshlíð, dýrgripur sem ber aldarlangri búháttasögu einstætt vitni.



Konuvísurnar.

Systurnar Ásrún og Ásta með ljóðamöppur fóstru sinnar Helgu Pálsdóttur við eldhúsborðið á Grjótá. Elju þeirra systra við að koma þessum menningararfi til skila sér nú stað í myndarlegri bók.

